LEIPZIG – HIN NÝJA BERLÍN
Ferðalög í miðju blaðsins

Engin Sigur Rós ef ég væri streit

Jónsi um nýju sólóplötuna og breytingar í lífi sínu

TÓNLIST **34**

Margt smátt …
Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar fylgir Fréttablaðinu í dag!
Hjálparstarf kirkjunnar

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

HELGARÚTGÁFA

20. mars 2010 — 67. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

KVIKMYNDIR 24



Kóngavegur Valdísar Óskarsdóttur frumsýnd-ur í næstu viku

LESTÖLVUR 52

Hvernig verða lestrar-venjur á 21. öldinni?

VIÐSKIPTI 30

Ísland er kjörlendi hrægamma

FERÐALÖG Í DAG

SÁTT VIÐ ORÐUNA Rithöfundurinn Gerður Kristný Guðjónsdóttir sæmdi nemendur í 2. bekk Lauganesskóla sérstakri fálkaorðu í gær en krakkarnir höfðu verið duglegir við að raða skónum sínum. Gerður er höfundur bókarinnar Prinsessan á Bessastöðum en þar er þeirri spurningu velt upp hvers vegna krakkar fá ekki líka fálkaorður eins og fullorðið fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hálfrænulaus eftir dáleiðslu hjá Sailesh

Ung framhaldsskólastúlka festist í dáleiðslu eftir heimsókn dávaldsins Sailesh í FG. Var hálfrænulaus en með gríðarlega háan blóðþrýsting. Sjúkralið gat ekkert gert en Sailesh kom henni til bjargar. Stúlkan náði sér að fullu aftur.

FÓLK Stúlka á átjánda ári lenti í hremmingum eftir að dávaldurinn Sailesh hafði dáleitt hana í hádegisskemmtun í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ (FG). Hún losnaði ekki úr dáleiðslunni og kalla þurfti til sjúkralið sem ekkert gat gert.

Sailesh var með skemmtun í skólanum á miðvikudag. Skólayfirvöld höfðu mælst til að börn undir 18 ára aldri yrðu ekki dáleidd, en það gekk ekki eftir. Erfiðlega gekk að ná stúlkunni úr dái, en það virtist þó takast og Sailesh hvarf á braut.

Þegar leið á daginn fann stúlkan fyrir vanlíðan sem ágerðist þar til hringt var á sjúkrabíl. Þá var hún hálfrænulítil en með gríðarlega háan blóðþrýsting. Lífsmörkin voru raunar eins og hún væri í sprett-hlaupi. Hringja þurfti í dávaldinn og honum tókst, eftir þrjár tilraunir, að ná stúlkunni úr dáinu. Þá urðu öll lífsmörk strax eðlileg og hún náði sér strax.

„Þetta getur komið fyrir þótt það gerist ekki oft," segir Sailesh. Hann segir skýringuna þá að sá dáleiddi eigi einhver óuppgerð mál innra með sér og undirmeðvitundin velji að dvelja í dáinu, því þar líði viðkomandi svo vel. „Það var aldrei nein hætta á ferðum og ef hún hefði fengið að sofna hefði þetta lagast af sjálfu sér. Stressið í kringum hana olli háum blóðþrýstingi."

Skólastjórnendur í FG sendu aðvörunarbréf til annarra framhaldsskóla og sögðu frá atvikinu. Kristinn Þorsteinsson aðstoðarskólameistari segir atvikið umhugsunarvert. „Ef hann kæmi til mín á morgun og spyrði hvort hann mætti koma myndi ég segja nei."

Þórarinn Hjaltason sálfræðingur segir að dáleiðsla eigi að vera hættulaus öllum. Hann hafi heyrt um svona tilvik, þó ekki jafnsvæsin. „Í einhverjum tilvikum vakna menn ekki almennilega úr dásvefni, en þá sofa þeir þetta oftast nær úr sér."

Þórarinn segir sálfræðinga nota dáleiðslu nokkuð hér á landi, sem og geðlækna og einstaka lækna. Hjá fagmönnum eigi engin hætta að vera á ferðum. - kóp

Könnun um kvótakerfið:

Meirihluti vill þjóðaratkvæði

KÖNNUN Sex af hverjum tíu sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um framtíðarfyrirkomulag kvótakerfisins.

Um 72 prósent stuðningsmanna stjórnarflokkanna eru hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu en 46 prósent stjórnarandstöðunnar. - bj / sjá síðu 4

Egill Árnason™ 75 ára

LOFTAÞILJUR

Verð frá **kr. 2.490** m²

Til á lager

Ármúla 8 | Sími: 595 0500

Vorhátíð

Skráning í **sumarbúðir KFUM og KFUK** hefst í dag kl. 12 á kfum.is og á Holtavegi.
Í Sunnuhlíð, Akureyri hefst skráning kl. 14.
Vatnaskógur - Vindáshlíð - Kaldársel - Hólavatn - Ölver

KFUM KFUK

Björt framtíð

…fermingargjafir, útiljós, flúrljós, breytiklær, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is

SPURNING DAGSINS

Þórður, hefurðu mikið út á tónlist föður þíns að setja?

„Ég er nú ekki útsettur fyrir svoleiðis fordómum."

Þórður Magnússon, sonur Megasar, hefur tekið að sér að útsetja tónlist föður síns fyrir strengjakvintett.

Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna aðgerðir stjórnvalda vegna skuldavanda:

Á engan hátt fullnægjandi

EFNAHAGSMÁL Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin kynnti í vikunni vegna skuldavanda heimilanna eru á engan hátt fullnægjandi til að lina þjáningar, bæta það tjón og forsendubrest sem heimili landsins hafa orðið fyrir, að mati Hagsmunasamtaka heimilanna.

Ekkert í aðgerðum þriggja ríkisstjórna hefur falið í sér aðgerðir til að leiðrétta óréttláta hækkun höfuðstóls lána heimilanna, segir í ályktun samtakanna. Aðgerðir stjórnarinnar leiði fráleitt til sátta í samfélaginu eða enduruppbyggingar hagkerfisins.

Hagsmunasamtök heimilanna fagna stofnun embættis umboðsmanns skuldara og þeim úrbótum á greiðsluaðlögunarferlinu sem því muni fylgja. Hugmyndir stjórnvalda um lækkun dráttarvaxta, þak á innheimtukostnað, niðurfellingu skattkrafna og fleira séu of óljósar til að hægt sé að fjalla um þær í bili.

Samtökin telja það vægast sagt aumt úrræði að gera fólki kleift að búa áfram í húsi sem það hafi misst á nauðungarsölu. Raunverulega úrræðið hefði verið að koma í veg fyrir nauðungarsölur. - bj

AÐGERÐIR Stjórnvöld kynntu aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna í vikunni. Aðgerðirnar eru á engan hátt fullnægjandi, að mati Hagsmunasamtaka heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Neitaði sök fyrir dómi:

Ákærður fyrir barnaklám

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa barnaklám í vörslu sinni. Ríkissaksóknari ákærir manninn.

Í ákærunni er honum gefið að sök að hafa verið með 46 ljósmyndir og sjö hreyfimyndir á hörðum diski í fartölvu sinni. Myndirnar sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt.

Maðurinn neitaði sök við þingfestingu í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

- jss

Eignir í sölu hjá Íslandsbanka:

Leikskóli til sölu

VIÐSKIPTI Leikskólinn Vesturbrú 7 í Garðabæ hefur verið settur í formlegt söluferli, sem hefst á mánudag. Það er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem sér um söluna fyrir Miðengi, eignaumsýslufélag bankans.

Leikskólinn er í eigu fasteignafélagsins Hafnarslóðar, sem var eitt dótturfélaga fasteignafélagsins Nýsis. Hann var reistur árið 2004 og var bygging hans fyrsta einkaframkvæmdin þar sem íslenskt sveitarfélag bauð út í einu lagi byggingu skólahúsnæðis, rekstur þess og innra starf skólans. Nýsir átti að reka leikskólann í aldarfjórðung en fór í þrot haustið 2008. - jab

Hvalmjölið reyndist fiskimjöl:

Tekið fyrir frekari hrefnusölu

STJÓRNSÝSLA Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ætlar að grípa til ráðstafana svo hrefnukjöt verði ekki aftur flutt til Evrópuríkis. Íslenskt fyrirtæki seldi 250 kíló af hrefnukjöti til Lettlands í janúar, í trássi við alþjóðasamninga.

Alþjóðleg dýraverndarsamtök vöktu athygli á málinu og studdust við upplýsingar á vef Hagstofunnar. Jafnframt bentu samtökin á að hvalmjöl hefði verið selt til Danmerkur, en það er líka bannað. Þannig var hins vegar ekki í pottinn búið. Fiskimjöl sem þangað var selt var fyrir mistök skráð hvalmjöl í tollskýrslu. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Hagstofan ætli að leiðrétta upplýsingarnar á vef sínum 31. mars. - bþs

SJÁVARÚTVEGUR

Rannsaka festur í Faxaflóa

Fornbátafélag Íslands hefur óskað eftir styrk frá sveitarfélögum vegna verkefnis sem hefur það markmið að kanna festur veiðarfæra í Faxaflóa. Verkefnið ber heitið „Flök og festur".

Fá enn fjarnám þótt ráðuneyti vilji skera

Verzlunarskólinn og Fjölbraut í Ármúla hleypa grunnskólanemum í fjarnám þótt menntamálaráðuneytið sé hætt að veita fé í verkefnið. Verzlunarskólinn segir peninga ársins klárast í haust og boðar niðurfellingu nær alls fjarnáms.

MENNTAMÁL Bæði Fjölbrautaskólinn í Ármúla og Verzlunarskóli Íslands halda áfram að kenna grunnskólanemum í fjarnámi þrátt fyrir ákvörðun menntamálaráðuneytisins um að afnema fjárveitingar til þessa liðar frá síðustu áramótum.

Samhliða námi í grunnskóla hafa nemar í efstu bekkjum þar getað stundað nám á framhaldsskólastigi og þannig meðal annars flýtt fyrir framhaldsnáminu þegar þar að kemur.

„Vorið 2008 voru 1.460 grunnskólanemendur í tíunda bekk líka í áföngum í framhaldsskóla, ýmist í fjarnámi eða með því að ganga í viðkomandi framhaldsskóla eða að læra í sínum heimaskóla eftir kennsluáætlun frá einhverjum framhaldsskóla. Sú kennsla sem fór fram á kostnað framhaldsskólanna var felld niður," útskýrir Sölvi Sveinsson, hjá framhaldsskólasviði menntamálaráðuneytisins. Með þessu eigi að spara 120 milljónir króna.

Að sögn Sölva er mikill meirihluti grunnaskólanema í fjarnámi skráður í Fjölbrautaskólann í Ármúla, Verzlunarskóla Íslands eða Verkmenntaskólann á Akureyri.

„Við ákváðum að að skipta ekki um plan á miðjum vetri heldur leyfa þeim krökkum sem voru hjá okkur, og jafnvel fleirum frá sömu skólum, að koma inn eins og þau vildu," segir Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands. Breytingin sé sú að nú greiði grunnskólanemendur sama gjald og aðrir fyrir fjarnám. Það sé um 13 þúsund krónur á nemanda fyrir þriggja eininga nám með innritunargjaldi. Þessi upphæð dugi þó alls ekki fyrir kostnaði.

Sigurlaug segir að á þessari önn hafi niðurskurðurinn í fjarnámi Verzlunarskólans í heild aðeins verið fimm prósent en ekki fimmtíu prósent eins og menntamálaráðuneytið mælti fyrir um. Á næstu haustönn verðum við því nánast með ekki neitt fjarnám því þá erum við búin með okkar kvóta," segir hún.

Steinunn Hafstað hjá fjarnámsdeild Fjölbrautaskólans í Ármúla segir að þar hafi menn talið sig verið búna að gera samninga við grunnskólana út skólaárið. „Þannig að við tókum við nemendum fram á vorið. Síðan á eftir að koma í ljós hvort við fáum greitt fyrir það," segir Steinunn sem kveður líklegt að skólinn innheimti hámarksgjald af grunnskólanemum frá næsta hausti. Það verði allt að þrjátíu þúsund krónur með innritunargjaldi fyrir þriggja eininga nám.

Ingimar Árnason, kennslustjóri fjarkennslu Verkmenntaskólans á Akureyri, segir að þar hafi öll fjarkennsla verið skorinn niður um helming um áramót. „Og við fórum einfaldlega að skipun ráðuneytisins og innrituðum enga grunnskólanemendur fyrir þessa önn," segir Ingimar. Hann kveður þessa nmendur þó hafa fengið inni í fjarnámsdeildum skólanna sem enn halda því úti.

gar@frettabladid.is

GRUNNSKÓLANEMENDUR Menntamálaráðuneytið þarf að skera niður framlög og skipar framhaldsskólum að hætta að veita áhugasömum grunnskólanemum aðgang að kennslu á framhaldsskólastigi. Myndin er af nemendum í samræmdum prófum í Hlíðaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SUNNA HAFSTAÐ

SÖLVI SVEINSSON

VERÐLAUN Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, veitti hönnuðunum verðlaunin og prófaði að sjálfsögðu handklæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veitt hönnunarverðlaun:

Hönnuðu sápu og handklæði

MENNING Vöruhönnuðirnir Friðgerður Guðmundsdóttir og Kristín Birna Bjarnadóttir hlutu í gær 600 þúsund króna verðlaun í hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavíkurborg. Þær hönnuðu sápu og handklæði.

Verðlaunahönnunin er kölluð „Pure Reykjavík towel/soap", og vísar í sundlaugarmenningu Reykvíkinga. Sápan er eins og heitur pottur í laginu og handklæðið mjög óhefðbundið í formi svo hægt er að sveipa því um sig eins og sjali.

Hönnuðirnir eiga von á því að minjagripirnir verði komnir í sölu í sumar. - bj

Fingralangir í Grindavík:

Þjófar brutust inn í sjö bíla

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í sjö bifreiðar við Leynisbrún, Suðurvör og Staðarhraun í Grindavík í fyrrinótt.

Í öllum tilfellum var brotin hliðarrúða í bifreiðunum og GPS-staðsetningartækjum af Garmin-gerð stolið. Úr einni bifreiðinni var stolið Canon Ixus myndavél auk lauslegra muna.

Lögreglan á Suðurnesjum biður alla, sem geta veitt upplýsingar um þessi mál, að hafa samband við lögregluna í síma 420 1800. - jss

Annir hjá tollgæslu og lögreglunni á Suðurnesjum frá áramótum:

Tóku 38 fíkniefnasmyglara

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum og tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hafa tekið þrjátíu og átta manns með fíkniefni nú frá áramótum og fram að miðjum mars. Samtals hefur verið tekið á fimmta kíló af fíkniefnum á sama tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum hefur langmest verið tekið af amfetamíni, eða rúm 2,5 kíló. Þá eru ótaldir 870 millilítrar af fljótandi amfetamíni, sem tollgæsla stöðvaði á Keflavíkurflugvelli í lok janúar eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Samkvæmt matsgerð frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands hefði verið hægt að framleiða tæp sex kíló af amfetamíni úr vökvanum. Næstmest hefur verið tekið af kókaíni. Frá áramótum hafa smyglarar verið teknir með samtals 1,5 kíló af því efni. Miklu minna fer fyrir innflutningi á kannabisefnum, eins og sjá má á töflunni hér til hliðar.

Af þessum þrjátíu og átta manna hópi fíkniefnasmyglara eru tuttugu og fimm með íslenskt ríkisfang en þrettán með ríkisfang erlendis.

- jss

HALDLÖGÐ FÍKNIEFNI Á SUÐURNESJUM

01.01.2010 - 12.03.2010

Efni	Magn í gr
Hass	203,09
Marijúana	75,60
Tóbaksblandað	13,32
Amfetamín	2522,00
Kókaín	1520,80
Sveppir	3,42
Kannabislauf	330,16
Heildarmagn á árinu	*4.338,23 grömm*
Efni í stykkjatali	**Stk.**
Steraambúlur stk.	1
Kannabisplöntur	235
LSD	1
Heildarmagn á árinu	*237 stykki*
Efni í vökvarformi	**Millilítrar**
Amfetamín	870 ml (5,98 kg)
Ríkisfang:	
Íslendingar	25
Útlendingar	13

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Kringlan

Opið til 18 í dag

Opið á morgun frá 13–18

NÝJAR VÖRUR

20–50% afsláttur

fimmtudag til mánudags
nýtt kortatímabil

Kringlukast

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 19.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,20	126,80
Sterlingspund	191,15	192,07
Evra	171,23	172,19
Dönsk króna	23,010	23,144
Norsk króna	21,486	21,612
Sænsk króna	17,693	17,797
Japanskt jen	1,3939	1,4021
SDR	192,81	193,95

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,0279
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mótmæli hvítklæddu kvennanna á Kúbu halda áfram:

Vilja syni og eiginmenn lausa

KÚBA Undanfarna daga hefur hópur kvenna á Kúbu krafist þess að synir þeirra, eiginmenn og aðrir ástvinir verði látnir lausir úr fangelsi. Þeir voru handteknir fyrir sjö árum fyrir andóf gegn stjórnvöldum.

Konurnar hafa efnt til mótmælaaðgerða í höfuðborginni Havana daglega síðan á mánudag, en á fimmtudag voru sjö ár liðin frá því mennirnir voru handteknir.

Þann dag mættu jafnframt hundruð stuðningsmanna stjórnarinnar til leiks, umkringdu konurnar og gerðu hróp að þeim en leyfðu þeim þó að halda áfram göngu sinni. Lögreglumenn stóðu einnig vörð um konurnar til að tryggja að þær kæmust ferða sinna.

Andófsmennirnir handteknu eru 75 og sitja allir enn í fangelsi. Þeir voru handteknir þegar stjórn Fidels Castro barði niður mótmælaöldu, sem stjórnin sagði vera runna undan rifjum Bandaríkjanna.

Einn andófsmannanna, Orlando Zapata Tamayo, lést í síðasta mánuði eftir langt hungurverkfall. Lát hans vakti hörð viðbrögð á Vesturlöndum. Evrópuþingið hefur fordæmt stjórnina vegna láts hans og nú hefur hópur mennta- og listamanna á Vesturlöndum, þar á meðal spænski leikstjórinn Pedro Almadovar, efnt til undirskriftasöfnunar gegn Kúbustjórn. - gb

UMKRINGDAR Stuðningsmenn Kúbustjórnar gerðu hróp að hvítklæddu konununum á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HR-deginum fagnað:

Rafmagn og fimleikar í HR

MENNTAMÁL Háskólinn í Reykjavík opnar nýbyggingu sína í Nauthólsvík fyrir almenningi í dag á hinum árlega HR-degi.

Á HR-deginum verður meðal annars hægt að nálgast skattaráðgjöf frá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte, fara í skoðunarferð um húsið, læra samningastíl og fimleika. Eðlisfræðinemar munu halda gagnvirka sýningu þar sem þeir bregða á leik með rafmagn.

Dagskráin hefst klukkan níu árdegis og stendur til fjögur. - sh

„Jihad Jane" neitar sök:

Sögð hafa hvatt til hryðjuverka

BANDARÍKIN, AP **Bandarísk kona, Colleen LaRose, lýsti sig saklausa af ákærum fyrir dómstól í Philadelphia á fimmtudag. Hún er sökuð um að hafa átt hlut að áformum um að aðstoða hryðjuverkamenn og fremja morð í öðru landi, fyrir að ljúga að alríkislögreglunni FBI og stela vegabréfi fyrrverandi kærasta síns.**



COLLEEN LAROSE

LaRose, sem hefur kallað sig Jihad Jane, var handtekin í Bandaríkjunum síðasta haust, eftir að hafa verið iðin á netinu við að afla hryðjuverkamönnum stuðnings. Handtakan komst þó ekki í fréttir fyrr en sex manns, sem hún hefur haft tengsl við, voru handteknir á Írlandi í síðustu viku fyrir áform um að ætla að myrða sænskan skopmyndateiknara. - gb

ABC-dagurinn í Smáralind:

Götubörn á Indlandi styrkt

HJÁLPARSTARF ABC-barnahjálp heldur fyrsta ABC-daginn hátíðlegan í Smáralind í dag. Markmiðið er að kynna starf ABC-barnahjálpar, afla nýrra stuðningsforeldra og safna fé til styrktar götubarnastarfi á Indlandi og fleiri starfslöndum ABC.

Dagurinn hefst í World Class, Laugum, þar sem hægt verður að hlaupa fyrir ABC á milli klukkan níu og tólf. Kílómetrinn verður seldur á 500 krónur sem renna óskiptar til ABC.

Síðan verður dagskrá í Vetrargarðinum í Smáralind þar sem fjöldi listamanna treður upp. - sh

Meirihluti vill kjósa um framtíð kvótakerfisins

Sex af hverjum tíu vilja að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um kvótakerfið. Stuðningurinn er mestur meðal stuðningsmanna stjórnarflokkanna. Um 46 prósent sjálfstæðismanna vilja þjóðaratkvæðagreiðslu.

KÖNNUN Meirihluti þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins vill að þjóðin fái að greiða atkvæði um framtíðarskipulag íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Alls sögðust 60,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta umdeilda mál, en 39,7 prósent vildu ekki atkvæðagreiðslu.

Mikill munur var á afstöðu þátttakenda eftir stuðningi við stjórnmálaflokka. Um 72 prósent þeirra sem sögðust styðja Samfylkinguna eða Vinstri græna voru fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfisins en 28 prósent voru því andvíg. Lítill munur var á afstöðu stuðningsmanna flokkanna tveggja.

Þá sögðust 46 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál, en 54 prósent vildu ekki að málið færi fyrir þjóðaratkvæði. Óverulegur munur var á afstöðu stuðningsmanna flokkanna tveggja.

Um 40 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni vildu ekki gefa upp stuðning við ákveðinn stjórnmálaflokk, eða voru óviss hvaða flokk þau myndu styðja. Af þessum hópi sögðust ríflega 62 prósent fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu, en 38 prósent voru andvíg.

„Þetta sýnir að vilji þjóðarinnar er að þetta mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin vill fá að ráða hver verða örlög þessa kerfis," segir Þórður Már Jónsson, formaður Þjóðareignar, samtaka um auðlindir í almannaþágu. Samtökin hafa barist fyrir því að málið fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ef menn ætla í slíka þjóðaratkvæðagreiðslu er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvað á að kjósa um," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. Málið sé afar flókið og erfitt að setja upp skýra kosti til að kjósa á milli.

„Almennt tel ég að það væri mjög gott ef við gætum innleitt þjóðaratkvæðagreiðslur í meira mæli, og þá er í sjálfu sér ekkert undanskilið. Svo hefur það bara sínar afleiðingar sem ákveðið er, hvort sem er af þingi eða þjóð," segir Friðrik.

Óverulegur munur var á svörum þátttakenda í könnuninni eftir kynjum. Tæplega 59 prósent karla en 62 prósent kvenna vildu þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 18. mars. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Vilt þú að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunarkerfisins? Alls tóku 86,9 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

> Þetta sýnir að vilji þjóðarinnar er að þetta mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin vill fá að ráða hver verða örlög þessa kerfis.
>
> **ÞÓRÐUR MÁR JÓNSSON**
> FORMAÐUR ÞJÓÐAREIGNAR

Framtíð kvótakerfisins

Vilt þú að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunarkerfisins?



Eftir stuðningi við stjórnmálaflokka.



Stjórnarflokkarnir Stjórnarandstaðan

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 18. mars 2010

AUÐLIND Erfitt er að skilgreina nákvæmlega hvað á að kjósa um í þjóðaratkvæðagreiðslu, að mati Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra LÍÚ.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

KÆLISKÁPA TILBOÐ

SEVERIN
Blomberg
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HVESSIR SYÐRA
Það verður fínt veður á landinu framan af degi en undir kvöld hvessir heldur við suðurströndina og á morgun verður víða fremur stífur vindur en hvasst eða allhvasst sunnan og vestan til. Mánudagurinn verður svipaður en þá léttir til suðvestanlands.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	18°
Berlín	14°
Billund	7°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	13°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	22°
London	13°
Mallorca	20°
New York	21°
Orlando	26°
Ósló	6°
París	17°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjömsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

Stórhundakynning

STÓRKOSTLEG STÓRHUNDAKYNNING Í GARÐHEIMUM UM HELGINA

laugardag og sunnudag frá kl. 12:00 - 17.00

- dýravörukynningar
- fóðurkynningar
- dýravörutilboð
- lukkupottur
- dýralæknir

Hundafimi
laugardag
kl. 14.00 og 15.30

Vinnuhundadeildin
verður á svæðinu
laugardag og sunnudag
frá 14.00 – 17.00

Fóðurkynningar frá
Hill's
OK
ROYAL CANIN
Purina PRO PLAN
Eukanuba

Kynnist
heimsóknarhundum
Rauða Krossins

Aldrei fleiri tegundir á Stórhundasýningu Garðheima - m.a.

- Dobermann
- Flat Coated Retriever
- Risa Schnauzer
- Briard
- Great Dane
- Bullmastiff
- Leonberger

15 % afsláttur af öllu fóðri um helgina

GARÐHEIMAR
10 ára!

KJÖRKASSINN

Eru þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa kynnt vegna vanda heimilanna nægilega góðar?

Já 18,5%

Nei 81,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að boða til kosninga sem fyrst?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Tveir bræður krafðir um fimm milljónir í skaðabætur fyrir hrottalega líkamsárás:

Beittu slökkvitæki og níu kílóa sleggju

DÓMSMÁL Tveir bræður um fertugt hafa verið ákærðir fyrir hrottalega líkamsárás í Breiðholtinu í nóvember 2008. Er þeim gefið að sök að hafa beitt við árásina níu kílóa sleggju og slökkvitæki.

Eldri bróðurnum, sem stendur á fertugu, er gefið að sök að hafa ráðist að fórnarlambinu með sleggjunni og slegið það í höfuðið með henni.

Segir í ákærunni að sá yngri, sem er rétt tæplega 38 ára, hafi síðan tekið við og slegið fórnarlambið minnst fjórum sinnum í andlitið með slökkvitæki.

Við þetta hálsbrotnaði þolandinn, hlaut sjö sentimetra skurð á hnakka, skurð á enni og mar á kinnbeinum.

Sá sem fyrir árásinni varð þótti sleppa merkilega vel miðað við áverkana og fékk að fara heim af spítala eftir nokkurra klukkustunda skoðun og aðhlynningu.

Hann krefst eftir sem áður fimm milljóna króna í skaðabætur frá bræðrunum, auk vaxta.

Þrír voru upphaflega handteknir vegna málsins, en einungis tveir eru ákærðir.

Lögregla taldi á sínum tíma að árásin væri hluti af uppgjöri eldri mála. Allir mennirnir höfðu áður komið við sögu lögreglu. - sh

BREIÐHOLT Árásin átti sér stað í Seljahverfi í Breiðholti seinni partinn í nóvember 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrír karlmenn ákærðir:

Fíkniefnin falin undir bílnum

DÓMSMÁL Þrír karlmenn á þrítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir sölu fíkniefna eða aðild að henni.

Tveir mannanna voru í gær ákærðir fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa verið með í bíl á Selfossi ellefu grömm af hassi, tíu grömm af amfetamíni og tíu grömm af maríjúana, sem þeir ætluðu að selja. Efnin fann lögregla undir bifreiðinni.

Þriðji maðurinn er ákærður fyrir að hafa ekið hinum tveimur í sölutúr. - jss

„TANAÐUR Í DRASL"

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

Staðgöngumæðrun

Opinn fundur á vegum heilbrigðisráðuneytisins

Staður: Grand Hótel
Tími: 26. mars 2010 kl. 13:00-16:30
Fundarstjóri: Vilhjálmur Árnason prófessor, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar HÍ

Dagskrá:

13:00 Setning

13:05 Ávarp **Álfheiðar Ingadóttur** heilbrigðisráðherra

13:20 **Guðríður Þorsteinsdóttir**, sviðsstjóri lögfræðisviðs heilbrigðisráðuneytis og formaður vinnuhóps um staðgöngumæðrun, kynnir áfangaskýrslu vinnuhópsins

13:30 *Er tímabært að heimila staðgöngumæðrun og þá með hvaða takmörkunum?*
Reynir Tómas Geirsson, prófessor og yfirlæknir á kvennadeild Landspítala
Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar
Ragnheiður Elín Árnadóttir alþingismaður
Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræðilegri siðfræði við HÍ
Guðný Gústafsdóttir, kynjafræðingur og talskona Femínistafélags Íslands

14:40 Kaffihlé

15:00 Pallborðsumræður með framsögumönnum

16:00 Almennar umræður

16:30 Fundi slitið

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Hrunið skapar tækifæri fyrir brotamenn

Erfitt efnahagsástand og atvinnuleysi mun setja mark sitt á þá skipulögðu glæpastarfsemi sem haldið er uppi hér á landi. Því fylgir að nýir möguleikar munu skapast fyrir afbrotamenn, segir greiningardeild Ríkislögreglustjóra.

LÖGREGLUMÁL Nýir möguleikar munu skapast fyrir afbrotamenn í því erfiða efnahagsástandi og mikla atvinnuleysi sem orðið hefur hér í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins.

Þetta er niðurstaða greiningardeildar Ríkislögreglustjóra sem sent hefur frá sér útdrátt úr nýju hættumati. Þar segir enn fremur að þetta ástand muni á næstu árum setja mark sitt á þá skipulögðu glæpastarfsemi sem haldið er uppi hér á landi.

Greiningardeild segir liggja fyrir að skipulagt vændi með aðkomu þriðja aðila sem hefur ábata af starfseminni sé að færast í vöxt hér á landi. Gera beri ráð fyrir að mansalsmál og skipulagt vændi verði fyrirferðarmeira á verkefnaskrá lögreglunnar. Fyrirliggjandi upplýsingar bendi til þess að mansal sé að festast hér í sessi, sem og önnur skipulögð brotastarfsemi.

„Vísbendingar eru um að menn búsettir hér, Íslendingar eða erlendir ríkisborgarar, komi að þessum skipulagða vændisinnflutningi, ýmist sem „einyrkjar" eða í samvinnu við erlenda glæpahópa," segir í hættumatinu.

„Grunur um mansal á Íslandi hefur löngum verið tengdur nektardansstöðum og vændi," segir enn fremur. „Efnahagsörðugleikar eru líklegir til að ýta undir slíka starfsemi. Verslun með fólk, einkum konur, og smygl á fólki er ábatasöm starfsemi. Mat glæpahópa er almennt það, að slík starfsemi feli ekki í sér mikla áhættu og má ætla að þessi tegund glæpastarfsemi verði umfangsmeiri. Þessi starfsemi tengist oftar en ekki fíkniefnaverslun og skjalafalsi."

LÖGREGLAN Verkefnum lögreglu vegna ýmissa þátta skipulagðrar glæpastarfsemi mun fjölga á næstu árum, samkvæmt hættumati greiningardeildar Ríkislögreglustjóra.

Varðandi fíkniefnaafbrot hefur greiningardeild upplýsingar um að fíkniefnasmyglarar telji sig ekki eiga í teljandi erfiðleikum með að komast yfir erlendan gjaldeyri. Með verðfalli á fasteignum, fyrirtækjum og ýmsum lausamunum sé hætta á því að gróða af fíkniefnaviðskiptum verði í auknum mæli varið til fjárfestinga hér. Á þann máta geti glæpamenn eða hópar falið starfsemi sína á bak við löglegan atvinnurekstur sem auki þá enn frekar möguleika þeirra á fíkniefnainnflutningi og peningaþvætti.

Loks hefur greiningardeild upplýsingar um að útlendingar hér, einkum aðflutt verkafólk, sæti í einhverjum tilvikum fjárkúgun, oft af hendi samlanda.

Sé þá viðkomandi gert að greiða gjald fyrir að hafa fengið vinnu. Einnig sé handrukkun beitt við innheimtu hefðbundinna skulda, þar sem viðtekin úrræði hafi ekki skilað árangri. jss@frettabladid.is

Dómsmálaráðherra segir lögreglu þurfa að fást við æ flóknara afbrotaumhverfi:

Vill auka rannsóknarheimildir

LÖGREGLUMÁL „Ég á von á að tillögur um umgjörð forvirkra rannsóknarheimilda lögreglu verði skoðaðar í tengslum við þá vinnu sem er að hefjast við aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi."

Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra spurð um stöðu slíkra heimilda. Forvirkar rannsóknarheimildir heimila lögreglu að hefja rannsókn áður en brot eru framin með það að markmiðið að koma í veg fyrir afbrot.

Hún undirstrikar að ljóst sé að löggjafinn þurfi einnig að ljá málinu brautargengi. Sjálf kveðst hún hlynnt auknum rannsóknarheimildum lögreglu en fara þurfi vandlega yfir forsendur þeirra.

„Það þarf til að mynda að skoða í hvaða tilvikum heimila ætti slíkar rannsóknir og hvernig eftirliti með notkun heimildanna yrði háttað svo eitthvað sé nefnt," segir ráðherra.

Spurð álits um nýtt hættumat greiningadeildar ríkislögreglustjóra segir ráðherra þær upplýsingar sláandi, þótt ekki séu nýjar af nálinni, að félagar í MC Iceland stefni að fullri aðild að Hells Angels.

„Það finnast mér afar slæm tíðindi. Þá finnast mér alvarlegar þær fregnir að skipulegt vændi fari hér vaxandi, svo og að mansalsmál verði fyrirferðameiri á verkefnaskrá lögreglu. Af hættumatinu almennt má ráða að verkefni lögreglu eru ærin og fara síst minnkandi. Þetta er einfaldlega æ flóknara afbrotaumhverfi sem lögreglan þarf að fást við." -jss

RAGNA ÁRNADÓTTIR Dómsmálaráðherra segir upplýsingar í hættumatinu sláandi.

TAX FREE DAGAR

Fatnaður á alla fjölskylduna!

Dagana 18. - 21. mars
afnemum við VSK af öllum fatnaði.

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka og sokkabuxur án
virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 21. mars 2010.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða breska dagblað hefur Dorrit Moussaieff krafið um afsökunarbeiðni?*

2 *Hvað heitir hollenska herfyrirtækið sem vill hefja starfsemi á Keflavíkurflugvelli?*

3 *Hvaða Íslendingur gefur í sumar út fyrstu plötu sína í 20 ár?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 82

Orkuveita Reykjavíkur ætlar ekki að auka álögur á borgarbúa á árinu:

Orkuverð hækkar á næsta ári

ORKA Afar líklegt er að neytendur þurfi að greiða meira fyrir þjónustu Orkuveitu Reykjavíkur á næsta ári en þeir gera nú, að sögn Hjörleifs B. Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar.

„Við höfum ekki hækkað verðið á rafmagni síðan 2005, þannig að það hefur í raun lækkað um 30 til 35 prósent," segir hann. Einnig má gera ráð fyrir að heita vatnið hækki fyrr en síðar.

„Við höfum reynt að stilla þessu í hóf á meðan ástandið er svona hjá fólki," segir Hjörleifur. Hann gefur ekki upp hversu mikil hækkunarþörfin er talin, enda verði það endurskoðað í ljósi aðstæðna hverju sinni.

„Stjórnin hefur sett sér stefnu um arðsemi á bilinu fimm til sjö prósent, en við reiknum ekki með því að ná þeim markmiðum í bráð og erum reyndar talsvert undir þeim," segir hann. Sú arðsemi eigi að nást á þremur til sjö árum.

Þó sér Hjörleifur heldur jákvæð teikn á lofti þessa dagana, sem dragi úr hækkunarþörf. Gengi krónu styrkist til að mynda og vextir lækka. - kóþ

HJÖRLEIFUR BÖÐVARSSON KVARAN Segir að Orkuveitan hafi ekki hækkað verð á rafmagni síðan árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nautakjöt fokdýrt í Argentínu:

Forseti hvetur til fiskneyslu

ARGENTÍNA Forseti Argentínu reynir nú allt hvað hann getur til að draga úr nautakjötsneyslu borgara sinna.

Ýmsar misheppnaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu hafa dregið úr framboði á kjötinu upp á síðkastið og kílóverðið því hátt.

Forsetinn, Cristina Fernández de Kirchner, vill koma jafnvægi á markaðinn og hefur hafið herferð fyrir fiskneyslu, ásamt öðrum aðgerðum, svo sem að segja að svínakjöt auki kynhvötina. - kóþ

Frábær Betri Besti **Kostur**

Bestu kaupin

Kjúklingur
frosinn, frá Móa
465 kr/kg

Lambalæri
frosið, frá Kosti
975 kr/kg

Mjólk
75 kr/L

Heilhveitisamlokubrauð
770 gr, frá Kosti
175 kr

**** Nýtt kortatímabil ****

Allt í matarkörfuna - Fjöldi annarra tilboða alla daga

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið virka daga 11-18.30 | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

Tilboðin gilda til 21. mars eða á meðan birgðir endast

Stjórnarfylgið minna en fyrst eftir hrunið

Fylgið við ríkisstjórnina mælist innan við 40 prósent. Það er lægsta fylgi þessarar ríkisstjórnar. Þremur vikum eftir hrun naut stjórn Geirs Haarde 41 prósents fylgis.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig hefur fylgið við ríkisstjórnina þróast og hvers vegna mælist fylgið lágt?



Stuðningurinn við ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er 38,9 prósent, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins á fimmtudag.

Þetta er minnsta fylgi ríkisstjórnarinnar frá því að hún tók við völdum 1. febrúar á síðasta ári. Í fyrstu könnuninni sem gerð var eftir myndun stjórnarinnar mældist fylgið 55 prósent.

Stuðningurinn við ríkisstjórnina er minni en síðustu ríkisstjórnir eiga að venjast, þó til séu dæmi um slíkar tölur. Í ársbyrjun 2008, þegar stjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, undir forystu Geirs Haarde, hafði starfað í tæpt ár studdu hana sjö af hverjum tíu. Um sumarið það ár var stuðningurinn kominn í rétt rúm 50 prósent.

Þremur vikum eftir hrun bankanna, í október 2008, mældist stuðningur við stjórnina 41 prósent. Mánuði síðar var hann kominn niður í 32 prósent og í janúar 2009 var hann 20 prósent. Fáum dögum eftir þá könnun fór stjórnin frá og Samfylkingin og VG mynduðu minnihlutastjórn undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur.

Stuðningurinn við ríkisstjórnina nú er áþekkur þeim er stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks mældist með í febrúar 2007. Því stjórnarsamstarfi lauk eftir kosningarnar þremur mánuðum síðar.

Úr þessum niðurstöðum má lesa að almenningur hefur orðið fyrir vonbrigðum með störf ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og VG. Um 55 prósenta stuðningur við upphaf samstarfsins bendir til að talsverðar væntingar hafi verið bundnar við stjórnina en 39 prósentin nú sýna að hún hafi ekki staðið undir þeim væntingum. Ekki er óvarlegt að ætla að Icesave, atvinnumál og skuldaúrræði ráði talsverðu um afstöðu fólks til stjórnarinnar en þau mál hafa verið í brennidepli síðustu vikur og þykir mörgum hægt ganga. Vert er að benda á að könnunin var gerð degi eftir að ríkisstjórn kynnti úrræði sín til hjálpar heimilunum. **bjorn@frettabladid.is**

Tækifæri til endurskipulagningar fjármálakerfa má ekki glutra niður eða fresta:

Dæmi Íslands má ekki endurtaka

EFNAHAGSMÁL „Öll erum við sammála um að bankakreppa á við kreppuna á Íslandi megi ekki koma upp aftur," sagði Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), í ræðu sinni á ráðstefnu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB), í gær. Ráðstefnan fjallaði um hvernig koma mætti á regluverki áfallastjórnunar á sameiginlegum fjármálamarkaði sambandsins.

Um leið áréttaði Strauss-Kahn að „sorglegt" dæmi Íslands væri ekki til marks um ágalla þess að fjármálafyrirtæki gætu starfað á einum markaði í mörgum löndum, heldur væri það afsprengi regluverksins sem komið hafi verið á, reglunni um að heimaríki fjalli um mál viðkomandi fyrirtækja.

„Vandkvæðin við stjórn heimaríkisins eru mörg, sér í lagi þegar stjórninni fylgja ekki trúverðugar og raunhæfar leiðir til samábyrgðar. Við höfum mátt horfa upp á að þessi háttur ýtir ekki endilega undir samvinnu á erfiðleikatímum," sagði hann og kvað ríkjandi fyrirkomulag líka ýta undir vandamál þar sem fjármálafyrirtæki verði „of stór til að þeim verði bjargað."

RÁÐAMENN FUNDA Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, ræðir við Jean Claude Trichet, seðlabankastjóra Evrópu, á ráðstefnu framkvæmdastjórnar ESB í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Strauss-Kahn hvatti til enn frekari umbóta til að koma á evrópskri áfallastjórnun og regluverki til úrlausna í málefnum fjármálafyrirtækja. Það væri áskorunin sem stjórnmálamenn þyrftu nú að standa undir. „Tækifærinu til úrbóta ætti ekki að sóa eða fresta." - óká

Nú fara hjólin að snúast hjá okkur!

BÍLAVOR 2010

Opið í dag frá kl. 12 -16

fréttatilkynning

– verið velkomin í kaffi og spjall við sölumenn okkar um það sem er í vændum

Nýr og enn vandaðri Land Rover Discovery 4

Með eina öflugustu 6 strokka dísilvél sem til er

Nú í apríl verður kynntur nýr Land Rover Discovery 4. Þessi nýja útgáfa verður fáanleg í tveimur grunngerðum, sem báðar eru hlaðnar búnaði:

- **SE Windsor**
  Verð: 11.410.000 kr.
- **HSE** með nýrri 6 strokka dísilvél sem sögð er ein sú aflmesta sem fáanleg er í þessum flokki bíla.
  Verð: 12.970.000 kr.

Nýr i20: 2.450.000 kr.

250 nýir Hyundai bílar á göturnar í vor

Bílaleigur hafa nú fest kaup á u.þ.b. 250 nýjum Hyundai bílum af gerðunum i20 og i30 sem verða afhentir á næstu vikum. Á dögunum voru gerðir tímamótasamningar við Hyundai í Evrópu sem mun kynna 3 nýjar gerðir bíla á næstu vikum á einstöku verði. Bílarnir sem um ræðir eru i20, sem kostar frá 2.450.000 kr., i30 sem kostar frá 2.540.000 kr. og nýr fjórhjóladrifinn bíll sem kallast ix35.

Komið í heimsókn og fáið nánari upplýsingar um verð og komudaga bílanna hjá sölumönnum.

Isuzu D-Max

Söluhæstur árin 2009 og 2010

Það sem af er þessu ári er Isuzu D-Max langsöluhæsti pallbíllinn með rúmlega 27% hlutdeild í sínum flokki enda er hér á ferðinni einstakur bíll með ótal notkunarmöguleika. Isuzu D-Max er ákaflega notadrjúgur pallbíll sem getur dregið allt að 3 tonn og hentar því einkar vel fyrir hestafólk eða þá sem vilja ferðast um landið með ferðavagn. Árið 2009 var D-Max einnig langsöluhæstur í sínum flokki með 20% markaðshlutdeild.

Væntanlegur

Nýr Nissan Qashqai fyrir 7

Enn rúmbetri útgáfa af einum vinsælasta jepplingi Evrópu

Á næstu vikum verður kynnt ný 7 manna gerð af hinum vinsæla Nissan Qashqai. Þessi nýja útgáfa heitir Qashqai+2 sem vísar til þess að hann er lengri en upprunalega gerðin og með auka sætaröð fyrir 2 farþega. Qashqai+2 er fjórhjóladrifinn líkt og venjulegur Qashqai og kostar frá 5.390.000 kr. Þessu til viðbótar er von á hinum hefðbundna Nissan Qashqai með örlítið breyttu útliti og enn ríkulegri búnaði en áður. Verð á sjálfskiptum SE bíl með 2,0l vél er 4.990.000 kr.

Kíkið við og fáið nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

Nissan Note 2010 árgerð

Nýr Nissan frá 2.490.000 kr.

Á næstu vikum eru væntanlegir til landsins nýir Nissan Micra og Nissan Note bílar. Nissan Micra verður fáanlegur allt frá 2.490.000 kr. og Nissan Note mun kosta frá 2.790.000 kr.

Nýr sportjeppi frá Hyundai

Hyundai hefur aldrei verið vinsælli

Nýr sportjeppi kynntur á næstu vikum

Nýr Hyundai ix35 er kyndilberi nýrra tíma hjá Hyundai. Hann mun halda uppi merkjum fyrirtækisins í flokki fjórhjóladrifinna bíla af millistærð en þar hefur Hyundai verið leiðandi í sölu á undanförnum árum.

Við skorum á alla sem langar að kynnast nýjum og skemmtilegum straumum frá Hyundai að koma og fá nánari upplýsingar um hinn nýja Hyundai ix35 sem verður kynntur á næstu vikum, á verði frá 4.990.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM41416

B&L og Ingvar Helgason • Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

Veiðitímabil í Elliðavatni:

OR vill aprílopnun

STANGVEIÐI Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í gær fyrir sitt leyti tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar borgarfulltrúa um að veiðitími hefjist framvegis 1. apríl í Elliðavatni í staðinn fyrir 1. maí. Orkuveitan á um tvo þriðju veiðiréttar á Elliðavatni. Þar eiga einnig veiðirétt Reykjavíkurborg, Kópavogur og Mosfellsbær auk einstaklinga sem eiga tæpan fimmtung.

Þorleifur hefur einnig lagt til að veiðin í vatninu verði ókeypis fyrir alla. „Það er ekkert hægt að ofveiða svona vatn með stangveiði," fullyrðir Þorleifur sem kveðst bjartsýnn á að bæði breyttur opnunartími og gjaldfrelsið verði að veruleika. **- gar**

ELLIÐAVATN Breyttur opnunartími er í augsýn.



ÞJÓRSÁ Nýtt framboð sem fyrrum formaður umhverfisráðs Flóahrepps vinnur að er ekki sammála sitjandi sveitarstjórn um virkjun Þjórsár við Urriðafoss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Formanni vikið vegna framboðs

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur vikið formanni umhverfisnefndar hreppsins frá störfum þar sem hann undirbýr framboð. Sýnir heift og óbilgirni sem virkjanamál kalla fram, segir formaðurinn fyrrverandi.

FLÓAHREPPUR Formanni umhverfisnefndar Flóahrepps var fyrirvaralaust vikið frá störfum á fundi sveitarstjórnar hreppsins á miðvikudag. Hann segir ákvörðun sveitarstjórnarinnar sýna þá heift og óbilgirni sem virkjanamál í hreppnum hafi kallað fram.

Almar Sigurðsson, sem var formaður umhverfisnefndar hreppsins, er einn þeirra sem unnið hafa að nýju framboði í komandi sveitarstjórnarkosningum. Líklegt er að framboðið verði andsnúið fyrirhugaðri virkjun Landsvirkjunar við Urriðafoss, sem sitjandi sveitarstjórn styður.

Í fundargerð sveitarstjórnarinnar kemur fram að þar sem Almar hafi „lýst yfir framboði gegn sitjandi sveitarstjórn í komandi sveitarstjórnarkosningum", sé rétt að víkja honum úr sæti.

„Mér finnst þetta eiginlega bæði fyndið og aulalegt, sérstaklega í svona litlu samfélagi," segir Almar. Honum var ekki gefinn kostur á að gera athugasemdir við uppsögnina og hefur enn ekki verið tilkynnt um þessa breytingu af sveitarstjórninni.

Almar segir fráleitt að hann hafi lýst yfir framboði eins og haldið sé fram í fundargerð sveitarstjórnarinnar. Hann hafi vissulega unnið að stofnun framboðs, en ætli sér einmitt ekki að bjóða sig fram sjálfur. Forsendur fyrir uppsögninni séu enn einkennilegri í því ljósi.

„Ég ætla ekki að bregðast sérstaklega við þessu, svona fólki er eiginlega vorkunn," segir Almar.

Hann segir uppsögnina sérlega einkennilega í ljósi þess að ólíklegt sé að umhverfisnefnd fundi fram að kosningum í maí, nema ef til vill til að undirbúa umhverfisverðlaun hreppsins í sumar. Nefndarformaðurinn fær um 12 þúsund krónur að launum fyrir hvern fund sem hann situr.

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir að ef til vill hefði verið eðlilegra að Almar segði af sér sjálfur þegar hann hafi byrjað að undirbúa framboð gegn sitjandi sveitarstjórn.

„Það hefur komið fram í fréttum að hann er í forsvari fyrir framboð sem beint er gegn sitjandi sveitarstjórn," segir Aðalsteinn.

Þegar borin er undir hann fullyrðing Almars að hann hyggist ekki bjóða sig fram segir Aðalsteinn að kannski hafi verið um misskilning að ræða. Þar sé þó aðeins um stigsmun að ræða, enda vinni Almar að stofnun framboðs og hafi komið fram sem talsmaður þess.

Aðalsteinn segir sveitarstjórnina ekki hafa séð ástæðu til að ræða fyrirhugaða uppsögn Almars við hann fyrirfram, eða gefa honum ráðrúm til að bregðast við henni.

ALMAR SIGURÐSSON

brjann@frettabladid.is

Fullt af lágum fargjöldum liggja í loftinu!

Bókaðu fyrir 22. mars á flysas.is

Reykjavík ↔	frá (fram og tilbaka)	Reykjavík ↔	frá (fram og tilbaka)
Oslo	kr. 26,800	Tokyo*	kr. 108,100
Stavanger	kr. 37,900	Bangkok*	kr. 107,200
Beijing*	kr. 106,200		

…einnig lág fargjöld til allra áfangastaða í Noregi

Þegar flogið er með SAS
Engin falin þjónustugjöld
20kg farangur innifalinn
Netinnritun án aukakostnaðar
Eurobonus punktasöfnun
25% barnaafsláttur

flysas.is

SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

*Flugið frá Reykjavík til Kaupmannahafnar er flogið af Icelandair, þegar um flug til Tokyo, Beijing og Bangkok er um að ræða. Öll fargjöld eru fram og tilbaka, með fyrirvara um gengisbreytingar. Fyrstur kemur fyrstur fær. Athugið reglur og skilmála. Ferðatímabil; **Til Asíu:** 15apríl–13júní. **Til Noregs:** 15apríl–13júní og 09ágúst–31ágúst. Staðfest verð þann 1.mars 2010.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Páskasýning með áherslu á umhverfið

TOYOTA



Í dag verður sannkallað páskafjör hjá Toyota Kópavogi.

Bílarnir okkar eru sífellt að verða umhverfisvænni sem þýðir minni eldsneytis-eyðsla og Co_2 útblástur. Með því að tileinka sér vistakstur er hægt að auka hagkvæmni og minnka umhverfisáhrif bílsins enn frekar.

Vistakstursherma: Leiðbeinandi kynnir vistakstur í fullkomnum ökuhermum.
Reynsluakstur: Prófaðu grunnþætti vistaksturs í nýjum Toyota.
Páskagetraun: Risapáskaegg fyrir getspaka.

Kaffi og með því og páskakanínan dreifir góðgæti frá Nóa Síríusi.

Frábær páskatilboð af völdum betri notuðum bílum.

Opið frá kl. 12.00 - 16.00.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

BÍLAVOR 2010

Today
Tomorrow
Toyota

Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is

Til sölu
rótgróinn veitingastaður / rekstur miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu.

Allar innréttingar, tæki og tól til staðar, góð staðsetning og næg bílastæði. Öll leyfi til staðar. Til afhendingar við kaupsamning.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Már í síma 897 7086.

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari

WALDORFSKÓLINN SÓLSTAFIR
Innritun fyrir skólaárið 2010-2011 er hafin!

Waldorfgrunnskólinn er fyrir börn á aldrinum 6-16 ára.

Starfið byggir á uppeldisfræði Rudolfs Steiner með sköpunarkraft einstaklingsins að leiðarljósi.

Listræn framsetning og úrvinnsla alls námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Opið hús verður í skólanum laugardaginn 20. mars frá kl. 13-16
Allir velkomnir!

Sólstafir Waldorfskóli
Efst í Elliðaárdalnum

Hraunbergi 12 • 111 Reykjavík • Sími 5771110

512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Lög um fjármál stjórnmálaflokka koma líklega til með að ná til forsetakosninga:

Rætt um að verðtryggja framlögin

STJÓRNMÁL Fulltrúar stjórnmálaflokkanna hafa rætt um að verðtryggja þær 300.000 krónur sem flokkarnir mega nú fá í hámarksframlög. Upphæðin hækki því í tímans rás í takt við almennt verðlag.

Þetta hefur samkvæmt heimildum blaðsins verið rætt í nefnd sem forsætisráðherra skipaði í fyrra til að endurskoða lög um fjármál stjórnmálasamtaka, sem sett voru í desember 2006.

Samkvæmt lögunum mega fyrirtæki og einstaklingar ekki greiða meira til stjórnmálaflokka en sem nemur 300.000 krónum. Innan nefndarinnar þykir þessi upphæð hafa rýrnað talsvert að raunvirði síðan 2006. Því megi skoða verðtryggingu.

Annað sem nefndarmenn hafa rætt eru athugasemdir frá GRECO, samtökum ríkja gegn spillingu, en samtökin vilja meðal annars að lögin nái yfir frambjóðendur í forsetakjöri.

Þá telur GRECO að eðlilegt gæti verið að lækka þá fjárhæð sem einstaklingar geta lagt fram í nafnleynd, en hún er nú hámarksfjárhæðin, 300.000. **- kóþ**

ALÞINGI Rætt hefur verið um að verðtryggja þær 300 þúsund krónur sem flokkarnir mega fá. FRÉTTABLAÐ/GVA

Holskefla níðingsmála í Þýskalandi

Nýjar ásakanir um barnamisnotkun hellast nú nær daglega yfir kaþólsku kirkjuna í Þýskalandi. Málaferli í æ fleiri Evrópuríkjum valda kirkjunni vaxandi erfiðleikum. Síðan 2001 hefur Páfagarður rannsakað um þrjú þúsund slík mál.

ÞÝSKALAND, AP Benedikt sextándi páfi hefur nú dregist með beinum hætti inn í barnaníðingsmál í Þýskalandi.

Páfi, sem þá hét Joseph Ratzinger, var erkibiskup í München og Freising á árunum í kringum 1980 þegar prestur, sem sakaður hafði verið um slíka hegðun, var fluttur til í embætti og fór í meðferð. Árið 1986 var þessi sami prestur dæmdur sekur fyrir að hafa níðst kynferðislega á börnum, en fékk að starfa áfram sem prestur þangað til hann var rekinn fyrir tæpri viku.

Ljóst þykir að Ratzinger hafi vitað um ásakanirnar, en fulltrúar erkibiskupsdæmisins í München segja að hann hafi ekki vitað að presturinn hafi haldið áfram störfum hjá kirkjunni, enda hafi Ratzinger farið til annarra starfa í Páfagarði strax árið 1982.

Á síðustu vikum hafa á annað hundrað kynferðisbrotamála komið til kasta erkibiskupsdæmisins í München, hinu gamla umdæmi Ratzingers, þar sem kirkjan hefur nú sett á stofn sérstakan starfshóp til að koma í veg fyrir slík brot.

„Þetta er eins og flóðbylgja," segir Elke Hümmeler, formaður starfshópsins. „Ég held að við höfum aldrei orðið fyrir öðru eins áfalli."

Bróðir páfa, George Ratzinger, hefur einnig blandast í mál af þessu tagi í Þýskalandi, því hann var stjórnandi drengjakórs Péturskirkjunnar í Regensburg frá árinu 1964, en nýverið komu fram ásakanir um misnotkun drengja í kórnum á fyrstu árum hans þar. Sjálfur segist hann ekki hafa vitað af slíku.

Á síðustu misserum hafa æ fleiri barnaníðingsmál komið fram í dagsljósið innan kaþólsku kirkjunnar, meðal annars í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Páfagarður hóf eigin rannsóknir á slíkum málum strax árið 2001. Síðan þá hafa komið til kasta hans um þrjú þúsund kynferðisbrotamál gegn börnum, sem ná allt að 50 ár aftur í tímann. Charles Scicluna, embættismaður í Páfagarði, segir að um 60 prósent þeirra einstaklinga, sem segjast hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni innan kirkjunnar, hafi verið piltar á unglingsaldri þegar áreitnin hófst, 30 prósent hafi verið unglingsstúlkur og tíu prósent börn undir kynþroskaaldri.

Í frétt frá Páfagarði segir Scicluna að um 20 prósent þessara mála hafi farið fyrir kirkjudómstól og 85 prósent sakborninga í þeim málum hafi verið sakfelldir. Tíu prósentum hinna seku var vikið úr kirkjunni og tíu prósent létu af prestsstörfum að eigin ósk. **gudsteinn@frettabladid.is**

BENEDIKT PÁFI OG GEORG BRÓÐIR HANS Ratzinger-bræðurnir hafa nú báðir verið tengdir við mál barnaníðinga í Þýskalandi, þar sem þeir voru báðir háttsettir innan kirkjunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar 2010

Nú göngum við í VR til kosninga. Láttu þig málið varða, þetta er félag okkar allra.

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR til stjórnar og trúnaðarráðs er hafin. Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif. Öll atkvæði hafa sama vægi. Kynntu þér frambjóðendur og nýttu kosningarétt þinn á www.vr.is

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

Aðeins í BYKO Breidd

Mikill afsláttur

LAGER-HREINSUN

Hreinlætistæki - Blöndunartæki - Stór heimilistæki

25-80%

afsláttur

Aðeins 8 dagar eftir!

UPPBOÐ

á hreinlætis- og blöndunartækjum

Skoðaðu nánar hvaða vörur eru í boði í www.BYKO.is.

Glæsilegt uppboð á hreinlætis- og blöndunartækjum í dag kl. 14 í BYKO Breidd. Bjóðum upp síðustu eintök af hreinlætis- og blöndunartækjum. Gæðavörur á frábæru verði.

BYKO

EXPO · www.expo.is

BRJÁLUÐ

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

Sama frábæra verðið!

Electrolux
5 ára ábyrgð

Þvottavél
Orkunýting A,
þvottahæfni A,
vinduhæfni B,
1200 snúningar
1805455

Þurrkari
Barkalaus
m/rakaþétti,
tekur 6 kg af
blautum þvotti,
krumpuvörn
1805461

Þvottavél og þurrkari halda áfram á þessu frábæra tilboði

Þrekhjól
3899530

Háþrýstidæla
Nilfisk.
5254240

Innimálning
Gljástig 10.
7119961

Panilklæðning í bústaðinn - frábært verð um helgina!

Panill Greni
12x110 mm sléttur.
56500

Eitt mesta úrval landsins af plastparketi

Eikarlíki
3ja stafa plastparket
146956

BRJÁLAÐ VERÐ!!!

Hydropool rafhitaðir pottar sérframleiddir fyrir norðlægar slóðir. 20 ára reynsla á Íslandi.

TAKMARKAÐ MAGN!!!

Nuddpottur
Serenety M5000 Gold
8082550

Sjávarréttarsúpa & brauð 190kr

Kaffi Garður
Skútuvogi

ÍS á 10kr

Í Blómavali Skútuvogi

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TILBOÐ

Aðeins um helgina!

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

20% afsláttur af Burny gasgrillum

Gæða gasgrill
Burny Sizzler 300
Grillflötur 62x50 sm.
Efri grind 62x14 sm
3 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulín-glerungshúðað
lok , grill og grillgrind.
3000273

62.595
~~76.995~~

Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
Grillflötur 44x50 sm.
Efri grind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulín-glerungshúðað
lok , grill og grillgrind.
3000272

55.995
~~69.995~~

20% afsláttur HIPOINT Hekk- og greinaklippur

Nú er tíminn til að klippa

30% afsláttur öll ljós

25% afsláttur allar ljósaperur

3.999
~~5.499~~

Trappa
3 þrepa.
5078691

4.999
kynningarverð

Vörutrilla
150 kg
5080150

20% afsláttur BLACK&DECKER WORX Rafmagnsverkfæri

Páskaliljur í potti Tet-a-tet
399

Páskakrýsi
999

Hortensía
1.990

Prímúlur 3 stk.
999

Forsythiugreinar
699

blómaval
heillandi heimur

Látum verkin tala!

GILDIR UM LAND ALLT.

HÚSASMIÐJAN

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vill meira en helmingur þjóðarinnar þurrka upp menninguna í landinu?

Árlegi söngurinn

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í vikunni birtust niðurstöður könnunar MMR um afstöðu fólks til listamannalauna. Samkvæmt könnuninni eru liðlega 60 prósent þjóðarinnar mjög eða frekar andvíg því að ríkið greiði listamönnum starfslaun. Þessi niðurstaða kemur í sjálfu sér ekki á óvart enda er neikvæð umræða um listamannalaun árviss viðburður.

Umræðan um listamannalaun er staglkennd og ýmsar staðreyndir sem ekki þjóna sjónarmiðum andsnúnum launum eru iðulega undanskilin í henni.

Í fyrsta lagi er rétt að halda til haga að ekki er um neina stórfjárhæð að ræða, í það minnsta ekki þegar hún er sett í samhengi við þær peningasummur sem nú eru í daglegum fréttum. Sömuleiðis hitt að með því að setja þá summu sem í listamannalaunin fer inn í hagkerfið verður til hreyfing sem bæði skapar hagvöxt og störf, til dæmis við framleiðslu og sölu bóka og annarra hugverka, tónleikahald og ýmsa hliðarstarfsemi sem þrífst vel í tengslum við menningarstarf, svo sem veitingarekstur. Fyrir því hafa meira að segja verið færð rök að sú innspýting í hagkerfið sem opinber framlög til lista eru skili sér vel rúmlega til baka í ríkiskassann.

Starfslaun listamanna nema um 350 milljónum króna, eða 0,35 milljörðum svo notuð séu tölugildi sem eru tamari í umræðunni þessa dagana. Til samanburðar við tölur úr fréttum vikunnar má nefna að skattaskuldir fyrirtækja í landinu nema 112 milljörðum. Þannig nema listamannalaunin um þremur prósentum af því sem fyrirtækin í landinu skulda í skatta. Reykjavíkurborg ætlar að verja 230 milljónum í stækkun golfvallarins á Korpúlfsstöðum um níu holur, úr 18 í 27, á næstu fjórum árum svo tekið sé annað dæmi úr fréttum vikunnar.

Opinber stuðningur við listastarfsemi tíðkast í öllum þróuðum löndum, bæði í formi styrkja og reksturs á menningarstofnunum og í beinar launagreiðslur til listamanna.

Ekki þarf einu sinni svo lítið málsvæði eins og það íslenska til þess að óraunhæft geti talist að sala á skáldverki standi undir launakostnaði höfundar meðan á samningu þess stendur. Velta má fyrir sér hvort þessi 60 prósent þjóðarinnar sem segjast vera andvíg listamannalaunum myndu vilja búa í landi þar sem útkoma frumsamins skáldverks væri viðburður sem ætti sér stað á nokkurra ára fresti.

Sömuleiðis má spyrja hvort meira en helmingur þjóðarinnar væri sáttur við að búa í samfélagi þar sem ekki þrifist tónlistarlíf sem ekki stendur undir sér með aðgangseyri og sölu á útgefinni tónlist, utan Sinfóníuhljómsveitarinnar sem raunar verður reglulega fyrir barðinu á umræðunni um að ríkið eigi ekki að reka slíka sveit. Á sama hátt má velta fyrir sér hvernig myndlistarlífið væri í landinu án launanna. Líklegt er að einungis fáeinir myndlistarmenn gætu helgað sig þeim starfa.

Fjölbreytt menning er ein af þeim stoðum sem þarf til að mynda þróað og siðað samfélag. Árlega sönginn um listamannalaunin verður að setja í það samhengi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, **húseigendum að kostnaðarlausu.**

Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!

Upplýsingar í síma:
696 5600
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

MAGGI@12DG315

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hlutverk þingmanns

Beint lýðræði er tískuhugtak. Hugtakið er jákvætt og því eru allir fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum. Ráðríki framkvæmdavaldsins yfir löggjafarvaldinu er annað tískutungutak. Það er neikvætt og því reka menn hornin í pólitíska forystu framkvæmdavaldsins á Alþingi.

Minna fer fyrir hinu að menn brjóti til mergjar kosti og galla þeirrar áleitnu spurningar hvort aðgreina á framkvæmdavald og löggjafarvald. Lítið heyrist í þeim sem velta fyrir sér hvort veikleika Alþingis megi í einhverjum mæli rekja til starfshátta þingmanna en ekki einvörðungu stjórnskipunarreglna. Engir vega og meta hvernig tryggja á að völd og ábyrgð fari saman. Hver apar hins vegar eftir öðrum lítt skilgreind tískuhugtök.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Alþingi er stjórnarskrárgjafinn. Eigi að síður hafa forystumenn Alþingis lýst því yfir í nafni lýðræðisins að þeir ætli að varpa þeim skyldum frá sér til sérstaks stjórnlagaþings. Forystumenn Alþingis vilja ekki taka afstöðu til hugsanlegs aðildarsamnings að Evrópusambandinu fyrr en þjóðin hefur veitt þeim leiðsögn.

Forsetinn taldi það lýðræðisvæðingu að taka völdin af Alþingi og hafa þjóðaratkvæði um millileik í Icesave-samningunum sem skildi málið eftir óleyst. Forsætisráðherrann vill þjóðaratkvæði um sjávarútvegsstefnuna án þess að hafa tillögu um hver hún á að vera. Þjóðin á að segja honum það.

Allt er þetta göfugt og hugsjónaríkt. Hin hliðin á þessum peningi er spurningin: Hvert á þá hlutverk þingmanna að vera? Taka þeir kosningu fólksins í þeim tilgangi einum að vísa vandasömustu viðfangsefnunum til þess aftur án þess að leggja eigin stefnu að veði? Þurfa þeir að vera sextíu og þrír til þess?

Fulltrúi eða sendiboði?

Þeir sem mest tala um að framkvæmdavaldið beri löggjafarvaldið ofurliði eru í mörgum tilvikum um leið helstu talsmenn þess að þingmenn taki ekki afstöðu til mála heldur vísi þeim annað í nafni lýðræðisins. Þegar öllu er á botninn hvolft má vera að helsti veikleiki Alþingis sé í því fólginn hvernig margir þingmenn líta á hlutverk sitt.

Þegar stjórnskipunin var að mótast og lengst af síðan var litið á þingmenn sem þjóðkjörna fulltrúa. Þeir fóru með umboð fólksins til að ræða og ráða málum til lykta. Þeir höfðu forystu, lögðu á ráðin og báru stefnu sína og verk undir dóm kjósenda.

Nú sýnist hitt vera algengara að þingmenn líti á sig sem þjóðkjörna sendiboða. Þeir fara fyrst og fremst með umboð til að flytja skilaboð frá kjósendum inn í málstofu Alþingis. Eftir þeirri hugmyndafræði á frumkvæði og forysta um lausn mála að vera hjá fólkinu sjálfu.

Breski heimspekingurinn og þingmaðurinn Edmund Burke sá þetta í öðru ljósi. Hann sagði kjósendum sínum 1774: „Gagnvart fulltrúa ykkar eigið þið heimtingu, ekki einasta á atorkusemi hans heldur dómgreind hans einnig; og hann svíkur ykkur í stað þess að þjóna, ef hann fórnar dómgreind sinni fyrir álit ykkar.“

Hér er ekki verið að gera lítið úr dómgreind kjósenda. Þeir eiga hins vegar rétt á að heyra ráð þingmannsins og leggja síðan sjálfstætt mat á stefnu hans og gerðir. Aðeins þannig getur þingmaðurinn borið ábyrgð gagnvart kjósendum. Þeir þingmenn sem telja sig fyllri af lýðræðisást en gengur og gerist vilja nú snúa þessari ábyrgð við.

Dómgreind, völd og ábyrgð

Nýir tímar kalla á nýjar aðferðir. Nokkur grundvallaratriði hafa þó ekki haggast. Eitt er að fulltrúalýðræði er óhjákvæmilegt eigi stjórn ríkisins að vera skipuleg og skilvirk. Annað er að völd og ábyrgð verða að fara saman.

Þó að þingmenn skuldi kjósendum að hafa forystu um úrlausn mála þurfa þeir að vera í jarðsambandi og hlusta og nema hugsanir almennings. Nútíma tækni gerir það auðveldara en áður. Þjóðaratkvæðagreiðslur samrýmast að sjálfsögðu fulltrúalýðræði ef mál eru lögð fyrir þjóðina þannig að hún ráði þeim til endanlegra og fullra lykta og þjóðkjörnir fulltrúar eru tilbúnir að bera ábyrgð á tillögum sínum.

Hvað þýðir þetta? Við útskýringu á því er ágætt að taka dæmi af hugsanlegum samningi um aðild að Evrópusambandinu.

Eftir klassískum lýðræðishugmyndum tekur Alþingi slíkan samning til umræðu og afgreiðslu. Ef hann er samþykktur er gerður sá fyrirvari að gildistakan sé háð samþykki þjóðarinnar. Meirihlutinn axlar ábyrgð á niðurstöðunni með því að leggja dómgreind sína og álit að veði þegar kjósendur fá úrslitavaldið. Þetta þýðir beint lýðræði án þess að völd og ábyrgð séu greind í sundur.

Samkvæmt þeirri lýðræðistísku sem þingmenn aðhyllast núna kemur samningurinn hins vegar ekki til kasta Alþingis í fyrstu atrennu. Þjóðin á að taka afstöðu til hans áður og leggja fyrir Alþingi hvernig hann skuli afgreiddur þar. Forystan er færð frá þinginu, ábyrgðin skilin frá völdunum og þingmenn láta ekki dómgreind sína í ljós. Svo undrast menn létt vægi Alþingis!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Kringlukast

eterna

SÉRVALDAR SKYRTUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~11.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 7.980

BELLINI
collezione

JAKKAFÖT

VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~

MARGAR GERÐIR -
ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 34.980

FINUCCI
collezione

ÚTIJAKKAR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.980~~

ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 24.980

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234

25%
afsláttur af öllum vörum frá

ENGLABÖRNIN

Kringlunni sími 552 2201

Kringlukast

Íslandsbanki

Hafnarslóð ehf. í söluferli

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast formlegt ferli sem lýtur að mögulegri sölu á 100% hlut í Hafnarslóð ehf. sem nú er í eigu Miðengis ehf., dótturfélags Íslandsbanka hf. Hafnarslóð ehf. er fasteignafélag sem á lóð og leikskóla við Vesturbrú 7 í Garðabæ.

Söluferlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fyrirtækja sem höfðu eiginfjárstöðu sem var hærri en sem nemur 100 milljónum króna í árslok 2009.

Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu ásamt því að leggja fram umbeðnar upplýsingar og nauðsynleg gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Framangreindu skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka í samræmi við nánari upplýsingar um skil gagna og tilboða. Móttaka trúnaðaryfirlýsinga og viðeigandi gagna hefst mánudaginn 22. mars og er síðasti frestur til að skila inn framangreindu vegna þátttöku í söluferlinu föstudaginn 9. apríl kl. 16.00.

Allar nánari upplýsingar um söluferlið verður að finna á vef Íslandsbanka undir slóðinni www.islandsbanki.is/hafnarslod2010, frá kl. 10.00, 22. mars 2010.

Nánari upplýsingar veitir Már Másson, forstöðumaður samskiptasviðs, sími 844 4990, t-póstur: mar.masson@islandsbanki.is.

EU Sustainable Energy Week 2010

Fundur í tilefni af viku endurnýjanlegrar orku í Evrópu

Framlag Íslands til þróunar í endurnýjanlegri orku

Gullteigi, Grand Hótel | 25. mars 2010 | kl. 13:00 – 15:00

Dagskrá

Ávarp iðnaðarráðherra - *Katrín Júlíusdóttir*

Nýsköpun í orkutækni - *Þorsteinn Ingi Sigfússon*, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Enterprise Europe Network: Tækifæri fyrir íslensk orkufyrirtæki erlendis
Kristín Halldórsdóttir verkefnisstjóri EEN, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

CarbFix: Binding koltvísýrings í basalti
Hólmfríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri nýsköpunar og þróunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Osmósuorka
Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir, verkefnisstjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

2020 ákvæði Evrópusambandsins - hvernig tengist það íslenskum orkumálum?
Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri

GEORG - GEOthermal Research Group
Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor við Háskóla Íslands

Umræður

Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum.

Fundarstjóri: *Rósa Signý Gísladóttir*, markaðsstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á frettir@nmi.is.

SUSTAINABLE ENERGY EUROPE

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Á meðan við bíðum

UMRÆÐAN

Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um hrunið

SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR

ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

JÓNA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR

SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON

ANNA SIGRÍUR PÁLSDÓTTIR

BALDUR KRISTJÁNSSON

HJALTI HUGASON

PÉTUR PÉTURSSON

Langt er liðið frá hruninu haustið 2008 – meira en heilt ár. Tími frjórrar umræðu er liðinn. Í staðinn hefur komið endalaus bið. Tveir þröskuldar hamla frekari úrvinnslu. Eftirmál Icesave-klúðurs Landsbankans gamla stöðva efnahagslega uppbyggingu. Ítrekuð seinkun á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis stöðvar á hinn bóginn það fjölþætta uppgjör sem fara verður fram í samfélaginu áður en sátt og eining getur komist á að nýju.

Þetta má þó ekki verða til þess að ryk falli yfir slóð þeirra sem ábyrgð bera. Á meðan við bíðum er mikilvægt að við hugleiðum á hvern hátt við viljum halda umræðunni um hrunið áfram.

Tæknileg lagahyggja

Hvert sem litið er virðist lögfræðileg orðræða um hrunið drottnandi. Allt snýst um hugsanleg lögbrot og refsingar. Ef ekki hafa verið framin lögbrot liggur í loftinu að málið sé dautt. Fari svo að Rannsóknarnefnd Alþingis komist að niðurstöðu í þá veru virðist með öllu óljóst hvernig sáttum verður náð í samfélaginu. Mun hefndin þá taka við?

Reglur og lög eru vissulega mikilvæg tæki til að halda uppi réttarríki. En hversu langt nær lögfræðileg nálgun í uppgjöri eftir atburðarás á borð við hrunið? Samfélagssáttmálinn verður ekki endurnýjaður á grundvelli tæknilegrar lagahyggju. Viðurkenningu á því má vissulega finna í lögum um Rannsóknarnefndina en þar segir m.a. að leitað skuli sannleikans um aðdraganda og orsök hrunsins, lagt mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Þá skal kannað hvort skýringa hrunsins sé að einhverju leyti að finna í siðferði þeirra sem ábyrgð bera. Hér mælir margt gegn of mikilli tæknihyggju.

Siðfræðileg tæknihyggja?

Reglu- og lögmálsnálgun er að einhverju leyti einnig ráðandi í siðfræðilegri umræðu. Siðferði er gjarnan skilið svo að það fjalli um lögmál sem séu ofar aðstæðubundnu samhengi. Innan siðfræðinnar eru svo gjarnan þróaðar boðandi reglukenningar á grundvelli nytjahyggju eða skyldusiðfræði eins og greinilega má sjá í ýmiss konar siðareglum og siðanefndum hjá hinu opinbera.

Ýmsir siðfræðingar bera þó brigður á gagnsemi þessarar nálgunar og benda á að til sé önnur leið til að lýsa því hvað það sé að vera siðferðilega ábyrg manneskja. Siðferði má t.a.m. lýsa svo að það byggist á skilyrðislausu og gagnkvæmu trausti. Þegar manneskja mætir okkur á opinn hátt liggur sú skylda á herðum okkar að axla það traust sem hún sýnir okkur. Hin siðferðilega krafa er þá ekki afleiðing neinnar ytri reglu eða lögmáls. Spyrja má hvort forstöðumenn fjármálastofnana breyttu í þessum anda fyrir hrun eða hvort öðru vísi hefði farið hefðu þeir gert það.

Ábyrgð er málið

Ef okkur á að takast að endurnýja samfélagssáttmálann sem var rofinn í aðdraganda hrunsins er ábyrgð lykilhugtak. Flestir eru sammála um að þau sem brugðust trausti verði að axla ábyrgð, ekki aðeins í lagatæknilegri merkingu heldur ekki síður siðferðilegri og jafnvel guðfræðilegri.

Ábyrgðarhugtakið er lagt til grundvallar þegar rætt skal um siðferðilegt líf, siðferðilega sjálfsmynd, það sem okkur ber að gera í lífinu eða einstakar gjörðir okkar. Í siðfræðilegri umræðu nú á dögum er gjarnan talað um ábyrgð okkar allra gagnvart helgi og heilindum lífsins í víðasta skilningi. Út frá þeim bæjardyrum séð er okkur öllum falin ábyrgð á að tengslum alls sem lifir sé viðhaldið. Ábyrgð okkar allra á að viðhalda lífinu – þar með talið lífinu í samfélaginu í sínum margbreytilegu myndum – einskorðast því ekki við lagalega ábyrgð. Mannleg ábyrgð felst sjaldnast í því einu að breyta lögfræðilega rétt. Að því verður að huga í uppgjöri hrunsins.

Hvernig ræðum við um hrunið?

Erfitt er að greina orðræðuna hér á landi um hrunið. Orðaval okkar og sá skilningur sem við leggjum í orð og hugtök hefur hins vegar áhrif á þau viðbrögð sem gripið verður til. Við munum aldrei ná að skilja til fulls þann harmleik – eða hvað við viljum kalla hrunið – með því að einblína á lögfræðilegar hliðar málsins. Þær eru nauðsynlegar en ekki nægjanlegar. Sá skilningur sem við leggjum í hrunið mun ákvarða hverjir bera ábyrgðina og í hverju hún felst.

Höfundar eru guðfræðingar.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Um réttindi fatlaðra

UMRÆÐAN

Oddný Mjöll Arnardóttir og Þórdís Ingadóttir skrifa um fullgildingu Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra

ODDNÝ MJÖLL ARNARDÓTTIR

ÞÓRDÍS INGADÓTTIR

Hinn 21. mars er alþjóðlegur dagur Downs-heilkennis. Á Íslandi eru um 200 einstaklingar sem kljást við aukalitning á 21. litningapari en um 3-4 börn fæðast árlega hér á landi með slíkt litningafrávik. Eitt af baráttumálum þessara einstaklinga er rétturinn til að njóta fullra mannréttinda til jafns við aðra. Það eru því mikil tíðindi að í liðinni viku kynnti Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra tillögur nefndar sem fjallað hefur um fyrirhugaða fullgildingu Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Ísland undirritaði samninginn fyrir þremur árum, ásamt viðbótarbókun hans, og er skýrsla nefndarinnar undirbúningur stjórnvalda að fullgildingu samningsins.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun er tímamótasamningur á sviði mannréttinda fyrir margra hluta sakir. Aldrei hafa samningaviðræður um mannréttindasamning tekið jafn skamman tíma. Samningaviðræðurnar voru einnig merkilegar fyrir þær sakir að aldrei fyrr hefur verið haft jafn ríkt samstarf við grasrótarsamtök við gerð mannréttindasáttmála. Á þeim tímamótum þegar opnað var fyrir undirskriftir ríkja þann 30. mars 2007 var þar slegið nýtt met á vettvangi alþjóðalaga, en aldrei hafa jafn mörg ríki undirritað mannréttindasáttmála þegar við opnun hans til undirritunar.

Hin mikla sátt sem ríkir um efni sáttmálans kemur til af ýmsu. Ein helsta ástæðan er sú að sáttmálinn byggir á eldri mannréttindasáttmálum. Flest þau réttindi sem hann veitir eru þegar tryggð í öðrum sáttmálum og er sáttmálanum því ekki ætlað að skapa ný réttindi. Réttinn til lífs, bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð, bann við mismunun og réttinn til tjáningarfrelsis hafa ríki t.d. þegar skuldbundið sig að veita með aðild sinni að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá árinu 1966. Þá hafa ríki t.d. skuldbundið sig til að veita rétt til menntunar, vinnu og heilsu með aðild sinni að Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá árinu 1966. Það sem skilur að með Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og hinum eldri mannréttindasamningum er að í hinum nýja eru þessi réttindi útfærð mun nánar og aðlöguð að veruleika fatlaðs fólks í því skyni að veita virka og raunhæfa réttarvernd. Þannig er t.d. tiltekið að í tjáningarfrelsi felist að ríkjum beri skylda til að viðurkenna og stuðla að notkun táknmáls og blindraleturs og að í rétti til menntunar felist réttur til menntunar án aðgreiningar. Rétturinn til menntunar án aðgreiningar er meðal mikilvægustu ákvæða sáttmálans en hann felur í sér þá meginreglu að menntun fatlaðra barna fari fram innan almennra skóla og leggur þær skyldur á herðar ríkjum að aðlaga skólaumhverfið og veita stuðning í samræmi við þarfir viðkomandi barns. Einnig má nefna að sáttmálinn kveður á um rétt fatlaðra til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í samfélaginu sem m.a. felur í sér að ríkinu beri að tryggja fötluðum tækifæri til að velja sér búsetustað og með hverjum þeir búa. Hinum nýju efnismeiru ákvæðum er þannig ætlað að taka af allan vafa um framkvæmd samningsins í landsrétti og tryggja betur réttarstöðu viðkomandi einstaklinga. Valfrjáls bókun við samninginn heimilar einstaklingum eða hópi einstaklinga sem telja sig þolendur brots á ákvæðum samningsins að kæra mál til alþjóðlegrar eftirlitsnefndar um framkvæmd samningsins, án tillits til þess hvaða flokki réttinda brotið tilheyrir.

Nú í dag hafa 144 ríki undirritað Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og 82 ríki fullgilt hann og með því skuldbundið sig að þjóðarétti að veita fötluðum einstaklingum þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Til þess að af fullgildingu geti orðið þurfa landslög viðkomandi ríkis að tryggja borgurum öll þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um. Í hinni nýútgefnu skýrslu nefndarinnar er gerð grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að fullgilda hann sem fela meðal annars í sér heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra, auk ýmissa annarra lagabreytinga. Þá leggur nefndin til að athugaðir verði möguleikar á stofnun innlendrar þjóðbundinnar mannréttindastofnunar sem gæti haft með höndum sjálfstætt eftirlit til að fylgjast með framkvæmd samningsins hér á landi. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður skýrsla hennar nú send hagsmunaaðilum til umsagnar. Afar mikilvægt er að tekið verði tillit til þeirra umsagna á lokastigum við undirbúning fullgildingar Íslands á þessum mikilvæga alþjóðasamningi.

Oddný Mjöll er prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þórdís er dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

skattur.is

Skilafrestur skattframtals einstaklinga er til föstudagsins 26. mars

Talið fram á skattur.is

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda og þeirra sem töldu fram á vefnum í fyrra og eiga ekki varanlega veflykla frá fyrri árum. Veflykill veitir aðgang að þjónustusíðu á skattur.is þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt.

Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Framtal á pappír

Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírsframtal og sundurliðunarblað á skattur.is eða í síma 442-1414 og fá það sent í pósti. Jafnframt er hægt að prenta út auð framtalsform á skattur.is.

Þeir sem hafa haldið sig við pappírinn eru hvattir til að prófa framtalið á vefnum hafi þeir möguleika á því.

Áritun upplýsinga á framtal

Laun, hlunnindi, starfstengdar greiðslur, styrkir o.fl., eru árituð á framtalið samkvæmt innsendum launamiðum. Einnig greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Fæðingarorlofssjóði og lífeyrissjóðum. Jafnframt eru flestallar eignir og skuldir áritaðar á framtalið.

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is á aðgengilegu formi. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í veffframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá hjá skattstofum.

Símaþjónusta 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð frá kl. 10 til 15:30 alla virka daga í síma 442-1414.

Dagana 26. mars, 6. og 7. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19.

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **26. mars.**

Hægt er að sækja um viðbótarfrest á skattur.is, lengst til 7. apríl.

Fljótlegt, öruggt og einfalt að telja fram

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt kortatímabil

398
KR.STK

BAKA Í OFNI 10 MÍN VIÐ 180C°

BÓNUS FERSKAR PIZZUR 400-420g
- Pepperoni - Margarita - Extra Pepperoni

1749
KR.KG

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAGÚLLAS
30% AFSLÁTTUR *MERKT VERÐ 2498 KR.KG.*

1749
KR.KG

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTASNITSEL
30% AFSLÁTTUR *MERKT VERÐ 2498 KR.KG.*

1998
KR.STK

BÓNUS RISAPÁSKAEGG
HEILT KÍLÓ

798
KR.KG

GRÍSAVEISLA: FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

898
KR.KG

NAUTAVEISLA: FERSKT NAUTAHAKK

198
KR.PK

MJÚKAR BÓNUS KRINGLUR 4 STK.

198
KR.PK

MJÚKIR KORNKUBBAR 4 STK TVÆR TEG.

198
KR.STK

BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ (26 SNEIÐAR)

OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%

nú með 25% afslætti

972
KR.KG

Merkt verð 1296 kr.kg.

BÓNUS SMYRILL 300g

nú með 20% afslætti

Alltaf mjúkur úr ísskápnum

111
KR.STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opnum kl.10 í dag

EKKERT BRUÐL
Kryddum sjálf

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET

ÍSLANDS LAMB

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBALÆRI M.KRYDDJURTUM

MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **30% afsláttur**

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

ÍSLANDSNAUT HAMBORGARAR
***FROSNIR* 10 STK. x 100g**

COKE KIPPA 4 FLÖSKUR x 2 LTR.= 8 LTR. 798 kr.

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

MERKT VERÐ 1998 KR.KG. ***20% AFSLÁTTUR***

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Evrópukrísa ritstjórans

UMRÆÐAN

Bjarni Harðarson skrifar:

Ólafi Þ. Stephensen, nýjum ritstjóra Fréttablaðsins, tekst um margt vel upp á nýjum vinnustað og honum eru hér með fluttar árnaðaróskir. En það sem háir þessum skelegga blaðamanni er hjákátlegur trúarhiti í ESB-málum sem birtist okkur lesendum blaðsins með reglulegu millibili.

Nýjust er sú söguskýring í leiðara 13. mars að vandi Grikkja hafi ekkert með evruna að gera. Vandamálið sé einungis að Grikkir séu alltof skuldugir og hafi aldrei kunnað fótum sínum forráð. Nú er það enginn vafi að efnahagskerfi þjóða eru misjafnlega stöðug og misjafnlega öguð.

BJARNI HARÐARSON

En sé sú staða Grikkja að þeir geti ekki notað evruna vegna of mikilla skulda, hvenær mun evran þá duga Íslandi?

Því fer reyndar fjarri að stöðugleiki sé eina sem skiptir máli við efnahagsstjórnun og hafi slíkum tökum ekki verið náð er afar fjarstæðukennt að setja á hagkerfið bönd eins og þau sem evran er hinum fátækari ESB-ríkjum nú. Það segir sína sögu að Ísland, sem hefur gengið í gegnum meiri hremmingar bankakerfisins en nokkurt annað Evrópuland, býr engu að síður við minna atvinnuleysi, minni niðursveiflu hagkerfisins og minni vandræði vegna kreppunnar en mörg ESB-landanna. Raunar er samdráttur hér minni en í Danmörku, að ekki sé talað um Eystrasaltsríkin og Írland.

Fréttablaðið talar aftur á móti úr þeim fílabeinsturni að hvorki á Íslandi né Grikklandi eigi að vera sveiflur í hagkerfinu og að löndin eigi að vera allt öðruvísi en þau eru. Í umræddum leiðara er bent á að ef Grikkland væri ekki skuldsett væri ekkert vandamál fyrir landið að hafa evru. Eftir stendur að það Grikkland sem til er í raunheimi gæti betur tekist á við sín vandamál með gömlu drökmuna sína heldur en með evru.

Þegar kemur að íslensku hagkerfi eru sveiflurnar óhjákvæmileg afleiðing þess að hér býr fátt fólk á fjarlægri eyju. Mannfæðin ein skapar það að sveiflujöfnunin er ekki sú sama og væri í tveggja milljóna manna hagkerfi eða það af stærra. Þar við bætast sveiflur vegna náttúrulegra breytinga en þær eru þó veigaminni.

Allar hugmyndir um að Ísland geti verið sem fullkominn hluti af stærra hagkerfi og laust undan sveiflum smæðarinnar eru óraunhæfar, þó ekki sé fyrir annað en torleiði hingað og fjarlægðir.

Reynsla ESB-landanna bendir raunar til að landamæri málsvæða og gamalla þjóðlanda hafi einnig gríðarlega mikil áhrif á það að lönd halda áfram að vera sérstakt hagkerfi með sína sértæku sveiflu þrátt fyrir einn gjaldmiðil og samræmt ofvaxið regluverk. Þar talar reynsla Grikkja sínu máli.

Langt innan við 10% fyrirtækja í ESB stunda viðskipti út fyrir sitt gamla þjóðríki.

Rökin fyrir því að Ísland yrði að taka upp alþjóðlega mynt voru sterkust meðan til stóð að byggja hluta af hagkerfinu upp á alþjóðlegri bankastarfsemi. Bankaeigendurnir gömlu höfðu þá hagsmuni en tæpast ætlum við í dag að hlaupa eftir hagsmunum þeirra manna. Með falli bankanna og reynslu evrulanda af kreppunni féllu um sjálft sig flest þau rök sem menn höfðu fyrir mögulegri ESB-aðild enda hefur fylgi við þá stefnu dalað stórkostlega.

Það fer Fréttablaðinu illa að stunda einmanalegt ESB-trúboð þegar rökin fyrir þeirri stefnu eru öll horfin ofan í skuldasvelg gömlu útrásarvíkinganna.

Höfundur er bóksali á Selfossi.

Lagaskrifstofa Alþingis

UMRÆÐAN

Vigdís Hauksdóttir skrifar um vandaða lagasetningu

Auðveldlega má færa fyrir því rök að slök lagasetning undanfarin ár eigi einhvern þátt í því hvernig komið er fyrir okkur sem þjóð. Á Norðurlöndum er það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna hvort á þeim séu lagatæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá.

Yfirgnæfandi meiri hluti lagafrumvarpa sem samþykkt eru á Alþingi koma frá framkvæmdavaldinu en hér á landi er hvorki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands né starfandi lagaráð hjá Alþingi sjálfu. Því kemur ekki á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en annars staðar á Norðurlöndum. Ég hef af þessum ástæðum lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp um að stofnuð verði lagaskrifstofa Alþingis til að bæta lagasetningu. Markmiðið frumvarpsins er að ekki komi frumvörp né þingsályktunartillögur fyrir Alþingi sem innihalda lagatæknilega ágalla eða samrýmast ekki stjórnarskránni, að létta álagi

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

af dómstólum landsins og umboðsmanni Alþingis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmenn lagaskrifstofu skulu vera alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis og Stjórnarráðsins til ráðgjafar um undirbúning löggjafar. Lagaskrifstofa skal einnig ganga úr skugga um að frumvörp standist þjóðréttarlegar skuldbindingar og séu í samræmi við gildandi lög, að þau séu nákvæm, skýr og auðskiljanleg og gjaldtökuheimildir séu skýrar. Sú stjórnskipan sem er í gildi hér á landi byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdarvaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja. Úr þessum hnökrum þarf að bæta til að efla og bæta lýðræðið. Hér er löng hefð fyrir meirihlutastjórnum, með örfáum undantekningum, og því er nauðsynlegt að starfandi minnihluti fái notið jafnræðis í framlagningu mála til að tempra framkvæmdavaldið.

Sem dæmi um slaka lagasetningu undanfarna áratugi má geta þess að í ársskýrslum umboðsmanns Alþingis, sem starfað hefur í rúm 20 ár, er vel á annað hundrað mála sem embættið hefur vakið athygli á sem varða „meinbugi á lögum“. Slíkur málafjöldi er óásættanlegur. Meinbugir á lögum geti verið formlegs eðlis, svo sem misræmi milli lagaákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geti meinbugir verið beinlínis fólgnir í efnisatriðum, svo sem mismunun milli manna án þess að til þess liggi viðhlítandi rök eða að reglugerðarákvæði skorti lagastoð. Þá hefur umboðsmaður litið svo á að undir ákvæðið falli þau tilvik þegar lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Jafnframt yrði gríðarlegu álagi létt af dómstólum landsins sem er ef til vill mesti kosturinn. Hér er á ferðinni þjóðþrifamál sem til framtíðar felur í sér mikinn sparnað fyrir þjóðina alla. Það er von mín að málið fái jákvæðar undirtektir hjá alþingismönnum og að frumvarpið verði brátt að lögum.

Höfundur er alþingismaður.

Vottun á tímum vantrausts

UMRÆÐAN

Jóhanna Gunnlaugsdóttir skrifar um gegnsæi í viðskiptum

JÓHANNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Gegnsæi og rekjanleiki í viðskiptum og stjórnsýslu er krafa samtímans. Áhersla er lögð á að aðgengi að upplýsingum eigi að vera einfalt og verklag í takt við lög og reglur og vönduð og samræmd vinnubrögð. Í þessu tilliti kemur sér vel fyrir einkafyrirtæki jafnt sem opinber fyrirtæki að vinna í takt við alþjóðlega stjórnunarstaðla, einkum staðla um stjórnun upplýsinga og skjala, stjórnun upplýsingaöryggis og gæða- og umhverfisstjórnun.

Í þessu sambandi má til dæmis nefna ISO 15489 um upplýsingar, skjalfestingu og skjalastjórn, ISO 9001 um gæðastjórnun, ISO 14001 um umhverfisstjórnunarkerfi svo og ISO 17799 og ISO 27001 um upplýsinga- og öryggistækni og stjórnun upplýsingaöryggis. Þessir staðlar hafa verið þýddir á íslensku og útgefnir af Staðlaráði Íslands (stadlar.is). Auk þess að vera alþjóðlegir teljast þeir einnig fullgildir íslenskir staðlar (ÍST).

Hlutverk upplýsinga- og skjalastjórnar er ótvírætt þegar verið er að innleiða og uppfylla kröfur stjórnunarstaðlanna. Hún gengur eins og rauður þráður í gegnum alla staðlavinnuna. Í þeim öllum er viðmiðið: Skjalfestu það sem þú ætlar að framkvæma og gerðu það sem þú skjalfestir. Skjalfesting á að gera kleift að miðla fyrirmælum, stuðla að samræmi í aðgerðum og tryggja rekjanleika upplýsinga. Reynsla og rannsóknir hér á landi sem erlendis hafa leitt í ljós að fyrirtæki, sem hyggjast innleiða gæða- og upplýsingaöryggiskerfi og fá þau vottuð, hafi iðulega þurft að innleiða kerfisbundna skjalastýringu samhliða sem hluta af kerfunum. Slík kerfi er ekki hægt að starfrækja hnökralaust án góðrar skjalastjórnar. Kannanir sýna að algeng ástæða fyrir því að fyrirtæki fái ekki vottun í fyrstu tilraun sé ágallar á sviði skjalastjórnar og skjalahalds.

Ekki síst á krepputímum er mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir velti við hverjum steini, viðhafi vönduð vinnubrögð og yfirfari starfs- og verkferla á gagnrýninn og skilvirkan hátt til þess að stuðla að frekari árangri í rekstri. Á sumum vinnustöðum skapast nú meira svigrúm til þess að vinna ýmis „tiltektarstörf“ sem ekki gafst stund til á þenslutímum undanfarinna ára.

Samkeppni á markaði eykst sífellt og ríkari krafa er gerð til fyrirtækja um að þau uppfylli ákveðin skilyrði vegna upplýsingaaðgengis og -öryggis og umhverfis- og gæðamála. Við útboð hafa þau fyrirtæki forskot sem hafa vottaða starfsemi. Á hinu stóra markaðstorgi jarðarinnar, þar sem enginn þekkir mann, nema þá e.t.v. aðeins af endemum, eins og tilfinning okkar Íslendinga er nú, kemur sér vel að hafa gott kynningarbréf. Alþjóðleg staðlavinna og vottun samkvæmt alþjóðlegum stjórnunarstöðlum er slík hjálp.

Margir hafa áhyggjur af því nú, á tímum efnahagsþrenginga, að útlendingar vilji síður eiga viðskipti við íslensk fyrirtæki. Þetta á ef til vill við um nágrannalöndin en fjarlægari markaðir eru líklega ekki svo meðvitaðir um hrakfarirnar. Samt sem áður eru veigamikil rök fyrir því að íslensk fyrirtæki nýti sér vottun. Þau eru oft lítt þekkt erlendis en geti þau sýnt fram á vottuð kerfi aukast líkurnar á því að þau séu tekin með í heimi alþjóðlegra viðskipta. Þá losna þau oft við að útskýra að samgöngur, tryggingarstarfssemi, bankastarfsemi og annað, sem þarf til þess að stunda viðskipti, sé í lagi hérlendis. Þannig getur skapast sú staða að vottun sé annað hvort forsenda viðskipta á erlendum markaði eða auðveldi framgang þeirra.

Íslenska bankakerfið hrundi og fjöldi íslenskra fyrirtækja stendur frammi fyrir rekstrarerfiðleikum. En það mun birta til og þá er gott að vera undirbúinn. Vottuð kerfi í samræmi við alþjóðlega stjórnunarstaðla geta reynst íslenskum fyrirtækjum gott kynningarbréf eða aðgögnumiði í alþjóðaviðskipum.

Höfundur er prófessor við HÍ með upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti sem sérsvið.

Stækkunarstefna Evrópusambandsins og aðildarferli Íslands

The Enlargement Policy of the European Union and the Accession Process of Iceland

Hádegisfundur í stofu 201 í Árnagarði, þriðjudaginn 23. mars frá kl. 12.00 til 13.00.

Dr. Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, heldur fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Dr. Summa hefur starfað innan Evrópusambandsins síðan 1995 og hefur verið framkvæmdastjóri á sviði stækkunarmála síðan 2005. Hann var settur í embætti sendiherra ESB á Íslandi í janúar síðastliðnum.

Fundarstjóri:
Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

LG GW620 · ANDROID

Sími sem kann allt

LG Android síminn byggist á opnum hugbúnaði sem tengir símann þinn fyrirhafnarlaust við hvers kyns samskiptasíður, leiki og smáforrit á vefnum. Það er ekki nóg með að þú eltir Twitter, skrifir heimildaritgerðir og spilir uppáhaldsleikina þína – LG GW620 kann svo margt fleira að það kemst ekki hér fyrir!

Símalán – útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

Staðgreitt:
59.900 kr.

- Android stýrikerfi
- 3.0" snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- QWERTY lyklaborð
- GPS og WiFi
- Yfir 30.000 smáforrit á Android Market™

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM41037

Klippingin góður leikstjórnarskóli

Eftir farsælan en krefjandi feril sem klippari alþjóðlegra bíómynda sneri **Valdís Óskarsdóttir** heim til Íslands fyrir nokkrum árum. Hér settist hún sjálf í stól leikstjóra og þar virðist fara vel um hana, enda er hún þegar búin að gera tvær bíómyndir. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** heimsótti Valdísi og spjallaði við hana um þá nýju, Kóngaveg, sem verður frumsýnd á föstudaginn.

Önnur kvikmyndin eftir handriti Valdísar Óskarsdóttur með hana sjálfa í sæti leikstjóra – Kóngavegur – verður frumsýnd næstkomandi föstudag, 26. mars. Á skjánum sjást margir af sömu leikurum og í fyrstu mynd Valdísar, Sveitabrúðkaupi, sem kom út árið 2006. Þar af eru margir úr leikhópnum Vesturporti auk annarra valinkunnra íslenskra stórleikara. Við Kóngaveg bætist jafnframt góður fengur, þýski leikarinn Daniel Brühl, sem margir muna eftir úr Goodbye Lenin og Inglorious Basterds.

Myndin hefst þegar Junior, leikinn af Gísla Erni Garðarssyni, kemur heim eftir þrjú ár í útlöndum til að hitta pabba sinn og finnur hann í hjólhýsahverfi. Hann kemur með Rubert vin sinn með sér, sem leikinn er af fyrrnefndum Brühl. Koma þeirra hristir upp í tilveru íbúanna við Kóngaveg á þeim fimm dögum sem myndin nær yfir. „Ekkert af því fólki sem býr á Kóngaveginum hefur beinlínis valið sér að búa þar heldur er þar af einhverjum sérstökum ástæðum og virðist ekki komast út úr mynstrinu," lýsir Valdís. „Það er hrætt við breytingar og gerir ekkert í sínum málum því svona hefur þetta alltaf verið. En þú getur alltaf breytt hlutunum. Það er bara spurning hvort þú þorir því eða ekki. Það getur vel verið að þetta fólk virðist skrítið í fyrstu. En í rauninni er það ofsalega normalt. Býr bara við sérstakar aðstæður."

HANDRITSHÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI Valdís Óskarsdóttir skrifaði handritið að Kóngavegi og leikstýrði myndinni sjálf. Að hennar eigin mati eru persónurnar í myndinni bara skrítnar á yfirborðinu. Þær séu í raun bara venjulegt fólk sem býr við sérstakar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byggðu nýtt hverfi

Öll hjólhýsin við Kóngaveg eiga sér fyrirmynd í einhverju þeirra þriggja hjólhýsahverfa á suðvesturhorni landsins sem Valdís og félagar skoðuðu vel við undirbúning myndarinnar. Til stóð að taka hana upp í stærsta hjólhýsahverfi landsins við Laugavatn. Þegar í ljós kom að sérstakt samþykki þyrfti frá öllum sem eiga bústað þar var hins vegar brugðið frá þeim áætlunum og ákveðið að byggja nýtt hverfi upp frá grunni.

„Við vorum svo heppin að fá leyfi frá Reykjavíkurborg til að byggja upp þetta svæði í Almannadal, rétt fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Þar var ekkert nema gras og leikmynda-hönnuðirnir okkar byggðu svæðið upp frá grunni. Á endanum leit þetta út eins og rótgróið hverfi. Þetta var svo vel gert hjá þeim, að það kom fólk á svæðið og spurði hvort það gæti fengið leigða lóð undir hjólhýsin sín, hélt þetta væri nýtt hjólhýsahverfi að spretta upp."

Klipparinn ber ábyrgðina

Valdís er þekktust fyrir hæfileika sína í klippiherberginu en hún hefur komið að gerð margra stórmynda, þar á meðal hinnar dönsku Festen og hinnar bandarísku The Eternal Sunshine of The Spotless mind, en fyrir klippingu hennar fékk hún hin virtu Bafta-verðlaun. Hún segist óhjákvæmilega hafa lært eitt og annað á undanförnum árum, hvað viðkemur handritsvinnu og leikstjórn. „Frá árinu 1991 hef ég eytt meiri tíma inni í klippiherbergi en utan þess. Ég væri náttúrlega bara auli ef ég hefði ekki lært sitthvað um söguuppbyggingu, karakteruppbyggingu og frásagnartækni – allt þetta sem leikstjórar þurfa að kunna. Það er liðin tíð að leikstjórar sitji við hliðina á klipparanum og þeir ákveða í sameiningu hvað eigi að nota og hvað ekki. Nú orðið klippir klipparinn myndina saman og svo kemur leikstjórinn inn og þeir fara í sameiningu yfir það sem búið er að gera. Svo fer leikstjórinn og klipparinn heldur áfram að klippa. Þannig að það er á ábyrgð klipparans hvernig útkoman verður."

> Frá árinu 1991 hef ég eytt meiri tíma inni í klippiherbergis en utan þess. Ég væri náttúrlega bara auli ef ég hefði ekki lært sitthvað um söguuppbyggingu, karakteruppbyggingu og frásagnartækni – allt þetta sem leikstjórar þurfa að kunna.

Fyrstu skrefin

Fyrsta bíómyndin sem Valdís tók þátt í var Löggulíf í leikstjórn Þráins Bertelssonar. „Mig hafði alltaf langað að starfa við kvikmyndagerð og var búin að labba á milli og spyrja hvort ég gæti fengið vinnu sem klippari, án árangurs. Svo fór ég á námskeið í kvikmyndagerð hjá Dramatiska Institutet í Stokkhólmi og hélt svo áfram að ganga á milli þegar ég kom heim og biðja um vinnu, án árangurs. Þegar ég sá að þetta ætlaði ekki að ganga hjá mér réði ég mig í vinnu sem ljósmyndari hjá Þjóðviljanum. Ég held ég hafi verið búin að vinna þar í viku þegar ég fékk símtal frá Þráni. Hann sagðist vanta ljósmyndara, klapper og loader. Hvort ég hefði áhuga. Og ég sagði bara já!"

Á næstu árum vann hún í nokkrum íslenskum bíómyndum, þangað til hún hóf nám við Danska kvikmyndaskólann, þaðan sem hún útskrifaðist 1991 eftir fjögurra ára nám. Það var lokaverkefni hennar þar sem kom henni af stað á hinum danska bíómarkaði. Danski leikstjórinn Jesper W. Nielsen hafði séð það og hrifist svo af klippingunni að hann óskaði eftir því að hún klippti myndina hans, Den Sidste Viking, nokkrum árum síðar. Valdís flutti í kjölfarið til Danmerkur og klippti meðal annars Mifune Sidste Sang í leikstjórn Søren Kragh Jacobsen og Festen í leikstjórn Thomas Vinterberg.

Daníel Brühl og Gísli Örn Garðarsson í hlutverkum sínum í Kóngavegi.

Eftirminnilegir tímar

Þegar hér var komið sögu var Valdís alfarið flutt til Danmerkur og farin að starfa víðar en í Evrópu. Hún klippti meðal annars myndina Finding Forrester eftir Gus Van Sant. Eitt eftirminnilegasta verkefnið sem hún landaði var klipping á myndinni The Eternal Sunshine of The Spotless Mind í leikstjórn Michel Gondry. „Michel er snillingur. Svo var hann með handrit eftir Charlie Kauffman, sem er einhver besti handritshöfundur í heimi. Klippiteymið var sterkt og óvenju samrýnt. Sumar myndir eru erfiðar og gefa manni ekkert. Aðrar myndir eru erfiðar en gefa manni mikið á móti. Eternal Sunshine var ein af þessum gefandi. Þegar ég var búin að klippa hana var ég ekki ofan í þessari svörtu holu sem ég dett oft ofan í eftir mjög hektíska vinnu. Ég gaf henni allt sem ég átti og hún gaf mér allt sem hún átti. Það var alveg geggjað gaman."

Ekki eru allar reynslusögur Valdísar jafn skemmtilegar en hún hefur lent í hinu og þessu á ferlinum, ekki síst í samskiptum við stóru stúdíóin í Bandaríkjunum. Í eitt skipti hafði hún verið látin fjúka og í annað skiptið var hirt af henni kredit fyrir klippingu. „Í Ameríku er bara mjög algengt að heilu deildirnar séu látnar fara á einu bretti ef myndin skorar ekki nógu hátt í prufusýningum. Þetta gerist ekki á Norðurlöndunum og heldur ekki annars staðar í Evrópu. Þar þarftu að gera eitthvað mikið af þér til að verða rekinn. Hollywood er alger frumskógur og ef maður ætlar að vera þar, verður maður annaðhvort að láta sig hafa ýmislegt sem maður vildi helst vera laus við eða velja að gera eitthvað annað, einhvers staðar annars staðar."

Komin heim

Árið 2006 var Valdís búin að fá nóg af klippivinnunni og ákvað að hætta í þeim bransa. Hugmyndin og söguþráðurinn að Sveitabrúðkaupi hafði verið til í langan tíma svo hún ákvað að athuga hvort ekki væri hægt að gera kvikmynd upp úr þessari hugmynd. Hún sendi söguþráðinn á Gísla Örn í Vesturporti og boltinn rúllaði af stað.

„Ég kann voða lítið annað en kvikmyndagerð svo það var bara spurningin hvað ég gæti gert annað í kvikmyndagerð en að klippa," segir Valdís. Hún er hæstánægð með reynsluna af vinnunni hér heima, þrátt fyrir að stakkurinn sé kvikmyndagerðarmönnum töluvert þrengra skorinn hér en í útlöndum. Hún er ekki síst ánægð með mennina á bak við framleiðslufyrirtækið Mystery Island, þá Árna Filippusson, Davíð Óskar Ólafsson og Hrein Beck. „Þessir strákar hafa þetta „gerum þetta bara!"-element. Þeir sjá leiðir til að framkvæma hlutina og finna lausnir á öllum málum. Svo eru þeir alltaf tilbúnir að bakka mig upp, alveg sama hvað ég kem með fáránlegar hugmyndir. Þannig að þegar ég vildi fara út í aðra bíómynd, eftir Sveitabrúðkaup, kom aldrei annað til greina en að leita aftur til þeirra. Ég hefði sjálfsagt aldrei komist í gegnum þessar tvær myndir ef ekki hefði verið fyrir þá. Það er bara svo einfalt."

Óvissan fram undan

Eins og hefur líklegast ekki farið framhjá neinum ríkir mikil óvissa í íslenskri kvikmyndagerð. Valdís finnur fyrir henni eins og aðrir. „Eins og er hef ég ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera eftir frumsýninguna á Kóngavegi. Ég segi nei takk við myndum alveg þangað til ég finn að ég er tilbúin að fara aftur af stað. Mér finnst gaman að klippa ef ég fæ að vera í friði. En ég nenni ekki aftur út að vinna einhvers staðar í níu mánuði. Mér finnst of gott að búa á Íslandi. En það er engin íslensk mynd að fara af stað, svo það getur verið að ég neyðist til að endurskoða þessa ákvörðun mína…"

NÝTT NÚ

Nú einnig fáanleg í áskriftarkassa!

Disney SYRPA

PÁSKA TILBOÐ!



INNIHALD!

- Þrjár eldri Syrpur
- Þrír pakkar af Andrésarmyndum
- Andrésarsegull
- Bókamerki
- Orðarugl
- 313 Plakat

AÐEINS 1,135.-KR Á MÁNUÐI

MIKIÐ SÖFNUNARGILDI

13 SYRPUR Á ÁRI

Disney Syrpa er nú einnig fáanleg með áskriftarkassa - ef þú kemur í áskrift fyrir páska!

Disney Syrpan kemur 13 sinnum á ári beint í póstkassann þinn, troðfull af skemmtilegum myndasögum um félagana í Andabæ, fyrir aðeins kr. 1,135.- á mánuði.

Þeir sem gerast áskrifendur fyrir páska fá áskriftarkassa sem inniheldur þrjár eldri Syrpur, þrjá pakka af nýju Andrésarmyndunum, 313 bílaplakat, orðarugl, bókamerki og Andrésarsegul!

Þú getur komið til okkar í Síðumúla 28 í Reykjavík og náð í kassann eða fengið hann sendan. Skráðu þig í áskrift á www.syrpa.is.

Allir sem gerast áskrifendur að Syrpu eiga mögueika á að komast til Disneylands í Flórída með alla fjölskylduna. Meira á www.syrpa.is

Komdu í áskrift strax í dag!

WWW.SYRPA.IS

Einnig fáanlegar áskriftir:

©Disney

ANDRÉS ÖND
Fyrir alla
www.andrésönd.is

Disney kríli
0-3 ára
www.disneykrili.is

Disney klúbburinn
2-8 ára
www.disneyklubburinn.is

Við erum bóhemar, við sleikjum ekki rassa!

Mundi vondi er 23 ára fatahönnuður, sem tekur þátt í Reykjavík Fashion Festival um helgina. **Bjarni snæðingur** sér hins vegar um veitingarnar á BSÍ. Þeir settust á rökstóla með *Dr. Gunna*.

Mundi vondi og Bjarni snæðingur eiga í fljótu bragði ekki annað sameiginlegt en að vera Íslendingar og að vera þekktir af viðurnefni sínu. *Hvaðan koma þessi nöfn eiginlega?*

Bjarni: „Mundi vondi hefur öfuga merkingu, er það ekki?“

Mundi: „Jú. Ég man eiginlega ekki hvaðan þetta kom. Minnir að ég hafi notað það í tölvuleik og sem notandanafn á netinu. Svo festist þetta bara. Það er ekki það að ég sé eitthvað vondur. Nema stundum.“

Bjarni: „Mitt stendur algjörlega undir sér. Mér þykir gott að snæða og ég kom með þetta íslenska nafn þegar ég var 13 ára gamall. Ég er ekki alveg viss hvaðan „snæða“ kemur. Ég greip þetta frá manni sem Stefán Þór heitir og er grúskari og bóhem. Þá töluðu allir um að fá sér að éta. Þegar ég fór að læra kokkinn festist þetta á mig. Ég vil auðvitað fá fálkaorðuna fyrir að endurvekja orðið í íslenskunni.“

Hvor verður á undan að fá fálkaorðuna?

Bjarni: „Strákurinn.“

Mundi: „Ég veit það nú ekki.“

Allir í kjamma og kók

Hvað er þetta Reykjavík Fashion Festival (RFF) eiginlega, Mundi?

Mundi: „Þetta er mjög metnaðarfullur tískuviðburður. Þetta er í fyrsta skipti sem svona sameiginlegur tískuviðburður er haldinn. Helstu fatahönnuðir landsins – um 20 talsins – eru búnir að taka sig saman til að sýna það besta sem í boði er. Þetta eru margar sýningar. Samhliða þessu eru svo tónleikar með Peaches og fleirum í kvöld á Nasa. Þetta verður rosa fjör. Línurnar sem verða til sýnis fara á markað næsta haust og það er takmarkið að hönnuðirnir fái eitthvað út úr þessu.“

Bjarni: „Það koma svo örugglega allir í kjamma og kók hér á BSÍ eftir Nasa. Ég get lofað ykkur því.“

Munda: „Alveg pottþétt. Alveg í röðum!“

Bjarni: „Tískan, já. Það er framandi fyrirbæri.“ (Strýkur Tinu Turner-bolinn)

Mundi: „Já, þetta er mjög fyndinn bransi. Ég byrjaði 19 ára að gera peysur úr íslenskri ull. Þær komu mér á kortið og ég hef verið í þessu síðan þá.“

Bjarni: „Lærðirðu þetta eitthvað?“

Mundi: „Nei, ég lærði grafíska hönnun í tvö ár en hætti þegar ég var kominn á flug með þetta. Mér finnst gaman að gera falleg og óhefðbundin föt og finnst gaman að sjá fólk í fötunum mínum.“

Hvað með þig, Bjarni, af hverju fórst þú að kokka?

Bjarni: „Það er nú bara þannig að það er einfaldast til að verða aldrei svangur að vera í eldhúsinu.“

Ekkert að skammast sín fyrir að græða peninga

Mundi er 23 ára og það er rosalega öfundsverður aldur fyrir miðaldra karla.

Bjarni: „Ég myndi alveg vilja vera á hans stað í lífinu núna. Ég myndi gera allt það sama nákvæmlega eins aftur. Það var ekkert svo leiðinlegt.“

Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér, Mundi? Stígandi ris upp á hátind tískuheimsins?

Mundi: „Nei, nei, ég held ég verði nú ekkert svo velkominn þangað inn. Ég á ekkert eftir að verða milljarðamæringur á því sem ég er að gera. Það er ekki eins og fjárfestingarbransinn að reka fatamerki. Þetta er mjög dýrt og erfitt að selja og mikið hark. Ég vonast náttúrlega til þess á endanum að ég eigi meira peninga en ég á núna. Ég á ekki bót fyrir boruna á mér.“

Bjarni: „En verður ekki að vera metnaður og hugsunin: Ég ætla langt?“

Mundi: „Jú, jú. Ég væri alveg til í að verða ríkur.“

Bjarni: „Maður má ekki vera of lítillátur. Verður að vera svolítið rogginn.“

Er ekki alveg bannað í dag að stefna að því að verða ríkur?

Mundi: „Tja, maður þarf nú ekkert að skammast sín þótt maður græði peninga. Það er bara spurning á hvaða forsendum maður gerir það. Það er nóg til af peningum þótt þetta hrun sé í gangi.“

Bjarni: „Upp úr 1970 gengu hér allir um með skjalatöskur, svokallaðar stresstöskur, fullar af einhverju pappírsdrasli. Það þurfti enginn á þessu að halda. Ég var að taka til í bílskúrnum hjá mér og fann fjórar svona. Ofsalega flottar. Eitt árið var taskan úr hörðu plasti og svo árið eftir var hún lin úr leðri.“

Mundi: „Þetta er fyndið af því karlar halda alltaf að þeir séu svo óháðir tískubylgjum. Svo hrynja þeir ofan í þær um leið og það kemur eitthvað svona.“

Hvaða rannsóknarskýrsla?

Talandi um klæðnað karla, útrásarvíkingarnir gerðu nú lítið í því að skera sig úr.

Mundi: „Já, það virðist sem karlar fari í sama mótið. Það er þægilegast. Þá þurfa þeir ekki að hafa áhyggjur.“

Bjarni: „Þeir komu oft hingað. Þetta þarna er borð Björgólfs (bendir). Þeir komu mikið með útlendingana hingað í íslenska matinn; sviðin, kótiletturnar og saltkjötið. Þeir hringdu stundum í mig erlendis frá þegar þeir voru að leggja af stað í einkaþotunum og vildu koma beint í mat. Það var kannski eftir fótboltaleiki.“

Eru þeir búnir að borga þér?

Bjarni: „Já já, það var allt „cash“. Borgað strax.“

Nú er þessi rannsóknarskýrsla að koma. Eruð þið spenntir fyrir henni?

Mundi: „Hvaða rannsóknarskýrsla?“

Bjarni: „Góður!“ (klappar Munda á öxlina)

Allir geta lifað án rósa

Nú segja þeir svartsýnustu að Ísland einangrist frá umheiminum ef við borgum ekki Icesave upp í topp. Hvernig líst ykkur á það?

Mundi: „Væri það ekki bara dásamlegt?“

Bjarni: „Ég held það væri ekki svo slæmt. Ég sagði þarna strax eftir hrunið að við ættum bara að loka landinu. Við ættum bara að sigla út með fiskinn okkar og selja fyrir cash pening. Af hverju gerðum við það ekki? Við erum bóhemar og höfum alltaf verið það. Af hverju eigum við að sleikja einhverja rassa úti í heimi og þykjast vera eitthvað dipló? Við þessir ruddar sem erum búnir að arðræna Evrópu. Það átti bara að loka og semja svo útfrá þeim karakter sem við erum.“

Mundi: „Vera bara stolt af því að vera ruddar, meinarðu?“

Bjarni: „Ruddar og ruddar? Nei, bóhemar. Við börðumst eins og vitleysingar á pínulitlum bátum á móti herskipum í þorskastríðinu. Hentum kartöflum og dóti í Bretana þangað til við fundum upp töfraverkfærið klippurnar. Við náðum samningum þá. Hvað var það annað en barbarismi? Bretar hefðu ekki getað hætt að kaupa af okkur fiskinn núna. Þá hefðu þeir fengið Hull og Grimsby upp á móti sér, því það er svo mikið unnið af íslenska fiskinum þar. Við hefðum kannski ekki fengið kartöflur og rósir frá Hollandi, en það geta nú allir lifað án rósa, er það ekki?“

Tókuð þið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni?

Bjarni: „Já, ég gerði það nú.“

Mundi: „Ekki ég. Ég veit hvorki upp né niður í þessu máli. Ég var rosa aktífur fyrst og fór í mótmæli. Svo hætti þetta að meika sens fyrir mér svo ég skellti bara í lás. Mér finnst mitt orð í öllum þessum málum engu máli skipta. En auðvitað er ég jafn brjálaður yfir þessu og Jón Jónsson úti í bæ.“

Bjarni: „Maður var náttúrlega sár. Maður þurfti að fara að vinna aftur.“

Mundi: „Hefði góðærið haldið áfram hefði Ísland orðið að algjöru lúðalandi. Hvað voru margir að útskrifast úr hagfræði- og viðskiptafræðideildum? Um leið og kreppan skall á hefur aldrei verið jafn mikil aðsókn í listaháskólann. Þið sjáið hvernig hugsunarhátturinn breytist. Ísland hefði orðið eitthvert hagfræðiland. Það er nú ekki mjög spennandi. Við eigum að vera í skapandi geirunum. Viðskiptadraslið mátti alveg fara á skallann fyrir mér. Það er svo margt hægt að gera til að búa til lifandi og litríkt samfélag, en djöfull var lítið að gerast í því á þessum tímum. Það er nú allt að breytast núna.“

MUNDI VONDI OG BJARNI SNÆÐINGUR Tískan, já. Það er framandi fyrirbæri. Já, þetta er mjög fyndinn bransi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DRAUMUR Í DÓS

Draumalandið?

Bjarni: „Það hefur nú bara alltaf verið Ísland. En ég segi það ekki, eyja í Karíbahafinu hljómar ágætlega. Að bara teygja sig í matinn á trjánum og brennivínið bruggar sig bara sjálft.“

Mundi: „Ég er sammála Bjarna að það er Ísland, en ég væri til í að búa úti um allt. Þess vegna að ferðast bara endalaust og búa þrjá mánuði í senn á hverjum stað.“

Draumabíllinn?

Bjarni: „Fljótsvarað. Buick 58, tveggja dyra. Svartur fyrir neðan lista og fjólublár fyrir ofan. Með stóra vængi aftur úr sér.“

Mundi: „Citroën-braggi, grænn.“

Draumastillingin á tímavélinni?

Bjarni: „Ég myndi fara aftur á bak til víkingatímabilsins. Éta gróft og vera sterkur og drykkfelldur ruddi. Það myndi henta mér ágætlega að mega standa upp og míga bara þar sem ég væri.“

Mundi: „Ég væri rosa til í að skjóta mér inn í framtíðina, en svo veit maður aldrei hvað þessi heimur á eftir ólifað. Reykjavík 3000 þess vegna.“

Draumakúnninn?

Bjarni: „Ég væri alveg til í að fá Pamelu Anderson til að borða svið hérna og biðja um mynd með veitingamanninum og svona.“

Mundi: „Ég væri geðveikt til í að fá Obama til að klæða sig í föt eftir mig og fá mynd af honum með mér.“

HR-DAGURINN

HR BÝÐUR ÞÉR HEIM!

Í DAG
20. MARS
kl. 11:00 – 16:00
Í NAUTHÓLSVÍK

09:00 – 18:00	**SKATTARÁÐGJÖF LAGANEMA**
11:00	**SJÓSUND** í Nauthólsvík og slökun á Ylströndinni
11:30	**GÖNGUFERÐ** um Öskjuhlíðina
12:00	**ÁVARP:** Ari Kristinn Jónsson, rektor
12:00 – 14:30	**VÉLSMIÐJA OG ORKUTÆKNISTOFA:** Verkefni
12:15 og 14:30	**GOSPELKÓR HR**
12:30 – 15:00	**SJÁLFVIRKUR KAFBÁTUR Í DJÚPINU**
12:30 og 14:45	**HÁSPENNA OG GEISLASVERÐ** – Eðlisfræðingar tækni-og verkfræðideildar fá hárin til að rísa
12:45 og 13:45	HLJÓMSVEITIN **THE CRAZY BREWERY**
13:00 og 15:00	**FYRIRLESTUR OG SKOÐUNARFERÐ** um nýbyggingu HR
13:00 – 14:00	**SJÁLFVIRKI LESTRAR- OG SÝNDARKENNARINN**
13:00 – 15:00	**BÓLUR OG HRUN** – Jón Þór Sturluson, lektor
13:00 – 16:00	**NÁMSKYNNINGAR**
13:15	**KÖRFUBOLTAKENNSLA**
13:15 – 14:15	**ÞINN SAMNINGASTÍLL** – Aðalsteinn Leifsson, lektor
13:30	**UPPLÝSINGAR UM EVRÓPUSAMBANDIÐ**
13:30	**HR-ÁSKORUNIN:** Úrslitakeppni í hönnun og smíði eggjavörpu
14:00 og 15:30	**ÖRUGGAR SÚKKULAÐISENDINGAR MEÐ TÖLVUM**
14:15	**FIMLEIKAKENNSLA**
15:00	**SÚLUR 2010:** Keppni í súlubroti
15:15	**FÓTBOLTAKENNSLA**
15:45	**VERÐLAUNAAFHENDING: HR-ÁSKORUNIN**
16:00	**VERÐLAUN VEITT Í GETRAUNASAMKEPPNI** FrumgreinaMenntar

Frá kl. 12:00 – 16:00 veita kennarar og nemendur upplýsingar um nám við skólann.
Námsráðgjafar verða á staðnum og Stúdentafélagið kynnir starfsemi sína.
Fjölmargt annað forvitnilegt verður í boði.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Kynntu þér dagskrá HR-dagsins á www.hr.is

Gat ekki annað en sagt mína sögu

Vicky Bam fékk áfall þegar hún greindist með HIV fyrir átta árum, þá ólétt að þriðja barni sínu. Vicky er frá Namibíu þar sem fimmtungur þjóðarinnar er smitaður af HIV. Þrátt fyrir þann fjölda er sjúkdómurinn feimnismál og var Vicky með fyrstu konunum sem stigu fram og tjáðu sig opinskátt um lífið með HIV. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við hana.

Eins erfitt og það var að byrja að tala um HIV var líka erfitt að tala ekki um það að vera smituð," segir Vicky Bam 39 ára gömul namibísk kona sem ákvað að rjúfa þagnarmúrinn sem reistur hafði verið um alnæmi í Namibíu. Vicky komst að því að hún var smituð árið 2002 þegar hún gekk með sitt þriðja barn. Áfallið var gríðarlegt, enda hafði Vicky engan grun um að hún væri smituð.

„Ég hafði verið gift í þrettán ár og þó að ég vissi að margir væru smitaðir af HIV í Namibíu þá leit ég ekki á það sem mitt vandamál," segir Vicky. Þrátt fyrir að Vicky fengi aðstoð og ráð um hvernig hægt væri að draga úr líkum á því að hið ófædda barn myndi smitast þá fékk stúlkan alnæmi. „Hún var hraust til að byrja með en svo varð hún mjög veik og ég fór oft með hana á spítala."

Missti dóttur sína

Þar hitti Vicky mæður í svipaðri stöðu, sem voru á sjúkrahúsi með veik börn, smituð af HIV veirunni. Fordómarnir gegn sjúkdómnum eru mjög ríkir í namibísku samfélag og þrátt fyrir þessa sameiginlegu reynslu ræddu Vicky og konurnar aldrei um þá staðreynd að börnin þeirra væru með alnæmi. „Við töluðum saman um að börnin okkar væru veik, en ekki um orsakir sjúkdómsins."

Dóttir Vickyar lést af völdum alnæmis rétt liðlega árs gömul og viðtók erfitt tímabil hjá Vicky. „En loks ákvað ég að stíga fram, mér fannst ég bæði þurfa að segja eldri börnum mínum frá því hvernig í pottinn væri búið og svo vildi ég opna umræðuna."

Miklir fordómar

HIV smitaðir í Namibíu þurfa ekki bara að berjast gegn fordómum samfélagsins, heldur einnig fordómum sinna nánustu ættingja og fjölskyldu. „Margar konur þora ekki að segja eiginmanni sínum frá því að þær séu smitaðar, margir þeirra líta svo á að vegna þess að þær færa þeim fréttina sé sjúkdómurinn þeim að kenna. Sumir hafa misþyrmt konum sínum svo illa að þær hafa dáið af völdum barsmíða," segir Vicky.

Meðal þess sem stuðningssamtök hennar Mother to Mother vinna að er að styrkja konur í að segja frá sjúkdómnum og efla sjálfstraust þeirra. „Það þarf að kenna konum að lifa með HIV, í því felst til dæmis að fara í reglulegar læknisskoðanir og taka lyf við sjúkdómnum." Vicky segir mikið vandamál í Namibíu að smitaðir fara ekki í regluegt eftirlit til lækna eftir að hafa greinst með HIV. Einnig er vandamál hversu fáir láta athuga hvort þeir eru smitaðir, smitið uppgötvast hins vegar í mæðraeftirlti hjá óléttum konum, eins og var raunin hjá Vicky.

Eiginmaður hennar var í ferðalagi þegar hún fékk fréttirnar um smitið og tók fréttunum mjög illa þegar Vicky sagði honum þær við heimkomuna, en ljóst mátti vera að hann hafði smitað hana. Þegar Vicky vildi ekki halda smitinu leyndu þá skildu þau að skiptum. Honum fannst skömmin slík að hann fyrirfór sér ekki löngu síðar. Eftir mjög mikla erfiðleika, dótturmissinn og þunglyndi, ákvað Vicky aö snúa við blaðinu og berjast gegn fordómum um HIV.

Starfið hefur skilað árangri. „Umræðan hefur orðið opnari, fólk hefur betri skilning á því hvernig hægt er að verjast sjúkdóminum og mikilvægi lyfja," segi Vicky sem þó segir ekki alla íbúa sitja við sama borð. Lélegt aðgengi sé að læknum og lyfjum í sveitahéruðum.

VICKY BAM Fræðir íslenskar konur um sögu sína og aðstæður HIV-smitaðra í Namibíu í fyrirlestri klukkan eitt í dag í húsnæði UNIFEM við Laugaveg 42. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

STUÐNINGUR ÍSLENDINGA SKIPTI MÁLI

Stuðningssamtökin Mothers to mothers, sem Vicky setti á laggirnar til að fræða konur um líf með HIV, höfðu úr litlu að moða til að byrja með en dönsku þróunarsamtökin Ibis lögðu þeim til aðstoð árið 2005.

Ári síðar kynntist Vicky Halldóru Traustadóttur, þáverandi starfsmanni Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu. Þróunarsamvinnustofnun ákvað að styrkja verkefnið og var sá styrkur notaður til að halda námskeið fyrir mæður með HIV. „Þá fór boltinn að rúlla, fleiri styrktu okkur í kjölfarið og umfang starfseminnar jókst," segir Vicky sem er mjög ánægð með framtak Halldóru sem er meðal aðstandenda Kríanna, þróunarsamtaka í þágu kvenna í Afríku sem stofnuð voru síðastliðið haust.

Kríurnar og UNIFEM á Íslandi standa saman að komu Vicky til Íslands en hún heldur fyrirlestur sinn í húsnæði UNIFEM að Laugavegi 42 klukkan eitt í dag.

Í NAMIBÍU HIV-smit breiðist hraðar út meðal kvenna en karla í sunnanverðri Afríku um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP

HIV OG KONUR Í AFRÍKU

33 milljónir manna eru smitaðir af HIV-veirunni en 95 prósent þeirra búa í þróunarlöndum. HIV-smit breiðist nú hraðar út meðal kvenna en karla í sunnanverðri Afríku en 60 prósent smitaðra eru konur. Ungar konur eru í sérstakri hættu og eru 76 prósent smitaðra kvenna á aldrinum 15-24 ára en það er megin barneignaskeið kvenna í Afríku. Konur eru mun viðkvæmari fyrir kynsjúkdómasmiti en karlar, sérstaklega HIV-smiti. Líffræðilegar líkur á því að konur sýkist af HIV við óvarðar samfarir eru að minnsta kosti tvisvar sinnum meiri en líkur karla.

Önnur skýring á því hvers vegna konur eru viðkvæmari fyrir eyðnismiti en karlar, er félagsleg. Vegna lakari stöðu kvenna hafa þær minna um það að segja hvort notaður sé smokkur og einnig setur kynferðisofbeldi þær í hættu.

Hlutfall ólæsra kvenna í heiminum er líka hærra en karla, sem kemur í veg fyrir nauðsynlega grundvallarþekkingu kvenna á smitleiðum HIV, afleiðingum þess og mögulegum forvarnaraðgerðum gagnvart sjúkdómnum.

Skráning hefst í dag 20. mars kl. 12

Sumarbúðir

KFUM og KFUK

Vatnaskógur ✿ Vindáshlíð ✿ Kaldársel ✿ Hólavatn ✿ Ölver

Glæsileg vorhátíð KFUM og KFUK!

Dagská:
Hoppukastalagarður
Andlitsmálun
Candy floss
Kaffitería
Blöðrur

Skráning hefst í dag laugardaginn 20. mars 2010
kl. 12.00 að Holtavegi 28, Reykjavík

Vorhátíð í Sunnuhlíð á Akureyri kl. 14

Einnig hefst netskráning á sama tíma á
www.kfum.is

Ísland er kjörlendi hrægamma

Hrægammar hafa tekið sér bólfestu í samfélaginu. Þeir sveima yfir álitlegum bráðum og ráðast til atlögu á réttu augnabliki. Stundum búast þeir dulargervum. *Björn Þór Sigbjörnsson* tegundagreindi hrægamma og velti fyrir sér eðli þeirra og atferli.

Hrægammar eru alþekkt fyrirbæri í viðskiptum. Einfalda útlistunin á þeim er svona: Einstaklingar eða fyrirtæki sem ætla að hagnast á óförum annarra. Vopnin eru ýmist peningar eða ráð. Sumir ætla að hagnast með því að kaupa ódýrt og selja síðar dýrt. Aðrir ætla að hagnast á að selja ráðgjöf.

Við bankahrunið í október 2008 skapaðist kjörlendi á Íslandi fyrir hrægamma. Umsvifamikið bankakerfi heillar þjóðar fór á hliðina með tilheyrandi áhrifum á fyrirtæki, fjárfesta og ríkið sjálft. Til viðbótar við efnahagslegu þættina braust út mikil reiði meðal almennings sem jók á glundroðann innan stjórnkerfisins. Tortryggni hreiðraði um sig í samfélaginu.

Það er við slíkar aðstæður sem hrægömmunum getur orðið best ágengt.

Og þeir runnu á lyktina.

„Þeir komu hingað í flokkum fyrst eftir hrunið. Svo dró aðeins úr en nú, þegar aðeins er að lifna yfir mörkuðum í útlöndum, eru þeir komnir aftur," sagði einn viðmælenda. Sá starfar fyrir skilanefnd eins bankans. „Þeir sögðust allir vilja hjálpa en hjálpin fólst í því einu að kaupa eignir á brunaútsöluverði. Eina ráðið til að bægja þeim frá var að segja að hér væri ekkert til sölu."

Allir sem koma að eignaumsýslu eða uppbyggingunni hafa haft kynni af hrægömmum. Skilanefndir, skiptastjórnir, bústjórar þrotabúa, fjárfestar, lífeyrissjóðir, fyrirtækjaráðgjafar bankanna, stjórnvöld og embættismenn. Og allir hafa sömu að segja; hrægammarnir látast vera að hjálpa.

Hefur orðið lítið ágengt

Hrægammar koma ýmist til dyranna eins og þeir eru klæddir eða dulbúnir. Fyrri gerðin er algengari. „Þeir reyna að sannfæra menn um mikilvægi þess að selja en draga um leið ekki dul á að þeir ætli sér að kaupa og selja aftur þegar aðstæður hafa batnað. Þeir eru heiðarlegir að því leytinu," sagði maður í viðskiptalífinu. „En svo eru þeir líka til sem sigla undir fölsku flaggi; gefa sig út fyrir að vera óháðir ráðgjafar sem gengur gott eitt til en eru í raun bara á höttunum eftir stundargróða."

Almenningur verður sjaldnast var við þessa menn. Þeir eiga enda helst í samskiptum við áðurnefnda hópa og forðast sviðsljósið. Þó eru undantekningar. Steve Cosser heitir maður sem skyndilega dúkkaði upp á Íslandi í janúar á síðasta ári, þremur mánuðum eftir hrun. Hann baðaði sig í kastljósi fjölmiðla og lýsti áhuga á að kaupa hér eigur fyrir litla 320 milljarða króna. Stjórnarráðsbyggingar, Tónlistarhúsið og Morgunblaðið voru nefnd sérstaklega. Cosser sagði að fyrir sér vekti einlægur áhugi á að taka þátt í uppbyggingunni á Íslandi og að með því að eiga við sig viðskipti eignuðust Íslendingar dýrmætan gjaldeyri. Skemmst er frá því að segja að Cosser fór tómhentur heim.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Viðmælendum ber almennt saman um að hrægömmum sem lagt hafa leið sína til Íslands hafi ekki orðið verulega ágengt. Afmörkuð tegund hafi þó komist í feitt. Það eru menn og fyrirtæki sem kaupa kröfur á banka af mönnum eða fyrirtækjum sem hafa ekki bolmagn til að bíða, eða seldu í örvæntingu. Kröfurnar hafa hækkað í réttu hlutfalli við fréttir af betri heimtum búanna. Dæmi eru um að slíkar kröfur hafi fimmfaldast í verði. Einnig eru dæmi um að menn hafi runnið á rassinn í slíkum viðskiptum, gleymt að lesa smáa letrið. Í kappinu um að eignast eitthvað ódýrt hafi þeir ekki áttað sig á að viðkomandi kröfur voru víkjandi og því almennar, eins og það heitir í skiptarétti. Engar líkur eru á að slíkar kröfur fáist greiddar.

Viðskipti sem þessi fara fram utan lögsögu sjálfra búanna og eru því ekki í höndum forráðamanna þeirra.

Sumir reyna að blekkja

Stjórnvöld hafa ekki farið varhluta af áhuga manna á að liðsinna þeim í endurreisninni. Líkt og Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir hér á síðunni hafa tugir tilboða um ráðgjöf af ýmsu tagi borist stjórnvöldum. „Þetta er einn hópur hrægamma," segir viðmælandi úr viðskiptalífinu. „Menn sem gera út á að veita ríkisstjórnum, seðlabönkum og öðrum ríkisstofnunum í vanda ráðgjöf." Hann segir að það þurfi ekki alltaf að vera af hinu slæma, sumir hafi yfir þekkingu að ráða og vilji eðlilega miðla henni gegn gjaldi. Aðrir hins vegar hafi lítið sem ekkert fram að færa og reyni að beita blekkingum til að fá verkefni.

Indriði segir að fáum hafi tekist ætlunarverk sitt. Stjórnvöld vandi sig við val á ráðgjöfum. Þó nefnir hann bresku lögfræðistofuna Mischon de Reya sem dæmi um tilvik af þessu tagi. Að kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi kom stofan að Icesave-málinu og sendi þinginu, alls óvænt, himinháan reikning, eins og þekkt er.

PHILIP GREEN

Einn viðmælenda blaðsins segir að í fyrstu hafi allar dyr stjórnsýslunnar staðið hrægömmum galopnar. Ótrúlegustu menn hafi fengið fundi með háttsettum embættismönnum og jafnvel ráðherrum. Fundur breska auðjöfursins Philip Greens og helstu forráðamanna Baugs með Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra í október 2008 var nefndur sem dæmi um þetta.

Þegar rykið var farið að setjast mánuðina eftir hrun hafi menn farið að gæta sín betur á við hverja þeir töluðu.

Ónefnd er sérstök tegund hrægamma sem menn telja sig geta rakið slóðina eftir um heimsbyggðina. Hún hefur þann háttinn á að elta Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar sem hann er – þar er eitthvað að hafa, er viðkvæði slíkra manna. Þegar aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er leitað fylgja því heimsóknir bíræfinna manna sem hafa það eitt í hyggju að

GÓÐ RÁÐ OG GRÓÐAVON

Tvennum sögum fer af Alex Jurshevski sem Egill Helgason ræddi við í Silfri Egils á sunnudaginn. Egill kynnti hann sem alþjóðlegan sérfræðing í skuldum þjóða og skuldaheimtu og sagði hann hafa kynnt sér íslensk málefni mjög vel.

Inntakið í málflutningi Jurshevskis var að erlend lántaka ríkisins væri varasöm. Mikilvægara væri að ríkissjóður endurskipulegði og stýrði skipulega þeirri skuldabyrði sem hann hefði þegar axlað.

Tveir íslenskir ráðherrar brugðust við ummælum hans. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra furðaði sig á þeim og Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði málflutninginn „botnlaust rugl". Steingrímur upplýsti jafnframt að Jurshevski hefði boðið stjórnvöldum krafta sína en þeir ekki verið þegnir.

Jurshevski á fyrirtæki sem heitir Recovery Partners. Á heimasíðu þess kemur fram að það veiti margháttaða þjónustu á sviði endurskipulagningar skulda. Á hinn bóginn hefur hann í nokkrum viðtölum á umliðnum árum rætt um hagnaðarmöguleika vegna efnahagsástandsins í heiminum. Í einu slíku kvaðst hann vonast eftir heimskreppu svo hann gæti grætt. Í öðru sagðist hann ekki hafa áhuga á að fjárfesta í niðursveiflunni í Dubai þar sem of litlar líkur væru á skjótfengnum gróða þar um slóðir.

➜ BOÐ UM RÁÐGJÖF SKIPTA TUGUM

„Þetta var eitt af þessum mörgu erindum sem komu hér á síðasta ári frá alls konar ráðgjöfum og aðilum sem voru boðnir og búnir að bjarga okkur. Allir höfðu þeir mismunandi sýn á málin en efuðust ekki um eigin hæfileika og ágæti til að gera það," segir Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, um boð Alex Jurshevski um aðstoð við að ráða fram úr efnahagsvandanum hér. Hann segir að fæstum þessara erinda hafi verið svarað. Stjórnvöld hafi þegar verið komin með ráðgjafa í þau verkefni sem verið var að vinna að.

Að sögn Indriða hafa mörg tilboð um ráðgjöf borist stjórnvöldum. Þau skipta tugum. „Það hefur verið mjög mikið um þetta og alveg fram á síðasta dag. Um daginn kom til dæmis fram í fréttum að eitthvert franskt fyrirtæki bauðst til að undirbúa umsókn okkar um inngöngu í Parísarklúbbinn. Í honum eru fátækustu lönd heims."

Flestum er þessum mönnum snúið við í gættinni. „Bæði er þetta slíkur fjöldi og svo er þetta sölumennska, menn eru að bjóða þjónustu og ætla að maka krókinn. Og það má svo sem benda á fyrirtæki sem hafa komist með tærnar inn fyrir gættina eins og frægt er orðið, Mischon de Reya er kannski af þessum toga."

Hann segir þann hátt hafðan á í fjármálaráðuneytinu að ef leita þarf ráðgjafar sé leitað til virtra aðila, oft fyrir milligöngu manna sem þekkja vel til. Ekki sé gripið í tilboð sem berast inn um bréfalúguna.

Indriði kveðst ekki þekkja mikið til Alex Jurshevski en segir fyrirtæki hans þekkt á þessum vettvangi. „Ég sá þó ekki annað en að kynningin á honum hefði verið byggð á hans eigin kynningu. Ég þekki ekki til þess að hann hafi komið að eða unnið fyrir ríki. Það kann að vera en mér þykir fremur ólíklegt að fyrirtæki sem hefur svona bakgrunn sé kallað til aðstoðar. Þetta viðtal í kanadíska sjónvarpinu sýnir mjög vel hver starfsgrundvöllur þess er." Viðtalið fjallaði um hvernig græða megi í ríkjum sem glíma við fjárhagserfiðleika.

„Það er þekkt að til eru verðbréfafyrirtæki sem kaupa eignir og skuldabréf ríkja og fyrirtækja sem lenda í vandræðum í þeirri von að þau hækki," segir Indriði. „Við sjáum það til dæmis á skuldabréfum gamla Landsbankans sem um tíma voru seld á um eitt prósent af nafnvirði. Eftir að fréttir bárust um betri endurheimtur var verðið komið upp í fimm prósent. Þeir sem keyptu í upphafi voru því búnir að fimmfalda eign sína. Þeir taka auðvitað áhættu en oft og tíðum er það svo að þegar ástandið er sem verst og sjokkið sem mest fellur verðmætið á svona skuldum eða kröfum langt niður fyrir raunvirði og þá hlaupa svona menn til."

Indriði segir það orð fara af sumum, sem leggja stund á svona viðskipti, að þeir geri sitt í byrjun til að mála myndina sem dekkstum litum svo verðið verði sem lægst. Síðan snúi þeir blaðinu við og tali upp verðið á ný.

komast yfir sem mest af verðmætum. Margar þjóðir hafa farið flatt á því að standa ekki í lappirnar gagnvart slíkum mönnum. Einn viðmælenda sagði að hugsanlega væri þar komin skýringin á slæmu orðspori AGS. Það væri ekki fyrir verk sjóðsins sem ríki stæðu áfram höllum fæti eftir aðstoð hans heldur hrægammanna sem fylgdu í kjölfar hans.

Ekki má líta svo á að allir sem að fyrra bragði bjóða stjórnvöldum ráðgjöf eða falast eftir verðmætum á frjálsum markaði séu vargar. Sumum gengur gott eitt til. Fjárfestingar geta verið fullkomlega eðlilegar og beinlínis nauðsynlegar. Kaup Færeyjabanka á stórum hluta í tryggingafélaginu Verði eru dæmi um slíkt. Allt bendir til að það sé langtímafjárfesting enda fellur hún vel að starfsemi móðurfélagsins.

Viðmælendum bar hins vegar saman um að hrægammarnir þekktust best á málflutningnum. Þeirra háttur væri að segja að ástandið væri mjög slæmt, verra en það í raun og veru væri. „Þeir tala allt niður og gera alla hrædda," sagði einn. Og ef einkasamtöl dygðu ekki til reyndu þeir að koma sér á framfæri í fjölmiðlum. Þannig reyndu þeir að búa til hljómgrunn fyrir málflutning sinn og þrýsta á um að þjónusta þeirra eða viðskiptahugmynd sé keypt.

INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

Afstaða almennings sérstakt mein

Líkt og áður var nefnt eru það ekki aðeins efnahagslegar aðstæður sem gera hrægömmum kleift að athafna sig. Samfélagslegt ástand hefur mikið að segja. Eftir hrun ríkir mikil tortryggni í garð allra sem komu nálægt bönkum eða störfuðu á öðrum vígstöðvum viðskiptalífsins. Almenningur treystir illa slíku fólki. Skiptir þá engu hvort það hafði eitthvað með bankahrunið að gera eða ekki. Því er kallað eftir útlendingum. Þetta sést á blaðagreinum og í umræðuþáttum en ekki síst á blogginu.

„Fólk vill útlendinga bara til að fá útlendinga og án þess að fortíð þeirra sé skoðuð," varð einum viðmælenda að orði. Furðaði hann sig á þeirri afstöðu enda væri hér fjöldi fólks sem gæti lagt gott til endurreisnarinnar. Almenningsálitið gerði það hins vegar að verkum að það fengi ekki tækifæri.

Taldi hann enga þörf á ráðgjöf frá erlendum einkafyrirtækjum. Ríkið nyti ráðgjafar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og einstaka sérfræðings sem valist hefði til starfa fyrir milligöngu erlendra ríkisstjórna eða annarra ábyrgra aðila.

Fullyrti hann að háværar raddir um vantraust á Íslendingum en traust á útlendingum hefðu áhrif á stjórnmálamenn og aðra. Þessi afstaða væri mein út af fyrir sig enda skapaði hún frjóan jarðveg fyrir allrahanda hrægamma. Fráleitt væri að almenningur yrði til þess að auka enn á tækifæri þeirra til að athafna sig hér. Ekki væri á ástandið bætandi.

Sinfónía Íslands í sextíu ár

Hugsjónin um blómlegt og öflugt tónlistarlíf á Íslandi og barátta nokkurra eldhuga varð til þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands varð til fyrir sextíu árum. Í tilefni af tímamótunum spjallaði *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* við einn reynslumesta hljóðfæraleikara Sinfóníunnar, **Helgu Hauksdóttur**, og framkvæmdastjórann, **Sigurð Nordal**, um sögu og framtíð hljómsveitarinnar.

Fagnar 50 ára spilaraafmæli

Þegar fiðluleikarinn Helga Hauksdóttir var nítján ára og enn við nám í Menntaskólanum í Reykjavík spilaði hún á sínum fyrstu Sinfóníutónleikum. Þetta var 9. mars árið 1960, á tíu ára afmælistónleikum Sinfóníunnar. „Þetta var allt saman nýtt fyrir mér og alveg óskaplega spennandi," rifjar Helga upp. Á þessum tíma var hún þó búin að spila á fiðlu í áratug, en frá níu ára aldri lærði hún hjá Birni Ólafssyni, konsertmeistara Sinfóníunnar, sem Helga lýsir sem einstökum manni og kennara. Hún hefur því handleikið fiðluna nákvæmlega jafn lengi og Sinfónían hefur verið starfandi. „Það fyrsta sem ég man eftir að hafa séð af Sinfóníuhljómsveitinni var í óperunni Rigoletto í Þjóðleikhúsinu. Ég sat í hliðarstúku og sá ofan í gryfjuna þar sem hljómsveitin var. Mér er þetta svo minnisstætt, því ég fylgdist ekki síður með því sem var að gerast þarna niðri en uppi á sviðinu."

HELGA HAUKSDÓTTIR Fagnar fimmtíu ára spilaraafmæli um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrjátíu ár á sviðinu

Fljótlega upp úr þessum fyrstu tónleikum fór Helga að spila með hljómsveitinni reglulega og varð fastráðin frá árinu 1968. Hún kynntist því mörgu af því hugsjónafólki sem stóð að hljómsveitinni frá upphafi. „Það er alltaf hættulegt að nefna nöfn en ef ég á að nefna einhvern sem hefur kannski unnið hljómsveitinni meira gagn en flestir þá kemur nafn Gunnars Egilsonar klarínettuleikara fyrst upp í hugann, en hann endaði sinn feril sem skrifstofustjóri SÍ."

Helga spilað með Sinfóníuhljómsveitinni í rúm þrjátíu ár, eða þar til hún fór að vinna sem tónleikastjóri á skrifstofu Sinfóníunnar. Á þeim vettvangi átti hún meðal annars þátt í því að fá poppara og rokkara til að spila með hljómsveitinni og voru margir flottir popptónleikar haldnir bæði í Háskólabíói og Laugardalshöll. „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að standa undir nafni og þjóna sem flestum með því að flytja sem fjölbreyttasta tónlist. Ég átti líka þátt í að koma á árlegum leikskólatónleikum fyrir öll börn í leikskólum á Reykjavíkursvæðinu. Þannig höfðu flest börn komið í það minnsta einu sinni á sinfóníutónleika áður en grunnskólaganga hófst. Ekki má gleyma óperutónleikum okkar sem voru orðnir svo mikilfenglegir að þetta var orðið að óperusýningum í Laugardalshöll."

Á bak við tjöldin

Á skrifstofunni kynntist Helga nýrri hlið á Sinfóníunni og áttaði sig á að þar starfaði ekki síður mikilvægt fólk fyrir framgang hennar. „Þegar ég fór sjálf að vinna á skrifstofunni áttaði ég mig betur á því hvað starfsfólkið sem vinnur á bak við tjöldin skiptir miklu máli fyrir hljómsveitina. Þar hefur verið einvalalið skrifstofufólks, rótara og umsjónarmanna og kemst ég ekki hjá því að minnast á Gunnar Þjóðólfsson og Jón „horn" Sigurðsson í því sambandi."

Ótalmargir tónleikar, einleikarar og hljómsveitarstjórar eru Helgu minnisstæðir. Fjórir hljómsveitarstjórar hafa að hennar mati haft mest áhrif á framgang hljómsveitarinnar; þeir Olav Kielland, Bohdan Wodizcko, Petri Sakari og Osmo Vänska.

Helga var á skrifstofunni allt fram til ársins 2008, þegar hún hætti fyrir aldurs sakir. Sinfóníuhljómsveitin tók miklum stakkaskiptum á þeim tíma sem Helga var viðriðin hana. „Hljómsveitin hefur vaxið, bæði að magni og gæðum. Með tímanum hefur starfsemin komist í fastari skorður. Sem dæmi kom það oft fyrir á þessum fyrstu árum að maður vissi ekki hvað ætti að fara að gera næsta dag. En í dag vita hljóðfæraleikararnir nákvæmlega hvað þeir eiga að spila að ári."

CLAUDIO ARRAU OG BOHDAN WODICZKO Margir heimsþekktir tónlistarmenn hafa leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands um árin. Hér æfa Claudio Arrau og Bohdan Wodiczko píanókonsert nr. 2 eftir Brahms í september 1966.

Hverjir tónleikar einstakir

„Þetta var alveg rafmagnað, fullur salur af fólki og mikill fögnuður eins og von var á," segir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, um stórtónleika hljómsveitarinnar á fimmtudagskvöld, þar sem fram komu ekki færri en 110 manna hljómsveit, 100 manna kór og tveir einsöngvarar. Þetta voru fyrstu afmælistónleikarnir sem Sigurður kemur að, en hann tók við starfi framkvæmdastjóra í september. Hann hefur þó fengið dágóða reynslu fram að þessu, enda Sinfónían nánast með stórtónleika í hverri viku. „Þetta hefur verið mikil veisla undanfarnar vikur og mánuði, í aðdraganda þessa hápunkts á fimmtudaginn. Og enn eru fjölmargir spennandi tónleikar á dagskrá allt fram á sumarið."

Aldrei meiri aðsókn

Tónleikar Sinfóníunnar, sem að jafnaði eru haldnir á hverjum fimmtudegi, hafa verið einstaklega vel sóttir að undanförnu og iðulega setið í hverju sæti. Og aldrei hafa fleiri áskriftarkort verið seld en í haust. Sigurður segir ekki auðvelt að gefa eina ákveðna skýringu á því. „Við leggjum okkur fram við að setja saman dagskrá sem höfðar til breiðs hóps fólks og erum meðvituð um okkar hlutverk sem þjóðarhljómsveit. Við stýrum okkar tónleikadagskrá þannig að sem flestir hafi tækifæri til heyra þá tónlist sem höfðar til þeirra í flutningi Sinfóníunnar. Svo held ég að fólk sé almennt meðvitaðra um hvað við eigum í þessari frábæru sinfóníuhljómsveit og hversu mikil upplifun það er að fara á tónleika og láta hóp 80 þrautþjálfaðra tónlistarmanna leika fyrir sig á sviðinu. Það er einstök upplifun í hvert sinn."

Viðkvæmt blóm

Nú, eins og oft áður, þarf að horfa

SIGURÐUR NORDAL Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands fylgdist með æfingu fyrir stórtónleikana sem fram fóru á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í hverja krónu í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Sigurður segir það ekkert nýtt. „Sextíu ára saga Sinfóníuhljómsveitarinnar er töluverð baráttusaga og það er ekkert nýtt fyrir hana að eiga við kröpp kjör. Hér er hver einasta króna notuð í það að auka listræna getu hljómsveitarinnar til að geta boðið landsmönnum og tónleikagestum upp á sem allra besta tónleikadagskrá. Í það fara fjármunirnir að öllu leyti, enda lítil sem engin yfirbygging hjá hljómsveitinni," segir Sigurður.

Hann segir eðli sinfóníuhljómsveita þannig að þær þróist hægt yfir langan tíma og byggist smám saman upp. Íslandi hafi tekist að byggja upp hljómsveit sem er sambærileg við það besta sem gerist í öðrum löndum og að henni beri að hlúa. „Sinfónían er líka viðkvæmt blóm og auðvelt að rífa niður það sem byggt hefur verið upp á mjög löngum tíma. Þrátt fyrir að við höfum haslað okkur völl sem hljómsveit sem tekið er eftir á alþjóðlegum vettvangi erum við enn þá tiltölulega fáliðuð miðað við þjóðarhljómsveitir annars staðar. Það er mikið álag á hljóðfæraleikara okkar, sem leika á á sjötta tug tónleika á hverju ári."

Bylting fram undan

Tónlistarhúsið Harpa verður tekið í gagnið vorið 2011, sem á eftir að gjörbreyta öllu starfi sinfóníuhljómsveitarinnar. „Þetta verður bylting í íslensku tónlistarlífi almennt. Hvað varðar hljómsveitina á þetta eftir að umbylta allri æfingaaðstöðu og verður auðvitað stórkostleg breyting fyrir hljóðfæraleikarana að fá að leika í alvöru hljómleikasal. Og þetta verður ekki síður bylting fyrir tónleikagesti. Háskólabíó sem hefur vissulega gegnt sínu hlutverki svo langt sem það nær, en fyrir gesti verður þetta nánast eins og að fara frá því að hlusta í mónó yfir í steríó."

STOFNUN SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS 1950

Það var 7. febrúar 1950, eftir langa baráttu, að samþykkt var tillaga í útvarpsráði frá Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra og tónlistardeild útvarpsins, þeim Páli Ísólfssyni og Jóni Þórarinssyni, um starfrækslu sinfóníuhljómsveitar í tilraunaskyni. Áður hafði útvarpsráð samþykkt að ráða fimm þýska hljóðfæraleikara til landsins. Ofannefnd samþykkt fól í sér að 25 hljóðfæraleikarar skyldu ráðnir á hálfan samning og Ríkisútvarpið legði fram vinnu fastráðinna hljóðfæraleikara sinna til starfa í hljómsveitina. Einum mánuði og tveim dögum síðar, 9. mars 1950, efndi hin nýstofnaða 39 manna hljómsveit til fyrstu tónleika sinna og hefur sá dagur verið talinn stofndagur Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

HEIMILD: VEFUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS, WWW.SINFONIA.IS.

KATSJATÚRÍAN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN Sovéska tónskáldið Aram Katsjatúrían stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í eigin verkum á tónleikum í Þjóðleikhúsinu 29. mars 1951, við mikla hrifningu tónleikagesta, sem klöppuðu og stöppuðu og linntu ekki látum fyrr en búið var að endurtaka frægasta verk tónskáldsins, Sverðdansinn.

KONSERTMEISTARINN BJÖRN ÓLAFSSON Fyrstu 22 ár Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegndi Björn Ólafsson stöðu konsertmeistara, leiðtoga hljómsveitarinnar inn á við sem út á við. Hér er hann á æfingu ásamt Katrínu Dalhoff. Fyrir aftan þau sjást Þorvaldur Steingrímsson, Jón Sen og Jóhannes Eggertsson. Aftast eru Óskar Cortes og Jan Moravek.

Lagerútsala!

Lýkur á morgun !



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.

Bak við Holtagarða!!

ekki missa af þessu!!

Lagerútsalan á fullu

30-70% afsláttur

lau frá kl. 11 - 16
sun frá kl. 13 - 17

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Betra BAK

Engin Sigur Rós ef ég væri streit

Jónsi í Sigur Rós er ekki lengur „í Sigur Rós“. Nú er hann „bara“ Jónsi og gefur út fyrstu sólóplötuna sína, Go, strax eftir páska. *Dr. Gunni* hitti frægasta poppara landsins sem er ekki Björk.

Ég er búinn að hlusta marg oft á plötuna hans Jónsa. Hún er mjög góð. Ég myndi eiginlega segja að þetta sé það besta sem hefur komið úr þessari átt síðan Ágætis byrjun kom út. Þetta er ekkert Sigur Rósar væl!, segi ég við Jónsa í hálfkæringi. Hann hlær nú bara og segir: „Nei, nei! Nú er komið stuð í þetta!“

JÓN ÞÓR BIRGISSON, JÓNSI, VERÐUR 35 ÁRA 23. APRÍL NÆSTKOMANDI Maður er náttúrlega búinn að vera í Sigur Rós í 16 ár, heima hjá sér með dregið fyrir gluggann að horfa á vídeó. Nei, ég segi svona.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gaman að vera einræðisherra

Er þetta ekki stórt skref fyrir þig, að gera sólóplötu með öllu sem því fylgir?

„Jú. Ég var búinn að ganga með þetta í maganum í mörg ár. Við í Sigur Rós vinnum mjög lýðræðislega. Gerum allt og semjum í sameiningu. Það er mjög sjaldgæft að einhver komi með lag og við spilum það bara. Gegnum árin er ég búinn að safna alveg hellingi af lögum sem ég er búinn að semja sjálfur. Ég er með margar möppur undir lögin mín í tölvunni. Þegar ég byrjaði ætlaði ég að gera svona „acoustic“-plötu, voða rólega og því tók ég bara lög úr acoustic-möppunni. Lög samin á gítar, harmoníum og píanó. Ég er með alls konar möppur í tölvunni. Raftónlistar- og ambient-möppur og alls konar dót. Meira að segja eina svona Páls Óskars-techno-möppu! Eftir á að hyggja hefði ég átt að taka eitthvað úr þessum möppum líka.“

Þannig að þú átt efni í tíu sólóplötur í viðbót?

„Já, já! Þegar ég byrjaði á þessari plötu var ég með þrjátíu lög og svo var bara spurning hvað passaði og hvað ekki.“

Það eru mörg lög á plötunni sem eru létt og lífsglöð og áköf, en ekki tregafull og dramatísk eins og mest af Sigur Rósar efninu. Hvað veldur?

„Aðallega það að ég er að vinna með öðru fólki. Það var mjög lærdómsríkt fyrir mig. Alex (Somers, kærasti Jónsa) hjálpaði mér að velja lögin og útsetja þau. Nico Muhly útsetti fyrir brass og strengi og ég var meðvitaður um að fara frá dreymandi og flæðandi Sigur Rósar sándinu. Finnski trommarinn Samuli Kosminen, sem hefur trommaði með múm, kom rosa mikið með þetta taktfasta og þá varð þetta létt og leikandi fyrir vikið. Það var mjög spontant hvernig það gerðist. Hann kom bara í stúdíóið og gerði þetta. Nico kemur úr þessum klassíska geira þar sem allt er alvarlegt og heví en hann er alveg andstæðan. Allt er ekkert mál og hann er til í allt. Þeir tveir spila stórt hlutverk á plötunni. Svo var bara gaman fyrir mig að fara út úr þessu lýðræðislega samfélagi sem ég hef verið í í 16 ár. Gaman að vera einræðisherra. Að taka allar ákvarðanirnar sjálfur.“

Ég elska þessa stráka

Jónsi sagði í einhverju erlendu blaði nýlega að hann væri alveg til í að vera poppstjarna. Ég spyr hann út í þetta.

„Æ, ég veit nú ekki alveg hvað ég er búinn að koma mér út í. Þetta er dálítið kreisí.“

Hvað þýðir að vera poppstjarna? Verðurðu þá alltaf hangandi með Slash eða eitthvað?

„Ha, ha, eða Michael Jackson. Nei það er víst ekki hægt. Nei, ég veit það ekki.“

Er þetta eitthvað eftirsóknarvert? Að vera einhver Jónsi Gaga?

„He, he, nei alls ekki. En maður er náttúrlega búinn að vera í Sigur Rós í 16 ár, heima hjá sér með dregið fyrir gluggann að horfa á vídeó. Nei, ég segi svona. Það var alltaf voða mikið prinsipp hjá okkur að gera sem minnst af viðtölum og ljósmyndasessjónum. Við vorum alltaf á móti svoleiðis, sem er gott upp að vissu marki.“

Þú varst aldrei hoppandi um í indjánabúningi í Sigur Rós?

„Nei, en samt næstum því þarna undir lokin. Þá vorum við komnir í smá búninga.“

Þannig að þetta er bara rökrétt þróun?

„Já, já. Og svo er bara númer 1, 2 og 3 að hafa gaman af þessu. Kannski er gay-gæinn í mér að koma upp búningalega séð. Drottningin.“

En ef Jónsi sóló gengur æðislega vel, er þá einhver ástæða til að fara aftur í Sigur Rós? Er þetta ekki bara eins og þegar Björk hætti í Sykurmolunum?

„Nei, var ekki eitthvað ósætti á milli þeirra? Við í Sigur Rós erum bara eins og í góðu hjónabandi. Ég elska þessa stráka alltaf jafnmikið. Á milli túra hjá mér ætlum við að hittast og semja og taka upp. Við erum búnir að selja Sundlaugina (hljóðverið) og erum bara komnir í bílskúrinn hjá Orra aftur. Það er dálítið stemmingin, bara „back to basics“. Bílskúrsbandið Sigur Rós að rokka smá.“

En er ekki bandið búið að tæma sig?

„Nei, nei, það er nóg eftir maður!“

Súper næs að koma úr skápnum

Það var svo skemmtilegt við Sigur Rós að bandið afsannaði þá afsökunarklisju að bönd þyrftu að syngja á ensku til að slá í gegn. Á Go syngur Jónsi hins vegar um 70 prósent á ensku og restina á íslensku. Hvað veldur?

„Við Alex tölum bara ensku heima svo núna tala ég eiginlega meira á ensku en íslensku. Mér fannst því bara tími kominn til að semja á ensku. Það var mjög fróðlegt ferli. Það var mikil áskorun og erfitt, miklu erfiðara en að semja á íslensku. Ég hef takmarkaðri orðaforða í ensku. Þegar ég var búinn að semja nokkra texta á ensku og svissaði í íslensku þá flugu þeir hreinlega út.“

> Kannski er gay-gæinn í mér að koma upp búningalega séð. Drottningin.

Hvað með ímyndina? Hugsar þú mikið um hana?

„Ég veit það nú ekki. Systur mínar, Inga og Lilja, gerðu umslagið og ljósmyndirnar. Ég leyfði þeim nú bara að ráða. Ég flaut bara með.“

Og svo ertu að verða stjarna í gay heiminum...

„Ég og Elton John og Páll Óskar, ha ha ha...“

Var mikið mál fyrir þig að koma út úr skápnum?

„Nei, alls ekki. Ég ólst upp í sveitinni í Mosfellsbæ og kom ekki út úr skápnum fyrr en ég var 21 árs. Þá þekkti ég engan sem var hommi eða lesbía. Ég þakka þessu hvar ég er staddur núna. Ég sökkti mér í tónlistina á þessum tíma – það var bara semja, semja, semja, semja – ég þurfti að skapa ofsalega mikið til að láta mér líða vel. Ef ég hefði verið streit þá hefði ekki orðið nein Sigur Rós.“

Þannig að samkynhneigðin hefur aldrei verið neitt vesen?

„Nei, alls ekki. Alltaf bara súper næs. Mér finnst gaman að þessum gay-heimi, en ég er ekki mikið viðriðinn hann. Mér finnst til dæmis alveg gaman að fara að sjá dragsjó en ég er ekkert sjálfur að sýna!“

Fimm í ógnvekjandi sviðsmynd

Jónsi hefur gert þetta oft áður. Gefið út plötu og spilað í kjölfarið um allan heim. Go-túrinn hefst 6. apríl í Vancouver, Kanada, og svo verður spilað og ferðast, spilað og ferðast um allan heim. Það verður víst rosaleg sviðsmynd á tónleikunum.

„Ég er ekki búinn að sjá hana enn þá,“ segir Jónsi. „Það er búið að hæpa þessa sviðsmynd svo mikið upp að ég er orðinn skíthræddur við það hvernig þetta verður. Ég er bara eitthvað að væflast í Reykjavík – að ná í skó til Þráins skóara og að ná í púða sem var verið að gera fyrir mig hjá Bólstrun Ásgríms – og svo fer ég á netið og sé einhverja svaka sviðsmynd sem er verið að gera fyrir mig. Það er frekar ógnvekjandi, sko. Það er dálítið ógnvekjandi að vera miðpunkur athyglinnar. En ég held að þetta verði mjög flott. Mig hefur lengi langað til að breyta frá þessu týpíska rokksjói með reykvél og ljósum og gera eitthvað annað. Þessir gæjar sem gera þetta koma úr leikhús- og óperuheiminum svo þetta er mjög spennandi.“

Á svo ekki að spila á Íslandi?

„Jú, ég er að vona það, í lok ársins. Spila í Höllinni. Verst að ég held að sviðsmyndin komist ekki inn í Höllina, hahaha. Kannski þarf ég að bíða þangað til Harpan opnar.“

Hverjir eru að spila með þér?

„Við erum fimm á sviðinu. Alex sér um sampl-heiminn. Það er um að gera að hafa karlinn með sér í þessu. Úlfur Hansson (úr Klive og Swords of Chaos) spilar á bassa og er góður í svona rafdóti. Þorvaldur Þór Þorsteinsson er á trommunum. Síðan er Óbó (Ólafur Björn Ólafsson) á píanó. Hann er reyndar trommari en fannst miklu meiri ögrun að spila á píanó.“

Hvað með framtíðina?

„Það er bara að túra út árið og sjá hvernig það gengur. Við Í Sigur Rós vinnum saman á milli túra og semjum ný lög og svona. Það væri æðislegt ef við gætum gert nýja plötu 2011. Við erum byrjaðir að spá í nokkrum lögum.“

Þannig að þú lítur ekki endilega á sólóið sem framtíðarmálið?

„Nei, nei. Maður er alltaf með puttana í öllu og að vasast í ýmsu. Það er allt leyfilegt.“

SÍÐAST (EN EKKI SÍST)

Síðasta platan sem þér fannst æðisleg?
„Það er 4 diska Bing Crosby sett, sem ég keypti hjá Ása í Smekkleysu. Ég er ekki búinn að spila annað síðan ég keypti það.“

Síðasta bókin sem þú last?
„Ég var að lesa Kirkju hafsins. Þetta er spænskt fjölskyldu-drama. Skemmtilegt samt.“

Síðasta sundlaugin sem þú fórst í?
„Sundhöllin.“

Síðasti maturinn sem þú eldaðir?
„Ég eldaði karrí gúllas úr kasjúhnetum og einhverju dóti í gær.“

Síðasta dvd-ið sem þú sást?
„Ég er bara búinn að vera að horfa á Arrested development sjónvarpsseríuna. Það er allt í lagi, svolítið þreytandi samt.“

Síðasta kreditkortafærslan þín?
„Ég var að ná í skó til Þráins skóara. Lét sóla skóna mína.“

Íslensk hönnun í sinni fjölbreytilegustu mynd á Hönnunarmars

HönnunarMars
DesignMarch
18.-21.03
HÖNNUN EFTIR HÁTT Í
50 ÍSLENSKA HÖNNUÐI Í EPAL

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

Íslensk húsgagnahönnun á frímerkjum.

Sýning á verkum sem unnin eru úr íslensku lerki og birki.

Einnig munu ýmsir aðilar sýna nýja íslenska hönnun.

Opið laugardag kl. 11 - 17.
sunnudag kl. 12 - 17.

ERLA SÓLVEIG ÓSKARSDÓTTIR/SIGURÐUR GÚSTAFSSON/GUÐRÚN MARGRÉT OG ODDGEIR/KATRÍN ÓLÍNA PÉTURS-DÓTTIR/JÓN BJÖRNSSON/HANNA JÓNSDÓTTIR/INGIBJÖRG HANNA BJARNADÓTTIR/KARNA SIGURÐARDÓTTIR/GARÐAR EYJÓLFSSON/ DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR/MANFREÐ VILHJÁLMSSON/ÞÓRDÍS HELGADÓTTIR/HUGDETTA/ STEFÁN PÉTUR/FJÖLNIR HLYNSSON/ ANNA ÞÓRUNN/STEINUNN VALA/PREGGIONI/SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR/LYNG/DIETER ROTH/STEINN SIGURÐSSON/ SECRET NORTH/ARKÍS/CHUCK MACK/PÉTUR B. LÚTHERSSON/ HELGA I. SIGURBJARNA-DÓTTIR ofl.

ÍSLENSK HÖNNUN
epal

Erlendir ferðamenn verða að vita að landið sé öruggt

Slysavarnafélagið Landsbjörg vinnur að því að koma upp fjarkennslukerfi til að ná betur til björgunarsveitarfólks á landsbyggðinni. Átján þúsund sjálfboðaliðar eru skráðir í félagið, en á útkallsskrá eru þrjú þúsund manns. Fjórtán björgunarskip eru á vakt allan sólarhringinn allt árið um kring. **Kristinn Ólafsson,** framkvæmdastjóri félagsins, fræddi *Óla Kristján Ármannsson* um starfsemina.

Ef markaðssetja á náttúru Íslands sem viðkomustað ferðamanna verður að liggja fyrir að öryggismálum sé vel sinnt," segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann segir að í fyrra hafi orðið sprenging í fjölda ferðamanna á hálendinu og segir ráð fyrir því gert að enn fjölgi í ár. Sérstakur viðbúnaður er vegna þessa og aukinn kraftur í hálendisverkefni Slysavarnafélagsins.

Verkefnin sem Slysavarnafélagið Landsbjörg sinnir eru hins vegar mun fleiri en að tryggja öryggi þeirra sem hér ferðast um fjöll og firnindi og umfangið meira en margan kynni að gruna.

Fólk þekkir helst björgunarsveitirnar

„Við erum með þrjár megindeildir, en þar þekkir fólk kannski helst björgunarsveitirnar. Síðan erum við með slysavarnadeildir sem sérhæfa sig í verkefnum tengdum slysavörnum víða um land. Þar má nefna verkefni þar sem hvatt er til notkunar öryggistækja fyrir börn í bílum, til notkunar hjálma fyrir reiðhjólafólk og skíðamenn og svo verkefni þar sem heimili aldraðra hafa verið heimsótt og þau gerð öruggari. Svo erum við með unglingadeildirnar, fyrir 12 til 16 ára, á 50 stöðum á landinu. Þar kennum við þeim ýmislegt sem tengist okkar störfum og búum þau undir að geta starfað fyrir björgunarsveitirnar síðar," segir Kristinn.

Sérstaða Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í samanburði við aðrar björgunarsveitir víða um heim, segir Kristinn felast í að hér sinni ein sveit allri leit og björgun, bæði á hafinu og í landi. „Og allt sjálfboðaliðar," bætir hann við.

Þess utan sinna sveitir félagsins einnig fjölbreyttum verkefnum í þéttbýli. „Allt frá því að aðstoða þegar veður verður brjálað og í að aðstoða þar sem eru stórar samkomur, svo sem varðandi sjúkraþjónustu og annað slíkt."

Er þá ótalið hlutverk björgunarsveita þegar gerir óveður og ófærð, en Kristinn segir margar sveitir félagsins úti á landi leika lykilhlutverk í að bjarga fólki til byggða.

„Og svo er náttúrlega hálendið, en þangað sækja margir, jafnt Íslendingar sem erlendir ferðamenn. Við leikum þar stórt hlutverk því Ísland er markaðssett sem ferðamannaland allt árið um kring og því fylgir ábyrgð. Lendi menn í vandamálum uppi á Vatnajökli og gefast upp, þá treysta þeir á að við förum að sækja þá. Það gengur ekki að segja bara „sorrý Stína" við útlensku ferðamennina sem á þetta treysta."

Björgunarskólinn er forsenda björgunarstarfsins

Þá eru verkefni félagsins ekki fyrirferðarminni þegar kemur að sjófarendum. „Frá stofnun þessa félags fyrir meira en 80 árum síðan, eða þegar Slysavarnafélag Íslands var stofnað, hafa sjómenn þessa lands treyst á björgunarstarf okkar, eins og það hefur þróast, fyrst með einhleypu línubyssunni og svo nú með björgunarskipum okkar." Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur úti 14 björgunarskipum á vakt allan sólarhringinn allt árið um kring. „Þannig að verkefnin eru allt frá því að vera lítil upp í að vera gríðarlega umfangsmikil og flókin."

Björgunarverkefni félagsins á landi segir Kristinn að séu unnin í samvinnu við lögregluna og á hennar ábyrgð. Verkefni á hafinu séu svo unnin í samvinnu við vaktstöð siglinga og Landhelgisgæsluna. „Við höfum unnið með þessum aðilum gríðarlega lengi og átt við þá farsælt og gott samstarf. Svo tengjumst við óbeint öðrum, svo sem Rauða krossinum og heilbrigðiskerfinu öllu." Að auki er félagið svo með þjónustusamning við ríkið um að starfrækja slysavarnaskóla sjómanna.

Kristinn segir jafnframt ljóst að menn hlaupi ekkert í það að taka þátt í útköllum. Þannig sæki 2.000 til 2.500 nemendur Björgunarskólann á ári hverju, en hann sé í raun forsenda þess að hægt sé að halda hér úti björgunarsveitum. „Þetta er farandskóli sem fer um landið og kennir björgunarsveitarmönnum það sem til þarf. Í raun þarf tveggja ára þjálfun áður en menn eru útkallshæfir," segir Kristinn og bætir við að félagið sé núna í átaki til þess að efla menntun björgunarsveitarmanna. „Við erum að prófa fjarkennslukerfi þar sem við náum betur til björgunarsveitarmanna á landsbyggðinni, en það getur bæði verið dýrt og flókið fyrir þá að komast frá. Þarna er kannski um að ræða bændur og sjómenn sem komast ekki frá á námskeiðstímum og hentar betur að stýra sínu námi sjálfir."

ÚTKALL Í HEIÐMÖRK Verkefni björgunarsveita eru mjög fjölbreytt. Hér má sjá björgunarsveitarfólk að störfum í Heiðmörk þar sem kona féll ofan í fimm til sex metra djúpa sprungu. Af öðrum verkefnum í mars má nefna aðstoð við bíla sem fastir voru í ófærð á Gjábakkavegi og leit að manni sem hvarf af dvalarheimili í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

> Lendi menn í vandamálum uppi á Vatnajökli og gefast upp, þá treysta þeir á að við förum að sækja þá. Það gengur ekki að segja bara „sorrý Stína" við útlensku ferðamennina sem á þetta treysta.

Hlutu samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

FRÉTTABLAÐIÐ

Slysavarnafélagið Landsbjörg hlaut fyrr í þessum mánuði samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Sigurgeir Guðmundsson, formaður félagsins, tók við verðlaununum úr hendi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, við athöfn er fram fór í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

Samfélagsverðlaunin nema einni milljón króna og sagði Sigurgeir verðlaunaféð koma sér vel, nú þegar verið væri að byggja að nýju upp búnað Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar.Sveitin skildi eftir mikinn búnað á Haítí þegar hjálparstarfi þar lauk í janúar.

VERÐLAUNAHÓPURINN Frá veitingu samfélagsverðlaunanna fyrr í þessum mánuði. Standandi fyrir miðju, með stærstu ávísunina, eru Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Klukkustundarútkall þýðir tíu tíma söfnun

Á útkallsskrá Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru um 3.000 manns um land allt, að sögn Kristins, en í heildina eru 18.000 manns í félaginu öllu. „Það er því meira en að segja það að fjármagna þetta batterí allt saman," segir Kristinn, en þumalputtaregla sem haldið hefur verið á lofti í félaginu er að fyrir hverja klukkustund í útkalli liggi að baki tíu klukkustundir í fjáröflun og þjálfun. „Langmestur tími fer hjá okkur í að þjálfa fólk og afla fjár til rekstursins. Menn þekkja okkur í gegnum flugeldasöluna, en síðan eru menn með ýmis fræðsluverkefni, safna flöskum og þar fram eftir götunum. Á haustin seljum við svo neyðarkallinn," segir Kristinn, en söluna á honum segir hann hafa aukist mjög. „Og í öllum þessum söfnunum finnum við fyrir gríðarlegum velvilja almennings."

Að auki nýtur félagsins margvíslegs stuðnings hins opinbera. „Bæði er það mjög mikilvægur peningalegur stuðningur sem til dæmis borgar tryggingarnar okkar og hjálpar okkur að reka þessi björgunarskip í kringum landið. Síðan fáum við niðurfellingar á gjöldum af okkar tækjum, bílum og björgunarbúnaði, sem er okkur mjög mikilvægt, auk þess sem við fáum að nota litaða olíu. Ríkið stendur vel við bakið á okkur á þessum sviðum."

Kristinn segir ljóst að stígandi sé í verkefnum félagsins. „Til dæmis er hálendisverkefnið, sem er nýtt, en við erum á fjórum stöðum á hálendinu yfir sumartímann. Þar varð mikil sprenging í fjölda verkefna í fyrrasumar. Kannski er það mest af því hvað Íslendingar eru duglegri að ferðast en áður, en einnig hefur erlendum ferðamönnum sem sækja hálendið heim fjölgað." Enn betur á að standa að verkefninu á þessu ári, en meðal

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2010

Margt smátt ...

ACT/Paul Jeffrey

Nú þarf að lyfta grettistaki í uppbyggingarstarfi á Haítí.

Vilt þú vera með?

Afleiðingar af jarðskjálftanum á Haítí 12. janúar 2010 sem mældist 7 á Richter eru hrikalegar. Meira en 200.000 manns eru látin, um 300.000 slasaðir, 1,2 milljónir manna misstu heimili sín og lifa í tjöldum og bráðabirgðahúsnæði í höfuðborginni Port-au-Prince.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Alþjóðaþróunar- og neyðarhjálp kirkna. ACT Alliance. Fimm ACT-aðilar voru með starfsemi á Haítí fyrir jarðskjálftann mikla. Þeir eru burðarásarnir í uppbyggingarstarfi ACT eftir skjálftann. Þessir aðilar eru Lutheran World Federation, Christian Aid, Diakonie Katastrophenhilfe, Interchurch Organisation for Development Cooperation og United Methodist Committee on Relief. Þekking þeirra á staðháttum og góð tengsl við fólkið nýtast vel í uppbyggingarstarfinu. Níu aðrir ACT-aðilar, þar á meðal Hjálparstarf norsku og dönsku kirkjunnar, hafa sent sína sérfræðinga á staðinn. Mörg hundruð tonn af matvælum, húsbúnaði og tjöldum hafa borist til nauðstaddra. Víða hafa hreinsikerfi verið sett upp til að hreinsa óhreint vatn, töflum sem hreinsa vatnið, mat og drykkjarvatni hefur verið dreift til fólks. Lið sérfræðinga, lækna og hjúkrunarfólks er að störfum, lyfjum dreift og slösuðum sinnt.

Clement Celis, 45 ára, býr í höfuðborginni Port-au-Prince, hún var í sturtu þegar ósköpin dundu yfir og dóttir hennar var inni í stofu. „Allt fór á hreyfingu og ekkert til að halda í. Það var eins og að vera í miðri flóðbylgju" segir Clement. Hún hljóp inn í stofu og tókst að komast með dóttur sinni út úr húsinu í þann mund sem húsið hrundi. Þrír synir hennar eru einnig á lífi en eiginmaður hennar er talinn af. Clement býr nú í tjaldi í búðum með börnunum sínum fjórum.

Um leið og neyðarstarfi er sinnt er mikilvægt að horfa til framtíðar og gefa fólki, sem hefur misst nána ættingja og allt sitt, von þrátt fyrir allt. Að það sjái möguleika á að geta lifað með sínum nánustu við sæmilegar aðstæður og sjá sér farborða. Um það snýst uppbyggingarstarfið sem nú er framundan.

Bæta þarf aðstæður í búðum sem heimilislausir búa í við mikil þrengsli. Bæta hreinlætisaðstöðu og fjölga salernum. Síðan þarf að gera fólkinu kleift að reisa varanlegri hús eða skjól en nú er rigningartíminn hafinn og þá er mjög erfitt að búa í tjöldum. Hreinsa þarf rústir og útvega byggingarefni en aðeins 25% þeirra 1,2 milljóna manna sem þurfa nýtt hús hafa fengið nauðsynlegt byggingarefni til að hefjast handa. Halda þarf áfram að dreifa mat og vatni, en um leið styðja við innlenda akuryrkju og matarframleiðslu svo hægt verði að draga úr mataraðstoð sem fyrst. Skipulagt hefur verið starf þar sem þjálfað fólk sinnir börnum í gegnum barnamiðstöðvar þar sem rætt er við þau, farið í leiki og myndmennt notuð til að hjálpa þeim að tjá erfiða reynslu sína og vinna úr henni. Þeir sem hafa slasast og þurfa að lifa við varanlega fötlun þurfa stuðning til að fá þau hjálpartæki sem henta hverjum og einum, s.s. hjólastóla og gervilimi.

Vilt þú vera með í uppbyggingarstarfinu á Haítí? Vilt þú gefa von við erfiðar aðstæður? Þú getur lagt lið með því að greiða valgreiðslu í heimabankanum þínum, leggja inn á reikning 334-26-886. kt. 450670-0499, eða hringja í söfnunarsíma 907 2003, hvert símtal gefur 2.500 krónur. Íbúar Haítí þurfa þína hjálp.

ACT/Paul Jeffrey

Jón Arilius
KÖKULIST
Firðinum Hafnarfirði • S 5556655 og 6625552
Email: kokulist@internet.is • facebook.com/kokulist
30 manna kransakaka verð frá 12.000 kr.
30 manna marsipanterta verð frá 12.000 kr.

Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri:
Jónas Þ. Þórisson

Margt smátt
1. tbl. 22. árg. 2010

Ábyrgðarmaður:
Bjarni Gíslason

Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar/TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Leggðu lið

Á heimasíðu Hjálparstarfsins, www.help.is, eru allar upplýsingar um starfið.

Af heimasíðunni getur þú líka sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag. Allt hjálpar.

Gjöf sem gefur, gjafabréfin okkar vinsælu, gleðja og fræða um kjör fátækra og leiðir til hjálpar.
Þú kaupir gjöf sem heldur áfram að gefa á www.gjofsemgefur.is eða með því að hringja til okkar 528 4400.

Við komum þínu framlagi til skila – þangað sem þú kýst, í gegnum www.framlag.is.

Fréttablaðið Margt smátt er ókeypis og flytur fréttir af starfinu og þróunarmálum. Láttu okkur vita ef þú vilt áskrift.

Það er svo ótrúlega einfalt að hjálpa. Notaðu netið eða hringdu til okkar í síma 528 4400.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð um allt land í gegnum presta, félagsráðgjafa og námsráðgjafa.

Ótrúleg angist og bið í óvissu

Hvernig skyldi það vera að vera svo óralangt frá ástvinum þegar hörmungar dynja yfir? Vera sjálfur öruggur en geta ekkert gert? Finna hvernig hugsanirnar heltaka mann og fá engin svör? Elda Þórisson Faurelien er frá Haítí og býr á Íslandi. Hún gekk í gegnum angist og svartnætti meðan örlög fjölskyldu hennar á Haítí voru óráðin.

Hvernig fréttir þú af jarðskjálftanum mikla á Haítí? Náðirðu sambandi við vini og ættingja? Hvernig er ástatt með þá í dag?

Vinkona mín sem er líka frá Haítí hringdi í mig kl. 1 eftir miðnætti og sagði mér að kveikja á sjónvarpinu, það væri eitthvað hræðilegt að gerast á Haítí. Ég sat svo alla nóttina stjörf við sjónvarpið og fylgdist með á erlendu sjónvarpsstöðvunum – og mér leið hræðilega, sérstaklega vegna þess að ég náði engu símasambandi við neinn ættingja eða vin á Haítí. Ég var í sambandi við móður mína og bróður í New York, en það var ekki fyrr en nokkrum dögum seinna að ég heyrði í einhverjum. Fyrstu fréttirnar sem voru af fósturbróður mínum og fjölskyldu hans voru að húsið hefði hrunið ofan á þau og þau væru öll dáin. Það var mikið áfall – en léttirinn líka mikill þegar kom í ljós að þetta var misskilningur og þeim hafði tekist að bjarga sér út. Nú búa allir í einhverskonar bráðabirgðatjöldum því þótt öll hús hafi ekki hrunið þá eru þau löskuð og fólk er hrætt við að dvelja innandyra. Það er farið að rigna og það bætir ekki ástandið, samt er rigningartíminn í raun ekki hafinn.

Hvernig kom það til að þú fluttir hingað?

Ég giftist íslenskum manni, Methúsalem Þórissyni, á Haítí þar sem við bjuggum saman í u.þ.b. eitt ár. Við ræddum það okkar á milli hvar við vildum búa og komumst að þeirri niðurstöðu að a.m.k. fyrir drenginn minn hann Þóri Guðmund væri það mun betra að búa á Íslandi. Þegar hingað kom veltum við því mikið fyrir okkur hvað við gætum gert til að hjálpa Haítí og okkur sjálfum líka og niðurstaðan var sú að við byrjuðum að kaupa kaffi af smábændum á Haítí. Við fikruðum okkur áfram í kaffibransanum, byrjuðum að brenna kaffið sjálf og selja á götu- og bændamörkuðum. Kaffið líkaði vel svo nú erum við með lítið kaffihús sem við köllum Café Haítí í Tryggvagötu í Reykjavík þar sem við seljum kaffið bæði í föstu og fljótandi formi.

Hvað gerðir þú áður en þú komst til Íslands?

Síðustu 6 árin rak ég lítinn barnaskóla í fátæku úthverfi í höfuðborginni Port-au-Prince. Ég og eldri bróðir minn stofnuðum skólann eftir að ég lauk háskólanámi og þegar hann fluttist til Bandaríkjanna sá ég alfarið um hann. Þarna voru um 70 börn á öllum aldri. Við vorum líka með fullorðinsfræðslu á kvöldin þarna og á sunnudögum kom fullorðið fólk þar saman til að bera saman bækur sínar og hjálpast að við ýmislegt sem það var að glíma við.

Hvernig er best að hjálpa íbúum Haítí að byggja upp nýtt samfélag?

Það er auðvitað mjög stórt mál sem ég hef ekki þekkingu til að svara en þó held ég að grundvallaratriði sé að þeir sem ætla að hjálpa við að byggja upp nýtt samfélag geri það með heimamönnum, en ekki fyrir þá – ekki líta á fólkið eins og fáfróða aumingja – það býr mikið í fólkinu á Haítí og ef þeim sem vilja hjálpa tekst að setja sig í þeirra spor og

Elda og Þórir Guðmundur

laða fram það sem í þeim býr þá mun þetta starf verða farsælt.
Og mig langar til að þakka Íslendingum fyrir þá samstöðu og samúð sem þeir hafa sýnt. Líka fyrir þann velvilja sem við höfum mætt hér á Íslandi síðan við komum hingað. Í lok maí næstkomandi hef ég búið hér í 4 ár. Mín reynsla af fólki hérna er að það er mjög gott og hvetjandi.

actavis hagur í heilsu
Akureyri www.akureyri.is ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Arion banki
BÓNUS
E. Ólafsson Ltd. Marketing - Export - Import
edda www.edda.is
Eymundsson Bóksali frá 1872
FRUMTÖK Samtök framleiðenda frumlyfja
Hvalur hf.
isnic Internet á Íslandi hf.
LYFJAVER
LÝÐHEILSUSTÖÐ www.lydheilsustod.is
mjöll frigg -hreinlega sterkari
NÓI SÍRÍUS
OPTÍMA

Algjör þögn í þriggja milljóna manna borg

Mikael R. Ólafsson var í hópi íslenskra björgunarsveitarmanna sem voru með þeim fyrstu sem komu til starfa eftir jarðskjálftann mikla á Haítí 12. janúar. Það vakti athygli hve fljótir þeir voru á vettvang.

Mikael á vettvangi

Við vorum með allt klárt

Síðastliðin 10 ár hefur rústabjörgunarsveitin þjálfað sig og undirbúningur miðast við að geta verið klár á innan við fjórum klukkustundum. Allur búnaður er í eigu björgunarsveitanna sem standa að þessari sérsveit og stendur tilbúinn fyrir útkall, vigtaður og skráður. Einnig eru menn alltaf með persónulega búnaðinn sinn að mestu leyti kláran til útkalls. Í þessu tilfelli voru það einnig skjót viðbrögð utanríkisráðuneytisins sem vógu þungt. Sveitin, sem samanstendur af 30 björgunarmönnum, hefur hlotið vottun af hálfu Sameinuðu þjóðanna sem rústabjörgunarsveit af miðlungsstærð og er þjálfuð samkvæmt stöðlum þeirra. Allir félagar í íslensku alþjóðasveitinni eru einnig virkir félagar í björgunarsveitum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, starfa á Landspítalanum eða hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Auðveldara að telja hús sem stóðu

Við lentum 13. janúar um klukkan 16.00 í Port-au-Prince og það tók okkur fram í myrkur að útvega ökutæki og ná sambandi við almannavarnir staðarins. Okkur var úthlutað svæði á íþróttaleikvangi til að setja upp búðir og héldum við þangað í svarta myrkri og reyndar aftur til baka á flugvöllinn þar sem við settum á endanum upp búðirnar. Þrátt fyrir að hafa séð á leiðinni skemmd hús og sum hrunin gerðum við okkur í raun ekki grein fyrir þeim hrikalegu aðstæðum sem blöstu við fyrr en næsta dag í björtu. Það sem sló mig mest í fyrstu var þögnin sem var svo ótrúlega mikil þegar maður hugsar til þess að við vorum að lenda í þriggja milljóna manna borg og það var algjör þögn. Það var ekki fyrr en næsta dag þegar við héldum inn í borgina í fyrsta verkefnið okkar, sem var í nýlegum stórmarkaði sem hafði verið fjórar hæðir og var nú ein, að maður gerði gerði sér grein fyrir þessari gríðarlegu eyðileggingu og hrikalegu aðstæðum. Í raun var auðveldara að telja þau hús sem voru uppistandandi en þau sem höfðu hrunið. Það er erfitt að lýsa því hvernig manni líður í svona aðstæðum en fyrsta hugsunin er að byrja að gera það sem maður hefur þjálfað sig í að gera varðandi björgun úr rústum. Fókusinn er í raun allur á verkefninu og aðrar tilfinningar og úrvinnsla þeirra bíða þar til verkefninu á staðnum er lokið.

Fólkið frábært, vandamálin tæknilegs eðlis

Við vorum ein fyrsta alþjóðlega sveitin á vettvang og almannavarnir á staðnum voru rétt að ná yfirsýn yfir skaðasvæðið. Fólk var mjög þakklátt og tilbúið að aðstoða okkur í hvívetna þannig að erfiðleikarnir voru eingöngu tæknilegs eðlis.

Vorum alveg sjálfbærir

Sveitin kemur með allan björgunarbúnað með sér og á að geta starfað í allt að 10 daga án utanaðkomandi aðstoðar nema hvað varðar eldsneyti. Það gekk upp hjá okkur en sumar sveitir áttu í miklum erfiðleikum með að útvega sér eldsneyti.

Æðruleysi fólksins sem komst af og að fá að fylgjast með því hvernig lífið hélt áfram.

Maður fylgist með fréttum af svæðinu til að sjá hvernig uppbyggingin gengur. Þegar heim er komið hefst mikil rýnivinna þar sem sveitin fer ofan í saumana á öllum þáttum útkallsins og við það er maður einnig að vinna úr tilfinningum sínum. Það má líka segja að eftir svona útkall þar sem hlutirnir ganga upp er maður stoltur af því að hafa verið þátttakandi í svona viðamiklum, vel heppnuðum björgunaraðgerðum og það hjálpar manni að takast á við það sem blasti við. En sterkasta minningin er hvað fólkið sem komst af var æðrulaust og það að fá að fylgjast með því hvernig lífið hélt áfram.

Áberandi betra ástand með hjálp kirkjunnar – hvet fólk til að vera með

Þegar við komum á staði þar sem fólk hafði safnast saman var áberandi betra ástand þar sem við sáum fólk á vegum kirknanna á Haítí að störfum. Það er ljóst að þörfin á utanaðkomandi aðstoð er afar brýn og ég hvet fólk til að taka þátt í söfnun Hjálparstarfsins fyrir hjálpar- og uppbyggingarstarf á Haítí.

UMSLAG ehf

Frá hugmynd til viðtakanda

HEILDARLAUSN UMSLAGS

Öryggi
Fullkomið öryggiskerfi tryggir að þitt útsendiefni er öruggt í okkar höndum.

Hönnun
Höfum víðtæka reynslu í hönnun prentverka og persónutengds útsendiefnis.

Prentun
Heildarlausn á sviði prentunar, hvort sem um er að ræða markpóst, kynningarefni eða prentun umslaga.

Áritun
Við nafnamerkjum markpóst, bréf, bæklinga, póstkort, umslög og annað útsendiefni. Nýttu viðskiptamannalistann þinn eða fáðu markhópalista hjá okkur.

Pökkun
Við pökkum nánast hverju sem er, í hvaða magni sem er, í allar gerðir umslaga.

VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ ÞIG ALLA LEIÐ.

www.umslag.is

Svipmyndir eftir jarðskjálftann á Haíti

ACT/Paul Jeffrey

Von þrátt fyrir allt

Búðir heimilislausra

Rústir

Bjargað eftir 11 daga í rústunum

Eyðileggingin er mikil

Plastás ehf Einangrunarplast EPS
PROMENS
RARIK
Rauði kross Íslands
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
Samkaup
Síminn
Smáralind
SMITH & NORLAND www.sminor.is
SORPA Flokkum og skilum
SOS Tölvuhjálp
SYTRA ehf
VALITOR VISA
vistor
Þín verslun

Framlagið þitt greiðir hjúkrun og áfallahjálp.
Það hjálpar fólki að takast á við framtíðina.
Á regntímanum framundan þarf
fólkið skjól og sáðkorn í næstu
uppskeru. Við leggjum til
byggingarefni og útvegum fræ.
Við styðjum munaðarlausu
börnin og þá sem örkumlast hafa
eða eru fatlaðir. Íbúar Haítí
treysta á umheiminn.
Þú ert umheimurinn.
Hjálpum Haítí
Við hvetjum þá sem geta til
að greiða valgreiðslu sem
send hefur verið í heimabanka
Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma
907 2003. Hvert símtal gefur 2.500 kr.
Söfnunarreikningur er: 0334-26-886, kt. 450670-0499
Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Fermingargjöf sem gefur
Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.
Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.
Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is
eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400.
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.
Óskalistinn minn:
Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.
Óskalistinn minn:
Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.
5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.
www.gjofsemgefur.is
Hjálparstarf
kirkjunnar

Marangoni dekk
Lífstíðarábyrgð gegn óvæntum atvikum
MARANGONI™
a sign of intelligence
Við erum svo sannfærð um gæði Marangoni dekkjanna að við ábyrgjumst þau til æviloka. Þessi ábyrgð, sem er sú eina sinnar tegundar á Íslandi, nær ekki aðeins yfir framleiðslugalla heldur einnig ef skemmd kemur á hjólbarðann undir venjulegum kringumstæðum og ekki er hægt að gera við.
LIFETIME WARRANTY
Tyres made in Italy
DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI
Skeifan 5
Sími: 581 3002
Þverklettum 1
Sími 471 2002
Draupnisgötu 5
Sími 462 3002
Nánari upplýsingar er hægt að fá á þjónustustöðvum okkar og heimasíðunni - dekkjahollin.is

Fólkið er stolt af sínu framlagi – enginn situr hjá

Hér eru gefin dæmi um það sem er gert í hverju landi

Þróunarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar eru í Afríkulöndunum Eþíópíu, Úganda og Malaví og á Indlandi.

Vatn gerir kraftaverk

Vatnsskortur er höfuðvandamálið á starfssvæðum Hjálparstarfsins í Afríku. Fara þarf æ lengri veg oft í staðna polla fulla af ormum, skordýrum og bakteríum. Aðgangur að hreinu vatni gjörbreytir lífi og aðstæðum. Hreint vatn gerir kraftaverk. Borað er eftir vatni, grafnir brunnar og vatnsþrær.

Alnæmi

Barátta gegn HIV/alnæmi og afleiðingum þess er þáttur í öllum verkefnum. Lögð er áhersla á fræðslu um smitleiðir og að breyta áhættuhegðun. Fólk er hvatt í alnæmispróf og hjálpað til að fá lyf. Munaðarlaus börn sem misst hafa foreldra úr alnæmi, einstæðar mæður með alnæmi og ömmur sem tekið hafa að sér munaðarlaus barnabörn fá stuðning til að sjá sér og sínum farborða. Börnum er komið í skóla og þeim reist örugg hús, með vatnstanki fyrir rigningarvatn.

Mannréttindi

Börn eiga rétt á að vera börn. Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins á Indlandi leysa þrælabörn úr skuldaánauð og búa þau undir almenna skólagöngu. Foreldrar eru fræddir um gildi skólagöngu barnanna, um réttindi sín og hjálpað til að stofna stéttarfélög. Menntun er grundvöllur meðvitundar um jafna stöðu í hverju samfélagi. Heimavist fyrir börn sem annars fá engin tækifæri til mennta er liður í að efla undirokaðar stéttir til þátttöku og áhrifa í lýðræðisþjóðfélagi. Fólkið í verkefnum Hjálparstarfsins er frætt um kerfið; rétt, þjónustu, lög og venjur sem viðhalda fátækt. Konur eru styrktar með atvinnuskapandi aðgerðum sem færa þeim fjárráð og áhrif. Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi með leiðtogum, stofnunum og lögreglu.

Tré gróðursett hjá lindum ber ávöxt

Umhverfisvitund er innbyggð í verkefnin. Fólki er kennt að rækta upp græðlinga og gróðursetja meðfram ám og lónum til að halda í jarðveg og raka. Nýjar ræktartegundir eru kynntar og skipt á tegundum sem dregur úr næringartapi í ökrum. Náttúruleg hringrás verndar auðlindir.

Vatnsþró í Eþíópíu

Eþíópía

- Vatnsþrær gerðar
- Tæknirannsóknir fyrir vatnsöflun
- Bændur þjálfaðir til að greina og lækna helstu búfjársjúkdóma
- Konur fá skepnur til að fita og selja til eigin tekjuöflunar
- Kvennanámskeið um meðferð og geymslu matar
- Karlanámskeið um meðferð og geymslu uppskeru
- Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að styðja við íbúa
- Námskeið fyrir opinbera starfsmenn um félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar HIV/ alnæmis
- Fræðsla til smitaðra mæðra um aðrar leiðir en brjóstagjöf
- Námskeið fyrir opinbera starfsmenn um jafnréttismál og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn í að virkja fólk til þátttöku í þróun sem forsendu árangurs
- Hópefli og þjálfun fyrir leiðtoga þorpa og opinbera starfsmenn til samvinnu
- Námskeið um ástand náttúruauðlinda, vernd, sjálfbærni og ofnýtingu
- Fræðsla um vinnslu og geymslu uppskeru svo hún nýtist betur og dragi úr ofnýtingu á litlu ræktarlandi
- Sparhlóðir sem þurfa helmingi minna eldsneyti
- Nýting taðs frá skepnum til að styrkja næringarhringrás jarðvegs
- Stofnaðir íbúahópar til að vinna að ýmsum málefnum, t.d. landvernd, ræktun beitarlands og vatnsmálum á grunni nýrrar þekkingar
- Kennsla og tól til stallagerðar til að hefta framrás vatns og binda í jarðvegi til ræktunar

Munaðarlausir bræður með ráðgjafa

Úganda

- Hús byggð fyrir munaðarlaus börn auka öryggi – eldhús og kamrar auka hreinlæti
- Börn fá grunnhúsbúnað og áhöld
- Þvottaaðstaða sett upp við heimili munaðarlausra barna
- Eldhús reist við íbúðarhús til að halda matargerð aðskilinni
- Barátta gegn fordómum. Frætt er um smitleiðir og áhættuhegðun
- Sjálfboðaliðar þjálfaðir til að veita sjúkum og eftirlifendum reglulegan stuðning
- Greidd skólagjöld, föt, námsgögn fyrir yngri börn
- Eldri börnum hjálpað að læra handverk til tekna
- Börnum kennd jarðrækt og hjálpað með tegundir sem þau ráða við
- Vatnstankar settir upp til að spara erfiða vinnu, efla heilsu og hreinlæti

Malaví

- Brunnar boraðir
- Lítil uppistöðulón gerð
- Vatnstankar settir upp
- Pumpur settar upp fyrir áveitur
- Kennsla, fræ, tól til jarðræktar
- Geitur og hænur afhentar, bændur gefa öðrum fyrsta afkvæmi
- Námskeið og fundir um heimilisofbeldi
- Þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á ofbeldismálum og veita þolendum stuðning
- Veitt efnisleg aðstoð fyrir þolendur heimilisofbeldis
- Alnæmisjúkir, einstæðir og munaðarlaus börn studd til að taka þátt í umræðum og ákvörðunum þorpa
- Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum, öðlast sömu eignartilfinningu og njóta afraksturs
- Námskeið um lög og reglur um vatn, verndun þess og ábyrgð einstaklingsins
- Fundir með opinberum starfsmönnum og þorpsleiðtogum um rétt og skyldur vatnsnotenda og þeirra sem veita þjónustuna
- Vettvangsferðir til að kynnast vatnssöfnunaraðferðum og áveitutækni
- Gróðurrækt til að binda jarðveg og vatn
- Nýjum tegundum dreift til ræktunar til að hlífa jarðvegi
- Fræbanki
- Fræðsla um varnir gegn flóðum og þurrkum
- Kennsla í gerð lífræns áburðar
- Nýjar tegundir útvegaðar til að rækta eldivið og hlífa umhverfinu

Brunnur í Malaví

Indland

- Þrýstingur á stjórnvöld að fara að lögum um barnavernd, barnaþrælkun og skólaskyldu
- Fræðsla til almennings og hvatning um að segja frá barnaþrælkun
- Heimavistarskólar með heilsufarseftirliti, næringarríkum máltíðum, fatnaði og skóladóti
- Barnaþing kenna börnum lýðræðislegar leiðir til að öðlast mannréttindi
- Réttindafræðsla, lögfræðiaðstoð og réttindabarátta
- Fjárstuðningur vegna skólagöngu barna, giftinga, veikinda, slysa o.fl.
- Smálán til foreldra, námskeið til atvinnusköpunar

Þrælabarn á Indlandi

ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

MARS 2010

Söguleg ferðalög
Spennandi staðir í Evrópu til að heimsækja SÍÐA 6

Svalt hótel í miðri Berlín Lux 11 býður upp á sérstaka sumarpakka SÍÐA 2

LEIPZIG – HIN NÝJA BERLÍN

Þormóður Dagsson bregður sér á slóðir Bachs og Lindemans í Saxlandi þar sem menningarlífið blómstrar.

Í byrjun þessa mánaðar varði ég megninu af tíu dögum í þeyting um hraðbrautir Þýskalands. Samkvæmt GPS-tækinu taldi heildarkeyrslan tæpa 3.500 kílómetra en á þessum tíu dögum náði ég, ásamt fjögurra manna föruneyti, að skoða átta þýskar borgir, eina austurríska og eina tékkneska. Þrátt fyrir að yfirferðin hafi verið hröð (meðalhraðinn tæpir 200 km/klst) þá varð ekki hjá því komist að verða snortinn af áhrifamagni Þýskalands, magnþrunginni sögu þess og menningu. Í þessari ferð kynntist ég jafnframt Leipzig.

Þegar ég þeyttist þetta þá voru Þjóðverjar að ná sér eftir einhvern harðasta vetur sem dunið hefur yfir Evrópu í langan tíma. Mikill snjóþungi og frostharka hafa lagt hart að landsmönnum í vetur og hvað eftir annað sett samgöngur í uppnám. Frost, flóð og stormar hafa meira að segja kostað talsvert af mannslífum. Það sem ég sá út um rúðuna á bílaleigubílnum benti aftur á móti til þess að þessi ógurlegi vetur væri að líða undir lok. Sléttlendið í norðrinu, með endalausa víðáttu allt í kring, var fallegt og friðsælt ásýndar og hæðótt landslagið í suðrinu var tekið að grænka.

Þýskar borgir eru fallegar. Þær hýsa skrautlegt mannlíf og skarta

FRAMHALD Á SÍÐU 4

Yfir 30 gerðir vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



LANDMANN

Opið laugardag til kl. 14

Anna Margrét Björnsson skrifar

BÖRNIN GETA ÞETTA ALVEG!

Það er algengt viðkvæði hjá Íslendingum að hafa gífurlegar áhyggjur af breytingum hjá börnum. Það þykir til dæmis mjög framúrstefnulegt að fara með börn í ferðalög á fjarlægar slóðir þar sem þau eru ekki vön matnum og gætu fengið hræðilega sjúkdóma. Að sjálfsögðu er varkárni alltaf góð, en fólk virðist gleyma því að börn eru til í öllum hornum heimsins og að það geti alveg verið mögulegt að ferðast með börn án mikilla vandræða. Annað sem ég hef tekið eftir eru þær gífurlegu áhyggjur sem fólk hefur af litlu barni sem þarf að flytjast búferlum. Nú tala ég af reynslu, því ég flutti til mismunandi landa með reglulegu millibili sem krakki og hlaut vonandi engan langvarandi skaða af. Alveg sama þó að við elskum Ísland og finnist allt best hér heima er bara þvæla að halda að það sé skelfilegt að rífa barn úr sínu verndaða íslenska umhverfi og planta því í stórborg þar sem það skilur ekki tungumálið og getur ekki labbað sjálft í skólann. Þvert á móti held ég að börn, að minnsta kosti ef þau eru ekki komin á unglingsárin, séu með meðfædda aðlögunarhæfni og víli það ekkert fyrir sér að byrja í nýjum skóla í útlöndum eða læra nýtt tungumál. Börn eiga nefnilega einstaklega auðvelt með að ná taki á nýrri tungu og því fyrr sem þau byrja að heyra önnur tungumál því betri verða þau í tungumálum síðar á ævinni. Mér finnst það stundum beinlínis móðgandi bæði við ævku mína og börn yfirleitt þegar fólk býsnast yfir því að það sé nú ekki hægt að breyta til og flytja til útlanda fyrr en börnin eru orðin fullorðin. Það gleymir því að sú reynsla sem fylgir því að búa í erlendri borg í nokkur ár veitir manni víðsýni og góða reynslu, nýtt tungumál í farteskið og maður lærir að umgangast fólk sem er ekki alveg eins og hver einasti Íslendingur í hverfinu heima. Hættum að láta svona kredduhugsun stöðva okkur í að bóka ferðalagið í sumar eða ákveða að skreppa í nám eða stökkva á spennandi vinnu í útlöndum.

ferðalög kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
Forsíðumynd Frá Leipzig, sjá grein á síðu 6-7
Pennar Júlía Margrét Alexandersdóttir, Þormóður Dagsson **Ljósmyndir** Fréttablaðið
Auglýsingar Benedikt Freyr Jónsson bfj@365.is

Glæsilegar svítur Hver einasta svíta er með flatskjá, interneti, ísskáp og stóru baðkari í japönskum stíl.

HÖNNUNARHÓTEL Í MIÐJU BERLÍNAR

Sérstakur tískupakki í sumar á hótelinu Lux 11 sem er vel staðsett í Mitte, miðpunkti kúlsins.

Lux 11 er eitt svalasta hótel Berlínar og gæti ekki verið betur staðsett í hverfinu Mitte: umkringt flottum verslunum, veitingastöðum og börum. Hackesher Markt og Prenzlauer Berg eru í góðu göngufæri. Hótelið er í keðju Design Hotels og er mjög fallega hannað í naumhyggjulegum stíl sem minnir á japanskar innréttingar. Baðherbergin eru í raun inni í stofunni og eru með stórglæsilegu „onsen"-baðkari ofan í gólfinu. Öll herbergi eru í raun litlar íbúðir eða svítur ásamt eldhúsaðstöðu og þess má geta að því lengur sem maður gistir á Lux 11 fer verðið lækkandi. Morgunmatur er innifalinn en þar er boðið upp á lífrænan og heilsusamlegan mat, allt frá þýskum mjólkurafurðum, ostum og pylsum upp í nýbakaðar vöfflur og ferska exótíska ávexti. Veitingastaðurinn Shiro-i-Shiro er á hótelinu en hann er vinsæll japanskur staður þar sem boðið er upp á sushi og ýmiss konar teriyaki-rétti. Einnig er glæsilegt Aveda Spa á hótelinu þar sem hægt er að sækja alls konar nudd og fegrunarmeðferðir og síðast en ekki síst opnaði nýverið flott tískuverslun á efstu hæð hótelsins. Í júlí á sér stað tískumessan Bread &Butter í Berlín og í því tilefni býður Lux11 upp á sérstakan lúxuspakka: þrjár nætur í svítu, morgunverð, VIP passa á Bread&Butter, og boð í VIP tískuteiti. *- amb*

Lux 11, Rosa-Luxemburg Strasse 9-13. www.lux-eleven.com

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

HEIMAMAÐURINN

▸ Cambridge

ÞURÝ ÁGÚSTSDÓTTIR EMBÆTTISMAÐUR

UPPÁHALDSHVERFIÐ: Óneitanlega Mill Road. þar er að finna alls kyns spennandi litlar matvöruverslanir, svo sem taívanskar, arabískar og með lífrænt ræktuðum mat, slátrara, hárskera og pípara.

FLOTTASTA VERSLUNIN: Arcadia við Bennet Street er yndisleg því þar er hægt að finna sérstakar tækifærisgjafir, allt frá minnstu silfurarmböndum upp í stóra ljósaskerma.

UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR: Teri-Aki, enginn vafi! Ærslamikill japanskur veitingastaður þar sem fæst besta sushi og sake sem ég hef smakkað.

UPPSKRIFT AÐ GÓÐU KVÖLDI: Best er að byrja með góðu rölti

um borgina og koma svo við á Teri-Aki. Þeir sem eru lítið gefnir fyrir fiskmeti geta fengið sér suður-evrópskt góðgæti hjá vini og nágranna Cambridge, honum Jamie Oliver, á staðnum Jamie´s Italian. Svo má skella sér á tónleika eða annan menningarviðburð á The Corn Exchange eða The Junction.

HVAÐ KEMUR MEST Á ÓVART: Sagan og leyndardómar aðalháskólans sem sveipar Cambridge dularfullum og ábúðarfullum bjarma. Ekkert er betra eftir góðan dag í Cambridge en að slaka á í enskum gondóla, jafnvel með gott vín í glasi og virða fyrir sér tignarlegar byggingarnar. Oftar en ekki eru það frambærilegustu námsmenn Bretlands sem stýra dýrum knerri og segja ferðamönnum frá því sem fyrir augu ber.

Dom Pancho

Einfalt og snyrtilegt 3 stjörnu íbúðarhótel með góðum garði og mjög vel staðsett um 200 metra frá "Laugaveginum". Hótelið var allt endurnýjað árið 2006 og því er allt hótelið, bæði sameign og íbúðir mjög huggulegar.

Verðdæmi (10. júní - vika)

85.900 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi.

Paladim

Gott hótel vel staðsett mitt á milli gamla bæjarins og "Laugavegarins", við hlið hinnar vinsælu verslunarmiðstöðvar Modelo. Notalegur sundlaugargarður með barnalaug og bar með léttum réttum.

Verðdæmi (10. júní - vika)

86.150 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir braut-ryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

SKOÐAÐU FLEIRI SPENNANDI GISTIMÖGULEIKA Á
urvalutsyn.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Skemmtilegt mannlíf Leipzig geymir fjölda art nouveau húsa.

Sjarmerandi Miðborg Leipzig.

Nikolai kirkja Stórfengleg kirkja með fallegu altari.

Falleg Leipzig geymir ríkulega flóru húsagerðarlistar.

fjölbreytilegum arkitektúr. Þessi síðasta staðhæfing mín er enn þá merkilegri í ljósi þess að það er leitun að því mannvirki í þýskri borg sem hefur ekki verið sprengt alla vega einu sinni.

Svo er yfirleitt vit í borgarskipulaginu, eitthvað sem Reykvíkingur eins og ég er óvanur en kann vel að meta. Við stöldruðum reyndar örstutt við á hverjum stað og náðum þar af leiðandi ekki að taka inn nema lítið brot af mannlífi borganna. Hér er það helsta sem sem stendur upp úr í minningunni: Í Hamburg var farið á Bítlaslóðir, í Hannover fékk ég kvef, það var mikið af fólki í Prag, kalt í Vín, í Berlín var ég við skál og ég man eiginlega ekkert eftir Duisburg. Sú borg sem er mér aftur á móti eftirminnilegust, og jafnframt sú borg sem ég þekkti minnst, er Leipzig sem er að finna í Saxlandi Þýskalands.

Menningarmiðstöð

Það verður ekki um það villst að Leipzig er mikil menningarborg. Mannlífið á götum úti sem og byggingarnar hrópa það. Þegar við keyrðum inn í hjarta borgarinnar ókum við fram hjá gríðarstórri byggingu sem reyndist vera aðallestarstöðin. Einn förunauta minna hvíslaði því ofurlágt að mér að lestarstöðin væri sú stærsta í Evrópu og að fermetrafjöldinn væri hátt í hundrað þúsund. Lestarstöðin er vissulega glæsileg bygging og stærð hennar endurspeglar það mikilvæga hlutverk sem Leipzig gegndi fyrr á tímum, ekki aðeins fyrir Þýskaland heldur Evrópu gervalla. Þarna mættust austur og vestur, norður og suður. Þarna var allt að gerast og menningin blómstraði eftir því.

Og ef við viljum tala um arkitektúr þá er Leipzig botnlaus uppspretta slíkrar umræðu. Þarna hafa risið, og endurrisið, hvers kyns húsasmíðar eftir ólíkum straumum, stefnum og yfirvaldi sérhvers tíma og bera alls konar fjölbreytilegar spírur sem standa upp úr borgarlandslaginu því vitni. Önnur eins fjölbreytni í húsagerðarlist er vandfundin en þarna getur til dæmis að líta fjölda húsa frá Gründerzeit-tímabilinu, tíma mikils efnahagslegs uppgangs í kjölfar iðnbyltingarinnar um miðja þarsíðustu öld, og jafnframt geymir borgin stærsta safn húsa í art nouveau-stílnum í Þýskalandi. Og þá hefur ekki verið minnst á gríðarstóru og hálftómu íbúðarblokkirnar sem risu á tímum kalda stríðsins. Þær hafa verið vandlega húðaðar vegglist ýmiskonar um árin og flestar rúðurnar brotnar.

Þeir segja að Leipzig sé hin nýja Berlín, það er staðurinn til að vera á til að innbyrða ferska strauma í menningu og listum. Samkvæmt því sem ég sá og upplifði í Leipzig get ég verið sammála þeim. Þarna er kraumandi „kúltúr“ og listasenan svo sannarlega spennandi. Menning og listir hafa reyndar löngum blómstrað í borginni og það þarf lítið annað en að nefna nöfn eins og Johann Sebastian Bach og Till Lindeman, söngvara Rammstein, til að færa rök fyrir slíkri staðhæfingu en þeir eru víst báðir þaðan. Sá síðarnefndi er guð í augum barþjóns sem skenkti mér í krús á einhverri fallegustu knæpu sem ég hef heimsótt. Knæpuna er að finna í miðborginni, djúpt ofan í jörðinni, í fornu klaustri þar sem munkar unnu hörðum höndum við að fullkomna bruggið sitt fyrir föstuna. Síðan, þegar fastan hófst, var afraksturinn drukkinn eins og enginn væri morgundagurinn og einskis annars neytt. Barþjónninn sagði mér ýmislegt um munkana og subbulegar sögur af sumbli þeirra. Hann sagði mér líka ýmislegt um Till Lindeman.

Berlín orðin „mainstream“

Ég spurði barþjóninn út í listasenuna og hvort Leipzig væri raunverulega að taka við af Berlín sem miðstöð lista í Þýskalandi. Hann vildi heldur betur meina að svo væri og æstist við. Síðan hóf hann að útskýra þessa þróun. Við fall múrsins, rúmum tuttugu árum fyrr, hafi austurhluti Berlínar verið eins konar fyrsta vígi framsækinna

Flott hönnun Aðallestarstöðin í Leipzig er sú stærsta í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

TÍSKUSÝNING 2. ÁRS NEMA fatahönnunarbrautar hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands fer fram á Nasa í kvöld klukkan 21. Þar sýna fimmtán tilvonandi fatahönnuðir hönnun sína á tískupöllunum.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ
í páskafríinu
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – franska – spænska – stafsetning o.fl
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Patti húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum

MAN-8201 LEÐUR HÆGINDA SÓFASETT
Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Jóhannes ætlar meðal annars að heimsækja skemmtistaðina Nasa og Kaffibarinn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fljúgandi kampavínsglös

Jóhannes Kjartansson ljósmyndari hefur í nægu að snúast um helgina, sem snýst að mestu leyti um tísku og hönnun af ýmsu tagi. Hann ætlar þó líka að gefa sér tíma til að fá sér exótískan Twister á KFC.

„Í dag ætla ég að hefja daginn eldsnemma," segir Jóhannes Kjartansson ljósmyndari hress í bragði, en hann hyggst líta inn á útgáfuhóf í Hafnarhúsinu klukkan 13. Hófið er haldið í tilefni af útgáfu Mænu, sem er splunkunýtt ársrit útskriftarnema í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. „Því hvíslaði að mér lítill blár fugl að um afar veglegt rit sé að ræða," segir Jóhannes.

Að því loknu ætlar Jóhannes á sýninguna Álagafjötra sem góðvinkonur hans Hildur Yeoman og Saga Sig opnuðu síðastliðinn fimmtudag. „Allt sem þær snerta verður að gulli. Ég læt mér því nægja að gefa þeim fingurkoss ef ég rekst á þær," segir Jóhannes. „Um kvöldið ætla ég á Reykjavík Fashion Festival í Kaaberhúsinu. Þar sem ég tók myndir af öllum fatahönnuðunum fyrir tímarit hátíðarinnar mun stór hluti kvöldsins líklega fara í að forðast fljúgandi kampavínsglös og fagurlega mynduð fúkyrði. Hátíðin slítur barnsskónum afar hratt og ég mun eiga fullt í fangi með að fylgjast með nýjustu tískustraumunum og ástföngnu tískutöppunum," segir Jóhannes.

Síðar um kvöldið heldur Jóhannes svo á NASA þar sem hann segist þess fullviss að Ladytron og Peaches muni sjá um að hrista úr honum líftóruna. „Ef tími gefst til mun ég svo reyna að hengja mig til þerris á nýuppsettan snaga í glugganum á Kaffibarnum. Um fimmleytið verður mér svo hent út fyrir að taka ljósmyndir af viðstöddum, sem er yfirleitt góður mælikvarði á það hvenær skynsamlegt er að fara heim í háttinn," segir ljósmyndarinn og skellir upp úr.

„Á sunnudaginn mun ég að öllum líkindum vakna eldseint og fara á KFC í Skeifunni með kærustunni minni. Ef við verðum ævintýragjörn þá skellum við okkur á exótískan twister með bros á vör eftir vel heppnaða tísku- og hönnunarhelgi," segir Jóhannes Kjartansson.

kjartan@frettabladid.is

FERMINGARTILBOÐ

25% afsláttur
Dýragras sængurfatnaður
Verð áður 12.980 kr.
Verð nú 9.735 kr.
Lín DESIGN
Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

;ALLT TÍSKA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

NÝJAR VÖRUR
Stórar stærði
Blússur • Toppar
Leggings • Stuttkápur
Gallajakkar • Bolir
Útsalan heldur áfram, enn meiri lækkun
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

Á FERÐINNI

KONUR OG EYÐNI Í AFRÍKU
er yfirskrift opins fundar sem haldinn verður í miðstöð Sameinuðu þjóðanna Laugavegi 42 í dag klukkan 13.

Fréttir frá Ferðafélagi Íslands

Hópur á vegum Ferðafélags Íslands á Móskarðshnúkum. Þessir garpar fengu ekkert páskaegg en það fá allir sem mæta í páskaeggjagöngu Góu og Ferðafélagsins á sunnudag.

Páskaeggjaganga Ferðafélags Íslands og Góu

Á morgun, sunnudaginn 21. mars, efna Ferðafélag Íslands og sælgætisgerðin Góa til sérstakrar páskaeggjagöngu á Móskarðshnúka. Gangan hefst kl. 10.00 á sunnudagsmorgun og allir þátttakendur fá að lokinni göngu páskaegg eða ámóta gómsætan glaðning frá Góu.

Gangan hefst við Skarðsá undir Móskarðshnúkum. Til að komast þangað er best að beygja til vinstri rétt ofan við Gljúfrastein í Mosfellsdal og aka eftir afleggjara sem er merktur Hrafnhólar. Við túngarðinn á Hrafnhólum er beygt niður með ánni og stefnt inn dalinn að sumarbústöðum og þarf að opna hlið á leiðinni. Vegurinn endar á bílastæði við göngubrú yfir Skarðsá og þar hefst gangan kl. 10.00.

Þórður Marelsson verður fararstjóri og leiðir hópinn upp á Móskarðshnúka, hæsti tindurinn þar nær 820 metra hæð. Gangan ætti því að taka 2-3 tíma og verður sérlega gott að fá súkkulaði að launum eftir frískandi fjallgöngu.

Gangan er ókeypis og öllum heimil þátttaka sem treysta sér til að ganga á fjall af þessari hæð en nokkuð brattar brekkur verða á vegi göngumanna. Veðurspá fyrir sunnudaginn er þokkaleg; virðist ætla að verða þurrt veður í hægri austanátt.

Horft út eftir Þórsmörk af Stangarhálsi. Valahnúkur fyrir miðri mynd. MYND/PÁÁ

Skálavarsla í Þórsmörk og Landmannalaugum

Skálar Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum og Langadal í Þórsmörk verða opnir um páskana og verður gæsla á staðnum. Í Langadal verður Helga Garðarsdóttir skálavörður og í Landmannalaugum verður Broddi Hilmarsson við skálavörslu.

Í vetur hefur verið gæsla á þessum tveimur stöðum eftir þörfum en stefnt er að því að skálavörður verði á báðum stöðum í aprílmánuði. Talsvert er af ferðamönnum og Broddi Hilmarsson skálavörður segir að nokkrir hópar séu þegar bókaðir í skálana yfir páskana.

Rétt er að benda á að færi inn í Laugar hefur ekki verið upp á það besta vegna snjóleysis og hlýinda. Frekar lítill snjór er á leiðinni og krapi allmikill en aurbleyta þegar krapanum sleppir. Haldist veður líkt og verið hefur má búast við að færið versni enn frekar en batni að sama skapi snúist tíð til meiri kulda en sæmilegt frost í nokkra daga myndi bæta það verulega.

Færð á leiðinni í Þórsmörk hefur verið líkt og á sumardegi en vegurinn inneftir er blautur og seinfarinn eftir veturinn. Engir ísar eru á vötnum í Þórsmörk og í góðu veðri má því búast við hindrunarlausri för þangað inn eftir.

Jökullinn hefur verið mér góður viðskiptis

Fjölbreytt og heillandi form hins forgengilega Vatnajökuls er aðalefni sýningar sem ljósmyndarinn Ragnar Th. hefur sett upp á eystri bakka Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi og tónar vel við umhverfið. Falast hefur verið eftir sýningunni í London og stórblaðið New York Times er búið að setja hana á sinn vef.

„Vatnajökull er búinn að vera uppáhaldið mitt í yfir 20 ár. Svæðið kringum hann er eitthvert flottasta svæði landsins," segir listamaðurinn Ragnar Th. og kveðst búinn að keyra umhverfis jökulinn og yfir hann, þvers og kruss í áraraðir. „Það hefur alltaf gengið vel og ég hef ekki lent í neinu tjóni nema einni rifinni felgu. Þannig að jökullinn hefur verið mér góður viðskiptis." Síðast kveðst hann hafa farið í jöklaferð í fyrravor. „Þá keyrði ég í upp úr Jökulheimum í Skaftárkatla að mynda Veðurstofumenn við mælingar. Við gistum í Grímsvötnum, einum af örfáum skálum á jöklinum."

En hvað kom Ragnari til að setja upp sýningu við Jökulsárlón?

„Það er vetrarhátíð núna fyrir austan og ég mynda fyrir Ríki Vatnajökuls sem eru samtök í menningar, ferða- og matartengdri þjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði. Mig langaði að gera eitthvað sérstakt þar sem jökullinn væri aðal viðfangsefnið. Þá duttu mér í hug stöplarnir sem Reykjavíkurborg á og hafa staðið niður á Austurvelli með myndum á. Kask flutti þá ókeypis fyrir okkur austur og Jón Kjartansson í fyrirtækinu Rósabergi mætti með græjur til að taka þá af bílnum og stilla upp. Vinir Vatnajökuls sem eru hollvinasamtök jökulsins, styrktu líka tiltækið.

Ragnar Th ánægður enda óveðrið gengið niður og myndirnar komnar upp. MYND/RAX

Það var vitlaust veður meðan við vorum að setja upp myndirnar og við áttum fullt í fangi með að ljúka því stórslysalaust en útkoman hefur vakið athygli. Hver einasti maður sem kemur að lóninu labbar niður á bakkann, skoðar myndirnar og lætur taka mynd af sér hjá myndunum."

Ragnar segir sýninguna opna fram yfir páska við lónið og þá verði hún flutt annað innan héraðsins auk þess sem útlendingar séu hrifnir. „Það kom beiðni í gær um að setja hana upp í London og New York Times er að setja hana á vefinn hjá sér."

gun@frettabladid.is

Kynning

Ævintýri á gönguskíðum

Um páskana efnir Ferðafélag Íslands til skíðaferðar að Hesteyri í Jökulfjörðum. Þessi ferð hefur verið á dagskrá undanfarna vetur og bregst ekki að þátttakendur koma með stjörnur í augum heim á ný.

Fararstjórar eru tveir, þau Sigrún Valbergsdóttir, varaforseti Ferðafélagsins og Bragi Hannibalsson sem mun stýra skíðagöngunum um fjöllin í nágrenni Hesteyrar. Bragi er þaulvanur skíðagarpur ættaður frá Hanhóli í Bolungarvík og nánast á heimavelli á þessum slóðum.

Nánar má fræðast um ferð þessa á heimasíðu FÍ en í stórum dráttum er skipulagið þannig að siglt er frá Ísafirði til Hesteyrar á skírdag. Þar verður dvalið í gamla Læknisbústaðnum yfir páskana og reynt að fara í langar skíðaferðir dag hvern á nálæg fjöll eftir því sem veður og færð leyfa. Annan í páskum er hópurinn sóttur að Hesteyri í tæka tíð fyrir kvöldflug til Reykjavíkur.

„Þetta er algerlega frábær upplifun meðal refa og hárra fjalla. Hvort sem snjór nær niður í fjöru eða miðjar hlíðar verður hverjum degi varið í gönguferðir á fæti eða á skíðum," sagði Sigrún Valbergsdóttir fararstjóri.

„Stemningin í gamla Læknishúsinu er einstök og notaleg og vinnur hópurinn saman að matargerð, situr saman við mat og drykk og svo er sungur og sagnamennska á kvöldin."

Allur matur til ferðarinnar er keyptur inn sameiginlega en er ekki innifalinn í verði.

Hesteyri er einstakt eyðiþorp. Þar voru íbúarnir eitt sinn taldir í tugum ef ekki hundruðum þegar stóriðja í formi hvalskurðar og síldarsöltunar var rekin á Stekkeyri rétt innan við þorpið. Seint á árinu 1952 voru aðeins 30 eftir. Þá var skotið á íbúafundi og tekin sameiginleg ákvörðun um að flytja brott og hefja nýtt líf á nýjum stöðum. Í nóvember það ár gekk síðasti íbúinn út úr húsi sínu.

Skíðagöngugarpar á Hesteyri um síðustu páska halda til fjalla í sólskininu.

Horft yfir Hesteyri og Jökulfirði í vetrarbúningi.

Kvöldvökustemning í gamla Læknisbústaðnum á Hesteyri í páskaskíðaferð.

Skíðamenn víða um land eru hnípnir og vondaufir um þessar mundir vegna snjóleysis en rannsóknir sýna að nægur snjór er norður í Jökulfjörðum og þangað hægt að sækja um páska þá unaðslegu upplifun sem aðeins fæst með skíðagöngu um fjöll og firnindi stórbrotinnar náttúru í hópi glaðra ferðafélaga. Látið ekki happ úr hendi sleppa og bókið far meðan enn eru laus sæti.

Síminn á skrifstofu FÍ er 568-2533.

Undraheimur íssins er óþrjótandi myndefni hjá Ragnari Th. Hér í íshelli í Breiðamerkurjökli.

Jökulsárlón og Breiðamerkurfjall mynda bakgrunn sýningarinnar. MYND/RAGNAR TH.

Klakaborgirnar taka á sig ótrúlegar myndir eins og sýningin við Jökulsárlón ber með sér. MYND/RAGNAR TH.

Bráðnandi ísjakar í fjöruborðinu við ós Jökulsár er ein myndanna við lónið. MYND/RAGNAR TH.

Gert ráð fyrir mildu veðri fram yfir páska

„Hvernig verður veðrið um páskana?“ Þannig má vel spyrja en líklega er óraunhæft að fá áreiðanlegt svar við spurningunni.

Á veðurspádeild Veðurstofu Íslands varð Óli Þór Árnason veðurfræðingur fyrir svörum. Hann benti á nokkra hluti sem hafa áhrif á veður og þróun þess næstu vikur. Veturinn sem er að líða hefur verið óvenjulega mildur og snjóléttur. Sumpart stafar það af hærri hita en í meðalári og sumpart af því að ríkjandi vindáttir hafa ekki skilað til landsins eins mikilli úrkomu og vænta má í meðalári.

Þetta hefur leitt til þess að afar lítill snjór er á fjöllum uppi og lítil sem engin fyrirstaða í honum gagnvart hláku. Lítið sem ekkert frost er í jörðu og með hækkandi sól fer að gæta bráðnunar á fjöllum uppi yfir daginn jafnvel þótt hitastig sé undir frostmarki.

Óli Þór sagði að talsverðar líkur væru taldar á að veður yrði milt og átakalítið næstu þrjár vikur eða fram yfir páskana sem nálgast óðfluga. Þótt langtímaspár séu að jafnaði ekki eins áreiðanlegar og skemmri spár eru þó um 50% líkur á að þær standist. Samkvæmt þeim verða austlægar og suðlægar áttir ríkjandi á landinu með fremur háu hitastigi. Sú úrkoma sem fylgir verður því að líkindum í formi regns á láglendi en líklega snjókomu til fjalla og ef til vill norðanlands.

Í eyrum þeirra sem hyggja á ferðalög til fjalla á næstunni hljómar þetta ekki sérlega vel. Lítill snjór og sólbráð þýðir að krapablár taka að myndast og þegar þeim sleppir tekur aurbleyta við. Gönguskíðamenn í hálendisferðum hafa snúið frá hálendinu síðustu viku vegna snjóleysis og líklegt að svo verði áfram. Þó er ekki útilokað að skíðamenn geti haldið til fjalla norðanlands og efnt til langferða um Mývatnsöræfi og nágrenni og eins er talið að sæmileg snjóalög séu á fjöllum víða á Vestfjörðum og á Hornströndum.

Af hefðbundnum skíðasvæðum er það að frétta að ekki er þess að vænta að viðri til skíðaferða sunnanlands og því líklegt að straumurinn liggi til Norðurlands þar sem von er á einhverjum snjó og sérstaklega horft til skíðasvæða þar sem snjór er framleiddur.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur skrifar bloggsíðu um veður og tengd málefni á slóðinni www.esv.blog.is. Hann segir í nýlegri færslu að haldist veður svona milt næstu vikur megi búast við að gróður á láglendi fari að koma til, einkum þar sem mælingar sýni að frost í jörðu sé nánast ekki neitt.

Á þessum vangaveltum er vandasamt að byggja ferðaáætlun en gangi spár um milt veður eftir viðrar vel til fjallgangna og alhliða útivistar næstu vikur. Nú fer birtutíminn í hönd og bráðlega verður hægt að vera úti langt fram á kvöld.

Þótt rigni og blási á fjöllum er það alltaf jafnskemmtilegt. Þessi hópur tekur þátt í átaki Ferðafélagsins um eitt fjall á viku og það skýrir númerið sem ein stúlkan heldur á.

Hinir tignarlegu Kálfatindar gnæfa yfir Norðurfirði. Ferðafélag Íslands efnir til ferðalags um sumarmál undir heitinu: Vor í Árneshreppi og þá verður gengið á tindana. MYND/PÁÁ

Vor í Árneshreppi

Ferðafélag Íslands efnir til sumarmálaferðar undir yfirskriftinni: Vor í Árneshreppi. Dvalið verður í þrjá daga á Valgeirsstöðum í Norðurfirði við fjallgöngur á sjaldfarna og tignarlega tinda í nágrenninu, sundferðir og rannsóknir á litríkri sögu staðarins í fortíð og nútíð.

Þátttakendur fara á eigin bílum úr Reykjavík norður í Árneshrepp á sumardaginn fyrsta, 22. apríl. Haft verður samflot að fornum sið og áð á völdum stöðum á leiðinni. Síldarminjasafnið á Djúpuvík heimsótt undir leiðsögn staðarhaldara og þaðan ekið út að Gjögri og gengið á Reykjaneshyrnu síðdegis til að átta sig. Undir kvöld koma menn sér fyrir á Valgeirsstöðum og demba sér í sund í Krossnesi um kvöldið. Daginn eftir, á föstudag, er gengið á Kálfatinda sem gnæfa tignarlegir yfir Norðurfirði og að lokinni sundferð er kvöldmatur og kvöldvaka.

Á laugardegi er gengið á Töflu eða Finnbogastaðafjall og síðdegis verður stefnumót við fróða heimamenn sem segja sögu sveitarinnar og frá undarlegum hlutum sem hún geymir. Um kvöldið er kvöldvaka á Valgeirsstöðum og vonandi kemur leynigestur á vökuna.

Á sunnudegi taka menn saman og aka heimleiðis með viðkomu á merkum sögustöðum í Árneshreppi þar sem hryllilegir atburðir gerðust og rifjuð verða upp helstu atvik Flóabardaga sem lauk á þessum slóðum á söguöld. Þótt nóttin sé að verða björt um sumarmál er allra veðra von. En þátttakendur vilja fagna komu vors og sumars og leggjast í fang náttúrunnar hvernig sem viðrar og skulu því vera búnir til óveðursgöngu ekki síður en sólbaða.

Fararstjórar eru Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Innifalið í verði er gisting á Valgeirsstöðum og fararstjórn.

Sjá nánar á heimasíðu Ferðafélags Íslands, fi.is Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 568-2533. Takmarkaður fjöldi og fyrstir koma fyrstir fá.

FÍ fyrir fullorðna

Hinn 4. mars hófust gönguferðir fyrir eldri og heldri borgara á vegum Ferðafélags Íslands. Gönguferðirnar eru á þriðjudögum og fimmtudögum og hefjast ávallt kl. 14.00. Á þriðjudögum hittast þátttakendur við Árbæjarlaug en þaðan er auðvelt að komast inn á kerfi gangstíga sem teygir sig um allan Elliðaárdal og upp að Elliðavatni.

Á fimmtudögum hittast menn og konur svo við Nauthól í Nauthólsvík kl. 14.00 og þaðan liggja stígar meðfram sjónum í báðar áttir og hlykkjast enn fremur um alla Öskjuhlíðina.

Ferðafélagið leggur til fararstjóra í þessar gönguferðir og hefur Alfreð Hilmarsson tekið þetta verkefni að sér fyrir félagið en Alfreð er vaskur göngugarpur sem er enn léttur á fæti þótt árunum fjölgi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Valitor sem hefur átt náið og gott samstarf við Ferðafélag Íslands.

Allar rannsóknir sýna að fátt er betri heilsubót til sálar og líkama en að taka sér hressandi gönguferð með skemmtilegu fólki. Í þessum ferðum er vegalengd og gönguhraði stilltur í samræmi við virðuleika þátttakenda.

Ferðafélag barnanna

Ferðafélag barnanna sem sett var á laggirnar af Ferðafélagi Íslands síðastliðið sumar var stofnað með formlegum hætti á aðalfundi félagsins í byrjun mars. Ferðafélag barnanna er ætlað yngri börnum, frá 0-12 ára, og með starfsemi félagsins hyggst Ferðafélag Íslands stuðla að því að börn kynnist útivist og náttúru Íslands með jákvæðum hætti frá unga aldri. Félagið mun starfa af krafti í sumar og verður nánar kynnt síðar hvernig starfseminni verður háttað. Sjá nánar á heimasíðu Ferðafélagsins, fi.is.

Útivera kemur út á ný

Tímaritið Útivera kemur út á ný nú á vormánuðum. Það er fyrirtækið Athygli sem gefur blaðið út og ritstjóri þess verður Valþór Hlöðversson en í þriggja manna ritnefnd sitja Gunnar Hólm Hjálmarsson, Ragnheiður Davíðsdóttir og Páll Ásgeir Ásgeirsson.

Útivera mun, eins og áður, fjalla um útiveru, ferðalög, fjallgöngur og íslenska náttúru í sem víðustum skilningi.

Skráðu þig – drífðu þig út

Félagar í Ferðafélagi Íslands eru nú tæplega átta þúsund. Stjórn félagsins hefur sett sér það markmið að fjölga þeim í 10 þúsund. Margvíslegur ávinningur er af því að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Innifalið í árgjaldi sem heimt er inn árlega er glæsileg árbók sem félagið gefur út og leggur mikinn metnað í.

Auk þess fá félagar verulegan afslátt af gistingu í skálum félagsins, afslátt af útivistarfatnaði og búnaði í fleiri en einni verslun.

Síðast en ekki síst eru virkir félagar í FÍ þátttakendur í heilbrigðum lífsstíl sem kallar fram sanna lífsgleði, aukið heilbrigði og vellíðan sem verður aldrei metin til fjár.

Skráðu þig inn- drífðu þig út. Í þessu kjörorði felst áskorun sem erfitt er að standast.

FERMINGAR

HÚÐHREINSUN er sumum nauðsynleg. Best er að fara í húðhreinsun minnst þremur vikum fyrir ferminguna svo húðin verði búin að jafna sig þegar stóri dagurinn rennur upp.



Reykjavík: Mörkin 4 I sími: 533 3500 I Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Akureyri: Hofsbót 4 I sími: 462 3504 I Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-14

Soldis í Blómavali Skútuvogi, kr. 749. Hvönn og aðrar villtar plöntur eru fallegt borðskraut. Þótt hvönnin sé ekki komin upp úr moldu enn má fá hana þvott- og litekta í formi silkis.

IKEA, kr. 595 (4 stykki). Hressileg DRÖMMAR-tertuspjöld í ýmsum litum.



Garðheimar, kr. 595 (3 í pakka). Borðskraut sem festa má á dúk

Ilva, Korputorgi, kr. 1.490. Æðisleg gul karfa undir brauðið í veislunni.



Tiger, Kringlunni, kr. 200 (80 stykki). Drykkjarrör í öllum litum fyrir yngstu kynslóðina í veislunni.

Fagurt skraut á borðið

Vorið er rétt handan við hornið og því upplagt að skreyta fermingarborðið með vorlitum, blómum og öðru hressilegu skrauti. Fallegt er að halda sig við eina tegund af blómum, eða tvær og leggja upp úr servéttum, matarílátum og kertum sem tóna fallega við borðið. Nokkrir fallegir hlutir urðu á vegi Fréttablaðsins.

IKEA, kr. 595. Rauðir, bleikir og vínrauðir MJÖNÄS-stjakar fyrir sprittkertin.

Blómaval, Skútuvogi, kr. 990 (10 stykki). Vilji fólk ekta blóm á fermingarborðið standa túlípanar alltaf fyrir sínu og fást í blómabúðum um þessar mundir.

FERMINGARTILBOÐ

FESTINA
Hönnun - Styrkur

18.900 kr.
Stál
50 m
Öryggislás

19.900 kr.

14.980 kr.
Stál 50 m
Auka leðuról fylgir

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

NÝ KJÓLA SENDING

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Lífi og fjöri hleypt í fermingarveisluna

Daufar umræður um veður og þjóðfélagsástandið geta orðið leiðigjarnar til lengdar í fermingarveislum. Því er um að gera að finna upp á einhverju sem léttir lund gestanna.

Söngbók er kjörin hugmynd fyrir söngelskar fjölskyldur. Með því að prenta út nokkur eintök af textum og fá alla með í fjöldasöng verður til skemmtileg stemning og líklega verða samræðurnar léttari og skemmtilegri á eftir.

Ef fermingarbarnið hefur lært á hljóðfæri er um að gera að leyfa því að láta ljós sitt skína. Mörg eru þau feimin en munu vafalaust njóta þess að fá hrós og athygli að uppistandinu loknu. Best er þó að muna að reyna ekkert flókið og nýtt heldur spila eitthvað sem fermingarbarnið kann vel.

Fátt lífgar meira upp á mannskapinn en skemmtilegt borðspil sem flestir geta tekið þátt í. Spurningaspil eru sérlega þægileg þar sem hægt er að skipta í lið. Þá eru spilarar ekki eins bundnir og geta skroppið frá til að fá sér meira af kræsingum, eða til að spjalla við ættingja sem þeir hitta sjaldan.

Samkvæmisleikir eru fjölmargir og bráðskemmtilegir. Hugmyndir að þeim má fá víða. „Hver er ég“ er leikur sem þarf ekki mikinn undirbúning. Þá hugsar einhver upp fræga persónu og hinir eiga að spyrja já- og neispurninga til að geta upp á því hvern viðkomandi er að hugsa um.

SKATTADAGUR verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík í dag frá 9-18. Þá aðstoða laganemar fólk við gerð skattframtala.

Heimsborgarar í Viðey

Í dag eru vorjafndægur, en þá er dagur jafn langur nóttu. Af því tilefni verður kveikt á friðarsúlu Yoko Ono í Viðey, en líka boðin leiðsögn um verk heimslistafólksins Yoko Ono og Richards Serra í eynni fögru.

„Viðey er vin í borginni og afar spennandi staður; bæði með tilliti til náttúrunnar og sögunnar, en ekki síst listaverkanna tveggja sem þar eru á heimsmælikvarða," segir Heiðar Kári Rannversson listfræðingur sem klukkan hálfþrjú í dag verður með leiðsögn í Viðey þar sem Friðarsúla Yoko Ono og listaverkið Áfangar eftir Richard Serra verða skoðuð, en lokaverkefni Heiðars Kára frá Háskóla Íslands fjallar einmitt um listaverkin tvö í Viðey.

„Verkin í Viðey hafa þá sérstöðu að vera bæði mjög stór í sniðum og vera unnin af listamönnum sem báðir standa í fremstu röð á sínu sviði. Það vita ekki allir að Richard Serra, sem vann verk sín í Viðey 1990, er einn af mestu núlifandi listamönnum Bandaríkjanna og reyndar einn áhrifamesti myndhöggvari samtímans. Því eru undur og stórmerki að finna hér listaverk eftir Serra, enda koma útlendingar sérstaklega til landsins að sjá Áfanga hans í Viðey."

Heiðar Kári eyddi drjúgum tíma í Viðey þegar hann skrifaði lokaritgerð sína og segist hafa þrammað eftir eynni enda á milli. Hann hefur sérstakt dálæti á Áföngum Richards Serra sem standa á vesturhluta Viðeyjar og eru níu súlnapör úr stuðlabergi sem ramma inn nærliggjandi kennileiti eða áfangastaði.

Heiðar Kári Rannversson listfræðingur mun leiða gesti Viðeyjar í merkilegan sannleika um listaverk Yoko Ono og Richards Serra í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Verkið er gífurlega kraftmikið og einkar vel heppnað í alla staði. Þetta er listaverk á heimsmælikvarða og mun merkilegra en fólk gerir sér grein fyrir. Yoko Ono er líka afar merkileg persóna og myndlistarmaður, en það er erfitt að bera verkin saman því Friðarsúlan er listaverk frá öðrum tíma og afar ólíkt Áföngum," segir Heiðar Kári sem bíða mun gesta sinna á hafnarbakkanum í Viðey, en Viðeyjarferjan fer frá Skarfabakka í Sundahöfn klukkan 14.15 (einnig 13.15 og 15.15) og alltaf á hálfa tímanum í land aftur, til 17.30.

„Við munum rölta saman um eyna fallegu og spjalla um tilurð listaverkanna, forsögu þeirra, verkin sjálf, Viðey, listamennina og listferil þeirra."

Opið verður í Viðeyjarstofu þar sem boðið er upp á úrval veitinga og tilvalið að fá sér hressingu að göngu lokinni. *thordis@frettabladid.is*

Porsche 911 Sport Classic.

Frumsýna Porsche 911 Sport Classic

BÍLABÚÐ BENNA FRUMSÝNIR Í DAG BIFREIÐ SEM ER AÐEINS FRAMLEIDD Í 250 EINTÖKUM.

Porsche 911 Sport Classic er all sérstakur bíll enda aðeins framleiddur í 250 eintökum. Bílabúð Benna tókst að útvega sér einn slíkan sem verður frumsýndur í dag í sýningarsal verslunarinnar á Vagnhöfða.
Billinn er sérsniðinn fyrir dygga aðdáendur Porsche þar sem endurvakin eru þekkt hönnunaratriði úr sögu Porsche. Ekkert var til sparað í tækniþáttum en billinn er í grunninn hlaðinn búnaði, svo sem keramikbremsum, „ducktail"-afturvæng, læstu afturdrifi, 19" svartmáluðum Fuchs-felgum og leðurklæddri innréttingu.
Porsche 911 Sport Classic verður til sýnis í Porsche-salnum Vagnhöfða 23, frá klukkan 12 til 16 í dag.

Einn af 250 framleiddum bílum.

FRÍTT FYRIR BÖRNIN

Fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Hámark 2 börn á 1 fullorðinn. Gildir út mars.

Culiacan MEXICAN GRILL
Faxafeni 9 533 1033

TALLINN
í beinu flugi 12.—24. júlí
Miðaldaborg frá 11. öld á frábæru verði **34.990 kr**, flug og skattur.
Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco.

EISTLAND+LETTLAND 2JA LANDA SÝN
12 daga ferð á góðu verði – kastalar, hallir, falleg sveitahéruð og miðaldaborgir. Fararstjóri Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur.

RIGA
í beinu flugi
17.—22. ágúst

Forn borg menningar og lista, ótrúlegt verð **32.990 kr**, flug og skattur. Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eistrasaltið.

Flug, hótel, rúta til og frá flugvelli,
verð aðeins 63.900 kr.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Verð miðað við gengi EU 10. mars
www.transatlantic.is

ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

SUÐURLANDSBRAUT 26
108 Reykjavík
TIL LEIGU Á ANNARI HÆÐ 500M2...

Stærð: 500 fm
Fjöldi herbergja: 1
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 1

RE/MAX Senter

TANNLÆKNAR, ARKITEKTAR ofl... | **Verð: TILBOÐ**

TIL LEIGU
Sérlega gott ca.500 fm óinnréttað atvinnuhúsnæði á annari hæð við Suðurlandsbraut. Rýmið er mjög bjart og opið, afhendist tilbúið til innréttinga og gefur því mikla möguleika fyrir leigutaka. Framhlið hússins snýr að Esjunni og er sérstaklega skemmtilegt óhindrað útsýni til norðurs. Aðkoma er öll hin snyrtilegasta, gengið er inn að framanverðu í gott andyri, þar liggur stigi og lyfta upp á 2. hæð. Mjög góð staðsetning og aðkoma, næg bílastæði. Tilvalið fyrir skrifstofur, tannlækna- eða arkitektastofur. Í sama húsnæði eru reknar tvær verslanir sem hafa mikla umferð fastra viðskiptavina, einnig er mikil verslun og þjónusta í grendinni s.s. apótek ofl.
Eitt besta staðsetta verslunar- og þjónustuhús á Suðurlandsbrautinni.

Allar nánari upplýsingar veitir Óskar Jónsson sölufulltrúi í síma 773 6720 eða á netfang oskar@remax.is

Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

LAUGAVEGUR 40
101 Reykjavík
LÚXUSÍBÚÐ í hjarta borgarinnar....

Stærð: 92,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 22.250.000

RE/MAX Senter

Opið Hús

OPIÐ HÚS SUNNUDAG MILLI 16.30 - 17.00 | **Verð: 33.900.000**

Stórglæsilega 3ja herb. lúxusíbúð á 2.hæð miðsvæðis á Laugavegi. Eldhús og stofa er opið og bjart rými með fallegri innréttingu, granít borðplata, parket á gólfum. Baðherbergi flísalagt granítflísum, sturtklefi með mosaic flísum, upphengt salerni og innrétting. 2 góð svefnherbergi, þrennar svalir og heitur pottur. Stór geymsla og sér þvottahús er í kjallara. Gluggar með sérstaklega hljóðeinangrandi gleri. Sameign er mjög snyrtileg, lyfta er í húsinu.
101 þar sem hjartað slær.

Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

NJÁLSGATA 104
101 Reykjavík
NÝUPPGERÐ Í MIÐBÆNUM....

Stærð: 53,7 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1936
Brunabótamat: 7.810.000

RE/MAX Senter

Opið Hús



OPIÐ HÚS SUNNUDAG MILLI KL.15.30-16 | **Verð: 14.000.000**

Mjög snyrtileg, vel hönnuð og björt íbúð í kjallara í 3ja íbúða húsi, lítið niðurgrafin. Eignin hefur öll verið endurnýjuð á smekklegan hátt, nýtt slitsterkt Pergo parket á gólfi og ný vönduð L-laga innrétting frá Byko í eldhúsi. Allt nýtt á baði, flísalagt gólf og sturtuklefi upphengt salerni. Bæði stofan og herbergið eru mjög rúmgóð og fer ekkert pláss til spillis. Allir gluggar og gluggapóstar eru nýlegir og í góðu ástandi. Allar vatns og raflagnir eru nýjar, óskráð rými á efstu hæð ca. 14m2.

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

HAGASEL 16
109 Reykjavík
Fallegt raðhús í barnvænu hverfi..

Stærð: 184,4 fm
Fjöldi herbergja: 5-6
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 34.000.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Opið Hús

OPIÐ HÚS SUNNUDAG MILLI KL.14-15... | **Verð: 41.500.000**

Glæsilegt og vel staðsett 5-6 herb. raðhús með bílskúr á 2. hæðum. Öll efri hæðin og baðherbergi hafa verið endurnýjuð á smekklegan hátt með nýjum hurðum og vönduðu parketi úr aski, granítflísum á andyri, eldhúsi og baðherb.þar hefur einnig hefur verið settur gólfhiti. Fallegar sprautulakkaðar innréttingar í eldhúsi. Samliggjandi stofa og borðstofa. Gott þvottahús ásamt þurkkherbergi og tómstundarými. Skjólsæll suðurgarður með heitum potti. Mjög snyrtileg og góð eign...
VELKOMINN Í OPIÐ HÚS...

Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

Ólafsgeisli 105
113 Reykjavík
Einbýlishús - Ólafsgeisli

Stærð: 233,7 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær

Opið Hús

Laugardaginn 20. mars kl. 15:00 -16:00 | **Verð: tilboð**

REMAX BÆR KYNNIR Í EINKASÖLU EINBÝLISHÚS VIÐ ÓLAFSGEISLA , GRAFARHOLTI. 113 REYKJAVÍK.
Nýlegt glæsilegt sérlega vandað einbýlishús á frábærum stað við Ólafsgeisla, rétt fyrir ofan Grafarholts golfvöllinn. Eignin er viðhaldslétt steinsteypt hús, einangrað að utan og steinað. Húsið er á tveimur hæðum alls 250 m2 brt. með innbyggðum 32 m2 bílskúr og 3ja herbergja séríbúð á neðri hæð. Bein sala eða skipti á minni eign. Afhending samkomulag

Guðbergur
Lögg.fasteignasali
Begg@remax.is

Kristinn
Lögg. fasteignasali
898 4125
kristinn@remax.is

Smiðjuvegur 6..
200 Kópavogur
Gott atvinnuhúsnæði á besta stað

Stærð: 126 fm
Fjöldi herbergja: 1
Byggingarár: 1975
Brunabótamat: 15.850.000

RE/MAX Senter

Smiðjuvegur | **Verð: 17.500.000**

Frábær staðsetning með miklu auglýsingagildi. Bilið er 125,6 fermetrar og er einn salur með baðherbergi. Bjart og gott atvinnuhúsnæði sem hentar undir verslun eða annan snyrtilegan rekstur. Einnig er til sölu bilið við hliðina 110,9 fm og samtals eru þetta 236,5fm. Bilin eru á sitthvoru fastanúmerinu. Í dag er opið á milli bilanna en auðveld að loka á milli, eða hafa þau sem eina heild.

Kristín Reynisd.
Sölufulltrúi
822 6800
kristinr@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

HÖFUÐBORGIN
999
VANTAR EIGNIR Á SKRÁ....

Stærð: 70-5000 fm
Fjöldi herbergja: 1-5
Byggingarár: 1900
Brunabótamat: 1

RE/MAX Senter





HEF KAUPENDUR AF ÞESSUM EIGNUM.... | **Verð: Öllum**

1. 3JA- 4RA HERBERGJA Á YFIRTÖKU LÁNA GREIÐSLUGETA 60-120.000 PR. MÁN.
2. 3JA- 4RA HERBERGJA Á VÖLLUNUM Í SKIPTUM FYRIR VEÐBANDALAUSA BÍLA
3. SUMARHÚS Á YFIRTÖKU LÁNA FULLBÚIÐ
4. 250m2 EINBÝLI Á EINNI HÆÐ VESTAN ELLIÐAÁR OG 300m2 Á ARNARNESINU
5. 300M2 IÐNAÐARHÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU MEÐ GÓÐRI INNKEYRSLUDYR
6. 3-5000m2 VERSLUNAR OG LAGERHÚSNÆÐI Í 105 EÐA 108

Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is

SUÐURLAND
801 Selfoss
VANTAR SUMARHÚS Á SÖLUSKRÁ

Stærð: 0-200 fm
Fjöldi herbergja: 1-6
Byggingarár: 0
Brunabótamat: 0

RE/MAX Bær



ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR | **Verð: 0**

ÞAÐ STYTTIST Í VORIÐ. OKKUR VANTAR SUMARHÚS Á SÖLUSKRÁ, ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIÐ, HELST Á SUÐURLANDI. HRINGIÐ OG VIÐ MÆTUM Á STAÐINN, METUM EIGNINA OG SETJUM Á SÖLUSKRÁ. VIÐ SJÁUM SJÁLFIR UM AÐ SÝNA EIGNIR Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR. UPPLÝSINGAR VEITA SNORRI S. 8648090 ss@remax.is OG MAGNÚS S. 6949999 maggi@remax.is

Magnús Ninni
Sölufulltrúi
6949999
maggi@remax.is

Snorri
Lögg. fasteignasali
8648090
ss@remax.is

La Florida
1000 Útlönd
Fallegt raðhús á Spáni

Stærð: 110 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 0
Brunabótamat: 0

RE/MAX Senter

Torrevieja | **Verð: 0**

Raðhús á tveimur hæðum og sólþaki í La Florida hverfinu í bænum Torrevieja á Spáni. Húsið er í lokuðum raðhúsakjarna með sér sundlaug og garði. Eignin er fullbúin húsgögnum. Í húsinu eru þrjú tveggja manna herbergi. Eitt þeirra með hjónarúmi og stórum fataskáp. Tvö baðherbergi eru í húsinu. Á neðri hæð er salerni með vaski og spegli.Eldhús með eldavél,ísskáap og öllum eldhústækjum. Á lóðinni er sameiginleg sundlaug og barnalaug. Þrír 18 holu golfvellir eru í nágrenninu.
ÖLL SKIPTI SKOÐUÐ.

Kristín Reynisd.
Sölufulltrúi
822 6800
kristinr@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Handavinnukennari óskast

Handavinnukennari óskast að Hússtjórnarskólanum í Reykjavíkur frá og með 1. ágúst 2010.

Kennslugreinar eru fatasaumur og útsaumur. Framhaldsskólaréttindi eru skilyrði.

Umsóknir sendist til skólameistara
Hússtjórnarskólas í Reykjavíkur
Sólvallagötu 12 101 Reykjavík
fyrir 15. apríl 2010.

ALÞJÓÐA SKÓLINN á Íslandi

Full-time teacher - 2010-2011 school year

The International School of Iceland (ISI) is seeking to hire a full-time teacher for the next school year. Please note that for this position, the candidate must have US citizenship.

Main Duties include:
- Homeroom teacher
- English literature, grades 5-9
- English instruction to both native and non-native speakers, grades 4-9
- Oversee school library
- Curriculum development
- International Primary Curriculum (thematic teaching), grades 4-6

Teacher qualifications necessary:
- U.S. educated, Bachelor´s degree in education or higher
- U.S. certification, any state
- At least 3 years of teaching experience

ISI offers a dynamic learning environment for elementary school children in grades K-9. Our emphasis is on international-mindedness and positive discipline within a bilingual environment. Staff members come from Iceland, the U.K., Germany, Holland and India. The school is located within Sjálandsskóli, a state-of-the-art school in Garðabær.

For more information, see www.internationalschool.is
Qualified candidates are welcome to send their c.v. and letter of interest to isi@internationalschool.is by March 26th.

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingur

Félags- og tryggingamálaráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á velferðarsviði ráðuneytisins. Helstu verkefni velferðarsviðs eru málefni barna, fjölskyldna, fatlaðra og aldraðra, félagsþjónusta sveitarfélaga og húsnæðismál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar eða sambærilegum störfum æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði velferðar- og fjölskyldumála er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tungumálakunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Helstu verkefni sem falla undir starfið er þátttaka í stefnumótun í þeim verkefnum sem við eiga hverju sinni og falla undir velferðarsvið. Vinna við gerð lagafrumvarpa og reglugerða, svara fyrirspurnum og veita leiðbeiningar m.a. vegna laga og reglna sem falla undir málaflokka sviðsins. Að annast almenn lögfræðistörf á sviðinu svo sem með lögfræðilegri ráðgjöf, umfjöllun og ritun lögfræðilegra úrskurða og álitsgerða.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á ögguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í síma 545 8100 eða með tölvupósti: vilborg.ingolfsdottir@fel.stjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið: postur@fel.stjr.is eigi síðar en 11. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Capacent Ráðningar

SKRIFSTOFUSTARF
AKUREYRI

BECROMAL
ALUMINUM FOIL FOR ELECTROLYTIC CAPACITORS

Framleiðsla í aflþynnuverksmiðju Becromal hófst sl. haust og starfa nú á sjötta tug starfsmanna hjá fyrirtækinu á Akureyri.

Becromal Iceland ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu í aflþynnuverksmiðju fyrirtækisins á Akureyri.

Starfssvið
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Aðstoð við launavinnslu
- Símsvörun
- Ritarastörf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi og launavinnslu
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgata 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í SÖLUDEILD

Elkem

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem Ísland leitar að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa í söludeild fyrirtækisins.

Starfssvið
- Móttaka og frágangur pantana ásamt reikningagerð
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Samskipti við söludeildir og umboðsmenn fyrirtækisins erlendis
- Skipulagning og eftirlit með flutningi á vörum fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Stúdentspróf eða reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af bókhaldsvinnu, inn- eða útflutningi er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KREFJANDI TÆKIFÆRI Í BOÐI

Icelandic Water Holdings er leiðandi í átöppun og útflutningi á fersku íslensku vatni undir vörumerkinu Icelandic Glacial. Átöppunarverksmiðja félagsins og skrifstofa eru að Hlíðarenda í Ölfusi. Félagið starfrækir einnig söluskrifstofur í Bandaríkjunum og Englandi.

Icelandic Water Holdings óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfulla einstaklinga í störf framleiðslustjóra og innkaupastjóra. Í boði eru spennandi og krefjandi störf í framsæknu fyrirtæki sem á undanförnum árum hefur haslað sér völl í útflutningi á vatni. Viðkomandi aðilar verða að geta hafið störf sem fyrst.

FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMLEIÐSLUSVIÐS

Framleiðslumál, gæðamál, innkaup og lagerhald heyra undir framleiðslusvið.

Starfssvið
- Dagleg stýring framleiðslusviðs
- Ábyrgð á allri framleiðslu félagsins
- Ákvarðanataka varðandi framleiðslu
- Samskipti við birgja
- Önnur verkefni á framleiðslusviði

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af framleiðslustýringu í matvælageiranum
- Þekking og geta til að hámarka hagkvæmni framleiðsluferlisins
- Góð ensku og tölvukunnátta
- Frumkvæði, skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

INNKAUPASTJÓRI

Starfssvið
- Ákvarðanataka um hráefnisinnkaup í samvinnu við framleiðslustjóra
- Innkaupapantanir og samskipti við birgja
- Umsjón með flutningum hráefnis og fullunninnar vöru milli landa sem og samskipti við flutningsaðila
- Birgðaskýrslur og kostnaðarverðsútreikningur
- Umsjón með Carbon Neutral staðli félagsins
- Ýmis önnur skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun kostur
- Reynsla af innkaupum og birgðastýringu
- Reynsla af samskiptum við flutningsaðila
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta skilyrði, þekking í Axapta og OLAP æskileg
- Frumkvæði, skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í INNHEIMTUDEILD

VÍS er í dag stærsta tryggingafélag landsins og á djúpar rætur í íslensku samfélagi. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman mynda sterka liðsheild. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS leitar að þjónustufulltrúa í innheimtudeild til starfa hjá félaginu.

Starfssvið
- Þjónusta við viðskiptavini
- Ráðgjöf og kennsla
- Meðferð viðskiptakrafna
- Skýrslu- og upplýsingagjöf
- Þróun verkferla
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innheimtustörfum æskileg
- Þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

TÆKNISTJÓRAR HÖRPU

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um uppbyggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laus til umsóknar störf yfirmanns ljósadeildar og yfirmanns hljóðvistar í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.

TÆKNISTJÓRI LJÓSABÚNAÐAR

Tæknistjórinn er yfirmaður ljósa í sölum hússins og jafnframt yfirmaður rafmagns í húsinu. Tæknistjóri skipuleggur vinnu annarra tæknimanna í ljósadeild og vinnur jafnframt með tónleika-, ráðstefnuhöldurum og öðrum sem standa fyrir viðburðum i Hörpu. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning, m.a. með erlendum ráðgjöfum. Eftir opnun hússins er tæknistjóri í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur.

Starfssvið
- Samstarf við fasta notendur í Hörpu, SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Ljósahönnun í sölum hússins og skipulag hennar í samráði við skipulagsstjóra
- Samskipti við innlenda sem erlenda samstarfsaðila
- Gerð tilboða v. viðburða í samráði við verkefnastjóra og framkvæmdastjóra
- Áætlanagerð og undirbúningur með tónleika- og ráðstefnuhöldurum
- Umsjón og eftirlit með tæknibúnaði er varðar lýsingu í Hörpu
- Umsjón og eftirlit með rafmagnsbúnaði í Hörpu

Menntunar- og hæfniskröfur
- Umfangsmikil reynsla af ljósahönnun og vinnu við ljóstækni
- Rafvirki eða hliðstæð menntun
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af mannahaldi og vinnuskipulagi
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

TÆKNISTJÓRI HLJÓÐSTJÓRNAR

Tæknistjórinn er yfirmaður hljóðvistar í sölum hússins og jafnframt yfirmaður innanhússkerfa í Hörpu. Tæknistjóri skipuleggur vinnu annarra tæknimanna sem vinna við hljóðtækni í húsinu og vinnur með tónleika-, ráðstefnuhöldurum og öðrum sem standa fyrir viðburðum í Hörpu. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning, m.a. með erlendum ráðgjöfum. Eftir opnun hússins er tæknistjóri í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur.

Starfssvið
- Samstarf við fasta notendur í Hörpu, SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Yfirumsjón með hljóðhönnun og hljóðvist í sölum hússins og skipulag hennar í samráði við skipulagsstjóra
- Samskipti við innlenda sem erlenda samstarfsaðila
- Gerð tilboða v. viðburða í samráði við verkefnastjóra og framkvæmdastjóra
- Áætlanagerð og undirbúningur með tónleika- og ráðstefnuhöldurum
- Umsjón og eftirlit með tæknibúnaði sem snertir hljóðhönnun og hljóðvist í Hörpu
- Umsjón og eftirlit með tæknibúnaði sem snertir öll innanhúskerfi í Hörpu

Menntunar- og hæfniskröfur
- Umfangsmikil reynsla af hljóðtækni og hljóðvist
- Rafeindavirki eða hliðstæð menntun
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af mannahaldi og stjórnun
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Matreiðslumaður

Vilt þú vinna hjá rótgrónu, metnaðarfullu, farsælu matreiðslufyrirtæki úti á landi? Lostæti sem er eitt af stærstu veitingaþjónustufyrirtækjum landsins leitar eftir dugmiklum matreiðslumanni í starfsstöð sína í eldhúsi Alcoa á Reyðarfirði. Starfið felur í sér alhliða matseld ásamt því að taka þátt í skipulagi, matseðlagerð, veisluumsjón auk annarra verkefna sem falla til.

Hæfniskröfur:
- **Matreiðslumenntun**
- **Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Útsjónarsemi og áreiðanleiki**
- **Hæfni til að vinna undir álagi**
- **Snyrtimennska og hreinlæti**

Starfsemi Lostætis felst í veislu- og veitingaþjónustu við fyrirtæki og hópa ásamt rekstri á kaffiteríum og mötuneytum. Við leggjum ríka áherslu á gæði og leggjum metnað í að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar.
Lostæti er sístækkandi fyrirtæki en meðal starfsemi okkar er:
- *Mötuneyti Alcoa á Reyðarfirði*
- *Framleiðslueldhús á Akureyri*
- *Matstofa Háskólans á Akureyri*
- *Matstofa Verkmenntaskólans á Akureyri*
- *Umsjón nokkurra mötuneyta í stærri fyrirtækjum*
- *Veisluþjónusta*
- *Ávaxtaland*

Lostæti leggur áherslu á vellíðan starfsmanna, starfsánægju og góðan starfsanda.
Stuðst er við dreifða ákvarðanatöku og starfsmenn eru hvattir til frumkvæðis og hugmyndasköpunar.

Umsóknarfrestur til og með 26.mars.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.lostaeti.is.
Vinsamlega sendið umsóknir og fyrirspurnir á netfangið eva@lostaeti.is.
Eins svarar Eva Hrund Einarsdóttir starfsmannastjóri fyrirspurnum í síma 461 3713.

LOSTÆTI
VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA

Félagsráðgjafi

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs óskar eftir að ráða
Félagsráðgjafa eða einstakling með menntun og reynslu sem nýtist í neðangreindu starfi.

Hjá félagsþjónustunni vinnur samhentur hópur fagmanna sem fæst við fjölbreytt verkefni á sviði fjölskyldu- og barnaverndar, heimaþjónustu, almennrar félagsþjónustu, málefna aldraða, fatlaðra og nýrra íbúa. Unnið er að innleiðingu PMT í sveitarfélagið.
Starfssvæði félagsþjónustunnar nær yfir sex sveitarfélög frá Djúpavogi í Suðri til Vopnafjarðar í norðri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- *Skipulagning og þróun „ráðgjafarinnar heim" sem er endurhæfingamiðað þjónustutilboð til einstaklinga sem glíma við t.d. kvíða eða þunglyndi og vilja stuðning og hvatningu við að setja sér markmið, skipuleggja daginn og sigrast á þeim verkefnum sem þeir hafa sett sér fyrir.*
- *Barna- og fjölskylduvernd*
- *Málefni nýrra íbúa*

Um er að ræða 100% stöðu. Laun eru skv. kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá merkt Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs – atvinnuumsókn, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið kristinth@egilsstadir.is.
Einnig má sækja um stöðuna á www.job.is

Umsóknarfrestur er til 23. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Þ. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri kristinth@egilsstadir.is, sími 470 0705.

Fljótsdalshérað

SNYRTI-AKADEMÍAN
SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

óskar eftir

að ráða fótaaðgerðafræðing til kennslu við Fótaaðgerðaskóla Íslands. Áhugasamir sendi upplýsingar fyrir 7. apríl á gudrun@snyrti-akademian.is

Tölvunarfræðingur

Við hjá Loftmyndum ehf. erum leiðandi í kortagerð og vinnslu landfræðilegra gagna á Íslandi. Með okkur starfa bestu sérfræðingar landsins á þessu fagsviði. Við tökum okkar eigin loftmyndir til kortagerðar og erum eina fyrirtæki landsins sem á allan búnað til þess.

Vegna aukinna umsvifa á hugbúnaðardeild leitum við nú að öflugum tölvunarfræðingi til að vinna að þróun á landfræðilegum hugbúnaðarlausnum fyrir viðskiptavini okkar, sem eru opinberar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki. Reynsla af AJAX vefforritun og þekking á vensluðum gagnagrunnum er nauðsynleg.

Umsóknir má senda á orn@loftmyndir.is en frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.loftmyndir.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjötiðnaðarmaður
Matreiðslumaður

Við leitum að einstakling til að veita forstöðu einu glæsilegasta kjötborði landsins í Hagkaup Kringlunni.

Nánari uppl. veitir Guðmundur Friðgeirsson í s:6606302

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Bókhalds- og skrifstofustarf.

Við leitum af starfsmanni til að leysa af tímabundið vegna fæðingarorlofs eða lágmark 9 mánuði.Viðkomandi þarf að geta hafið störf í maí n.k. Starfið sem um ræðir er mjög fjölbreytt, en þetta eru megin þættir þess:

Starfsvið.
-Símavarsla og sala í síma.
-Viðskiptamannabókhald (útsending greiðsluseðla, innheimta og önnur umsjón).
-Afstemmingar.
-Aðstoð við fjárhagsbókhald.
-Önnur aðstoð við fjármálastjóra og markaðstjóra.

Hæfinskröfur
-Menntun sem nýtist í starfi.
-Haldgóð reynsla af skrifstofustörfum.
-Góð tölvukunnátta skilyrði , þekking á DK kostur.
-Nákvæmni í starfi og öguð vinnubrögð.
-Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi.
-Hæfni í mannlegum samskiptum.
-Stundvísi, frumkvæði og góð heilsa.

Áhugasamir sendið inn atvinnuumsókn ásamt ferilskrá á **magga@mjollfrigg.is** eða í pósti merkt umsókn á skrifstofu okkar. Umsóknarfrestur er til og með 31.mars nk.

mjöll frigg
-hreinlega sterkari

Mjöll-frigg hf.
Norðurhellu 10
221 Hafnarfjörður
S: 512-3000
mjollfrigg@mjollfrigg.is

BARNAVERNDARSTOFA

Störf á meðferðarheimili á Suðurlandi

Á næstunni mun Barnaverndarstofa hefja rekstur meðferðarheimilis fyrir unglinga að Geldingalæk á Rangárvöllum. Meðferðin er ætluð unglingum sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Unnið verður í nánu samstarfi við barnaverndarnefndir og aðra lykilaðila í meðferð fjölskyldu og barns.

Áhersla verður lögð á þátttöku foreldra og fjölskyldu, þjálfun í félagsfærni og sjálfsstjórn, nám og starfshæfni, sem og undirbúning fyrir heimkomu að lokinni vistun. Óskað er eftir áhugasömu fólki til starfa sem undir stjórn forstöðumanns myndar liðsheild þar sem tómstundum, umönnun, námi og viðurkenndum aðferðum er fléttað saman í markvissri meðferð.

Störf dagskrárstjóra og starfsmanna við meðferð á vöktum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á uppeldis, félags- eða heilbrigðis sviði og/eða sambærileg reynsla af meðferð barna með alvarlegan hegðunarvanda og fjölskyldna þeirra.
- Áhugi og færni í að beita viðurkenndum aðferðum svo sem atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð, þjálfun í félagsfærni (ART), fjölskylduráðgjöf og -meðferð.

Starf matráðs

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun eða sambærileg reynsla á matvælasviði.
- Æskileg reynsla af vinnu með unglingum á meðferðar heimili.

Störf næturvarða

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Æskileg reynsla af vinnu með unglingum á meðferðar heimili.

Við mat á umsækjendum er lögð áhersla á samskiptahæfni og einstaklingsbundna þætti sem að mati Barnaverndarstofu nýtast í starfi. Umsóknarfrestur er til 26. mars 2010. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknum skal skila til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum rafrænt (ingibjorg@bvs.is).

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður eða sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs í síma 530 2600.

Saumatæknir

Húsgagnaframleiðandi óskar eftir saumatækni.
Æskileg reynsla af iðnaðarsaum(bólstrun).
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsögn og ferilskrá sendist á innbu@simnet.is

Fasteignasala – sölumaður

Rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óksar eftir dugmiklum sölumanni til starfa. Einungis aðili með reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði kemur til greina.

Áhugasamir sendi umsókn á Fréttablaðið eða box@frett.is merkt "sölumaður"

Íslandsbanki

Lagerstjóri

í Rekstrardeild Íslandsbanka

Bítillinn John Lennon og ástkona hans Yoko Ono tóku skyndiákvörðun um að gifta sig á þessum degi 1969. Eftir nokkrar þreifingar ákváðu skötuhjúin að gifta sig á Gíbraltar. Þau flugu þangað í einkaflugvél 20. mars og fóru beint til bresku ræðismannsskrifstofunnar þar sem 10 mínútna athöfn var framkvæmd af ritaranum Cecil Wheeler. Eftir innan við klukkutíma stopp flugu þau til Amsterdam, komu sér fyrir í aðalsvítu Hilton-hótelsins, þar sem þau dvöldu í viku og ræddu frið á jörð. Blaðamenn áttu þar greiðan aðgang milli klukkan 10-22 á hverjum degi. Lennon samdi síðar The Ballad of John and Yoko um ævintýrið.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Öen Magnússon

ljósmóðir, Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík, áður til heimilis að Bleikjukvísl 15, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 18. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 26. mars kl. 15.00.

Rögnvald Othar Erlingsson
Erling Elís Erlingsson
Baldur P. Erlingsson
Helena Kristjánsdóttir
Ásdís Bjarnadóttir
Bryndís Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



†

Okkar bestu þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát vinar og frænda,

Ragnars Þ. Guðmundssonar

bónda, Nýhóli, Fjöllum,

sem við fylgdum þann 6. mars sl. með yndislegri stund í Húsavíkurkirkju og í Bjarnahúsi að athöfn lokinni. Enn og aftur, innilegar þakkir til starfsfólks á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fyrir umönnun og hlýju. Þeim sem vildu minnast þessa yndislega manns er bent á styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (1110 26 1060 kt. 520296 2479).

F.h. aðstandenda,
Guðrún Garðarsdóttir
Unnur Sig. Gunnarsdóttir
Þorbjörg Júlíusdóttir.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Grétar Guðmundsson

frá Hól í Hafnarfirði,

lést þann 9. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Gréta Dóra Grétarsdóttir
Sigþór Grétarsson
Grétar Þór Grétarsson
Hanna Grétarsdóttir
Birgir Ottósson
Katrín Sigurþórsdóttir
Örvar Már Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn hins látna.



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurlaugar Jónsdóttur

Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

Jón Aðalsteinsson
Björg Aðalsteinsdóttir
Kristín J. Aðalsteinsdóttir
Eygló Aðalsteinsdóttir
Guðbjörg J. Eyjólfsdóttir
Ómar Ólafsson
Björn Ágústsson
Bergsveinn Halldórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartkær frænka okkar,

Helga Guðjónsdóttir

Litlu Háeyri, Eyrarbakka,

lést á Kumbaravogi miðvikudaginn 17. mars.

Brynjólfur G. Brynjólfsson
Bára Brynjólfsdóttir
Auðbjörg Ögmundsdóttir
Valgerður K. Sigurðardóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ingvar Þorgilsson

fyrrverandi flugstjóri, Vogatungu 19, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, laugardaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. mars kl. 15.00.

Inga Thorlacius
Ágústína Ingvarsdóttir
Haraldur Ingvarsson
Þorgils Ingvarsson
og barnabörn.
Kristinn Sigtryggsson
Nanna K. Árnadóttir
Hólmfríður Benediktsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs vinar míns, bróður okkar og mágs,

Guðmundar Ásbjörnssonar

Faxastíg 22, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Sjúkrahúss Vestmannaeyja.

Sigurlaug Ólafsdóttir
Fjölnir Ásbjörnsson
Garðar Ásbjörnsson
Guðlaug Kjartansdóttir
Ásta Sigurðardóttir.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Áslaug Hafberg

fyrrverandi kaupmaður, Vesturgötu 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 17. mars. Útförin verður auglýst síðar.

Elías Árnason
Gunnar Viðar Árnason
Bjarney Anna Árnadóttir
Jette Svava Jakobsdóttir
Bjarnveig Valdimarsdóttir
Friðfinnur Halldórsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

BASS-BARITÓNSÖNGVARINN „Ég var alltaf keyrður og sóttur. Mamma var í endalausu skutli,“ segir Breiðhyltingurinn Andri Björn um æfingaferðirnar í Langholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON: ER MEÐ SÍNA FYRSTU EINSÖNGSTÓNLEIKA

Dimmraddað- ur eitt haustið

Söngur hefur verið stór þáttur í lífi Andra Björns Róbertssonar sem er nýorðinn tuttugu og eins árs. Segja má líka að Langholtskirkja hafi verið hans annað heimili og þar kemur hann fram á einsöngstónleikum annað kvöld sem hefjast klukkan 20. Þeir eru á vegum listafélags kirkjunnar. „Ég var fimm ára þegar ég byrjaði í kór og tíu ára fór ég að læra söng hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur óperusöngkonu sem hefur verið kennarinn minn síðan,“ upplýsir Andri Björn þegar forvitnast er um grunninn. Sextán ára kveðst hann hafa innritast í Söngskólann í Reykjavík og ætla að útskrifast þaðan í vor. Hefur hann verið samferða einhverjum vinum sínum á þessum ferli? „Nei, þetta er nú dálítið sjálfhverft nám og maður er mikið einn í því,“ er svarið. Samhliða hefur hann svo verið í hefðbundnara námi og útskrifaðist stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík síðasta vor en „er að dútla í íslensku í vetur í Háskóla Íslands, svona til að viðhalda fjölbreytninni,“ eins og hann orðar það.

Andri Björn er sonur Önnu Björnsdóttur tækniteiknara og Róberts Agnarssonar viðskiptafræðings. Hann ólst upp í Breiðholtinu þannig að ekki gat hann hlaupið á æfingar í kirkjunni, rétt sisvona. „Ég var alltaf keyrður og sóttur,“ segir hann. „Mamma var í eilífu skutli.“ Hann segir alls konar tónlist hljóma í hans heimahúsum, en hvað kýs hann sjálfur helst að hlusta á? „Mest klassík,“ svarar hann. „En svo hlusta ég líka á útvarpið og þá fæ ég allan grautinn.“ Hann hefur djúpa rödd og syngur bass-baritón. Varla hefur það verið sýnt þegar hann var barn. „Nei, ég söng hæsta sópran til að byrja með en mætti svo dimmraddaður eitt haustið því ég fór í mútur um sumarið. Ég held að söngnámið hafi hjálpað mér að fara í gegnum þær því ég hafði lært að beita röddinni.“

Ekki hefur Andri Björn látið námið hjá Ólöfu Kolbrúnu nægja heldur hefur hann sótt ýmis námskeið hjá öðrum virtum kennurum. Af íslenskum nefnir hann Þóru Einarsdóttur og Kristin Sigmundsson og af erlendum Galinu Pisarenko, Christopher Field og Alexander Schmalcz. Síðastliðið sumar bauðst honum þriggja vikna námskeið á Ítalíu sem einungis tólf efnilegir söngvarar víða að úr heiminum komust á og það í boði dívunnar Dame Kiri Te Kanawa. „Það var mjög gaman,“ segir hann. „Þar kenndi Kanawa og líka Dennis O'Neill og José Carreras. Síðan fór ég til Frakklands á ljóðanámskeið.“

Þótt einsöngstónleikar Andra Björns nú séu þeir fyrstu þá hefur hann oft komið fram áður, bæði sem einsöngvari við ýmis tækifæri og þátttakandi í nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík. Nú stefnir hann á framhaldsnám erlendis. „Ég fer líklega til London næsta haust, er kominn inn í skóla þar sem heitir Royal Academy. Ég fór þangað í nóvember til að skoða mig um og leist bara mjög vel á,“ segir hann og býst við þriggja til fjögurra ára útivist.

gun@frettabladid.is

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir

Jóhannes Þórðarson

Stykkishólmi/Flatey

Lést fimmtudaginn 18. mars á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi. Jarðað verður laugardaginn 27. mars frá Stykkishólmskikju kl. 13.00.

Gyða Sigurðardóttir
Ingveldur Þ. Jóhannesdóttir — **Hrannar Erlingsson**
Valborg E. Jóhannesdóttir — **Sigurður G. Markússon**
Hrönn Bernharðsdóttir — **Gunnar Leví Haraldsson**
Agnes Agnarsdóttir — **Þórður Þorsteinsson**
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svanlaug Einarsdóttir

Birkimörk 8, Hveragerði,
áður Fannborg 1, Kópavogi,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði að morgni laugardagsins 13. mars, verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 22. mars kl. 15.00.

Sigurður Z. Skúlason — **Gréta Sigfúsdóttir**
Skúli Skúlason — **Elsa Aðalsteinsdóttir**
Baldvin E. Skúlason — **Unnur Tessnov**
Gillý S. Skúladóttir — **Bjarni S. Þórarinsson**
Ölver Skúlason — **Katrín Káradóttir**
Elías S. Skúlason — **Kittý M. Jónsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðnýjar Marenar Oddsdóttur

áður til heimilis að Hraunteigi 3.

Sigríður O. Malmberg — **Halldór Malmberg**
Magnús Oddsson — **Svandís Pétursdóttir**
Ólöf Jóna Oddsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóhanns Jóns Jóhannssonar

Skipalóni 20, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunarfólki á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut.

Friðbjörg Kristjana Ragnarsdóttir
Jóhann Þór Jóhannsson — **Rúna Baldvinsdóttir**
Ragnar Steinþór Jóhannsson
Friðjón Viðar Jóhannsson
Edda Sigurbjörg Jóhannsdóttir — **Rúnar Páll Brynjúlfsson**
Daníel Þór, Linda, Ella Freyja, Elías Þór
Hjálmfríður Bríet, Friðbjörg Lilja og Jóhanna Brynja.

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug, og fyrir margvíslegan virðingarvott okkur sýndan, vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hafsteins Lúthers Lútherssonar

Suðurgötu 21, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á E-deild Sjúkrahúss Akraness fyrir kærleiksríka umönnun og hlýhug.

Eyrún Hafsteinsdóttir — **Jón Sigurðsson**
Björn Hafsteinsson — **Hjördís Pétursdóttir**
Gunnar Hafsteinsson — **Rósa Kristín Albertsdóttir**
Hafdís Hafsteinsdóttir — **Ingimar Kristján Steinþórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Kæri bróðir og frændi

Eggert Magnússon

listmálari

lést 14. mars á Hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. mars kl. 15.

Ásdís Magnúsdóttir
Valgerður Magnúsdóttir
Guðrún Magnúsdóttir
Magnús Magnússon
Vigdís Magnúsdóttir
Guðmundur Magnússon
Hrefna Magnúsdóttir
Elliði Magnússon
og systkinabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurbjargar Þorsteinsdóttur

áður til heimilis að Kirkjuvegi 12, Keflavík.

Sérstakar þakkir færir fjölskyldan starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og kærleika.

Guðný Helga Jónsdóttir — **Björn Baldursson**
Guðmundur Jónsson — **Inga Ólafsdóttir**
Brynjar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, systir, amma og langamma,

Anna Margrét Guðmundsdóttir

frá Naustvík, áður Bústaðavegi 59, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð þriðjudaginn 2. mars, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 23. mars kl. 13.00.

Ingveldur Kristinsdóttir — **Garðar Ingimarsson**
Ásgeir Kristinsson
Steinunn Walter — **Steve Walter**
Kristín Kristinsdóttir
Guðmundur Kristinsson — **Sigríður Matthíasdóttir**
Hafliði Kristinsson — **Pálína Hrönn Skjaldardóttir**
systkini, barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær sambýlismaður minn, faðir, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Ingvar Sveinjónsson

húsasmíðameistari
Selvogsbraut 21a, Þorlákshöfn,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 11. mars sl., verður jarðsunginn frá Grensáskirkju miðvikudaginn 24. mars kl. 11.00.

Valdís Árnadóttir
Lilja Guðmundsdóttir — **Guðmundur Vignir Hauksson**
Andrea Guðrún Guðmundsdóttir — **Eysteinn Sigurðsson**
Helga Guðmundsdóttir — **Ævar Rafn Kjartansson**
Guðrún Ólöf Sveinjónsdóttir — **Jóhannes Árnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóhanns S. Kristmundssonar

múrarameistara,
áður til heimilis Skógargerði 1.

Hjartans þakkir færum við starfsfólki Skjóls fyrir góða umönnun og ómetanlega aðstoð og vináttu.

Guð blessi ykkur öll.

Jónína Jóhannsdóttir — **Sigurður G. Benediktsson**
Sigurður Jóhannsson — **Halldóra Ríkarðsdóttir**
Vilborg Jóhannsdóttir — **Reynir Sverrisson**
Óskar Jóhannsson — **Jórunn Jónsdóttir**
Sigrún Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, bróður, tengdasonar og afa,

Eggerts Ingvars Ingólfssonar

vélvirkja, Skarði Landsveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

Helga Fjóla Guðnadóttir
Guðlaug Ingvarsdóttir — **Olav Heimir Davidson**
Ingólfur Ingvarsson — **Snjólaug Elín Árnadóttir**
Sæmundur Ingvarsson — **Björg Egilsdóttir**
Erlendur Ingvarsson — **Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir**
Guðni Ingvarsson — **Guðný María Sigurbjörnsdóttir**
Lilja Ingólfsdóttir — **Viggó Pálsson**
Tryggvi Ingólfsson — **Elísabet Andrésdóttir**
Sigríður Theodóra Sæmundsdóttir
og barnabörn.

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Jóhönnu Lind Pálsson

Gunnlaugsgötu 10, Borgarnesi,

sem lést 28. febrúar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins í Borgarnesi fyrir umönnun.

Sóley Lind
Ólafur Páll Lind Egilsson — **Ólöf Guðmundsdóttir**
Hilmar Lind Egilsson — **Vicenta Villela Adlawan**
Kristinn Lind Egilsson
Guðmundur Lind Egilsson
Páll Lind Egilsson
Rannveig Lind Egilsdóttir
Þorbergur Lind Egilsson
Sigrún Lind Egilsdóttir — **Magnús Ingólfsson**
Eygló Lind Egilsdóttir
Sonja Lind Carter — **Peter Carter**
Sólrún Lind Egilsdóttir
Hans Lind Egilsson — **Sveinbjörg Stefánsdóttir**
Jenný Lind Egilsdóttir — **Gunnar Baldvinsson Ringsted**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Jóga- og blómadropaskóli Kristbjargar

skóli ljóss og friðar

Opinn kynningarfundur

um blómadropaþerapistanám og jógakennaranám
í Jóga- og Blómadropaskóla Kristbjargar, að Elliðarvatni
(húsnæði Skógræktarfélags Reykjavíkur)
miðvikudaginn 24. mars kl 20.00 - 21.30.

Blómadropaþerapistanámið hefst helgina
30. apríl - 2. maí og lýkur í lok júní.

Jógakennaranámið hefst 5. ágúst með tveggja vikna
dvöl í Bláfjöllum og lýkur í lok október.

Allir hjartanlega velkomnir.

Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir
kristbjorg@kristbjorg.is, www.kristbjorg.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

HORFÐU Á ALLT ÞAÐ BESTA ÚR ENSKA BOLTANUM Á VÍSIR.IS

Englar dauðans

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Um daginn hringdi fornvarnarfulltrúinn í skóla sonar míns í mig. Um leið og hún kynnti sig fann ég hjartsláttinn örvast og áhyggjurnar flæða um líkamann. „Í hverjum andskotanum er strákurinn nú lentur?“ hugsaði ég. Í ljós kom að erindi hennar varðaði son minn ekki neitt heldur allt annað.

EN þetta minnti mig á sögu sem gömul skólasystir mín sagði mér. Hún er nú prestur í sveit. Eitt af hennar fyrstu verkum var að afhenda fermingarbörnum sínum námsgögn. Hún ákvað að nýta tækifærið til að kynna sér staðhætti í sveitinni og keyra um prestakallið sjálf til að afhenda þeim bækurnar. En henni gekk erfiðlega að finna einn bæinn. Hún renndi því í hlað á öðrum bæ til að spyrja til vegar. Þar kom eldri kona til dyra en þegar hún sá prest í einkennisskyrtu stéttarinnar ljóslifandi á hlaðinu hjá sér kom hún ekki upp einu orði heldur brotnaði saman og brast í grát. Það tók þessa fyrrum skólasystur mína dágóða stund að róa konugreyið og útskýra fyrir henni að hún væri bara að spyrja til vegar, hún ætti ekkert erindi við hana sjálfa.

ÞESSI gamla kona er ábyggilega hvorki heimsk né vitlaus, viðbrögð hennar voru sennilega fullkomlega eðlileg í ljósi reynslu hennar af fyrirvaralausri og óundirbúinni heimsókn prests í embættisklæðum. Slík heimsókn hefur væntanlega ávallt boðað henni harm og sáran missi. Ég tala nú ekki um ef hún hefur á þessum tíma vitað af kærum ástvini á sjó eða öðru ferðalagi. Hún hefur ekkert að skammast sín fyrir og þarf ekki að biðjast afsökunar á neinu.

AFTUR á móti er það umhugsunarefni hvort prestastéttin skuldi konu þessari ekki afsökunarbeiðni fyrir að hafa ekki dúkkað upp í lífi hennar öðruvísi en þannig að viðbrögð af þessu tagi séu eðlileg við óútskýrðri heimsókn fulltrúa hennar. Það er vissulega eitt af hlutverkum prests að tilkynna fólki dauðsföll ástvina og mikilvægt að það sé gert af alúð og nærgætni. Ég hef heyrt margar hryllingssögur af prestum við slíkar kringumstæður. En þar sem þetta er eitt af hlutverkum presta er kannski einmitt þeim mun mikilvægara að það sé ekki eina hlutverk þeirra.

ÞESSI saga hlýtur líka að vera verðandi prestum umhugsunarefni. Hver er arfleifðin sem tekið er við? Inn í hvaða ímynd er gengið? Hve eftirsóknarvert er það hlutverk í daglegu lífi fólks að vera aldrei neitt annað en boðberi válegra tíðinda, engill dauðans?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

SHARWOOD'S
INDVERSK LÍNA

Verið velkomin í Nettó

NÝTT KORTA TÍMABIL

NAUTAPIPARSTEIK FERSK

50% afsláttur

1.599 kr/kg
áður 3.198 kr/kg

LAMBALÆRI FROSIÐ

998 kr/kg

Ódýrt ...fyrir heimilið!

KJÚKLINGABRINGUR FROSNAR, 900 gr

1.198 kr/pk.

998 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR FROSNAR, 700 gr

NAUTASTRIMLAR FERSKIR

40% afsláttur

1.439 kr/kg
áður 2.398 kr/kg

NAUTAGÚLLAS FERSKT

30% afsláttur

1.679 kr/kg
áður 2.398 kr/kg

KALKÚNASNEIÐAR LAUSFRYSTAR, 800 gr

36% afsláttur

895 kr/pk
áður 1.398 kr/pk

UNGNAUTAHAKK FERSKT

30% afsláttur

1.119 kr/kg
áður 1.598 kr/kg

EMERGE ORKUDRYKKUR 250 ml

40% afsláttur

59 kr/stk
áður 99 kr/stk

NÓA KONFEKT Í LAUSU, 800 gr

1.798 kr/pk

markhonnun.is

Tilboðin gilda 18. - 21. mars eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

! ath kl. 16 á morgun

Átta kórar halda sameiginlega tónleika í Kjarnanum í Mosfellsbæ. Í Mosfellsbæ eru starfræktir tveir barnakórar, tveir kvennakórar, sex blandaðir kórar og einn karlakór. Kórarnir sem taka þátt í tónleikunum eru: Álafosskórinn, Barnakór yngri deildar Lágafells- og Varmárskóla, Kammerkór Mosfellsbæjar, Karlakór Kjalnesinga, Mosfellskórinn, Skólakór Varmárskóla, Karlakórinn Stefnir og Vorboðarnir.

menning

menning@frettabladid.is

Egill með Caput í Gerðubergi

Á morgun kl. 14.00 verða tónleikar í tónleikaröð Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs; Tóney í Gerðubergi. Þar kemur Egill Ólafsson fram ásamt Caput-hópnum og flytur Ástarsögu úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Guðni Franzson tónlistarmaður hefur samið sönglög við texta Péturs Eggerz sem tengjast þessari fallegu sögu. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.

Sagan kom út á bók fyrir mörgum árum skreytt af Brian Pilkington og varð metsölubók: segir þar af tröllskessunni Flumbru sem verður svo hrædilega ástfangin af stórum og lötum tröllkarli sem býr langt í burtu. Hún verður að leggja á sig mikið og áhættusamt ferðalag til að njóta ásta með honum, það tekst meðan nóttin er löng. Tónlistin við Ástarsögu úr fjöllunum var samin fyrir nokkrum árum fyrir barnatónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands en heyrist nú í nýjum búningi fyrir minni hóp hljóðfæra. Tóney í Gerðubergi er tónleikaröð ætluð tónlistarunnendum á öllum aldri, með þátttöku leikinna sem lærðra, ungra sem aldinna, fjölbreytt efnisskrá í flutningi upprennandi tónlistarfólks jafnt sem atvinnumanna. Lögð er áhersla á breiða þátttöku, söng og hljóðfæraleik en einnig tengingu við heim leikhússins og dansins. Gestgjafi og umsjónarmaður Tóneyjar í Gerðubergi er Guðni Franzson tónlistarmaður. Tónleikarnir eru um klukkustundar langir, án hlés og hefjast kl. 14. Aðgangur er ókeypis.

> Ekki missa af...

Brynhildur Guðjónsdóttir verður með nokkrar sýningar á Brák sinni í Landnámssetrinu í apríl og er miðasala hafin. Brynhildur gerði hlé á sýningum þegar Frida fór í sýningar en hafði þá heillað gesti Landnámsseturs veturlangt. Nú er því tækifæri fyrir þá sem sáu ekki einleik hennar um keltnesku ambáttina, fóstru Egils og Þórólfs, að sjá þennan rómaða einleik. Miðapantanir eru á www.landnamssetur.is.

Mæna mætt á svæðið

Beint ofan í Hönnunarmars senda útskriftarnemar í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands frá sér ársrit, Mæna kallast það og heitið tvírætt. Er hinn opinberi útgáfutími í dag kl. 13 og er opnunarhátíð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

HÖNNUN Kápa fyrsta heftis ársrits um grafíska hönnun.

Mænu fylgir blað með sýnishorni af verkum. Samtímis verður opnaður vefur, www.mæna.is, formlega sama dag. Í tengslum við útgáfuna munu útskriftarnemar á þriðja ári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands kynna ritið og vefinn frá kl.13.00-13.20 í Hafnarhúsinu í fyrirlestraröð Hönnunarmars. Markmiðið með útgáfunni er að deila með samfélaginu þeirri þekkingu og umræðu sem fram fer á námsbrautinni og skapa opinn vettvang fyrir upplýsta og gagnrýna samræðu í greininni.

Vefnum er ætlað að verða safn verka þar sem grafísk hönnun kemur við sögu, verka þar sem sjónrænum rökum er beitt til miðlunar með myndum og orðum. Útskriftarnemar Listaháskólans 2010 eru hönnuðir beggja miðla, sem munu verða endurhannaðir árlega af útskriftarnemum hvers árs. - pbb

MENNING Franskir hermenn í Reykjavík 2009 að taka út úr hraðbanka. Fyrstu kynni Íslendinga af franskri menningu voru af sjó, þegar hingað komu bretónskir fiskimenn hvert vor til fiskjar. Ár hvert sækja boðberar franskrar menningar hingað en hátíðisdagur franskrar tungu er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÖNSK MENNING HYLLT

Í mars ár hvert er þess minnst víða um heim hversu vítt franska málsvæðið er í raun og hvaða gildi standa undir frankskættaðri menningu um heim allan.

Hér á landi hafa franska sendiráðið og Alliance Francaise um nokkurra ára skeið staðið fyrir margs konar samkomuhaldi í tengslum við frönsku vikuna, rétt eins og tíðkast í sjötíu löndum, en 200 milljónir manna eiga frönsku að móðurmáli og 870 milljónir eru sameinaðar í samtökum frönskumælandi landa.

Raunar hófst Hátíð franskrar tungu á fimmtudag með opnun sýningar á ljósmyndum Öldu Lóu Leifsdóttur frá Tógó á fimmtudag í samkomusal Alliance í Tryggvagötu. Þar verða samfara sýningu á ljósmyndum Öldu Lóu sýningar á þremur heimildarmyndum um stöðu kvenna í Afríku. Menning í fornum nýlendum Frakka er fyrirferðarmikil á hátíðinni: þannig er Haítí í brennidepli í aðalstöðvum Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu í dag en þar verður klukkan 13.30 upplestur úr verkum haítískra höfunda. Þar er einnig uppi málverkasýning á næfum verkum Laviette Léonsois og að auki eru þar kvikmyndasýningar tengdar Haítí.

Landnám franskra gilda og máls er bundið kennslu tungumálsins. Hér á landi hafa nemendur í frönsku í framhaldsskólum att kappi um kunnáttu sína í málinu, í ár með frumsömdum verkum. Þá mun á mánudag skreytt rúta fara milli þeirra grunnskóla í Reykjavík sem halda úti frönskukennslu og er börnunum boðið um borð. Á þriðjudag kemur út safn afrískra ljóðskálda sem yrkja á frönsku en bindið heitir Trumbur og strengir og er annað safn ljóðaþýðinga Þórs Stefánssonar.

Norræna húsið skiptir um ham og er fjallað um það sérstaklega hér að neðan.

Samtökin sem standa að baki þessu árlega menningarátaki voru stofnuð 1970 og voru þar í forsvari leiðtogar frá fyrrum nýlendum frakka. Fimmtíu og sex ríki eru fullgildir þátttakendur í þessu menningarstarfi en fjórtán ríki eiga setufulltrúa í stjórn samtakanna. Starfa samtökin í fjölmörgum undirdeildum og hafa ekki síst á stefnuskrá sinni að halda fram hinum fornu borgaralegu gildum franskrar menningar. Þess má svo geta að á föstudag voru þeir Pétur Gunnarsson rithöfundur og Torfi Tulinius prófessor heiðraðir af franska sendiherranum fyrir styrk sinn við franska menningu á sínum langa starfsferli hér á landi.

pbb@frettabladid.is

Suðrænn blær í mýrinni

Hamskipti Norræna hússins verða 25. mars, á fimmtudaginn í næstu viku. Þann dag verður það kallað Suðræna húsið, enda er húsið allt lagt undir dagskrá sem tengd er Hátíð franskrar tungu. Um morguninn er boðið upp á sögustund frá Senegal fyrir 6 til 8 ára krakka milli 9 og 10. Hin kunna kvikmynd Rauða blaðran frá 1956, sem mörgum er kunn frá útgáfu samnefndrar bókar sem hér kom út 1964, verður sýnd kl. 10.30 og er hún einkum ætluð 8-11 ára börnum.

Petrína Rós Karlsdóttir kynnir norður-afríska bókmenntir með fyrirlestri kl. 12 og Irma Erlingsdóttir kynnir alsírska rithöfundinn Assia Djebar kl. 12.30.

Síðar um daginn verða sýndar tvær heimildarmyndir, önnur um Yves Saint Laurent tískusnillinginn, en hin um meistarakokkinn Michel Bras. Fyrri sýningin er kl. 14 og sú síðari kl. 16.

MENNING Assia Djebar er um þessar mundir talin einn helsti höfundur Frakka þótt hún fjalli nær einvörðungu um samfélag Norðurafríkumanna í sínum fjöbreyttu verkum.

Félagsfundur

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, heldur félagsfund þriðjudaginn 23. mars kl.19:00 í félagsheimilinu, Hátúni 12

Fundarefni:
Kosning á þing Sjálfsbjargar lsf

Þeir einir hafa kjörgengi og kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2009

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn

Norræna húsið
Nordens Hus – Pohjolan Talo – Nordic House



Dagana 22. til 25. mars
Suðræna húsið
Með hækkandi sól horfir Norræna húsið suður á bóginn og beinir sjónum að bókmenntum og tungumáli fjögurra Suður-Evrópuþjóða og leitar auk þess til Norður-Afríku. Fyrirlestrar, ljóðatónleikar, kvikmyndir, upplestur og kúskús.

Síðasta sýningarhelgi
CON – TEXT: Sýning á norrænum bókverkum
25 norrænir listamenn sýna bókverk í sýningarsal Norræna hússins. Leiðsögn verður um sýninguna sunnudaginn 21. mars kl. 15:00. Sýningin stendur til 24. mars.

Alla daga frá 12-17
Sameiginlegt sameinast: Fatahönnunarsýning
Tveir fatahönnunarnemar frá Kolding, School of Design í Danmörku, sýna endurhönnun á íslenska faldbúningnum annars vegar og á grænlenskum skinnjakka hinsvegar, auk annara verka.

Hallgrímskirkja á páskum

28. mars - 11. apríl

kirkjulistahatid.is

Opnunartónleikar Kirkjulistahátíðar 2010
The Four Beasts´ Amen
Messa fyrir orgel og segulband

Hans-Ola Ericsson, orgelsnillingur frá Svíþjóð leikur eigið verk á Klais orgel Hallgrímskirkju í bland við hljóm Schnitger orgela.
Aðgangseyrir: 3000 / 2000 ISK

28. mars kl. 17

Úr fjötrum til frelsis
Pípuorgel - Hammond - Saxófónn
Spuni um afróameríska sálma

Gunnar Gunnarsson pípuorgel
Sigurður Flosason saxófónn
Þórir Baldursson Hammond-orgel
Aðgangseyrir: 2500 / 2000 ISK

29. mars kl. 20

Hallgrímspassía eftir Sigurð Sævarsson
Schola cantorum og Caput hópurinn

Stjórnandi: Hörður Áskelsson
Hallgrímur Pétursson: Jóhann Smári Sævarsson bassi, Pílatus: Benedikt Ingólfsson barítón, Jesús: Hafsteinn Þórólfsson barítón, Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt o.fl.
Aðgangseyrir: 3500 / 2500 ISK

2. apríl kl. 17

Ísafold - Schola cantorum - Schnittke
Sinfónía nr. 4 eftir Alfred Schnittke

Einsöngvarar Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt og Bragi Bergþórsson tenór. Stjórnandi Daníel Bjarnason.
Aðgangseyrir: 3000 / 2000 ISK

5. apríl kl 20
Annar í páskum

Þýsk sálumessa eftir Johannes Brahms

Birgitte Christensen sópran
Andreas Schmidt barítón
Mótettukór Hallgrímskirkju
50 manna hljómsveit
Stjórnandi: Hörður Áskelsson
Aðgangseyrir: 4.900 / 3.900 ISK

10. apríl kl. 17
11. apríl kl. 17

...frá myrkri til ljóss!

Ólöf Nordal "Gefðu að móðurmálið mitt"
Jón Nordal
Getsemanestund
Gesualdo Responsorium
Elfa Margrét Ingvadóttir
Kirstín Erna Blöndal
Emmaus
100 barna kór
Tómas Guðni Eggertsson
Gunnar Hrafnsson
Haukur Gröndal
Pétur Valgarð Pétursson
Erik Qvic
Listasmiðja barna
Myndlistaskólinn í Reykjavík
Passíusálmar Hallgríms Péturssonar
Baldur Sigurðsson
verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni
Vigil – páskavaka
Listavaka unga fólksins
Melkorka Ólafsdóttir
Ólöf Arnalds
Bach: "Jauchzet Gott in allen Landen"
Herdís Anna Jónasdóttir
félagar úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag
Drengjakór Reykjavíkur Hallgrímskirkju
Örn Arnarson
Gunnar Andreas Kristinsson
Ásgeir H. Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson
Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
biskup Íslands herra Karl Sigurbjörnsson
Jón Dalbú Hróbjartsson
Birgir Ásgeirsson
Kristján Valur Ingólfsson
Þorvaldur Karl Helgason
Guðmundur Vignir Karlsson
Elín Edda Árnadóttir
Jón Hjartarson
íbúasamtök Skólavörðustígs
Björn Steinar Sólbergsson
skrúðganga
tónlistarandaktir
hátíðarmessur
helgun hurðar Leifs Breiðfjörð
Viktor Orri Árnason
Hjörtur Ingvi Jóhannsson
Guðmundur Steinn Gunnarsson
Páll Ívan Pálsson
Ingi Garðar Erlendsson
Borgar Magnason
Katie Buckley
Jesper Pedersen
Ingrid Karlsdóttir
Magnea Sverrisdóttir
Grímur Helgason
Davíð Þór Jónsson
Elektra
Hnoð

Miðasala:
Hallgrímskirkja
s. 510 1000
opið 9-17

kirkja listahátíð 2010

HALLGRÍMSKIRKJA

Norwegian Embassy · LYSI · Sinfóníuhljómsveit Íslands · ELTON Ljós - Hljóð - Mynd · blómaval · Gunnar Eggertsson hf. · Guðjónó Vistvæn prentsmiðja

Pífugarnið vinsæla loksins komið aftur, margir nýjir litir.

Garnbúðin Gauja

Höfum einnig fengið nýtt dúskagarn. Mikið úrval af öðrum garntegundum.

Opnunartími virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Verið velkomin

Garnbúðin Gauja - Álfabakki 14a - Sími: 571-2288

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Laugardagur 20. mars kl. 14
Ástríðulist – Verið velkomin á opnunina!
Samsýning 29 lærðra og leikinna listamanna sem eiga sköpunargleði, frelsi og frumlega sýn á lífið og listina sameiginlega.
Sýningarstjórar: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.

Sunnudagur 21. mars kl. 14
Ástarsaga úr fjöllunum – Egill Ólafsson og Caput hópurinn flytur sögu Guðrúnar Helgadóttur.
Fjölskyldudagskrá Tóneyjar í Gerðubergi.
Umsjón Guðni Franzson. **Aðgangur ókeypis.**



Það kviknaði líf
Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir)
sýnir málverk og teikningar í Boganum.
Ath! Síðasta sýningarhelgi!

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is ı www.gerduberg.is

KJARVALSSTOFA Í PARÍS

Kjarvalsstofa er stúdíóíbúð með vinnuaðstöðu, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2010 verða þau 370 evrur á mánuði fyrir einstakling en 470 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuaðstöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2010 til 31. júlí 2011.

Umsóknareyðublöð ásamt reglum um afnot af Kjarvalsstofu má finna á www.reykjavik.is/menningogferdamal og Rafrænu Reykjavík. Umsóknir, með lýsingu á því verkefni sem umsækjandi hyggst vinna að, skulu stílaðar á stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti, Vesturgötu 1, 101 Reykjavík. Ætlast er til að umsækjendur skili inn stuttri greinargerð um afrakstur dvalarinnar.

Umsóknir skulu berast í síðasta lagi miðvikudaginn 21. apríl 2010.

Stjórnarnefnd Kjarvalsstofu

Sería tónverka Sveins Lúðvíks

Tónleikaröðin 15:15 heldur áfram í Norræna húsinu á morgun og er dagskráin á morgun helguð verkum tónskáldsins Sveins Lúðvíks Björnssonar og hefst eins og fyrrum kl. 15:15. Sveinn Lúðvík Björnsson (f. 1962) er eitt af okkar bestu tónskáldum. Hann lærði tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Atla Heimi Sveinssyni árin 1986-89 og hjá Þorsteini Haukssyni 1990 auk þess að sækja námskeið í Póllandi, meðal annars hjá Lutoslawsky.

Atli Heimir Sveinsson ritar svo um tónsmíðar Sveins Lúðvíks: „Stíll Sveins er tjáningarþrunginn, knappur, markviss og beinskeyttur, alvörugefinn og yfirlætislaus. Verk hans koma frá innstu rótum hjartans og setur hann það eitt á pappírinn sem hann getur staðið við siðferðilega og listrænt. Að baki hverju verki er höfundurinn allur, heiður hans og heiðarleiki."

Undanfarið hefur Sveinn Lúðvík unnið að því að skrifa óperu eftir sögunni The Spire eftir William Golding. Robert Millner skrifar líbrettóið, en hann er söngvari og bókmenntafræðingur og vinnur sem líbrettisti hjá Konunglegu óperunni í Covent Garden. Darren Royston leikstýrir, en hann er dramatúrg og danshöfundur hjá The European Chamber Opera Company. Frumsýning verður á Sumartónleikum í

TÓNLIST Sveinn Lúðvík Björnsson tónskáld MYND FRÉTTABLAÐIÐ

Skálholti sumarið 2011. Uppfærslan er samstarfsverkefni Sveins Lúðvíks, Caput, Sumartónleika í Skálholti og European Chamber Opera Company. Sagan gerist í stórri dómkirkju – gömlum biskupsstól. Sveinn Lúðvík segir að ROH í Covent Garden hafi sýnt því áhuga að skoða óperuna þegar hún verður frumsýnd, en einnig leikhús í Noregi. Það sé því líklegt að óperan fari á eitthvert flakk.

Sveinn vinnur einnig að kórverki við ljóð Sigfúsar Daðasonar, hljómsveitarverki og röð einleiksverka sem hann er að skrifa fyrir suma af flytjendum tónleikanna á sunnudaginn.

Á tónleikunum á morgun fá áheyrendur innsýn inn í tónsmíðar Sveins Lúðvíks yfir fjórtán ára tímabil eða frá 1989-2003. Verkið Kyrra fyrir einleiksfiðlu frá 1989, var samið undir áhrifum af mynd eftir Helga Valgeirsson listmálara. Í tríóinu Í svefnrofadraumi, fyrir óbó, fagott og píanó frá 2003, túlkar Sveinn Lúðvík, eins og nafnið gefur til kynna, draum milli svefns og vöku.

Ego is emptiness fyrir selló og rödd frá 1997, Sjálfið er tóm, er samið á tímabili þar sem Sveinn var niðursokkin í andleg hugðarefni og á kafi í bókum um búddisma og undir áhrifum frá þeim. Duplum fyrir víólu og slagverk frá 2001 er trúarlegur, huglægur, tvísöngur hjónakornanna Herdísar Önnu og Steefs.

Flytjendur á tónleikunum á morgun eru: Greta Guðnadóttir fiðluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari, Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari, Steef van Oosterhout slagverksleikari, Eydís Franzdóttir óbóleikari, Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 20. mars 2010

Tónleikar

16.00 **AMFJ og Me, the Slumbering Napoleon** verða með tónleika í Havarí við Austurstræti 6. Enginn aðgangseyrir.

17.00 **Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir** messósópran og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari flytja verk eftir **spænsku tónskáldin** Guridi, Montsalvatge, Granados og de Falla á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

17.00 Hljómsveit **Tónlistarskólans í Reykjavík** heldur tónleika í Neskirkju við Hagatorg. Á efnisskránni eru verk eftir Victor Urbancic, Max Bruch og George Bizet. **Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.**

21.00 Á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri mun Jón Ólafsson hafa umsjón með tónlistardagskránni „Af fingrum fram". Gestur hans er **Stefán Hilmarsson.** Húsið verður opnað kl. 20.

Kvikmyndir

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd Orsons Welles **The Lady from Shanghai** (1947). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á **www.kvikmyndasafn.is.**

Kvikmyndahátíð

700IS Hreindýraland, alþjóðleg videó- og tilraunakvikmyndahátíð fer fram í fimmta sinn á Egilsstöðum 20.-27. mars. Nánari upplýsingar á www.700.is.

Opnanir

14.00 Í menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðubergi 3-5) verður opnuð sýning á verkum 23 lærðra og leikinna listamanna, Nánari upplýsingar á **www.gerduberg.is.**

15.00 Í Crymo við **Laugaveg 41a** opna tvær sýningar. Á neðri hæð opnar sýning á verkum Hlyns Heimissonar og á efri hæðinni sýna Una Björk Sigurðardóttir og Katrín I. Hjördísardóttir Jónsdóttir teikningar og skúlptúrum. Opið alla daga kl. 13-18**. Allir velkomnir.**

Tískusýning

21.00 **Fatahönnuðir** á öðru ári við Listaháskóla Íslands sýna hönnun sína á Nasa við Austurvöll.

Bingó

Páskaeggjabingó verður haldið í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14 kl. 14.30. Nánari upplýsingar á **www.bf.is.**

Síðustu forvöð

Í **Suðsuðvestur Hafnargötu** í Reykjanesbæ lýkur sýningu Jeanette Castioni á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14.-17.

Sýningu Gunnars S. Magnússonar í Hallgrímskirkju lýkur á sunnudag. **Opið lau. og sun. kl. 9-17.**

Leiðsögn

14.30 **Heiðar Kári Rannversson** verður með leiðsögn í Viðey þar sem Friðarsúla Yoko Ono og listaverkið Áfangar eftir Richard Serra verða skoðuð sérstaklega. Nánari upplýsingar á **www.listasafnreykjavikur.is.**

15.00 Í **Norræna húsinu** við Sturlugötu verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna Con-Text: Sýning á norrænum bókverkum. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

Sýningar

Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu hefur verið opnuð sýning á verkum Melkorku Huldudóttur. Opið alla daga kl. 11-17.

Hjá **Gallerí Myndmáli** að Laugavegi 86 hefur verið opnuð ljósmyndasýning á verkum eftir Enrique Pacheco. Opið virka daga kl. 11-18 og lau. kl. 12-16.

Bóel Ísleifsdóttir og Anna Henriksdóttir hafa opnað myndlistarsýningu á veitingastaðnum Á næstu grösum við Laugavegi 20b. Opið mán.-lau. kl. 11.30 – 22, sunnudaga kl. 17-22.

Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á verkum Oddvars Arnar Hjartarsonar. Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

Markaðir

PopUp verzlun, farandverzlun fatahönnuða á Íslandi, verður opin að Grandagarði 2 kl. 11-18.

Sunnudagur 21. mars 2010

Tónleikar

14.00 Í menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðubergi 3-5) verða haldnir fjölskyldutónleikar. **Egill Ólafsson** og Caput-hópurinn flytja tónlistardagskrá sem gerð hefur verið eftir **Ástarsögu** úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

15.15 Í Norræna húsinu við Sturlugötu verða tónleikar þar sem flutt verða verk eftir Svein Lúðvík Björnsson. Flytjendur eru: Greta Guðnadóttir, Sigurður Halldórsson, Herdís Anna Jónsdóttir, Steef van Oosterhout, Eydís Franzdóttir, Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir.

17.00 Sinfóníuhljómsveit áhugamanna verður með tónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Á efnisskránni verða verk eftir Schubert, Bach og Mozart.

20.30 Kammerkór Norðurlands heldur tónleika í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Á efnisskránni verður íslensk kóratónlist.

Opnanir

16.00 **Rúnar Loftur Sveinsson** opnar sýningu á verkum sínum í gömlu bókabúðinni, verkefnarými Skaftfells, Menningarmiðstöð við Austurveg á Seyðisfirði.

18.00 **Asle Lauvland Pettersen** opnar sýningu á Vesturvegg, sýningarrými Skaftfells, Menningarmiðstöð við Austurveg á Seyðisfirði.

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í **Breiðfirðingabúð við Faxafen 14.**

Leikrit

20.00 Leikfélag Fjölbrautaskólans í Breiðholti sýnir verkið **„Frumskógarlögmálið"** sem byggt er á handriti eftir Tinu Fey. Sýningar fara fram í sal skólans við Austurberg 5.

Dans

20.00, 20.30 og 21.00 Spiral dansflokkurinn sýnir verkið **„ÓRAR"** sem samið er af flokknum í samstarfi við **Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, Gianluca Vincentini** og **Róbert Reynisson**. Sýningar fara fram í Norðurpólnum sýningarrými við Bygggarða 5 á Seltjarnanesi (Gróttu). Nánari upplýsingar á www.spiral.is.

Leiðsögn

15.00 Boðið verður upp á leiðsögn og listamannaspjall um sýningu **Sigrid Valtingojer** sem nú stendur yfir á Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41.

15.00 **Davíð Örn Halldórsson, Helgi Þórsson** og **Sara Riel** verða með leiðsögn um sýninguna „Ljóslitlifun" í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

500 bæklingar með nýju sniði.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

FERMING

Vandaðar orðabækur fyrir framtíðina

Tilboð
12.990 kr.
~~17.990 kr.~~
Stóra orðabókin um íslenska málnotkun

Þú færð meira!

Með öllum orðabókum Forlagsins fylgir fjögurra mánaða áskrift að vefbókasafninu Snara.is. Þar færð þú aðgang að fjölda gagnlegra orðabóka og uppflettirita.

Tilboð
6.990 kr.
~~8.980 kr.~~
Stafsetningar-orðabókin

Nýtt!
9.490 kr.
Íslensk-ensk orðabók

Nýtt!
4.990 kr.
Íslensk-dönsk
Dönsk-íslensk
vasaorðabók

Tilboð
7.990 kr.
~~15.990 kr.~~
Stóra myndorðabókin

Tilboð gildir til og með 30.04.10

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> BJARTAR VONIR

Í kvöld verður tískusýning fatahönnunarnema í Listaháskóla Íslands sem eru að ljúka öðru ári. Hönnun þeirra Alenku Pahor, Dainus Bendikas, Elísabetar Ölmu Svendsen, Elsu Maríu Blöndal, Evu Brár Barkardóttur, Gígju Ísisar, Guðmundar Jörundssonar, Guðrúnar Töru Sveinsdóttur, Gyðu Sigfinnsdóttur,Halldóru Lísu Bjargardóttur, Hjördísar Gestsdóttur, Jennýjar Höllu Lárusdóttur, Mai Shirato, Signýjar Þórhallsdóttur og Sigríðar Maríu Sigurjónsdóttur verður sýnd á Nasa klukkan 21.

stíll

utlit@frettabladid.is

…ilmvatnið Miss Dior Chérie frá Dior ilmar eins og Parísarborg í flösku.

…nýtt Lipglass gloss frá Mac í fölum tóni sem minnir á sixtís skvísur eins og Brigitte Bardot.

OKKUR LANGAR Í …

…geggjað naglalakk í skærbleikum fúksíulit mun laða að þér athygli um helgina.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Loksins alvöru tískuvika

Fyrir nokkrum árum ritstýrði ég blaði um tíma sem nefndist Sirkus og á forsíðu eins tölublaðsins stóð orðið Fíaskó stórum stöfum. Þar mundaði tískuflugan Diane Pernet símann sinn eins og skammbyssu og lýsti því yfir að íslenska tískuvikan væri dauð. Hvílíkur skandall sagði hún og fleiri tóku undir. Enn eina ferðina var einhver ónefnd manneskja búin að skipuleggja einhvers konar tískuviku á Íslandi þar sem hönnuðir frá Austur-Evrópu sýndu á tískupöllum gerðum úr fiskikörum eða vatnflöskum eða einhverju álíka smart. Einhvern veginn hélt ég að eitthvað myndi gerast eftir þetta blessaða fíaskó þar sem útlenskir blaðamenn voru orðlausir eftir hallærislegustu tískuviku allra tíma.

En nei, þetta endurtók sig í fyrra og bloggsíður erlendis loguðu af lýsingum af hrakförum fátækra tískuhönnuða og skelfilegra uppákoma. Nú var íslenska tískuheiminum loksins nóg boðið og ákveðið var að setja á laggirnar raunverulega tískuviku sem sýndi af fullri alvöru hvað Ísland hefur fram að færa í fatahönnun.

Um helgina á sér stað hátíðin Reykjavík Fashion Festival en undirbúningur hennar hefur staðið yfir undanfarna mánuði. Umgjörð hennar er öll hin glæsilegasta, og fylgist að með hönnunarmarsi. Þar að auki hefur flott tónlistarprógramm verið sett saman um helgina og má með sanni ætla að það allrabesta verði sýnilegt fyrir Íslendinga sem útlendinga sem hátíðina sækja.

Fatahönnun hefur blómstrað hér á landi undanfarin ár og það þarf ekki annað en ganga niður Laugaveginn til að sjá gífurlegt úrval af flottum rammíslenskum flíkum. Ég vona sannarlega að Reykjavík Fashion Festival eigi eftir að verða árviss viðburður, vaxa og dafna með hverju árinu og verða landinu til sóma.

SYKURSÆTT Pastellitir við svartar þykkar sokkabuxur minntu mikið á sjöunda áratuginn.

BRÓDERAÐ Gullfalleg svört stutt kápa.

FALLEG VETRARLÍNA FRÁ PRADA:

Sixtís áhrif ríkjandi

Línan frá Miucciu Prada fyrir næsta haust og vetur var í senn kvenleg og stelpuleg með áherslu á brjóst og mjaðmir. Eitthvað við klæðin minnti á sjöunda áratuginn. Það, ásamt minipilsum og túberuðu hári, svörtu og hvítu í bland við skæra liti eins og gult og grænt ásamt hálstaui í anda Kubrick-myndanna, vakti upp skemmtilega retró-stemningu. Prada sjálf segist hafa búið til venjuleg föt í anda hönnunar sinnar á tíunda áratugnum. Fyrirsæturnar sem Prada valdi minntu óneitanlega á bombur eins og Brigitte Bardot og í fyrsta sinn í langan tíma sjást þrýstnar stúlkur með barm á tískupöllunum. Með því besta í línunni voru pils með A-sniði, svartar bróderaðar kápur og stuttir kasmírkjólar í pastellitum. **- amb**



STUTT Stutt pils voru í fyrirrúmi á sýningunni ásamt sixtís-hnútum og skærum farða.

KVENLEGT Lillablár bróderaður kjóll með áherslu á brjóst og mjaðmir.

HönnunarMars
DesignMarch
18.–21.03 2010

FATAHÖNNUNARFÉLAG ÍSLANDS

í dag!

- *LAUGARDAGINN 20. MARS*
- *GRANDAGARÐI 2*
- *OPIÐ 11:00-18:00*

Popup Verslun opnar nú sínar dyr í áttunda skipti og býður alla velkomna.

Vörumerkin í Pop up eru:

A.C.Bullion, Anna Soffía, Begga-Design, Dýrindi, Eight Of Hearts, Elva, Hlín Reykdal, IBA, Luka, milla snorrason, REY, Roboknit, Serendipity, Sigrún Halla, Sonja Bent, Varius og Veramen.

Á morgun!

SHOWROOM REYKJAVIK

Sýning Fatahönnunarfélags Íslands verður í Porti Hafnarhússins sunnudaginn 21. mars 2010. Sýningin er opin frá kl. 11 - 17. Verið velkomin.

Andersen & Lauth, Black, Blik, Cintamani, Diza by Alprjon, ELM, Emami, Farmers Market, GuSt, HANNA, KOW, KRON by KRON-KRON, LHÍ, Lúka Art&Design, María Lovísa, Nostrum, Prem, Raven / Gyðja Collection, REY, Rósa Design, Royal Extreme, Scintilla.

Annað kvöld!

LOKAVIÐBURÐUR Á HÖNNUNARMARS!
FORMIÐ FLÝGUR / TÍSKUSÝNING KL. 20

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR UNDIR LISTRÆNNI STJÓRN KATRÍNAR HALL Í SAMVINNU VIÐ ÖLDU GUÐJÓNSDÓTTUR, VERU PÁLSDÓTTUR, FRÍÐU MARÍU HARÐARDÓTTUR, HELGA RAFN INGVARSSON OG STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR.

HÖNNUN FRÁ:
AARON C. BUILLON, ANDERSEN & LAUTH, ANNA KRISTÍN DESIGN, ÁSTA CREATIVE CLOTHES, BLACK, CINTAMANI, BLIK, DIZA BY ALPRJON, EIGHT OF HEARTS, ELM, EMAMI, FARMERS MARKET, GUST, HANNA, KOW, LÚKA ART&DESIGN, MARÍA LOVÍSA, NOSTRUM, PREM, RAVEN, REY, RÓSA DESIGN, ROYAL EXTREME, SCINTILLA, SERENDIPITY, SONJA BENT, SPAKSMANNSSPJARIR OG STEINUNN.

Íd Íslenski dansflokkurinn

> LAGÐI Í STÆÐI FATLAÐRA

Hin smávaxna Nicole Richie lagði í stæði fyrir fatlaða þegar hún var á rúntinum í Beverly Hills á dögunum. Vegfarendur fylgdust hneykslaðir með þegar hún stökk lipurlega út úr bílnum, augljóslega ófötluð. Nicole var heppin að Ómar Ragnarsson var ekki nærri, þar sem hann hefði vafalaust tekið hana á teppið.

fólk

folk@frettabladid.is

Alþjóðleg hjólabrettakeppni í Reykjavík

„Þetta hefur aldrei verið haldið áður," segir Reynar Davíð Ottósson hjá Brim.

Verslunin heldur í dag, í samstarfi við Element sem er eitt stærsta hjólabrettamerki í heimi, hjólabrettakeppnina Make It Count, eða Láttu það skipta máli. Þessi alþjóðlega keppni verður haldin úti um allan heim á þessu ári og er Ísland engin undantekning.

„Þetta er þeirra innlegg í að gefa til baka í senuna. Þeir opna möguleika fyrir nýja hjólabrettastráka til að geta fengið styrk frá þeim. Sá sem vinnur hér fer út og keppir og þar verður fylgst vel með honum," segir Reynar Davíð.

Aðalverðlaunin verða ferð á úrslitakeppni Evrópu sem verður haldin í Belgíu 29. maí.

Hér heima verður keppt í tveimur flokkum, 13 ára og yngri og 14 ára og eldri, og fer mótið fram í Reykjavík Skatepark sem er í húsi við hliðina á Loftkastalanum.

Fimmtíu fyrstu sem skrá sig fá Element-stuttermabol auk þess sem allir fá Element-límmiða. Plötusnúður á mótinu verður Addi Intro og rapparinn Diddi Fel sér um að kynna herlegheitin. Reynar býst við helling af áhorfendum og þegar hafa á annað hundrað manns boðað komu sína.

Skráning á mótið hefst klukkan 15 í dag og hefst mótið klukkutíma síðar. - fb

HJÓLABRETTAKAPPI Hjólabrettakappi leikur listir sínar í Reykjavík Skatepark. Stórt mót verður haldið þar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjá A4 er hægt að KEPPA í páskaföndri

Fram að páskum stendur A4 fyrir páskaföndurkeppni.

Þátttakendur föndra fallegt páskaföndur sem þeir skila í verslun A4 á Smártorgi eða Akureyri.

Vegleg verðlaun eru í boði auk þess sem þátttakendur fá páskaegg númer 3 frá Nóa Síríus fyrir að taka þátt.

Skila þarf föndrinu inn fyrir 26. mars nk.

Sjá nánar á www.a4.is

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum 2, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

Nýtt lag úr Kóngavegi

Lagið Bye Bye Troubles eftir Lay Low, sem er lokalag kvikmyndarinnar Kóngavegur í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur, er komið í spilun á útvarpsstöðvum. Lay Low samdi tónlistina í myndinni og henni til aðstoðar voru Pétur Hallgrímsson, Björn Sigmundur Ólafsson, Agnes Erna Estherardóttir og Unnur Birna Björnsdóttir. Kóngavegur verður frumsýnd föstudaginn 26. mars. Hún gerist í hjólhýsahverfi og segir frá atburðum sem eiga sér stað þegar Júníor snýr heim eftir þriggja ára fjarveru. Á meðal leikara eru Björn Hlynur Haraldsson, Daniel Brühl og Gísli Örn Garðarsson.

NAFNAR Nafnarnir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og ljósmyndarinn Páll Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hönnunarmars í Hafnarhúsinu

Opnunarhátíð Hönnunarmars 2010 var haldin í Hafnarhúsinu á fimmtudag og var fjöldi góðra gesta viðstaddur. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin. Fjöldi áhugaverðra viðburða er í boði á hátíðinni og ættu allir þeir sem hafa áhuga á hönnun og arkitektúr að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Hátíðinni lýkur á morgun.

TVÆR GÓÐAR Rithöfundurinn Steinunn Jóhannesdóttir og listfræðingurinn G. Erla voru mættar.

ÞRJÚ Í HAFNARHÚSINU Gréta Hlöðversdóttir, Haukur Már Hauksson og Snæfríð Þorsteinsdóttir voru á meðal gesta.

BROSMILDAR Hafdís Brandsdóttir, Inga Elín og Ragnheiður Ingunn voru brosmildar í Hafnarhúsinu.

HJÁLMAR OG GUÐRÚN Hjálmar H. Ragnarsson og Guðrún Margrét mættu á opnunarhátíðina.

NÝTT KORTATÍMABIL

Kauphlaup

30% afsláttur af öllum Ticket to Heaven vörum og Viking og Kangaroos barnaskóm

Munið 20% afsláttur af öllum ESPRIT vörum

Gildir til mánudags

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Ný mynd um Jacko

Ný heimildarmynd um popparann Michael Jackson verður frumsýnd í næsta mánuði. Rithöfundurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Ian Halperin ákvað að breyta bók sinni, Unmasked: The Final Years of Michael Jackson, í 88 mínútna heimildarmynd og nefnist hún Gone Too Soon.

Í myndinni verðar sýndar myndir sem voru teknar skömmu áður en hann dó. Einnig verða í henni viðtöl við vini og samstarfsmenn Jacksons. Fjölskylda popparans tók ekki þátt í gerð myndarinnar, sem verður frumsýnd í Cannes í næsta mánuði. Stutt er síðan heimildarmynd um undirbúning Jacksons fyrir tónleikaferð sína í London var sýnd við góðar viðtökur um heim allan. Skömmu áður en tónleikaferðin hófst lést popparinn úr hjartaáfalli vegna banvænnar lyfjablöndu.

MICHAEL JACKSON Ný heimildarmynd um popparann Michael Jackson er væntanleg.

Þú þarft ekki að flytja til Noregs

RING leitar að markaðsgúrú

Ertu skipulagður, sjálfstæður og framkvæmdaglaður snilli? Þá viljum við ráða þig til að tækla markaðsmálin hjá Ring. Langbest ef þú hefur menntun í markaðsfræðum og reynslu úr bransanum, helst hjá rosa smart fyrirtæki. Framúrskarandi samskiptahæfni er að sjálfsögðu skilyrði enda er Ring stærsti vinahópur á Íslandi. Hentu upp ferilskrá og harkaðu út meðmæli, sæktu um á **ring@ring.is** og við lofum að fara með umsóknina sem algjört trúnaðarmál. **Fresturinn rennur út 26. mars. Á miðnætti. Koma svo!**

Stærsti vinahópur á Íslandi

ring

Síminn | Ring er farsímaþjónusta á vegum Símans.

ENNEMM / SÍA / NM41479

BÖLVUN HVÍLIR Á ÓSKARS-VERÐLAUNALEIKKONUM

Ein stærsta stund í lífi sérhverrar Hollywood-leikkonu er vafalítið þegar nafn hennar kemur upp úr umslaginu í Kodak-höllinni og það tilkynnt að hún hljóti Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aðalhlutverki. Hún skyldi þó búa sig undir stríð heima fyrir.

Sú leikkona sem hlýtur Óskarsverðlaunin 2011 ætti kannski að hugsa sig tvisvar um áður en hún tilkynnir heimsbyggðinni hversu yndislegur eiginmaðurinn sé því reynsla undanfarinna ára sýnir að það eru meiri líkur en minni á því að það sé einhver maðkur í mysunni.

Flestallar konur sem fengið hafa verðlaun fyrir leik í aðalhlutverki síðustu ár hafa skilið við eiginmanninn í kjölfarið.

NORDICPHOTOS/AFP

SANDRA BULLOCK 2010 Leikkonan var varla fyrr búinn að stilla styttunni upp fyrir ofan arininn heima hjá sér og eiginmanninum Jesse James í Beverly Hills en að fjölmiðlar greindu frá því að hann hefði átt vingott við húðflúrfyrirsætu eina í rúmt ár. Bullock, sem hafði svifið um á bleiku skýi í næstum heilan mánuð, var ekki lengi að kippa styttunni niður, setja fötin í ferðatösku og flytja út.

JULIA ROBERTS 2001 Julia er eldri en tvævetur í Hollywood og virtist skynja að bóndinn Benjamin Bratt, hefði óhreint mjöl í pokahorninu þegar hún tók við styttunni góðu. Hún þakkaði honum bara pent fyrir með því að nefna hann á nafn í ræðu sinni. Hálfu ári seinna var hún búin að sparka honum endanlega.

CHARLIZE THERON 2004 Suður-afríska leikkonan getur raunar státað sig af því að hafa haldið í sambýlismanninn Stuart Townsend í heil sex ár eftir að Óskar frændi mætti heim til þeirra. Charlize lofaði eiginmanninn í bak og fyrir eftir að hafa handleikið styttuna í fyrsta sinn og það virtist ætla að bera tilætlaðan árangur þar til á þessu ári að hjónakornin ákváðu að halda hvort í sína áttina.

HILARY SWANK 2005 „Ég ætla að byrja á því að þakka eiginmanninum mínum fyrir þessi verðlaun," sagði Hilary Swank. Hún hafði varla fyrr sleppt orðinu en að skilnaðarskjölin höfðu verið send til sýslumannsins í Los Angeles, undirrituð.

HELEN HUNT 1998 Hlaut Óskarinn fyrir As Good as it Gets og sagði þá eiginmanninn sinn, Hank Azaria, vera besta mann í heimi. Þessi fögru orð endurómuðu á heimili hjónanna næsta árið eða svo. Óskarsrómantíkin sveif yfir vötnum þegar þau létu pússa sig saman í júní þetta sama ár en ári seinna var Hank fluttur út úr húsi þeirra.

KATE WINSLET 2009 „Ég er svo heppin að eiga frábæran eiginmann og tvö æðisleg börn sem styðja mig í því sem ég elska," sagði Kate Winslet þegar hún hafði hreppt styttuna góðu fyrir leik sinn í The Reader í fyrra. Óskarsvíman varði ekki lengi og nú hafa hún og eiginmaðurinn Sam Mendes ákveðið að skilja.

REESE WITHERSPOON 2006 „Takk fyrir mig, þú yndislegi eiginmaður." Þetta sagði Reese Witherspoon þegar hún fór heim með Óskar frænda fyrir Walk the Line og var þar að vísa til Ryan Phillippe. Hamingjan entist þó ekki lengi því Reese sótti um skilnað hálfu ári seinna eftir sögur um að Ryan væri ekki við eina fjölina felldur.

HALLE BERRY 2002 Halle Berry felldi fjölmörg tár í Kodak-höllinni og átti varla orð yfir því hvað eiginmaðurinn Eric Benet væri stórkostlegur. Berry hefði betur sleppt þeim yfirlýsingum því hann reyndist mikill kvennabósi, stundaði svallveislur og fór í meðferð við kynlífsfíkn. Berry sótti um skilnað í október ári seinna.

GWYNEHT PALTROW 1999 Segja má að Óskarsverðlaun Gwyneth Paltrow hafi verið upphafið að endinum á leikferli hennar því þótt hún þakkaði kærastanum Ben Affleck í ræðu sinni þá fékk hann nóg af því að horfa á hana grátandi í hverjum fréttatímanum af fætur öðrum og sagði bless aðeins mánuði eftir að gullstyttan flutti inn.

Krefst skaðabóta

LADY GAGA Fyrrum kærasti Gaga hefur höfðað skaðabótamál gegn henni.

Lagahöfundurinn og upptökustjórinn Rob Fusari, hefur höfðað skaðabótamál gegn söngkonunni Lady Gaga. Hann segist hafa samið með henni vinsæl lög og tryggt henni plötusamning, án þess að hafa fengið nokkuð fyrir sinn snúð. Hann krefst 30,5 milljóna dollara í bætur, eða hátt í fjögurra milljarða króna.

Fusari er fyrrverandi kærasti Gaga og segir að hún hafi látið sig flakka um leið og vinsældirnar bönkuðu á dyrnar. Hann segist fyrst hafa hitt Gaga þegar hún kom fram undir eigin nafni, Stefani Germanotta, árið 2006. Hann segist hafa á næstu mánuðum breytt henni í Lady Gaga og komið ferli hennar af stað. Hann mun hafa tryggt henni plötusamning við fyrirtækið Interscope Records, sem gaf út plötu hennar The Fame, árið 2008. Hún hefur selst í yfir þremur milljónum eintaka í Bandaríkjunum. Í janúar fékk Gaga tvenn Grammy-verðlaun fyrir plötuna.

Hæverskt nýbylgjurokk

Hljómsveitin The Wintergreens spilar í Batteríinu í kvöld. Þetta er kvartett frá Leith í Skotlandi og í bandinu er Íslendingur búsettur þar, Gunnar Thor Ófeigsson. Tónlist Wintergreens er tilraunapopp og má heyra nokkurn samhljóm með tilraunakenndu nýbylgjurokki frá því um 1980.

Gamlir hljóðgervlar og gítarar að drukkna í bergmáli og endurkasti blandast saman við trommuheila og hæverskan söng. Sveitin hefur gefið út eina EP-plötu og það má hlusta á hana á Myspace-síðunni, myspace.com/thewintergreens. **- drg**

THE WINTERGREENS Á Batteríinu í kvöld.

Krafðist of hárra launa

Paula Abdul, fyrrverandi dómari í American Idol, verður ekki dómari í hæfileikaþættinum Star Search eins og hún hafði vonast eftir. Abdul og framleiðandinn ABC komust ekki að samkomulagi um laun og því fór sem fór. Óvíst er hvort þessi gamalgróni þáttur verði framleiddur því ABC hafði treyst mjög á þátttöku Abdul. Á síðasta ári voru henni boðnar fimm milljónir dollara, eða um 600 milljónir króna, fyrir að halda áfram í Idol, sem hún hafnaði. Hún vildi ekki fá lægri laun fyrir Search en ABC var ekki tilbúið að mæta launakröfum hennar.

PAULA ABDUL Idol-dómarinn fyrrverandi verður ekki dómari í hæfileikaþáttinum Star Search.

Velur aðeins góð hlutverk

Leikarinn Forest Whitaker passar upp á að velja aðeins bestu hlutverkin sem í boði eru. Það sé lykillinn að velgengni hans. „Í byrjun ferilsins skipti mig engu máli ef ég fékk hlutverk. Ég vildi bæta sjálfan mig og sagði umsvifalaust nei ef hlutverkin vöktu ekki hjá mér áhuga," sagði Whitaker, sem fékk Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Last King of Scotland. „Ég hafði ekki áhuga á að leika fíkniefnasala í tíu ár í sápuóperu. Á þeim tíma skiptu peningar mig engu máli, ég vildi frekar svelta. Það er leyndarmálið mitt. Ég byggði feril minn á því að leika áhugaverðar persónur vegna þess að ég fylgdi hjarta mínu."

FOREST WHITAKER Passar upp á að velja aðeins hlutverk sem eru sérlega áhugaverð.

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

BOUNTY HUNTER	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	12
BOUNTY HUNTER	kl. 1:20 - 8 - 10:20	
THE BLIND SIDE	kl. 5:20 - 8 - 10:40	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	1(3D) - 3:20(3D) - 5:40(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 -10:20	L
THE REBOUND	kl. 8 - 10:20	L
BROTHERS	kl. 10:20	12
BROTHERS	kl. 3:40 - 5:50	
VALENTINE 'S DAY	kl. 8	L
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 1:20 (sýnd á sun.)	L
BJARNFREÐARSON	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:30	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALICE IN WONDERLAND - 3D	kl. 2 (3D) - 8 (3D)	L
AVATAR - 3 D	kl 4:30 (3D) - 10:20 (3D)	L
PLANET 51 Ísl tal	kl 2	10
PRINSESSAN OG FROSKURINN Ísl tal	kl. 4	L
THE BLIND SIDE	kl. 5:40 - 8 -	10
INVICTUS	kl 10:20	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

THE LOVELY BONES	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
THE BLIND SIDE	kl. 5:50D - 8:10D	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	1:10(3D) - 3:30(3D)- 5:50(3D) - 8:10(3D) - 10:30(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 10:30	12
TOY STORY 2 M/ísl. Tali	kl. 3:50(3D)	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ísl. Tali	kl. 1:10	L
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 2	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

LEGION	kl. 6 - 8	16
SHUTTER ISLAND	kl. 10:20	16
BROTHERS	kl. 8	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10:20	14
ALICE IN WONDERLAND	kl. 3:40 - 5:50	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM M/ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ísl. Tali	kl. 1:30	L

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU



SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ 600 kr.

BOUNTY HUNTER	kl. 5.30 - 8 - 10.25	7
BOUNTY HUNTER LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.25	7
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.30	12
THE LIGHTNING THIEF	kl. 3 - 5.30	10
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 11	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5 - 8 - 11	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 1 - 3 íslenskt tal	L
AVATAR 3D	kl. 1 950kr 4.40 Síð. sýn.	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D	kl. 1 950kr 3	
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 1 (aðeins sunnudag)	

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

LOVELY BONES	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
DAYBREAKERS	kl. 8 - 10.15	16
THE GOOD HEART	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
PRECIOUS	kl. 3 - 5.30 - 8	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10.30	14
MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 Síðustu sýningar	L

facebook.com/smarabio
ADDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ 550 kr.

BOUNTY HUNTER	kl. 6 - 8 - 10.10	7
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 6	16
ARTÚR 2	kl. 4	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 4	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ 600 kr.

DAYBREAKERS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	16
THE GOOD HEART	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	16
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
NIKULÁS LITLI	kl. 4 - 6	L

BOUNTY HUNTER	kl. 2 (600 kr), 5, 8 og 10.10	7
GREEN ZONE	kl. 5.50, 8 og 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 8 og 10	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.45	12
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 2 (600 kr) og 4	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM	kl. 2 (900 kr) og 4 - 3D	L

Sanitas er Icesave-platan í ár

Ólafur Josephsson tónlistarmaður hefur sent frá sér sjöttu breiðskífuna undir nafninu Stafrænn Hákon. Fyrstu plöturnar voru einfalt ósungið heimabrugg en síðustu ár hefur Stafrænn Hákon fært sig upp á skaftið og breyst í hljómsveit með þungan og poppaðan hljóðheim.

STAFRÆNN HÁKON Ólafur Josephsson er að senda frá sér sjöttu breiðskífuna undir nafninu Stafrænn Hákon. MYND/VALDÍS THOR

Sjötta plata Stafræns Hákonar kallast Sanitas og kemur út á vegum Kimi Records eftir páska. Auk þess kemur platan út í Bandaríkjunum á vegum Darla Records og í Asíu á vegum Happy Prince. Ólafur naut aðstoðar ýmissa valinkunnra tónlistarmanna við gerð plötunnar. Þar á meðal samstarfsmanns hans til margra ára, Samuel White, en auk þess hollenskum söngvara sem syngur þrjú lög og breska trommaranum Daniel Lovegrove. „Þetta var svolítið fyndið, Breti, Hollendingur og Íslendingur að vinna að plötu. Þetta er Icesave-platan í ár," segir Ólafur.

Fyrstu plötur Stafræns Hákonar voru lágstemmt heimabrugg. Fjör færðist í leikinn með plötunni Gumma sem kom út árið 2007. Og nýjasta tónlist Stafræns Hákonar er enn fjölbreyttari en verið hefur; lögin eru mörg hver poppaðri en áður og tónlistin einhvern veginn markvissari. Þetta þakkar Ólafur samstarfsmönnum sínum, ekki síst trommuleikaranum Daníel, en þegar vinna hófst í hljóðveri með honum var mikið af tónlistinni tekin upp aftur og ýmislegt betrumbætt.

Nú er endalaust af aðstoðarkokkum með þér, hefur þú eitthvert hlutverk lengur?

„Ég er eiginlega ekkert í þessu bandi lengur," segir Ólafur hlæjandi. „Nei, ég fékk bara leiða á því að vera einn að saga spýtur úti í horni. Ef maður er einn er svo mikil hætta á því að maður festist í sama farinu og sjái ekki heildarmyndina. Daníel trommari hjálpaði mér mikið með það."

Hvað með heiti plötunnar, Sanitas? Er þetta bara gamla góða gosdrykkjaverksmiðjan?

„Já. Pabbi vann í Sanitas á áttunda áratugnum. Hann er hálfur Íslendingur og hálfur Bandaríkjamaður og býr úti í Bandaríkjunum. Ég er alltaf duglegur að heyra í honum og heimsækja hann og alltaf þegar við ræðum saman spyr hann hvað sé að frétta héðan. Hvað sé að frétta af stóru fyrirtækjunum, eins og Eimskipi, Flugleiðum og Sanitas og svoleiðis. Það er frekar fyndið."

Ólafur er nýfluttur heim eftir að hafa verið búsettur erlendis í átta ár, lengst af í Kaupmannahöfn. Hann er kvæntur, tveggja barna faðir og er nú að leita sér að vinnu. „Ég kem beint heim í góðærið," grínast hann með. Ólafur hefur gert hljómsveitina út frá Kaupmannahöfn og fengið tónlist sína gefna út víða. Hann hefur því ekki farið varhluta af því að vera spyrtur við Sigur Rós, þá íslensku sveit sem náð hefur lengst í indie-tónlistargeiranum. Ólafur viðurkennir fúslega að Sigur Rósarstimpillinn hafi farið í taugarnar á sér en hefur búið til skilgreiningu á eigin tónlist sem hann vonar að fólk kveiki á. „Þegar við vorum á tónleikaferðalagi um Bretland 2007 var alltaf verið að biðja okkur að skilgreina tónlistina. Maður var eitthvað að reyna; smá seyðandi með smá krafti og eitthvað svona bull. Svo duttum við niður á þetta – Power Ambient – og það hitti beint í mark. Og er líka töff."

hdm@frettabladid.is

SPARBÍÓ SAMBÍÓIN

SPARbíó kl. 1 í álf. 3D og 2D - kl. 1:10 - í Kringl. 3D - kl. 2 á Ak. 3D - kl. 1.30 í kefl. 2D

SPARbíó kl. 1.20 í Álfabakka - kl. 2 í Kringlunni - kl. 2 á Akureyri

kl. 1:30 í Álfabakka og 1.10 í kringlu
1:30 í kefl. og á self. kl. 4 á Ak.

Hundur með skrítin hljóðfæri

„Þetta er alveg frábærlega skemmtileg vinna. Með þeim skemmtilegri sem við höfum komist í," segir Hjörleifur Hjartarson úr hljómsveitinni Hundur í óskilum.

Sveitin semur tónlistina í leikritinu Íslandsklukkunni sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í apríl. Nota þeir til þess ýmis skrítin hljóðfæri, þar á meðal Xapoon, sleða-diddjeridoo, symfon, saltara, talibanahorn og krumhorn. „Við fengum symfonið lánað hjá Ljótu hálfvitunum og talibanahornið er eitthvað sem ég keypti úti í búð í St. Pétursborg. Það hefur ekkert með talibana að gera," segir Hjörleifur og bætir við: „Xapoon er nýtt hljóðfæri sem er í ætt við klarinett. Það er mjög skemmtilegt og maður veit aldrei hvað kemur út úr því."

HUNDUR Í ÓSKILUM Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur G. Stephensen með hljóðfærin sem þeir nota í Íslandsklukkunni.

Hjörleifur og hinn meðlimur Hunda í óskilum, Eiríkur G. Stephensen, eru báðir búsettir á Norðurlandi og tóku þeir sér frí frá störfum til að vinna við Íslandsklukkuna í höfuðborginni. „Þetta er alveg nýtt fyrir manni að fá að skapa endalaust allan daginn frá níu til fimm," segir Hjörleifur.

Hundur í óskilum tekur sér pásu frá Íslandsklukkunni í kvöld. Þá verða þeir með tónleika á Domo klukkan 22 í tilefni fimmtugsafmælis Hjörleifs í næsta mánuði. - fb

Íslenskt í Austurríki

Hópur íslenskra tónlistarmanna og listamanna tekur þátt í Dóná-hátíðinni sem verður haldin í Austurríki dagana 29. apríl til 8. maí. Þar munu plötusnúðar, hljómsveitir, listamenn og ljóðskáld stíga á svið og sýna listir sínar. Á meðal þeirra sem taka þátt verða múm, Ghostigital, Stilluppsteypa, Reptilicus, Snorri Ásmundsson og Hildur Guðnadóttir. Liðsmenn útgáfufyrirtækisins Bedroom Community, Valgeir Sigurðsson, Ben Frost og Nico Muhly, verða einnig á meðal gesta. Hugsunin með þátttöku Íslands er að kynna sköpunarkraft þjóðarinnar og það hvernig mismunandi straumar og stefnur geta auðveldlega blandast saman. Austurrísku lista- og tónlistarmennirnir Franz Graf og Franz Pomassl, sem hafa unnið áður með íslenskum listamönnum, taka þátt í hátíðinni.

MÚM Hljómsveitin múm tekur þátt í Dóná-hátíðinni sem hefst í Austurríki í næsta mánuði.

TIM BURTON Addams-fjölskyldan er næst á dagskrá hjá þessum athyglisverða leikstjóra.

Ný mynd um Addams

Tim Burton ætlar að leikstýra þrívíddar-brúðumynd sem verður byggð á teiknimyndasögunum um Addams-fjölskylduna. Myndin verður byggð á sögum sem birtust upphaflega í dagblaðinu New Yorker, en ekki á sjónvarpsþáttunum frá sjöunda áratugnum eða kvikmyndinni sem kom út á síðasta áratug. Burton, sem síðast sendi frá sér Lísu í Undralandi, er einnig að undirbúa kvikmynd byggða á stuttmynd sinni Frankenweenie frá árinu 1984. Hún fjallaði um bolabít sem vaknar aftur til lífsins eftir að hafa fengið í sig eldingu.

BILLIE-JOE Billie-Joe Armstrong og félagar eru þegar byrjaðir að vinna að næstu hljóðversplötu.

Undirbúa nýja plötu

Hljómsveitin Green Day er þegar byrjuð að vinna í næstu plötu þrátt fyrir að innan við ár sé liðið síðan sú síðasta kom út. Nýju lögin hafa orðið til á tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu og vill forsprakkinn, Billie-Joe Armstrong, að platan verði tilbúin á skemmri tíma en sú síðasta. Sú plata, 21st Century Breakdown, kom út í fyrra, fimm árum eftir að American Idiot leit dagsins ljós. „Við bjuggum til nokkrar prufuupptökur í Berlín, Stokkhólmi, fyrir utan Glasgow og í Amsterdam," sagði Armstrong, sem er ánægður með framgang mála. Sveitin ætlar einnig að gefa út eigin Rock Band-tölvuleik á þessu ári.

> Vignir samdi við Hannover

Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Hannover Burgdorf. Fréttablaðið greindi fyrst frá því að Vignir væri líklega á leið til félagsins er Aron Kristjánsson var ráðinn þjálfari liðsins en Vignir lék undir hans stjórn hjá danska félaginu Skjern. Vignir kemur til liðsins frá Lemgo. Einn Íslendingur, Hannes Jón Jónsson, er fyrir í herbúðum félagsins.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON: UNDIRBÝR LANDSLIÐIÐ FYRIR VINÁTTULEIKI VIÐ FÆREYJAR OG MEXÍKÓ

Höfuðverkur varðandi hafsenta hér á landi

„Mér finnst þetta frábært tækifæri fyrir leikmennina á Íslandi. Þetta er krydd í tilveruna fyrir þá. Þeir öðlast reynslu og fá tækifæri til að sýna sig," segir landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson. Ísland mætir Færeyjum á morgun en þetta er þriðja árið í röð sem þjóðirnar mætast í Kórnum.

Landsliðshópurinn er að mestu skipaður leikmönnum sem spila hér heima. „Það er náttúrulega undirbúningstímabil í gangi hérna og menn hafa ekki spilað mikið. Maður horfir því aðeins til síðasta árs og í hvernig ástandi menn voru undir lok tímabilsins þá," segir Ólafur.

Athyglisverðast við landsliðshópinn er að þar er enginn leikmaður sem spilaði miðvörð sem aðalstöðu hjá sínu félagsliði á síðasta tímabili. „Það er ákveðinn höfuðverkur varðandi hafsenta hér á landi að mínu mati. Ég verð bara að segja eins og það er. Við eigum þó nokkra miðjumenn sem hafa spilað þessa stöðu. Annar hafsentinn verður því einhver sem leikur á miðjunni í deildinni hér heima," segir Ólafur en þar koma nokkrir leikmenn til greina. KR-ingurinn Grétar Sigurðarson hefur leikið mjög vel á undirbúningstímabilinu en fékk ekki pláss. „Að sjálfsögðu kom hann til greina eins og aðrir. Það voru nokkrir hafsentar sem ég skoðaði en þetta var niðurstaðan. Ég valdi Heimi Einarsson sem hefur staðið sig ágætlega í þeim leikjum sem ég hef séð en svo datt hann út."

Hópurinn heldur síðan til Bandaríkjanna og leikur við Mexíkó næsta miðvikudag. „Við erum að fara að spila á hrikalega flottum leikvangi og maður hefur heyrt að búið sé að selja um 60 þúsund miða. Það hlýtur að vera ótrúlega gaman að spila leik fyrir framan svona marga áhorfendur og gefa mönnum aukinn kraft."

ÚRSLIT

IE-deild kvenna:

Hamar-Keflavík	101-103

Stig Hamars: Julia Demirer 39 (13 frák.), Koren Schram 14 (8 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 13, Fanney Lind Guðmundsdóttir 12, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 10, Hafrún Hálfdánardóttir 6, Íris Ásgeirsdóttir 4, Guðbjörg Sverrisdóttir 3.

Stig Keflavíkur: Kristi Smith 26, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 25, Pálína Gunnlaugsdóttir 14 Bryndís Guðmundsdóttir 12, Marín Rós Karlsdóttir 11, Rannveig Randversdóttir 8, Svava Ósk Stefánsdóttir 4, Hrönn Þorgrímsdóttir 3.

Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Keflavík.

KR-Haukar	63-61

Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 15, Jenny Pfeiffer-Finora 14, Signý Hermannsdóttir 13, Unnur Tara Jónsdóttir 13, Hildur Sigurðardóttir 5, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 3.

Stig Haukar: Kiki Jean Lund 15, Heather Ezell 13, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, Guðrún Ósk Ámundadóttir 7, Helena Brynja Hólm 5, María Lind Sigurðardóttir 4, Telma B. Fjalarsdóttir 4, Sara Pálmadóttir 3,

KR vann einvígið, 3-0.

BARÁTTA Haukar börðust grimmilega en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna:

KR í úrslit

KÖRFUBOLTI KR er komið í úrslit í Iceland Express-deild kvenna eftir magnaðan sigur á Haukum, 63-61.

Haukastúlkur mættu einbeittar til leiks og leiddu nánast allan leikinn.

Hið sterka lið KR steig upp undir lokin, skreið fram úr, vann leikinn og tryggði sig inn í úrslitin. **- hbg**

Mögnuð karfa hjá Kristi

Kristi Smith skoraði þriggja stiga körfu langt fyrir utan þegar 4 sekúndur voru eftir af framlengingu og tryggði Keflavík 103-101 sigur á Hamri og 2-1 forystu í einvíginu í undanúrslitum Iceland Express-deildar kvenna.

KÖRFUBOLTI Kristi Smith var hetja Keflavíkur sem vann dramatískan sigur á Hamri í þriðja leik liðanna í undanúrslitaeinvígi liðanna í Iceland Express-deild kvenna sem fram fór í Hveragerði í gærkvöldi.

Keflavík vann leikinn 103-101 í framlengingu eftir að staðan hafði verið 88-88 eftir venjulegan leiktíma. Koren Schram hafði tryggt Hamar framlengingu en henni tókst hins vegar ekki að skora sigurkörfuna í lokasókn leiksins.

„Ég varð að reyna að bæta einhvern veginn fyrir það að klikka á vítaskotinu þarna rétt áður. Ég sá tækifærið til að taka skotið og lét vaða," sagði Kristi Smith eftir leikinn. „Ég er búin að vera í lægð í fyrstu tveimur leikjunum en ég náði vonandi að koma mér aftur af stað í þessum leik," sagði Kristi Smith sem var með 26 stig og 6 stoðsendingar í gær.

Kristi Smith var ekki sú eina sem steig fram á lokasprettinum því þær Bryndís Guðmundsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir voru með 15 af 26 stigum sínum í fjórða leikhlutanum og framlengingunni. Birna Valgarðsdóttir var líka mjög öflug allan leikinn og var með 25 stig og 12 fráköst. „Við ákváðum að taka janúarmánuð á þetta þar sem við vorum að gera þetta allt saman og létum jákvæðnina ráða för. Við vissum ef við færum ekki að byrja á því eftir fyrsta leikinn þá gætum við sleppt þessari úrslitakeppni," sagði Birna en Hamar vann fyrsta leikinn með 20 stiga mun. Keflavík hefur nú svarað með tveimur sigrum í röð og getur tryggt sér sæti í lokaúrslitunum með sigri í næsta leik á heimavelli.

„Þetta datt með Keflavík. Pálína setti fyrst niður rosalega stóran þrist þegar við erum nýbúnar að klikka á galopnum þristi og síðan setur Kristi niður svakalegan þrist, tvo metra fyrir utan þriggja stiga línuna og með mann í sér. Það er lítið hægt að gera í því," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars. „Leikurinn vinnst ekki eða tapast þarna á síðustu sekúndunum. Varnarleikurinn okkar er ekki nægilega góður og þær eru að fá of mikið af opnum skotum," sagði Ágúst en hvað gerðist eftir fyrsta leikinn?

„Ætli stelpurnar hafi ekki bara ofmetnast og haldið að þetta væri eitthvað auðvelt. Við erum núna með bakið upp við vegg, þurfum bara að mæta í Keflavík tilbúnar að berjast og taka einn leik í einu," sagði Ágúst.

Hamarsliðið fór mikið í gegnum Juliu Demirer í gær og hún fór langt með því að vinna leikinn með því að skora 39 stig og taka 13 fráköst. Það munaði hins vegar miklu um það alveg eins og í öðrum leiknum að Hamarsliðið var án Kristrúnar Sigurjónsdóttur á lokasprettinum en hún fékk sína fimmtu villu þremur mínútum fyrir leikslok. **ooj@frettabladid.is**

KOMNAR YFIR Bryndís Guðmundsdóttir og stöllur hennar í Keflavík unnu frábæran sigur í Hveragerði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á HÆKJUM Beckham mun styðjast við hækjur næstu vikurnar. NORDIC PHOTOS/AFP

Beckham kvaddi félagana:

Sendi leikmönnum bréf

FÓTBOLTI Leonardo, þjálfari AC Milan, las upp bréf frá David Beckham fyrir æfingu ítalska liðsins í gær. Tímabilinu er lokið hjá Beckham eftir meiðsli sem hann hlaut í síðustu viku.

Hann mun enn fremur ekki geta leikið með enska landsliðinu á HM í sumar. Hann mun þó hugsanlega fara með liðinu á mótið og veita þá leikmönnum ráðgjöf og stuðning enda afar reyndur leikmaður.

Bréfið frá Beckham hljómaði svona:

„Til þjálfarans og allra minna vina. Ég óska ykkur góðs gengis út tímabilið og ég vona að þið komið með bikarinn heim.

Ég vil líka þakka ykkur öllum fyrir stuðninginn og ástúðina sem þið sýnduð eftir leikinn gegn Chievo.

Þetta virkilega snerti mig og ég veit að ég á sanna vini hjá félaginu.

Ég vona að ég eigi eftir að spila með ykkur aftur og vera hluti af þessu yndislega liði. Enn og aftur þakka ég ykkur fyrir ástúðina og óska ykkur góðs gengis.

Ciao, David." **- egm**

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ

KONUR
Laugardagur

Digranes	HK - Valur	16:00
Framhús	Fram - Stjarnan	16:00
KA heimili	KA/Þór - Haukar	16:00
Kaplakriki	FH - Fylkir	16:00

Ásdís Hjálmsdóttir verður meðal keppenda á vetrarkastmóti í Frakklandi:

Ég á að geta gert góða hluti

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir mun kasta spjóti í fyrsta sinn á árinu 2010 á vetrarkastmóti Frjálsíþróttasambands Evrópu sem fram fer í Arles í Suður-Frakklandi um helgina.

Ásdís keppir á mótinu ásamt Óðni Birni Þorsteinssyni úr FH og félaga sínum úr Ármanni, Helgu Margréti Þorsteinsdóttur. Óðinn og Helga Margrét hafa getað keppt í sínum greinum innanhúss en Ásdís býr ekki við þann munað að kasta spjótinu sínu á innanhússtímabilinu.

„Ég keppti á þessu móti í fyrra og bætti mig þar. Þetta er eiginlega innanhússtímabilið mitt. Það eru allir að keppa innanhúss og ég er að leika mér þar en ég geta náttúrulega ekki keppt í spjóti inni. Þetta er mjög gott til að meta stöðuna fyrir sumarið því nú höfum við enn þá tvo mánuði í viðbót til þess að æfa," segir Ásdís sem er jákvæð.

„Staðan á mér er rosalega góð. Þetta er mjög snemma á tímabilinu þannig að maður veit aldrei hvað gerist. Ég er ekki orðin alveg stöðug en það er búið að ganga rosalega vel á æfingum. Ég vonast til þess að gera góða hluti," segir Ásdís. Hún og Helga Margrét búa að því að fá mikinn stuðning frá félagi sínu Ármanni.

„Hingað til hef ég þurft að borga þetta sjálf af mínum afreksstyrkjum en núna er félagið mitt búið að stofna Ólympíuhóp Ármanns sem er ég, Helga Margrét og Stefán Jóhannsson, þjálfari. Þeir í stjórninni hjá frjálsíþróttadeild Ármanns eru búnir að vera ótrúlega duglegir að vinna fyrir okkur. Það er ómetanlegt. Þeir eru búnir að fá inn fullt af styrkjum sem borga þetta alveg fyrir okkur," segir Ásdís og þá er bara að launa greiðann með því að standa sig í Frakklandi.

„Ég á að geta gert mjög góða hluti miðað við það hvernig æfingarnar eru búnar að ganga. Ég ætti þess vegna að geta bætt mig en það er ekkert bókað. Ég er alveg í formi upp á það," sagði Ásdís bjartsýn. **- óój**

JÁKVÆÐ OG BJARTSÝN Ásdís Hjálmsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPORT 2
enski boltinn

vodafone · Iceland Express · 1011 · Vörður

MAN.UTD.

Á morgun ★★★★★★★★★★★★★★ V ★★★★★★★★★★★★★★ kl. 13:00

LIVERPOOL

SIGUR SKIPTIR ÖLLU MÁLI

{ HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI
OG FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA }

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

ÓSÁTTUR Sir Alex klappar ekki fyrir enska knattspyrnusambandinu þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ferguson ekki sáttur:

Aganefndin er í tómu rugli

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er allt annað en sáttur við aganefnd enska knattspyrnusambandsins sem hann segir vera óstarfhæfa.

Ferguson reiddist mjög þegar agefndin dæmdi Rio Ferdinand, leikmann Man. Utd, í fjögurra leikja bann fyrir ruddaskap gegn Craig Fagan, leikmanni Hull.

Steven Gerrard hefur að sama skapi sloppið í tvígang vegna hegðunar sem verður seint talin til eftirbreytni.

Fyrst sendi Gerrard dómara dónalegt merki með puttunum og síðan lamdi hann Michael Brown með olnboganum í höfuðið.

„Það er ekkert samræmi hjá aganefndinni. Að þeir skyldu ekki taka á máli Gerrards kom mér ekki á óvart. Þetta er óstarfhæfur hópur og ég veit ekki hvað hann er eiginlega að gera," sagði Ferguson. **- hbg**

Hagur Eiðs Smára vænkast:

Defoe frá næstu vikurnar

FÓTBOLTI Enski landsliðsframherjinn Jermain Defoe spilar ekki með Tottenham Hotspur næstu vikurnar vegna meiðsla.

Þetta er mikið áfall fyrir Spurs enda hefur Defoe verið einn af bestu mönnum liðsins sem er í harðri baráttu um fjórða sæti deildarinnar.

Harry Redknapp, stjóri Spurs, hefur þó ekki of miklar áhyggjur af málunum enda eigi hann marga aðra góða leikmenn.

„Við höfum vissulega verið óheppnir með meiðsli en við eigum Peter Crouch, Roman Pavlyuchenko og Eið Smára til taks í sókninni. Við erum í góðum málum þar en það eru meiri meiðslavandræði í öðrum stöðum," sagði Redknapp. **- hbg**

Stund hefndarinnar á Old Trafford

Manchester United fær Liverpool í heimsókn á sunnudaginn ári eftir að Liverpool vann þar 4-1 sigur en heimamenn í United hafa tapað þremur leikjum í röð á móti erkifjendum sínum í Liverpool.

FÓTBOLTI Stórleikur helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni er án nokkurs vafa slagur erkifjendanna Manchester United og Liverpool klukkan 13.30 á sunnudaginn.

United er með fimmtán stigum meira og liðin eru ekki að keppa um titilinn eins og í fyrra en það breytir ekki því að leikir liðanna eru einn af hápunktum tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni. Manchester United er í magnaðri baráttu við Chelsea og Arsenal um enska meistaratitilinn á sama tíma og Liverpool keppir við Tottenham, Manchester City og Aston Villa um fjórða sætið sem er það síðasta sem gefur sæti í Meistaradeildinni.

Manchester United er á mikilli siglingu þessar vikurnar með Wayne Rooney í fararbroddi en United er búið að vinna síðustu fimm leiki sína í öllum keppnum, með markatöluna 13-1. Wayne Rooney hefur verið gjörsamlega óstöðvandi síðasta mánuðinn en hann hefur skorað alls níu mörk og gert fjórar tvennur í síðustu sex leikjum sínum. Það er líka kannski kominn tími á mark hjá honum á móti Liverpool en Rooney hefur aðeins skorað 1 mark í 14 leikjum með United á móti Liverpool.

Gott fyrir sjálfstraustið að vera á toppnum

„Við lítum á leikinn á sunnudaginn sem hluta af leið okkar að öðrum meistaratitli. Liðið hefur bætt spilamennskuna á síðustu vikum og það er mjög gott fyrir sjálfstraust liðsins að vera í toppsætinu á þessum tímapunkti," sagði Alex Ferguson, stjóri United. „Það bjuggust allir við að Liverpool stæði sig betur en liðið er að keppa um fjórða sætið við nokkur lið og það er ekki síðri barátta en sú um meistaratitilinn," sagði Ferguson.

Ef það er eitthvert lið sem United hefur átt í vandræðum með það þá eru það erkifjendurnir í Liverpool sem hafa unnið þrjá síðustu leiki liðanna.

Það er nákvæmlega ár síðan Liverpool vann óvæntan 4-1 stórsigur á Manchester United á Old Trafford þegar liðin voru í hörkubaráttu um enska meistaratitilinn. Þetta var aðeins fjórði sigur liðsins á Old Trafford í 17 leikjum frá árinu 1992.

Cristiano Ronaldo kom United yfir með marki úr víti en mörk frá Fernando Torres, Steven Gerrard, Fabio Aurelio og Andrea Dossena tryggðu Liverpool eftirminnilegan sigur. Það fór þó samt svo að Manchester United vann sinn 18. meistaratitil um vorið og jafnaði þar með met Liverpool.

Liverpool vann einnig fyrri leikinn á móti United á síðasta tímabili og fylgdi stórsigrinum fyrir ári síðan eftir með því að vinna 2-0 sigur á United í fyrri leik liðanna á Anfield. Fernando Torres og David Ngog skoruðu mörkin í þriðja sigri Liverpool í röð á móti Manchester United.

Liverpool vaknað til lífsins

Eftir dapra viku á undan þar sem liðið skoraði ekki mark og tapaði fyrir Wigan og Lille hefur Liverpool unnið tvo síðustu leiki sína (á móti Portsmouth og Lille) með markatölunni 7-1. Þar hefur munað miklu um það að Spánverjinn Fernando Torres er búinn að finna formið eftir meiðsli en hann var með 3 mörk og 2 stoðsendingar í þessum tveimur sigrum.

Javier Mascherano fagnar því að Liverpool getur teflt þeim Steven Gerrard og Fernando Torres fram að nýju. „Það vita allir að þeir ná vel saman og nú getum við hlakkað til þessa mikilvæga leiks á sunnudaginn. Við ætlum að reyna að vinna fyrir okkur, stuðningsmennina og félagið," sagði Mascherano og bætti við:

„Við vitum að okkar bíður mjög erfiður leikur því þeir eru að spila mjög vel þessa dagana. Þetta er samt öðruvísi leikir en allir því þetta er derby-slagur," sagði Javier Mascherano. **ooj@frettabladid.is**

STÓR SKELLUR Liverpool vann 4-1 sigur á Manchester United á Old Trafford í fyrra. Hér fagnar Fabio Aurelio þriðja markinu með Steven Gerrard. MYND/GETTY IMAGES

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur:

Arsenal - West Ham
Aston Villa - Wolves
Everton - Bolton
Portsmouth - Hull City
Stoke - Tottenham
Sunderland - Birmingham
Wigan - Burnley

Sunnudagur:

Blackburn - Chelsea
Fulham - Man. City
Man. Utd - Liverpool

UTAN VALLAR
Henry Birgir Gunnarsson
segir sína skoðun

Eiður Smári er með landsliðsþjálfarann í vasanum

„Það er gott fyrir hann að fá frí. Hann er að koma sér fyrir hjá nýjum klúbbi og er að reyna að vinna sig inn. Hann fær plús í kladdann frá klúbbnum líka," sagði líklega skilningsríkasti landsliðsþjálfari heims, Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, aðspurður um af hverju Eiður Smári Guðjohnsen væri ekki í landsliðshópnum sem mætti Kýpur á dögunum.

Það er líklega leitun að öðrum landsliðsþjálfara í heiminum sem er til í að segja já og amen við öllum bónum stjörnunnar sinnar. Maður sér ekki stjörnur annarra landsliða fá slíka kóngameðferð sem Eiður Smári fær frá Ólafi.

Þetta var í þriðja skiptið sem Ólafur gefur Eiði frí frá vináttulandsleikjum og alltaf af sömu ástæðu – svo Eiður fái plús í kladdann hjá félaginu sínu og fái þar af leiðandi að spila meira. Eins og Eiður sé eini leikmaður landsliðsins sem hefur lent í því að þurfa að sitja á bekknum hjá félagsliði sínu.

Í fyrstu tvö skiptin var Eiður að spila með Barcelona. Fríin góðu skiluðu honum engu þá. Hann spilaði í 18 og síðan 32 mínútur í leikjunum sem komu beint eftir fríið.

Nú síðast spilaði hann ekki eina mínútu með Tottenham í leiknum eftir Kýpurleikinn. Plúsinn í kladdann alls ekki að skila sér. Í leiknum þar á eftir spilaði hann rétt í lok leiksins.

Ég gekk á landsliðsþjálfarann fyrir Kýpurleikinn og spurði af hverju Eiður fengi þessi sérmeðferð. Sérstaklega í ljósi þess að fríin hefðu ekki skilað honum neinu hingað til. Ólafur brást hinn versti við spurningunni.

„Ég nenni ekkert að diskútera það. Það kemur málinu ekkert við. Ákvörðun var tekin. Hann fékk frí, búið. Ég tel mig ekkert þurfa að útskýra það betur," sagði Ólafur pirraður en hann hefur því miður ekki eins mikinn skilning á gagnrýnum spurningum blaðamanna og á séróskum stjörnunnar sinnar.

Það hvernig Eiður nýtti þennan frípassa að þessu sinni sýnir svo ekki verður um villst að hann er með þjálfarann algjörlega í vasanum og er í raun að gera grín að honum.

Á landsleikjadaginn sjálfan var Eiður nefnilega kominn til Íslands í frí. Sást meðal annars til hans um kvöldið á hótelbar með vínglas um hönd. Á sama tíma voru liðsfélagar hans í landsliðinu að svitna á Kýpur.

Eiður tók síðan morgunflug heim til London og mætti á æfingu um hádegisleytið hjá Tottenham, að því er talsmaður hans segir.

Maður sem er að berjast fyrir lífi sínu hjá félagi og vill ganga í augun á stjóranum sínum undirbýr sig ekki fyrir æfingar með því að fara til Íslands, lyfta sér upp, fljúga til London morguninn eftir og mæta beint á æfingu. Það getur aldrei talist heilbrigður undirbúningur fyrir æfingu.

Ef Eiður á annað borð nennti að standa í þessum ferðalögum þá ætti hann að hafa nennt til Kýpur. Kannski nennir hann ekki að spila fyrir landsliðið lengur – nema þegar það hentar honum. Ef Eiður nennir ekki að spila fyrir landsliðið þá á hann bara að koma hreint fram og segja það. Ekki vera með einhvern skrípaleik.

Þegar það hentar honum að spila fyrir landsliðið næst má hann í það minnsta vera öruggur um að landsliðsþjálfarinn bíður með opinn faðminn.

Landsliðsþjálfarinn sem heldur því stöðugt fram hvað æfingaleikir skipta miklu máli. Samt virðist vera í lagi að spila þá leiki án stjörnu liðsins sem leikur liðsins á að snúast um. Það er afar lítið vit í því.

EINBÝLISHÚS Í VESTURBÆ

Til sölu virðulegt og traustbyggt 262 fm. hús við Sörlaskjól, ásamt 32,2 fm bílskúr. Fjölbreyttir nýtingarmöguleikar. Húsið skiptist nú þannig:
Aðalhæð: 108,1 fm. Stór stofa, hol og 3 herbergi, eldhús og baðherbergi.
Ris: 67,6 fm. 2ja herb. notaleg íbúð, að mestu undir súð.
Kjallaraíbúð : 86,2 fm. Björt og lítið niðurgrafin 3ja herbergja íbúð. Stofa og 2 rúmgóð herbergi,eldhús og baðherbergi. Einnig stór geymsla í kjallara, sem mætti breyta í fjórða íbúðarherbergið.

Nánari upplýsingar gefur:
Atli Vagnsson hdl. og lögg.fasteignasali
Hverfisgata 4 Rvk. S: 698-4611 atli@atvinnuhus.is

HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

GARÐASTRÆTI 17 - OPIÐ HÚS Í DAG

Mjög falleg og björt 3ja herb. íbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í hjarta borgarinnar. Íbúðin, sem er öll endurnýjuð að innan og hönnuð af akritekt skiptist í stofu með austursvölum, eldhús, 2 svefnherb. og flísalagt baðherb. með sturtu. Parket á gólfum. **GLÆSILEGT ÚSÝNI. LAUS STRAX. TILBOÐSVERÐ.**

GUÐMUNDUR SÝNIR ÍBÚÐINA Í DAG MILLI KL. 14 OG 15. S. 892-5588, BJALLA 301.

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is
hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali

Sölusýning sunnudag milli kl 15:00 og 16:00.

Nýtt parhús

Dalsbrún 3 Hveragerði.

Um er að ræða vel heppnaða og fullbúna eign á góðum stað í Hveragerði samtals 161 m2 og telur hún; forstofu, stofu, eldhús, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús ásamt rúmgóðum bílskúr. Eignin er ný innréttið og tilbúin til afhendingar.

Ásett verð er 25,7 millj. FERMETRAVERÐ AÐEINS 159 þús,
lán frá ILS getur fylgt. Eignin getur einnig fengist til útleigu.

Nánari upplýsingar gefur Atli sölufulltrúi
s: 899-1178 eða atli@husasala.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Opið hús í dag milli 14-16.

Ljósaberg 38

Fallegt parhús á þessum friðsæla stað í Setberginu, húsið er 168 fm með bílskúr, Fallegar innréttingar og 4 svefnherbergi, Gott skipulag og eignin er til afhendingar fljótlega. Frábær staðsetning og gott aðgengi. Möguleg skipti á minni eign koma til greina. V. 40,9 millj. **Skarphéðinn og Júlía bjóða ykkur velkomin**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Barónsstígur 18 – opið hús.

Glæsieign í hjarta borgarinnar.

Til sýnis á sunnudaginn 21 mars milli kl. 12-13
stórglæsilegt 108,4 fm sérbýli með sérinngangi í tvíbýlishúsi á besta stað í hjarta borgarinnar. Húsið er járnklætt timburhús á steyptum grunni og hefur allt verið endurnýjað að utan. Húsið er í mjög góðu standi. Íbúðin sem er hæð og neðri hæð er algjörlega endurnýjuð að innan í hólf og gólf. Hönnuð og skipulögð af arkitekt. Öll vinna og endurnýjun er fyrsta flokks. Þetta er stórglæsilegt sérbýli í hjarta borgarinnar. Enginn hússjóður, sérbílastæði. Sjón er sögu ríkari. Verð 33 millj.

Verið velkomin. Bárður Tryggvason sölumaður verður á staðnum s-8965221

Ingólfur Gissurason lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Hlíðarhjalli Kóp. 3ja herb.

Sérlega falleg og vel skipulögð 3ja herb. endaíbúð á 1. hæð með sér inngangi og verönd í garði með skjólveggum. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Hiti í verönd og gangstétt, glæsilegt eldhús og baðherbergi. Laus strax. Hér er á ferðinni kjörin íbúð fyrir þá sem eru að byrja búskap eða minnka við sig. Gott aðgengi. Verð 22,9 millj. Sjá myndir á www.fasteignir.is

Upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali
S: 895 3000 - asmundur@hofdi.is

Skaftahlíð sérhæð m/bílskúr

Snyrtileg og vel skipulögð sérhæð í 4býli ásamt bílskúr, alls 149,1 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og rúmgóða stofu. Tvennar svalir. **Verð 32,5 millj. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798 - runolfur@hofdi.is.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Skipalón 16-20 Hafnarfirði. (fyrir 50 ára og eldri) og Skipalón 25 og 27 fyrir frjálsan markað.

Opið hús í dag Laugardag milli kl. 13-15 og á morgun Sunnudag milli kl. 16 og 17.
Sölumenn Valhallar verða á staðnum. Mætið að Skipalóni 16-20.

Nýjar glæsilegar íbúðir á raunhæfu 2010 verði. Yfirtaka á 40 ára láni frá Íbúðalánasjóði með 4,9-5,2% vxt. + Lítil útborgun. Nýjar mjög glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í glæsilegu álklæddu lyftuhúsi , ásamt stæði í upphitaðri bílageymslu (innangengt í sameign). Myndavéladyrasími. Allar íbúðir eru með vönduðum eikarinnréttingum, skápum og innihurðum frá Brúnási. Baðherbergi flísalagt með vönduðum tækjum (handklæðaofn). Í eldhúsum er innbyggð uppþvottavél og ísskápur AEG, (í mörgum íbúðum er Amerískur ísskápur með frysti og klakavél). Þvottaherbergi í hverri íbúð, sérgeymsla í kjallara og suðvestur svalir. Í nokkrum íbúðum eru einnig suðaustur svalir að auki. Granít borðplötur í eldhúsi, baði og gluggakistum frá S-Helgasyni. Einn allra besti frágangurinn á markaðnum í dag.

Íbúðir í húsm nr. 25 og 27 (fyrir frjálsan markað) eru 3ja herb. ca 100 fm og 4ra herbergja 120 fm (endaíbúðir með glugga á 3 vegu). Dæmi:
3ja herb. 100fm íbúð með plastparketi og bílskýli: Verð 22,4 millj. Áhv. ÍLS 20,6 m.
illigjöf 1,8 m. Gr., eftir samkomulagi.
4ra herb., 120 fm með plastparketi og bílskýli. Verð 25,2 millj. Áhv. ÍLS. 21,2 m
Milligjöf 4 millj. gr., eftir samkomulagi.

Skipalón 16-20.(fyrir 50 ára og eldri) Dæmi:
2ja herb. 71 fm með plastparketi og bílskýli. Verð 17,1 millj. Áhv.16,7 m. ÍLS. Milligjöf 400.000.-
3ja herb. 92-98 fm með plastparketi og bílskýli. Verð 21,1 millj. Áhv. 20,7 m. ÍLS. Milligjöf 400.000.-
3ja herb. 120 fm með bílskýli. Verð 25,7 millj. Áhv. ÍLS. 21,2 millj. Milligjöf 4,5 millj. Samkomulag.
4ra herb. 128 fm með bílskýli og tveimur baðherbergjum og tveimur svölum. Verð 26,8 millj. Áhv. ÍLS. 21,2 m. Mismunur 5,6 m. Greiðist eftir samkomulagi.

Einstakt tækifæri – sjón er sögu ríkari – gæðaeignir á frábæru verði í nær viðhaldslausu fjölbýli. Í dag og á næstu árum er fjárfesting í fasteign það eina rétta, hún hverfur ekki.

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurason lgf. • Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

WILLIAM GALLAS Gæti skipt um félag í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Samningar Williams Gallas:

Meiðsli hamla viðræðum

FÓTBOLTI Arsene Wenger óttast að þrálát meiðsli varnarmannsins Williams Gallas skemmi fyrir viðræðum leikmannsins um nýjan samning. Roma hefur mikinn áhuga á Gallas sem verður samningslaus í sumar.

„Gallas verður ekki með um helgina. Þessi meiðsli virðast endalaus og það er áhyggjuefni. Sol Campbell og Mikaël Silvestre verða að vera reiðubúnir," sagði Wenger.

Wenger segir þó að Frakkar þurfi engar áhyggjur að hafa varðandi HM í sumar, Gallas verði tilbúinn í slaginn þá.

Góðu fréttirnar fyrir Arsenal eru þær að miðjumennirnir Cesc Fabregas, Tomas Rosicky og Alex Song verða allir tilbúnir í slaginn fyrir leikinn gegn West Ham í dag. **- egm**

Hágæðaskemmtun tryggð

Arsenal og Barcelona munu mætast í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en dregið var í gær. Manchester United mun leika gegn þýska liðinu FC Bayern.

FÓTBOLTI Titilvörn Evrópumeistara Barcelona í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar verður gegn Arsenal. Dregið var í Sviss í gær. Manchester United mun mæta Bayern München en þessi lið mættust í einum eftirminnilegasta úrslitaleik í sögu Meistaradeildarinnar árið 1999.

Ef United tekst að komast áfram mun liðið leika við sigurvegarana úr franska slagnum, Lyon-Bordeaux, í undanúrslitum. Sigurvegarinn úr viðureign Barcelona og Arsenal mætir annaðhvort Inter eða CSKA Moskvu.

Samkvæmt veðbönkum eru Börsungar sigurstranglegastir í keppninni en þeir unnu Arsenal í úrslitaleik hennar fyrir fjórum árum. Txiki Begiristain, yfirmaður íþróttamála hjá Barcelona, segir að áhorfendum sé tryggð skemmtun í leikjunum gegn Arsene Wenger og lærisveinum hans.

„Þetta verður ein fallegasta viðureign fótboltans. Þetta eru tvö lið sem leika frábæran og áhorfendavænan bolta," sagði Begiristain.

Næstsigurstranglegastir eru rauðu djöflarnir frá Manchester. „Þegar horft er á fyrri viðureign-

MEISTARADEILDIN - DRÁTTUR

Átta liða úrslit:
Lyon - Bordeaux
FC Bayern - Manchester United
Arsenal - Barcelona
Inter - CSKA Moskva
Undanúrslit:
Arsenal/Barcelona - Inter/CSKA
FC Bayern/Man Utd - Lyon/Bordaux

HENRY OG MESSI Fagna eftir sigur Barcelona í úrslitaleiknum í fyrra. Henry þekkir Arsenal vel enda var hann áður fyrr skærasta stjarna liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

ir þessara liða sést að þetta verður mjög erfitt fyrir okkur," segir Sir Alex en Bayern hefur haft betur þegar skoðaðar eru innbyrðis viðureignir liðanna síðustu ár. „Vonandi verða allir sem við þurfum á að halda heilir fyrir þennan leik. Ef svo er eigum við góða möguleika."

Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður þýska liðsins, segir að hans menn eigi erfitt en skemmtilegt verkefni fyrir höndum.

„Við þurfum að eiga okkar allra besta leik til að komast áfram. Manchester United er sigurstranglegra liðið enda eitt það allra besta. En það gerir verkefnið skemmtilegra, að reyna að slá út þá sigurstranglegri," sagði Rummenigge.

Ítalíumeistarar Inter eru taldir eiga auðveldasta verkefnið en þeir leika gegn CSKA Moskvu.

„Það væri rangt að vanmeta CSKA af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er tímabilið nýhafið hjá þeim og þeir eru ferskari en önnur lið. Þá spila þeir á gervigrasi og því er erfiðara fyrir þau lið sem búa yfir mikilli tækni að hafa stjórn á boltanum," sagði Ernesto Paolillo, stjórnarmaður hjá Inter, sem var þó ánægður með að losna við Manchester United og Barcelona á þessu stigi keppninnar. **elvargeir@frettabladid.is**



LÍÐUR ILLA Shawcross var miður sín er hann fótbraut Ramsey. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Aaron Ramsey reiður:

Svarar ekki Shawcross

FÓTBOLTI Ryan Shawcross, varnarmaður Stoke, hefur enn ekki talað við Aaron Ramsey hjá Arsenal eftir tæklinguna sem varð til þess að Ramsey fótbrotnaði.

Shawcross hefur reynt að biðja Ramsey afsökunar en án árangurs. Shawcross fékk þriggja leikja bann en Ramsey getur hins vegar ekki leikið fyrr en á næsta tímabili.

„Ég hef reynt að ná í hann. Ég hef hringt í hann og skilið eftir skilaboð og einnig sent honum textaskilaboð. Ég hef ekkert fengið til baka en það er allt í hans höndum," segir Shawcross.

„Mun ég hitta hann? Það gæti gerst í framtíðinni en Aaron ræður hvort af því verður."

Shawcross fór grátandi af velli eftir atvikið en hann segist ekki ætla að breyta sínum leikstíl þrátt fyrir það sem gerðist. **- egm**

Athugið!
Rannsóknasjóður
-breyttur umsóknarfrestur

Vakin er athygli á breyttum umsóknarfresti í Rannsóknasjóð fyrir styrkárið 2011.
Nýr umsóknarfrestur verður þriðjudaginn 1. júní 2010.
Umsóknarfresturinn 1. október fellur niður við breytinguna.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Alþjóðlegt meistaranám
í sjálfbærum orkuvísindum

Jarðvísindi – Verkfræði – Viðskiptafræði

REYST

Umsóknarfrestur er til 1. apríl
www.reyst.is

Spilandi aðstoðarþjálfari Blika í gríðskum fjölmiðlum:

Arnar á leið í AEK?

FÓTBOLTI Arnar Grétarsson, spilandi aðstoðarþjálfari Breiðabliks, hefur verið orðaður við stöðu yfirmanns íþróttamála hjá gríska stórliðinu AEK Aþenu um nokkurt skeið. Gríska íþróttablaðið Sport-day slær málinu upp á forsíðu sinni og segir að Arnar muni samkvæmt heimildum sínum fara til Grikklands í komandi viku og skrifa undir samning.

Arnar vildi hvorki játa né neita þessum fréttum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég kýs að tjá mig ekkert um þetta mál við fjölmiðla," sagði Arnar.

Blaðið segir að Arnar hafi hitt Stavros Adamidis, stjórnarformann AEK, í Lundúnum á dögunum og þeir rætt þessi mál. Arnar lék með AEK á árunum 1997-2000. **- egm**

FORSÍÐAN Arnar er flottur á forsíðu gríska blaðsins Sport-day.

Liverpool fær Benfica í Evrópudeildinni:

Eigum erfiða leiki fyrir höndum

FÓTBOLTI Dregið var í átta liða úrslit Evrópudeildarinnar í gær. Liverpool mætir þar Benfica sem trónir á toppi portúgölsku deildarinnar. Ef Liverpool nær sigri úr þeirri viðureign mun það mæta sigurvegaranum úr rimmu spænsku liðanna Valencia og Atletico Madrid í undanúrslitum.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, segir að sitt lið eigi erfitt verkefni fyrir höndum. „Við vitum að þetta er gott lið og höfum mætt því áður í Meistaradeildinni. Það á góða stuðningsmenn og þetta verður krefjandi," sagði Benítez eftir dráttinn.

„Það er auðvitað mikilvægt að seinni leikurinn sé á okkar heimavelli. Við vitum að við þurfum að spila vel á útivelli og vera öflugir heima. Þeir hafa leikið áður á Anfield og verða kannski ekki eins hræddir og önnur lið," sagði Benítez.

Hann vildi ekkert tjá sig um möguleikann á því að mæta sínu gamla félagi, Valencia, í undanúrslitum. „Eins og þið blaðamenn ættuð að vita þá tek ég alltaf einn leik í einu. Við horfum bara til leiksins gegn Benfica. Þeir eru á góðu skriði og þetta verður erfitt."

Fulham mætir þýska liðinu Wolfsburg í átta liða úrslitunum. **- egm**

FERMING

Eigulegar gjafir!



Gott verð!

4.995 kr.

Bók og DVD diskur
um mannslíkamann
í einum pakka

Tilboð

9.990 kr.

~~13.990 kr.~~
Glæsilegt uppfletti rit
um íslenska hestinn



Tilboð

7.990 kr.

~~15.990 kr.~~
Stóra myndaorðabókin um
allt milli himins og jarðar

Tilboð

6.995 kr.

~~9.995 kr.~~
Bakpoki 28 lítra, svartur

Tilboð

9.995 kr.

~~12.995 kr.~~
Mjúk ferðataska á hjólum

Tilboð

4.995 kr.

~~6.995 kr.~~
Safari pennasett

Tilboð gilda til og með 30.04.10

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> Susan Sarandon

„Ég vel mér verkefni sem ég get talað endalaust um því oftast þarf ég að eyða meiri tíma í að kynna myndirnar sem ég leik í heldur en að leika í þeim."

Sarandon fer með aðalhlutverkið í myndinni Bernard and Doris sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

dagskrá sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Réttur

Faðir Loga fær hann til að sækja mál gegn stærstu lyfjaverslun landsins. Barnastjarnan Dóri dúkkustrákur er handtekinn á Leifsstöð með ólögleg fíkniefni. Hann er ófáanlegur til að nefna nöfn enda er fíkniefnaheimurinn lítill og hættulegri en margir halda.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

Sjálfstætt fólk
Stöð 2 kl. 19.40

Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum og tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið. Viðmælandi Jóns í þættinum í kvöld er Baltasar Kormákur, leikari og leikstjóri.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Húrra fyrir Kela!, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Finni kostur, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix (11:26)

09.51 Hanna Montana

10.15 Gettu betur

11.25 Úti í mýri

12.00 Leiðin á HM

12.30 Silfur Egils.

13.50 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Listhlaup kvenna, úrslit) Sýnt frá úrslitakeppni í ísdansi kvenna.

15.50 Íslandsmótið í handbolta Bein útsending frá leik í efstu deild.

17.35 Táknmálsfréttir

17.45 Elli eldfluga (12:12)

17.50 Leirkarlinn með galdrahattinn (3:6)

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Heimsmethafinn í vitanum Heimildarmynd eftir Jón Karl Helgason. Einn af elstu vitum Íslands, Stórhöfðaviti, er talin óviðrasamasta veðurstöð landsins.

20.30 Glæpurinn II (5:10) (Forbrydelsen II) Dönsk sakamálaþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

21.30 Sunnudagsbíó - Ísilögð áin (Frozen River) Bandarísk bíómynd frá 2008. Tvær einstæðar mæður leiðast út í smygl. Meðal leikenda eru Melissa Leo, Misty Upham, Charlie McDermott og Michael O'Keefe.

23.05 Silfur Egils

00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.50 Waterloo Road **11.40** Lab Rats **12.10** Lab Rats **12.40** The Weakest Link **13.25** Monarch of the Glen **14.15** Waterloo Road **15.05** Waterloo Road **15.55** Only Fools and Horses **16.45** My Family **17.15** The Weakest Link **18.00** Strictly Come Dancing **19.15** Strictly Come Dancing **20.00** The Chase **20.50** The Mighty Boosh **21.20** Marc Wootton Exposed **21.50** This Is Dom Joly **22.20** My Family **22.50** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.20** Holby Blue

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.00 Algjör Sveppi

09.20 Barnatími Stöðvar 2

12.00 Nágrannar

12.20 Nágrannar

12.40 Nágrannar

13.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 American Idol (19:43)

14.30 American Idol (20:43)

15.15 American Idol (21:43)

16.05 Grey's Anatomy (13:24)

16.55 Oprah Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

17.40 60 mínútur Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.15 Fraiser (9:24) Sígildir og margverðlaunaðir gamanþættir um útvarpsmanninn dr. Frasier Crane.

19.40 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.

20.20 Réttur (2:6) Önnur þáttaröðin um lögfræðingana á lögmannastofunni Lög og réttur.

21.10 Cold Case (12:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.00 Twenty Four (9:24) Áttunda serían um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.

22.50 60 mínútur

23.35 Daily Show: Global Edition

00.00 NCIS (11:25)

00.45 Breaking Bad (6:7)

01.35 Marie Antoinette

03.35 No Way Out

05.25 Fraiser (9:24)

05.50 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.50 Real Madrid - Sporting Frá leik í spænska boltanum.

10.30 Wladimir Klitschko - Eddie Chambers Frá bardaga Wladimirs Klitschko og Eddie Chambers.

12.10 Barcelona - Stuttgart Frá leik í Meistaradeild Evrópu.

13.50 Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

14.15 Liverpool - Lille Frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

16.00 Atvinnumennirnir okkar: Guðjón Valur Sigurðsson

16.35 Grosswallstadt - Gummersbach Bein útsending frá leik í þýska handboltanum.

18.25 Inside the PGA Tour 2010

19.00 PGA Tour 2010 Bein útsending frá Transitions Championship mótinu í golfi.

22.00 Zaragoza - Barcelona Frá leik í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 19.55.

23.40 Grosswallstadt - Gummersbach Útsending frá leik í þýska handboltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Mörk dagsins

09.40 Everton - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

11.20 PL Classic Matches: West Ham - Sheffield Wed, 1999

11.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

12.20 Mörk dagsins

13.00 Man. Utd. - Liverpool Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

15.45 Blackburn - Chelsea Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 14.55. Fulham - Man. City

18.00 Fulham - Man.City Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

19.40 Arsenal - West Ham Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.20 Stoke - Tottenham Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

23.00 Man. Utd. - Liverpool Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

14.20 The Doctors

15.00 The Doctors

15.40 The Doctors

16.20 The Doctors

17.00 The Doctors

17.45 Wipeout USA

18.30 Seinfeld (12:24)

18.55 Seinfeld (13:24)

19.20 Seinfeld (14:24)

19.45 Seinfeld (15:24)

20.10 Ísland í dag - helgarúrval

20.35 Svínasúpan (3:8) Grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar. Leikendur eru Auðunn Blöndal Kristjánsson, Sverrir Þ. Sverrisson, Pétur Jóhann Sigfússon, Sigurjón Kjartansson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Jón Gnarr.

21.00 Supernatural (3:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

21.40 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

22.25 Seinfeld (12:24)

22.50 Seinfeld (13:24)

23.15 Seinfeld (14:24)

23.40 Seinfeld (15:24)

00.05 Auddi og Sveppi

00.40 Logi í beinni

01.25 Sjáðu

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

17.00 Græðlingur

17.30 Tryggvi Þór á alþingi

18.00 Kokkalíf

18.30 Heim og saman

19.00 Alkemistinn

19.30 Óli á Hrauni

20.00 Hrafnaþing

21.00 Í kallfæri

21.30 Birkir Jón

22.00 Hrafnaþing

23.00 Eldhús meistaranna

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

11.20 7th Heaven (21:22) (e)

12.05 7th Heaven (22:22) (e)

12.45 7th Heaven (1:22) (e)

13.25 Dr. Phil (e)

14.10 Dr. Phil (e)

14.50 Spjallið með Sölva (5:14) (e)

15.40 Innlit/ útlit (8:10) (e)

16.10 Nýtt útlit (3:11) (e)

17.00 Djúpa laugin (6:10) (e)

18.00 Matarklúbburinn (1:6) (e)

18.30 The Office (20:28) (e)

18.55 30 Rock (22:22) (e)

19.20 Girlfriends (3:22) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.

19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir (7:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. (e)

20.05 Top Gear (4:7) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.

21.00 Leverage (9:15) Spennandi þáttaröð í anda Ocean's Eleven um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi.

21.45 Dexter (12:12) Fjórða þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Það er komið að lokaþættinum. Dexter verður að leggja allt í sölurnar til að finna Arthur áður en hann finnur fjölskyldu Dexters.

22.45 House (20:24) (e)

23.35 Saturday Night Live (11:24) (e)

00.25 Worlds Most Amazing Videos (e)

01.10 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

06.10 Bernard and Doris

08.00 Dumb and Dumber

10.00 Great Expectations

12.00 Are We Done Yet?

14.00 Dumb and Dumber

16.00 Great Expectations

18.00 Are We Done Yet?

20.00 Bernard and Doris Sannsöguleg mynd um tóbakserfingjann Doris Duke og einkaþjón hennar Bernard sem hún arfleiddi mikinn hlut auðs síns.

22.00 Licence to Kill Timothy Dalton er í hlutverki njósnarans James Bonds.

00.10 The Invasion

02.00 Irresistible

04.00 Licence to Kill

DR 1

11.25 OBS **11.30** Den lille prinsesse **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Kroniken **14.45** HåndboldSondag **16.30** Bamses Lillebitte Billedbog **16.45** Humf **16.50** Blomster til et stjernebarn **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** OBS **18.05** Attenborough - koldblodigt eventyr **19.00** Arn **20.00** 21 Sondag **20.40** SportNyt med SAS liga **21.05** Hercule Poirot **22.50** Verdens værste naturkatastrofer **23.35** 2020

NRK 1

12.05 V-cup langrenn **12.50** V-cup skiskyting **14.00** V-cup langrenn **14.45** V-cup skiskyting **15.50** VM skoyter **16.30** Åpen himmel. Skaperglede **17.01** Fugleveien 3 **17.10** Med bestefar i lomma **17.25** Danny og Daddy **17.30** Newton **18.00** Sondagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.10** Himmelblå **19.55** Ingen grenser **20.45** Lille Dorrit **21.35** Birkebeinerrennet **22.05** Kveldsnytt **22.25** Kaldt kapplop **23.20** Lyngbo og Hærlands Big Bang

SVT 1

12.05 Vinterstudion **12.10** Längdskidor. Världscupen Falun **12.50** Vinterstudion **13.10** Skidskytte. Världscupen Oslo **14.00** Längdskidor. Världscupen Falun **14.45** Bandy. SM-final **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Bubblan **19.30** Sportspegeln **20.15** Livet på Laerkevej **21.00** Absolut beroende **21.30** Välkommen till Nanovärlden **22.00** Andra Avenyn **22.45** Brottskod. Försvunnen

Meira fyrir minna!
40-80% afsláttur
LAGERSALA TEKK
KAUPTÚNI 3, GARÐABÆ
Komdu og gerðu kostakaup
Opið mánudaga-laugardaga kl. 11-18
Opið á sunnudögum kl. 13-17
IKEA BÓNUS BYKO P P Kauptún 3 TEKK VÖRUHÚS
TEKK COMPANY
TEKK VÖRUHÚS

RISA

VERÐ FRÁ
599.-

DVD MARKAÐUR

Í HAGKAUP SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

Einnig mikið úrval af tilboðsmyndum í Hagkaup Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum og Akureyri

1.499

1.499

999

999

799



599

799

999

3.499.-

20% AFSLÁTTUR

SVEPPI ÁRITAR
í Hagkaup
Smáralind
kl. 15:00 í DAG!

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

dagskrá

> Nicole Kidman

„Ég er stolt af mínu starfi og það skiptir mig engu máli hvað aðrir skrifa eða segja um það."

Kidman fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Others sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 22.00.

VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON VERÐUR LÍMDUR VIÐ TÆKIÐ Á MORGUN

To Sir With Love

Fátt er jafn pirrandi og Alex Ferguson, knattspyrnustjóri litla liðsins í Mannshestahreppi, sem af einhverjum orsökum var aðlaður af Bretlandsdrottningu fyrir nokkrum árum þegar hver meðalgreindur einstaklingur hefði átt að gera sér ljóst að fjölmargir Tjallar ættu sæmdarheitið fremur skilið, til dæmis söngvarinn Rick Astley, Kio Briggs og gæinn sem leikur Peter í EastEnders-þáttunum. Vafalítið væri hægur leikur að telja upp þúsund gremjuvaldandi atriði í fari Ferguson, en pistill á borð við þennan er ekki rétti vettvangurinn til slíkra trakteringa. Því verður hér einungis tæpt á örfáum þeirra.

Fyrst og fremst gengst Alex upp í hlutverki væluskjóðunnar. Hann skælir linnulítið yfir öllu, yfir þjálfurum annarra liða, ástandi valla (og þar er hans heittelskaði Old Trafford ekki undanskilinn) og því að önnur knattspyrnufélög reyni að freista leikmanna Manjú á ólöglegan hátt þegar Fergie sjálfur er barnanna langverstur í þeim efnum, sem gerir hann að óforskömmuðum hræsnara í ofanálag. Alex grætur vegna framgöngu fréttamanna og vílar ekki fyrir sér að sniðganga heilu fjölmiðlasamsteypurnar sem dirfast að greina almenningi frá glæpahneigð sonar hans. Allra mest nöldrar Alex þó yfir dómurunum sem hann álítur sína höfuðóvini, jafnvel þótt staðreyndin sé sú að flestir eru þeir lafhræddir við knattspyrnustjórann og leggja sig fram um að styggja ekki stirt skap hans. Árið 2003 tókst manninum meira að segja að grenja sig út úr himinhárri sekt fyrir ofsaakstur í vegarkanti hraðbrautar. „Ég var með pípandi niðurgang," útskýrði Skotinn frammi fyrir dómstólum og bar sig aumlega. Hefði Kio Briggs komist upp með slíka afsökun?

Þegar við bætist risavaxið, rósrautt og viskíþrútið nef, sífellt tyggjójórtur og ákvarðanatökufælni á háu stigi („Ég ætla að hætta í vor. Nei, ég verð áfram. Drama!"), þarf ekki að koma á óvart að Alex fari í taugarnar á svo mörgum sem raun ber vitni. Man. Utd leikur gegn Liverpool á morgun.

LAUGARDAGUR

▶ **17.15 Arsenal - West Ham, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **18.00 Sjáðu** STÖÐ 2

▶ **19.10 Wipeout USA** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **19.30 Wimbledon** SKJÁREINN

▶ **20.10 Gettu betur** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Tóti og Patti, Ólivía, Úganda, Elías Knár, Kobbi gegn kisa, Millý og Mollý og Hrúturinn Hreinn.
10.20 Dansað á fákspori (e)
10.50 Leiðarljós (e)
11.35 Leiðarljós (e)
12.25 Kastljós (e)
13.00 Kiljan (e)
13.50 Íslandsmótið í hreysti (e)
14.45 Sterkasti fatlaði maður heims (e)
15.25 Sindbað sæfari (e)
16.50 Lincolnshæðir (Lincoln Heights III)
17.35 Táknmálsfréttir
17.45 Útsvar (Fljótsdalshérað - Garðabær) (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Spaugstofan
▶**20.10 Gettu betur** (Undanúrslit, Verzló - Fjölbrautaskóli Suðurlands) Seinni undanúrslitaþáttur spurningakeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu.
21.20 Leifturdans (Flashdance) Bandarísk bíómynd frá 1983. Aðalhlutverk: Jennifer Beals og Michael Nouri.
22.55 Körfuboltaþjálfarinn (Coach Carter) Bandarísk bíómynd frá 2005. Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, Rob Brown, Robert Richard og Rick Gonzalez. (e)
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.10 My Blue Heaven
08.00 No Reservations
10.00 Speed Racer
12.10 Wall-E
14.00 No Reservations
16.00 Speed Racer
18.10 Wall-E
20.00 My Blue Heaven Gamanmynd með Steve Martin í aðalhlutverki.
22.00 The Living Daylights
00.10 Thelma and Louise
02.15 The Last Time
04.00 The Living Daylights

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Algjör Sveppi
09.20 Strumparnir
09.45 Latibær (16:18)
10.10 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Wipeout USA
14.35 Logi í beinni
15.25 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
16.05 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur með þátt þar sem allt er leyfilegt.
16.45 The Big Bang Theory (3:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon.
17.15 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
▶**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir kvikmyndaáhugamenn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Veður
19.10 Ísland í dag - helgarúrval
19.35 Ástríkur á Ólympíuleikunum Ástríkur og Steinríkur snúa aftur í meistaralega vel gerðri talsettri bíómynd þar sem þeir keppa fyrir hönd Gaulverja á Ólympíuleikunum gegn hinum vondu Rómverjum og guðdómlegu Grikkjum.
21.35 300 Vinsæl, epísk stórmynd byggð á samnefndri myndasögu eftir Frank Miller.
23.30 The Hills Have Eyes 2 Framhald samnefndrar hrollvekju sem byggð er á sögu Wes Craven um skelfilegt, stökkbreytt fjallafólk sem ásækir ferðamenn sem verða á vegi þess.
01.00 Mr. Bean's Holiday
02.25 The Squid and the Whale
03.45 ET Weekend
04.30 Logi í beinni
05.15 The Big Bang Theory (3:23)
05.40 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.35 WGC - CA Championship Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
09.30 Inside the PGA Tour 2010 Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega.
09.55 Spænsku mörkin 2009-2010
10.50 Chelsea - Inter Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
12.30 Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
12.55 Fréttaþáttur Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu.
13.20 Fulham - Juventus Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
15.00 KR - Keflavík Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
16.40 Houston - Boston Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
18.25 La Liga Report
18.55 Real Madrid - Sporting Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
20.55 Wladimir Klitschko - Eddie Chambers Bein útsending frá bardaga Vladimir Klitschko og Eddie Chambers.
23.00 Ultimate Fighter - Sería 10 Sýnt frá UFC Live Events.
23.50 Real Madrid - Sporting Útsending frá leik í spænska boltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Liverpool - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.40 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
11.35 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
12.05 Premier League Preview 2009/10
12.35 Aston Villa - Wolves Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.45 Stoke - Tottenham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Everton - Bolton Sport 4. Portsmouth - Hull Sport 5. Sunderland - Birmingham Sport 6. Wigan - Burnley
▶**17.15 Arsenal - West Ham** Bein útsending frá nágrannaslag í ensku úrvalsdeildinni.
19.30 Mörk dagsins
20.10 Leikur dagsins
21.55 Mörk dagsins
23.15 Mörk dagsins
23.55 Mörk dagsins

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.10 7th Heaven (19:22) (e)
11.50 7th Heaven (20:22) (e)
12.35 Dr. Phil (e)
13.20 Dr. Phil (e)
14.00 Dr. Phil (e)
14.40 Still Standing (15:20) (e)
15.00 What I Like About You (e)
15.20 Rules of Engagement (6:13) (e)
15.40 Britain's Next Top Model (e)
16.35 90210 (11:22) (e)
17.20 Top Gear (3:7) (e)
18.15 Girlfriends (2:22)
18.35 Game Tíví (8:17) (e)
19.05 Accidentally on Purpose (e)
▶**19.30 Wimbledon** Rómantísk gamanmynd með Kirsten Dunst og Paul Bettany í aðalhlutverkum. (e)
21.10 Saturday Night Live (11:24) .
22.00 The Others Spennumynd frá 2001 með Nicole Kidman í aðalhlutverki. Sagan gerist undir lok síðari heimsstyrjaldar og segir frá ungri konu Grace, sem býr með börnum sínum tveim á stóru og gömlu sveitasetri. Eftir að þjónustufólkið hverfur ræður hún nýtt þjónustufólk en fljótlega eftir að það hefur störf fara undarlegir hlutir að gerast.
23.45 Djúpa laugin (6:10) (e)
00.45 Spjallið með Sölva (5:14) (e)
01.35 Premier League Poker (e)
03.15 Girlfriends (1:22) (e)
03.35 Jay Leno (e)
04.20 Jay Leno (e)
05.10 Pepsi MAX tónlist

INN

18.00 Hrafnaþing
19.00 Eldhús meistaranna
19.30 Grínland
20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur
21.30 Tryggvi Þór á alþingi
22.00 Kokkalíf
22.30 Heim og saman
23.00 Alkemistinn
23.30 Óli á Hrauni
00.00 Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LÍNAN

LAGERSALA SELJUM EINGÖNGU BEINT AF LAGER OKKAR SEM ER AÐEINS OPINN UM HELGAR. LÍTIL YFIRBYGGING = BETRA VERÐ

Stærð: 200x280 cm

Edge hornsófi
kr. 301.100
Lagersöluverð
kr. 239.900

OPIÐ UM HELGINA
LAUG. 12 - 16
SUNN. 13 - 16

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BORÐSTOFU-BORÐUM

Edge hornsófi
kr. 335.500
Lagersöluverð
kr. 268.400

Stærð: 247X226 cm

AKRALIND 9 - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35

300

Epísk stórmynd byggð á samnefndri myndasögu eftir Frank Miller. Myndin fjallar um baráttu Leonídasar konungs og 300 hermanna hans við gervallan persneska herinn 480 árum f.Kr. Myndin skartar Gerard Butler í aðalhlutverki og var meðal vinsælustu mynda ársins 2007.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Ástríkur á Ólympíuleikunum

Stöð 2 kl. 19.35

Talsett leikin mynd fyrir alla fjölskylduna um Gaulverjana Ástrík og Steinrík. Þeir félagar taka nú stefnuna á Grikkland til að taka þátt í Ólympíuleikunum þar sem þeirra helsti mótherji er hinn óárennilegi Brútus, sonur rómverska keisarans Júlíusar Sesars.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Ellismellir
14.00 Til allra átta
14.40 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.17 Bláar nótur í bland
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónar að nóni
20.00 Sagnaslóð
20.40 Mánafjöll
21.10 Á tónsviðinu
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Hvað er að heyra?
23.15 Stefnumót
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

15.00 Nágrannar
15.20 Nágrannar
15.40 Nágrannar
16.05 Nágrannar
16.30 Nágrannar
16.55 Gilmore Girls (10:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
17.40 Ally McBeal (21:23) John og Richard eiga erfitt með að hafa hemil á sér í návist skjólstæðings síns sem er vergjörn glæsikona. Hún lítur á sig sem býflugnadrottningu, í bókstaflegri merkingu, og fær karlmenn til að snúast í kringum sig.
18.25 E.R. (11:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**19.10 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan að þessum vinsæla skemmtiþætti þar sem buslugangurinn er botnlaus.
20.00 American Idol (20:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátta. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.
20.40 American Idol (21:43)
21.20 Logi í beinni Laufléttur skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann.
22.05 Auddi og Sveppi
22.45 Gilmore Girls (10:22)
23.30 Ally McBeal (21:23)
00.15 E.R. (11:22)
01.00 Sjáðu
01.25 Fréttir Stöðvar 2
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Extras **10.30** Extras **11.00** Dalziel and Pascoe **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** The Weakest Link **13.25** Monarch of the Glen **14.15** Sensitive Skin **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Only Fools and Horses **16.05** Strictly Come Dancing **17.30** Strictly Come Dancing **18.15** Torchwood **19.05** Holby Blue **19.55** My Family **20.25** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.55** The Jonathan Ross Show **21.45** Only Fools and Horses **22.35** The Mighty Boosh **23.05** Marc Wootton Exposed **23.35** This Is Dom Joly

DR 1

10.00 Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.01** Sign up **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Boogie **12.30** Teenageliv **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Hercule Poirot **16.10** For sondagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Carsten og Gittes Vennevilla **16.50** Sallies historier **17.05** Geniale dyr **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Min Sport **18.30** De store katte **19.00** Kroniken **20.00** Kriminalkommissær Barnaby **21.40** Nettet **23.30** Boogie

NRK 1

11.15 Paralympics i Vancouver. Høydepunkter **12.10** V-cup langrenn **12.50** V-cup skiskyting **13.55** V-cup langrenn **14.55** V-cup skiskyting **15.45** 4-4-2. Tippekampen. Stabæk-Vålerenga **18.00** Lordagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Mesternes mester **19.55** Topp ti - Melodi Grand Prix **20.25** Finnmarkslopet **20.55** Fakta på lordag **21.45** Viggo på lordag **22.15** Kveldsnytt **22.30** Dinner Rush

SVT 1

12.10 Längdskidor. Världscupen Falun **12.50** Vinterstudion **13.10** Skidskytte. Världscupen Oslo **13.50** Vinterstudion **14.00** Längdskidor. Världscupen Falun **14.50** Vinterstudion **15.00** Skidskytte. Världscupen Oslo **15.35** Vinterstudion **15.50** Så ska det låta **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Merlin **18.00** Vid Vintergatans slut **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Jakten på Julia **20.00** Millennium. Män som hatar kvinnor **21.30** Rapport **21.35** Brottskod. Försvunnen **22.20** Hitlåtens historia **22.50** Teatersupén **23.20** Fyra veckor i juni

FRÉTT VIKUNNAR

„Ég held að það sem standi fyrst og fremst upp úr í þessari viku er öll þessi blómlega menning, Hönnunarmarsinn og Reykjavik Fashion Festival. Þetta hefur skyggt á alla umræðu um fjármálahrunið.“

Dögg Mósesdóttir kvikmyndagerðarkona

Winnipeg Falcons á hvíta tjaldið

„Ég keypti réttinn að bók um þá í fyrra eftir David Square sem heitir When Falcons Fly og nú er Marteinn Þórsson að ganga frá frumdrögum að handriti. Við erum síðan að loka samningum við meðhöfund að handritinu,“ segir Snorri Þórisson, kvikmyndaframleiðandi hjá Pegasus. Hann hyggst gera kvikmynd um íshokkíliðið Winnipeg Falcons sem vann til fyrstu gullverðlaunanna í íshokkí á Vetrarólympíuleikunum í Belgíu 1920.

Íslendingar geta vel gert tilkall til þessara verðlauna enda var uppistaðan í liðinu önnur kynslóð íslenskra innflytjenda í Kanada. Raunar áttu allir leikmennirnir íslenskt foreldri utan einn.

Snorri segir þetta ekki bara verða einhverja íþróttamynd á skautum heldur verði mannlegi þátturinn aðalatriðið. „Þeir voru utanveltu í kanadísku deildinni, fengu ekki að taka þátt. Þannig að þeir stofnuðu utandeild, unnu hana auðveldlega og í kjölfarið var þeim leyft að keppa í aðaldeildinni,“ útskýrir Snorri. Öskubuskuævintýrið hélt áfram því Winnipeg Falcons unnu einnig þá deild og þar með réttinn til að keppa á sjálfum Ólympíuleikunum í Antwerpen árið 1920. Þeir unnu síðan úrslitaleikinn gegn Bandaríkjamönnum sem var æsispennandi.

Snorri reiknar með því að leikarar myndarinnar verði samblanda af kanadískum og íslenskum. „Þeir sem kunna því eitthvað að leika verða bara að fara reima á sig skautana og æfa sig í hokkíi.“ - fgg

HÖFÐU FYRIR GULLINU Liðsmenn Winnipeg Falcons þurftu svo sannarlega að hafa fyrir gullinu. Þeir stofnuðu utandeild í Kanada, unnu hana og fengu í kjölfarið þátttökurétt í aðaldeildinni. Hana unnu þeir einnig og farseðillinn til Belgíu var tryggður.

BRANDARAKALL Brandarar Ragnars á Netinu hafa vakið mikla athygli og hrósinu hreinlega rignir yfir hann. MYND/HILMAR BRAGI

RAGNAR RÚNAR ÞORGEIRSSON: ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ GETA GLATT FÓLK

Slær í gegn á Netinu eftir 40 ára brandarasöfnun

„Ég er með ofboðslegt brandaraminni,“ segir gleðigjafinn og yfirvélstjórinn Ragnar Rúnar Þorgeirsson.

Ragnar byrjaði að segja brandara á myndböndum á samskiptasíðunni Facebook í vikunni og vakti strax athygli. Brandararnir hafa gengið manna á milli á Netinu og vakið mikil viðbrögð. Svo mikil að Ragnar segist vera rasandi hissa. „Fólk segir að brandararnir séu snilld og aðrir biðja um meira,“ segir hann og hlær. „Einn sagði að ég væri staðgengill Spaugstofunnar.“

En hvernig byrjaði þetta?

„Ég var búinn að vera mana mig upp að segja brandara í vélina í nokkrar vikur,“ rifjar Ragnar upp. „Svo lét ég mig hafa það að prufa einn. Það vakti svo mikil viðbrögð að ég átti ekki til orð, svo kom ég með annan og er kominn með fimm brandara í dag. Ég held að sprengjan hafi orðið vegna þess að fyrsti brandarinn var svo góður. Það kom þessu öllu af stað.“

Ragnar hefur að eigin sögn alltaf verið mikill brandarakall og á fulla möppu af bröndurum. „Ég er búinn að safna í 35 eða 40 ár – og ekki bara í möppu, ég er líka með dós sem ég set alltaf brandaramiða í. Svo er ég með þetta í kollinum,“ segir hann. „Ég hef bæði skrifað niður og munað – ég man þá aðallega. Ég hef alla tíð verið þannig að ef ég man eftir brandara, þá segi ég hann á staðnum. Þegar á við.“

Ragnar býr í Grindavík og er yfirvélstjóri á Hans Jakobi GK 150. Hann rær frá Sandgerði og stundar sæbjúgnaveiðar. Hann játar að brandararnir séu vinsælir um borð. „Þegar við erum að spjalla saman þá man ég oft eftir brandara og fleygi honum fram,“ segir Ragnar. „Það hefur fallið í góðan jarðveg.“

Ragnar ætlar að halda áfram að setja brandara á Netið, enda rignir yfir hann hrósi frá fólki um allt land. „Ég fékk kveðju frá sjúkraflutningamönnum á Egilstöðum. Þeir báðu um meira og sögðu að ég hefði bjargað deginum,“ segir hann. „Ég er mest ánægður með það geta glatt einhvern. Í öllu þessu tali um kreppu er ljós í myrkrinu að koma með svona.“

Áhugasamir lesendur geta slegið nafn Ragnars inn í leit á Facebook og þá ætti síðan hans að birtast.

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá vinnur handboltahetjan **Logi Geirsson** að bók um síðustu tíu ár í lífi sínu ásamt blaðamanninum Henry Birgi Gunnarssyni. Nú berast þær fréttir að Forlagið sé búið að tryggja sér útgáfuréttinn á bókinni, sem heitir 10.10.10. Nafnið er engin tilviljun, enda kemur bókin út 10. október á þessu ári sem er einmitt afmælisdagur Loga.

Annar hver maður á Íslandi skartar nú yfirvaraskeggi, kvenþjóðinni til mismikillar gleði. Átakið nær hápunkti þegar helstu grínistar landsins koma saman í landssöfnun í beinni útsendingu á Stöð 2 á laugardaginn í næstu viku. Jón Gnarr og Pétur Jóhann sýna nýtt efni og ný atriði eftir Sigurjón Kjartansson og Ævar Grímsson verða frumsýnd. Á meðal leikara í atriðunum verða Kjartan Guðjónsson, Jóhannes Haukur, **Sólveig Arnarsdóttir**, Hannes Óli og Gunnar Hansson.

Steed Lord er stödd í Texas þessa dagana þar sem hljómsveitin kemur fram á tónlistarhátíðinni South by South West. Hljómsveitin hefur gert það gott undanfarið og hefur tónlist hennar hljómað í þáttum á borð við Real World, Road Rules, Styl'D og Keeping up With the Kardashians. Milljónir fylgjast með þessum þáttum á sjónvarpsstöðvunum MTV og E! og stjörnurnar í síðastnefndu þáttunum eru hin alræmda **Kim Kardashian** og systur hennar.

- afb



LÁRÉTT
2. lútur, **6.** líka, **8.** sakka, **9.** hluti kynfæra, **11.** í röð, **12.** tæla, **14.** yfirstéttar, **16.** snæddi, **17.** svipuð, **18.** festing, **20.** í röð, **21.** skrambi.

LÓÐRÉTT
1. íþrótt, **3.** verkfæri, **4.** austur-afríkuríki, **5.** fag, **7.** matarlím, **10.** skap, **13.** frostskemmd, **15.** tafl, **16.** árkvíslir, **19.** sjúkdómur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. basi, **6.** og, **8.** lóð, **9.** leg, **11.** mn, **12.** flekа, **14.** aðals, **16.** át, **17.** lík, **18.** lim, **20.** á, **21.** ansi.
LÓÐRÉTT: 1. golf, **3.** al, **4.** somalía, **5.** iðn, **7.** gelatín, **10.** geð, **13.** kal, **15.** skák, **16.** ála, **19.** ms.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Daily Telegraph
2. E.C.A. Program Ltd.
3. Laddi

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Andspyrna á Laugardalsvelli

„Við fengum ósk um vináttulandsleik frá Hollendingum og viljum gjarnan að hann fari fram á Laugardalsvellinum. Enda kominn tími til að karlalandslið fari nú að vinna eitthvað á þessum velli,“ segir Friðgeir Torfi Ásgeirsson, forseti Andspyrnusambands Íslands. Friðgeir hefur rætt við vallarstjóra Laugardalsvallarins sem tók ágætlega í málið og það er nú í réttum farvegi. Ekki liggur fyrir hvenær leikurinn við Hollendinga verður en stefnt er að því að hann verði fyrir Evrópumeistaramótið í áströlskum fótbolta sem fram fer í Kaupmannahöfn og Malmö í sumar.

Þegar Friðgeir er krafinn skýringa á nafni sambandsins, Andspyrna, stendur ekki á útskýringum. „Okkur fannst nafnið „ástralskur fótbolti“ vera nokkuð óþjált og höfum því verið að leita eftir nýju íslensku orði. Andspyrna er samsett úr orðinu „andfætlingur“, sem er annað heiti yfir Ástrali, og svo knattspyrnu,“ útskýrir Friðgeir en á næstunni verður opnuð heimasíðan andspyrna.is.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stundar hópur íslenskra pilta þessa harðskeyttu íþrótt og ætla piltarnir nú að færa út kvíarnar. „Við ætlum að setja á fót deild þriggja liða til að byrja með og svo verður opinn kynningardagur 2. maí þar sem við kynnum íþróttina á Austurvelli, leyfum fólki að sparka í bolta og sjá sportið með berum augum,“ segir Friðgeir en fyrir áhugasama má benda á að æfingar eru í Fífunni í Kópavogi klukkan níu á sunnudagskvöldum.

- fgg

DEILD Í SUMAR Friðgeir Torfi og félagar í áströlskum fótbolta ætla að byrja með þriggja liða deild í sumar. Þeir vilja spila vináttulandsleik við Hollendinga á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýkomin sending

af sófasettum, stökum sófum, og tungusófum.

model: 625

310x222x79 sm. - Leður: Svart, hvítt & brúnt.

model: 1052

270x200x90 sm. - Leður: Svart, hvítt & brúnt.

model: 601

3ja: 230x95x82 sm. - Stóll: 110x95x82 sm.
3+1+1 / 3+2. Leður: Svart, hvítt & brúnt.

Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

25% afsláttur af A-direct heilsurúmum

A-DIRECT HEILSURÚM
90x200: Verð 159.800,- TILBOÐ 119.850,-
120x200: Verð 198.800,- TILBOÐ 149.150,-
160x200: Verð 224.800,- TILBOÐ 168.600,-
180x200: Verð 249.800,- TILBOÐ 187.350,-

HEIMA HÚSIÐ
heima Ondverja mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Opið virka daga 10-18, lau. 11-16.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS "...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þá er þetta búið

Mörg mál og merkileg voru á auglýstri dagskrá fundar ríkisstjórnarinnar í gærmorgun. Nokkrir urðu þó til að staldra við mál á könnu **Katrínar Jakobsdóttur,** mennta- og menningarmálaráðherra. Dagskrárliðurinn var „Ritun og útgáfa á lokabindi Sögu Íslands". Spurning hvort svo er fyrir okkur komið að tímaspursmál sé hvenær forræði landsmála flyst aftur á hendur Danmerkur. Þar væri þá komin styttri leiðin inn í Evrópusambandið og Myntbandalag Evrópu. Sögulok virðast í það minnsta í sjónmáli.

Vantar stóran og sterkan mann

Sögur hafa gengið um bæinn þess efnis að tónlistarkonan **Peaches** hafi aflýst tónleikum sínum á Nasa í kvöld. Ekkert mun vera hæft í þessum sögum og Peaches ku vera orðin spennt fyrir kvöldinu. Rétt er að taka fram að einhverjir miðar eru enn til á tónleikana og verða þeir seldir við innganginn. Til að tónleikarnir gangi fullkomlega upp hefur hún farið fram á viftu, fataslá og gínu til að hafa með sér á sviðinu. Auk þess hefur hún krafist þess að stór og sterkur maður verði til taks við sviðið til að hjálpa henni þegar hún kastar sér út í áhorfendaskarann. Ekki mun frágengið hver fær það hlutverk en **Steinþór Helgi Arnsteinsson**, umboðsmaður Hjaltalín og einn skipuleggjenda tónleikanna, hefur að sögn boðið fram krafta sína.

- óká, hdm

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lokuðust inn í bankahvelfingu B5
2. Líklegt að Jóna fái að afplána heima
3. Frosin hindber innkölluð vegna gruns um nóróvírus
4. Nauðgaði og átti barnaklám
5. Varasamt að fara í Bláa lónið

Fermingargjafir fyrir unga hestamenn

LÍFLAND
www.lifland.is

Lynghálsi 3 • Lónsbakka Akureyri

RIBBA rammi B13×L18cm
Birkispónn **695,-**

RIBBA rammi
B14×L14cm. Svart **995,-**

RIBBA rammi B23×L50cm
Hvítt **1.690,-**

FINLIR myndastandur
f/12 myndir B15×L10cm
Glært **1.690,-**

Myndarlegar minningar



RIBBA rammi f/2 myndir
í B10×H15cm. Svart **995,-**

RIBBA rammi B21xL30cm
Hvítt **1.490,-**

TOLSBY rammi f/2 myndir
B10×H15cm. Hvítt **495,-**

RIBBA rammi B18×L24cm
Eikarspónn **995,-**

RIBBA rammi B30×L40cm
Hnota **1.690,-**

DROPS rammi f/7 myndir
L113cm. Svart **1.490,-**

595,-

SÖNDRUM rammi
B13×L18cm. Hvítt

RIBBA rammi f/2 myndir í
B10×H15cm. Állitað **895,-**

Tilboð
Frosnar kjötbollur 1 kg
týtuberjasulta og rjómasósa

1.690,-

RIBBA rammi B30×H88cm
Birkispónn **2.590,-**

RIBBA rammi
B23×L23cm
Hvítt **1.490,-**

RIBBA myndahilla
L55cm. Svart **895,-**

IKEA®

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2010